allt

SÉRA LENA RÓS HÁKONARDÓTTIR

*Ætlar að njóta aðventunnar á hófsaman hátt*

jólin koma bílar

Í MIÐJU BLAÐSINS





LOSTÆTI

SÉRBLAÐ UM MAT OG VÍN

*Girnilegt og gott*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








Námsmenn athugið!
Skerpir athygli - eykur þol



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. nóvember 2005 — 320. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Tekist er á um framtíð Íbúðalánasjóðs

**Árni Magnússon segir að engar breytingar verði gerðar á Íbúðalánasjóði í vetur. Landsfundur Sjálfstæðisflokks ályktaði að sjóðurinn ætti ekki að keppa við bankana á almennum markaði. Lánasýsla ríkisins og Íbúðalánasjóður karpa.**

**STJÓRNMÁL** Tekist er á um framtíð Íbúðalánasjóðs milli stjórnarflokkanna. Árni Magnússon félagsmálaráðherra skipaði nefnd í september sem átti að fjalla um breytingar á sjóðnum og skila af sér tillögum í október. Engar niðurstöður hafa borist frá nefndinni og Árni lýsti því yfir í vikunni að útilokað væri að breytingar yrðu gerðar á starfsemi og hlutverki sjóðsins þennan veturinn.

Þetta gengur þvert á ályktun sem landsfundur Sjálfstæðisflokkssins sendi frá sér um húsnæðismál. Þar segir að stefnt skuli að því að sjóðurinn eigi að tryggja bönkum og sparisjóðum fjármögnun íbúðalána með lægstu mögulegum vöxtum en starfi ekki á almennum útlánamarkaði. Hingað til hefur Árni M. Matthiesen fjármálaráðherra ekki viljað tjá sig um málið.

„Hallur Magnússon tilkynnti að sjóðurinn væri ekki í samkeppni við bankana og svo allt í einu núna þegar þeir þurfa að vera með hærri vexti en bankarnir þá breyta þeir þessu. Það liggur alveg fyrir hvað þeir ætla sér,“ var það eina sem Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður Árna Matthiesen, vildi segja um málið í gær.

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, kallaði til blaðamannafundar í gær þar sem traust fjárhagsleg staða sjóðsins var ítrekuð. Fundur þessi kom í kjölfar yfirlýsingar Þórðar Geirs Jónassonar, yfirmanns Lánasýslu ríkisins um að óvissa ríkti um stöðu sjóðsins.

„Það er unnt að misskilja þessa umræðu forstjóra Lánasýslu ríkisins á þann hátt að við færum beint á athugunarlista hjá matsfyrirtækjum. Sjóðurinn er ekki á þess háttar listum,“ segir Hallur Magnússon, sviðsstjóri í Íbúðalánasjóði. Hallur segir að misskilningur um stöðu sjóðsins geti hæglega haft neikvæð áhrif á lánshæfismat sjóðsins og í kjölfarið á lánshæfi íslenska ríkisins. Því sé mikilvægt að komið sé í veg fyrir þennan misskilning. - saj



**Málsvari þeirra sem gleymdust í góðærinu**

Borgþór Kjærnested er nýr formaður Landssambands eldri borgara.

TÍMAMÓT 28

**Hugum að því liðna**

„Það jaðrar við að það sé púkó að lesa bók, málfarið í Íslendingasögunum er ungu fólki óskiljanlegt og Laxness getur þess vegna verið staðarheiti frekar en skáld,“ segir Ellert B. Schram.

Í DAG 18



**Vesturbærinn svalastur**

Sesselja Thorberg iðnhönnuður elskar kjóla, djass og cosmopolitan-kokteilinn á barnum á 101 Hóteli

STÍLLINN 80



**Algjört burst í Eyjum**

Íslenska landsliðið í handbolta hafði mikla yfirburði gegn Norðmönnum í vináttuleik í Vestmannaeyjum í gær. Svo fór að íslenska liðið vann með níu marka mun.

SPORT 70

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** Stöku él allra norðaustast annars yfirleitt úrkomulaust. Frostlaust við ströndina en vægt frost til landsins.


Lestur meðal 25-49 ára

Lestur laugadaga




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005. Lestur meðal 25–49 ára.




**JÓLATRÉÐ KOMIÐ UPP Á RÁÐHÚSTORGI** Búið er að setja upp jólatréð á Ráðhústorginu á Akureyri og verður kveikt á því við hátíðlega athöfn í dag.

Innflutt jólatré eru vinsælli en íslensk. Danskur Nordmannsþinur er vinsælastur:

# 32.000 jólatré flutt til landsins

**JÓLATRÉ** Af þeim fjörutíu þúsund jólatrjám sem íslenskur markaður þarfnast fyrir hver jól koma átta þúsund úr íslenskum skógum. 32 þúsund tré eru innflutt og eru flest þeirra danskur Nordmannsþinur.

Þröstur Eysteinsson, fagmálastjóri Skógræktar ríkisins, segir jólatré háð tískusveiflum eins og annað. „Dönum hefur tekist að markaðssetja sinn Nordmannsþin um alla Evrópu og það er tískujólatré í álfunni.“ Nordmannsþin er ekki hægt að rækta á Íslandi þar sem hann er ekki aðlagaður íslenskum aðstæðum. Rauðgreni er það íslenska tré sem flestir kjósa og segir Þröstur að um fjögur þúsund slík séu felld fyrir jólin. „Rauðgrenið er hið hefðbundna jólatré um allan heim en það er ekki jafn barrheldið og Nordmannsþinurinn.“ Sjálfur skreytir Þröstur heimili sitt með stafafuru sem hann segir barrheldna og fallega.

Skógarhöggið hófst í fyrri hluta nóvember og stendur fram í miðjan desember. Í fyrstu voru aðeins hoggin tré sem fara til skreytinga utanhúss en nú nýlega hófust starfsmenn Skógræktarinnar handa við að höggva innitrén.

Grisjun hefur orðið meðal jólatrjáræktenda í Danmörku en umframframleiðsla var þar mikil síðustu ár. Hafa margir farið í þrot og framboðið því fjarri því sem var. Fyrir vikið hefur verðið hækkað.

Gísli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Garðheima, segir viðbúið að verð á jólatrjám hækki því eitthvað frá því sem var í fyrra en óljóst sé hve hækkunin verði mikil.



**JEPPI OFAN Í DALSÁ** Vegfarandi tók þessa mynd skömmu eftir að jeppinn fór útí ána. MYND / KRISTÍN HLÍN

Varnarliðsmenn í bílslysi:

## Óku út í Dalsá

**BÍLSLYS** Betur fór en á horfðist um klukkan tólf í gærdag þegar ökumaður jeppa með þrjá farþega missti stjórn á bifreið sinni sem endaði svo á hliðinni ofan í Dalsá í Víðidal.

Engum varð meint af en bifreiðin er nokkuð sködduð.

Að sögn lögreglunar á Blönduósi var mikil hálka á veginum og rann bifreiðin til og stefndi á brúarkantinn. Heldur en að lenda á kantinum beygði ökumaður út af veginum og bjargaði sér og farþegunum frá mun alvarlegra slysi af því er lögreglan segir.

Ferðalangarnir voru ungir Bandaríkjamenn sem búa og vinna á herstöðinni í Keflavík. -jse

Neyðarlínan:

## Brotið gegn börnum

**BARNAVERND** Ein til tvær tilkynningar um grun um brot gegn börnum berast til Neyðarlínunnar 112 á hverjum einasta degi. Um er að ræða grun um ofbeldi, vanrækslu eða brot af öðru tagi, að sögn Kristjáns Hoffmann, gæðastjóra 112.

Spurður hvort ástæða hafi verið til að kalla til lögreglu, sjúkrabíl og lækni á síðustu þremur mánuðum segir Kristján svo vera.

„Því miður hefur verið gripið til þess oftar en einu sinni á þessu tímabili, en ég hef ekki nákvæmar tölur í þeim efnum handbærar,“ segir hann og segir enn fremur að tilkynningar um brot gegn börnum berist af öllu landinu. Fjöldi þeirra haldist í hendur við stærð viðkomandi sveitarfélags. Sjö stærstu bæjarfélögin standi upp úr hvað fjöldann varði. jss / sjá síðu 2

Könnun Bókasambandsins:

## Færri bækur fyrir þessi jól

**BÓKAÚTGÁFA** Færri bækur eru gefnar út nú fyrir jólin en á sama tíma í fyrra. Í könnun sem Bókasamband Íslands gerði kemur fram að heildarfjöldi titla í Bókatíðindum er nú 608 en var 651 í fyrra.

Könnunin leiðir einnig í ljós 1,5 prósenta aukningu á prentun bóka innanlands en rétt tæp sextíu prósent þeirra bóka sem gefnar eru út hér á landi eru prentaðar á Íslandi.

Ellefu prósent þeirra bóka sem prentaðar eru erlendis koma frá Finnlandi og níu prósent eru prentaðar í Kína. - saj



## SPURNING DAGSINS

*Jón Gunnlaugur, var þetta dómaraskandall?*

Nei, en hins vegar var það klárlega gult spjald og tvær mínútur á þá sem sáu um uppsetningu á Skjá einum og gleymdu Þór.

Jón Gunnlaugur Viggósson, varð í öðru sæti í keppninni Herra Ísland í fyrradag. Faðir hans, Viggó Sigurðsson, hefur oft horn í síðu dómarans beri hann ekki sigur úr bítum.

Enn er vatnslaust í borginni Harbin í norðausturhluta Kína:

# Ráðamenn hóta refsingum

**HARBIN, AP** Eiturflekkurinn í Songhua-fljóti marar nú úti fyrir Harbin í Kína. Þriðji vatnslausi dagurinn í borginni rann upp í gær en íbúarnir bera sig engu að síður vel.

Tæpum hálfum mánuði eftir að sprenging varð í efnaverksmiðju í bænum Jilin hafa kínversk stjórnvöld ákveðið að senda rannsóknarnefnd á vettvang og rannsaka málið. Óhappið kostaði fimm mannslíf og varð til þess að þúsundir tonna af eiturefninu bensen flæddu út í Songhua-fljót. Xinhua-ríkisfréttastofan segir að þeim verði refsað sem ábyrgð beri á slysinu.



**BEÐIÐ EFTIR VATNINU** Langar raðir hafa myndast í Harbin eftir vatni og lætur þyrst fólkið ekki fimbulkulda á sig fá.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölmiðlar hafa gagnrýnt stjórnvöld óvenju harkalega fyrir að mistakast að greina bensenmengunina, hugsanlega þá mestu í sögunni, og láta hjá líða að upplýsa íbúa svæðisins um eitrunarhættuna fyrr en mörgum dögum eftir að slysið varð.

Þótt ekki sé búist við að vatnsdæling úr fljótinu til íbúa Harbin hefjist á ný fyrr en á mánudag bera íbúarnir sig vel enda hafa brunnar verið grafnir og vatnsbílar streymt á vettvang.

Í suðvesturhluta landsins varð að flytja sex þúsund manns á brott eftir að sprenging varð í efnaverksmiðju þar og að vonum vaknaði ótti um að svipað mengunarslys væri í uppsiglingu. **- shg**

Samkeppni skapar störf:

# Lög um samráð verði hert

**DANMÖRK** Allt að þrjátíu þúsund ný störf gætu orðið til í Danmörku ef samkeppnisumhverfið yrði eins og í Bandaríkjunum. Þetta er mat efnahagsráðgjafa dönsku ríkisstjórnarinnar og greint var frá í dagblaðinu Politiken.

Ráðgjafarnir telja að efla þurfi samkeppniseftirlit verulega til að ná þessu marki. Einnig þurfi að fella niður fast verðlag, til dæmis á lyfjum og tóbaki.

Efnahagsráðherra Danmerkur hefur tekið undir með ráðgjöfunum og segir að von sé á strangari lögum um samráð strax á næsta ári. **- ks**

Samkeppniseftirlitið í máli:

# Ker vill kalla til matsmenn

**DÓMSMÁL** Ker, eignarhaldsfélag Esso, hefur farið fram á að dómkvaddir verði matsmenn til að meta ávinning félagsins af ólöglegu samráði olíufélaganna. Mál félagsins á hendur Samkeppniseftirlitinu var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.



HEIMIR ÖRN HERBERTSSON

Málið höfðaði Ker til að fá felldar niður, eða lækkaðar, stjórnvaldssektir samkeppnisyfirvalda vegna samráðs olíufélaganna.

Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Samkeppniseftirlitsins, lagði fram bókun þar sem fram kemur það álit að aðildar matsmanna gerist ekki þörf, enda sé það dómsins að skera úr um vinnubrögð Samkeppniseftirlitsins. Dómkvaðningunni var þó ekki mótmælt sem slíkri og taldi Ásgeir Einarsson, lögmaður Kers, að matið myndi fara fram. **- óká**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumannsins ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Um 100 brot gegn börnum tilkynnt á þremur mánuðum

**Nær 100 tilkynningar um brot gegn börnum hafa borist til Neyðarlínunnar, 112, á tæplega þremur síðustu mánuðum. Einkum er um að ræða vanrækslu og ofbeldisbrot. Í sumum tilvikum hringja börnin sjálf. Neyðarlínan hefur kallað út lögreglu, sjúkrabifreið og lækni í einstökum tilvikum.**

**BARNAVERND** Ein til tvær tilkynningar um grun um brot gegn börnum berast til Neyðarlínunnar 112 á hverjum einasta degi. Frá 1. september til dagsins í gær voru slíkar tilkynningar orðnar samtals 94. Um er að ræða grun um ofbeldi, vanrækslu eða brot af öðru tagi, að sögn Kristjáns Hoffmann, gæðastjóra 112. Þetta er fyrsta samantekt um slíkar tölur hjá Neyðarlínunni, en móttaka hennar á tilkynningum um brot gegn börnum hófst í febrúar fyrir rúmu ári.

„Viðbrögð neyðarlínunnar við tilkynningum af þessu tagi eru mismunandi eftir því hvers eðlis brotið er,“ segir hann. „Tilkynning um ofbeldi gegn barni krefst til að mynda skjótari viðbragða heldur en sé um grun um vanrækslu að ræða. Við leitum alltaf samvinnu við viðkomandi barnarverndarnefnd þar sem lögheimili barnsins er til þess að fá afgreiðslu á málið. Vanrækslumálin gefum við til að mynda áfram beint yfir á vakthafandi barnaverndarnefnd, sé alvarleiki málsins knýjandi, eða gerum skýrslu um það sem fer þá til viðkomandi barnaverndarnefndar næsta dag.“

Kristján segir flokkun mála er varða velferð barna mjög skýra hjá Neyðarlínunni. Sé um einhvers konar lífsógn að ræða, svo sem ofbeldi gegn barni, sé strax brugðist við með viðeigandi neyðarráðum sem séu útkall lögreglu, sjúkrabifreiðar og læknis. Sé um að ræða mál sem fari í annan forgang og verði að afgreiða strax geri starfsmenn N eyðarlínu það með viðkomandi barnaverndarnefnd. Loks sé svo þriðji forgangur sem þýði að málin séu afgreidd til barnaverndarnefndar strax daginn eftir að tilkynning barst.



**STJÓRNSTÖÐ NEYÐARLÍNUNNAR** Ein til tvær tilkynningar um brot gegn börnum berast á degi hverjum.

Spurður hvort ástæða hafi verið til að kalla til lögreglu, sjúkrabíl og lækni á síðustu þremur mánuðum segir Kristján svo vera.

„Því miður hefur verið gripið til þess oftar en einu sinni á þessu tímabili, en ég hef ekki nákvæmar tölur í þeim efnum handbærar,“ segir hann og segir enn fremur að tilkynningar um brot gegn börnum berist af öllu landinu. Fjöldi þeirra haldist í hendur við stærð viðkomandi sveitarfélags. Sjö stærstu bæjarfélögin standi upp úr hvað það varði.

Kristján undirstrikar að Neyðarlínan vinni þennan málaflokk í afar góðu samstarfi við Barnaverndarstofu. Barnaverndarnefndirnar hefðu tekið þessu samstarfi mjög vel. Undirbúningurinn að þessu starfi Neyðarlínunnar sem varðar móttöku tilkynninga um brot gegn börnum hefði verið vandlega unninn, áður en það fór af stað.

„Við tryggjum fullt öryggi allra persónuupplýsinga í samstarfi við Persónuvernd,“ segir Kristján. „Ef einhver hringir í 112, Neyðarlínuna, er hann kominn inn í nafnlaust umhverfi. Viðkomandi fær alla aðstoð strax, hvort sem er að nóttu eða degi, og málið fer strax í ákveðinn farveg eftir eðli þess. Við höfum umboð barnaverndarnefnda til að taka á móti þessum málum og setja þau í fyrirfram skilgreindan jarðveg. Þeir tuttugu mánuðir sem við höfum sinnt þessu starfi hafa gengið afar vel.“

**jss@frettabladid.is**

**TILKYNNINGAR TIL 112 VEGNA BARNAVERNDARMÁLA**










Norðmenn minnast endurreisnar konungdæmis:

# Rétt öld frá landgöngu Hákons VII

**ÓSLÓ, AP** Í tilefni af því að rétt öld er liðin frá því að norsk konungshjón settust aftur í hásæti í Ósló hófust í gær hátíðahöld um allan Noreg til að minnast þessara tímamóta.

Hinn 25. nóvember 1905 sté hinn 33 ára gamli danski prins Kristján Friðrik Karl Georg Valdimar Axel á land í Ósló sem Hákon VII, konungur Noregs. Með honum í för á norska herskipinu Heimdalli var eiginkona hans, Maud, dóttir Játvarðs VIII Englandskonungs, og sonurinn Ólafur krónprins. Gríðarlegur mannfjöldi bauð fjölskylduna velkomna á hafnarbakkanum á þessum svala vetrardegi fyrir réttum 100 árum. Með komu hans til Óslóar var norska konungsríkið endurreist og sambandsslitin við Svíþjóð að fullu komin til framkvæmda.



**KONUNGSFJÖLSKYLDAN** Haraldur V Noregskonungur ásamt Mette-Marit prinsessu, Sonju drottningu og Hákoni krónprins í október sl.
NORDICPHOTOS/AFP

„Hákon varð að tákni fyrir sjálfstæði Noregs,“ sagði Carl Grimstad, starfsmaður norsku hirðarinnar, í sjónvarpsviðtali.

Núverandi konungur, Haraldur V, er sonarsonur Hákons VII. **- aa**







# Hressir, bætir, kætir




NÝTT
Sykurlausir
MOLAR
TANNVERND

*...sex ferskar ástæður fyrir Opal – sykurlausum*

Fíton / SÍA FI014816

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 25.11.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,06 | 63,36 |
| Sterlingspund | GBP | 108,43 | 108,95 |
| Evra | EUR | 9,929 | 9,987 |
| Dönsk króna | DKK | 7,794 | 7,84 |
| Norsk króna | NOK | 9,405 | 9,461 |
| Sænsk króna | SEK | 0,5282 | 0,5312 |
| Japanskt jen | JPY | 89,67 | 90,21 |
| SDR | XDR | 74,08 | 74,5 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**104,5603**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Málaferli Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og Jóns Ólafssonar:

# Vill málið tekið upp aftur

**DÓMSMÁL** „Á að svipta menn aleigunni fyrir að taka eðlilegan þátt í þjóðmálaumræðunni?“ spurði Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor á blaðamannafundi sem hann boðaði í gær. Hannes upplýsti að hann hefði leitað liðsinnis lögmanna í Bretlandi til að fá tekið þar upp aftur meiðyrðamál þar sem hann var dæmdur til að greiða Jóni Ólafssyni athafnamanni tólf milljónir króna í bætur.

Að vísu er áfrýjunarfrestur liðinn ytra, en Hannes sagði þó að dómarar gætu heimilað endurupptöku ef þeir teldu að málsaðilar hefðu ekki verið nægilega upplýstir um stöðu sína. „Og það gildir vissulega um mig.“



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Hannes segir oft hafa verið rætt opinberlega um tengsl Jóns Ólafssonar við eiturlyf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Hannes fór yfir sína hlið mála og fullyrti að hann hefði í gjörðum sínum haldið sig innan ramma þeirra laga sem hér gilda. „Og ekki grunaði mig að höfðað yrði mál á hendur mér úr launsátri í Bretlandi mörgum árum síðar,“ sagði hann og vísaði til þess að ummælin sem hann var dæmdur fyrir hefðu verið endurtekning á ræðu sem hann hélt á þingi blaðamanna í Reykholti árið 1999.

Hannes taldi að mál hans fyrir dómstólum hér gæti orðið prófmál um birtingu ummæla á netinu og kvað breska dómstóla þekkta fyrir að teygja sig langt í að meta umdæmi sitt vegna netbirtingar á ensku. „Dómstólar í Bandaríkjunum eru meira að segja hættir að fullnusta meiðyrðadóma frá Bretlandi.“ **- óká**

Fyrirtaka í Héraðsdómi:

# Næsti leikur eftir tvær vikur

**DÓMSMÁL** Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors, lagði í gær fram greinargerð í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna máls hans og Jóns Ólafssonar athafnamanns.

Hannes freistar þess að fá endurskoðaða fyrri ákvörðun héraðsdóms um að heimila aðför að honum vegna skaðabóta sem hann var úti í Bretlandi dæmdur til að greiða Jóni. Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Jóns, tók sér hálfsmánaðarfrest til að skoða greinargerðina. Fyrr í mánuðinum var beiðni hennar um að þessu máli Hannesar yrði hafnað vísað frá dómi. **- óká**

Öryrkjabandalagið:

# Áríðandi að fá niðurstöðu

**ÖRYRKJAR** Öryrkjabandalag Íslands sendir úrskurðarnefnd almannatrygginga erindi á mánudaginn til að fá úr því skorið hvaða lög eigi að gilda um endurgreiðslu ofgreiddra örorkubóta og hvort niðurfelling á greiðslu bóta til um 80 öryrkja sé í lagi eða ekki.

Sigursteinn Másson, formaður ÖBÍ, segist ekki vita hvenær niðurstaðan liggi fyrir en kveðst vonast til að það verði fljótlega í ljósi þess að Tryggingastofnun hefur þegar stöðvað greiðslurnar og því sé áríðandi að fá niðurstöðuna sem fyrst. **- ghs**


**ELDUR Í MALBIKUNARSTÖÐ** Slökkvilið Suðurnesja réði niðurlögum eldsins en framleiðslan stöðvaðist.

Bruni í malbiksverksmiðju:

# Erfitt að klára umsamin verk

**ELDSVOÐI** Eldur kom upp í Malbikunarstöð Suðurnesja í Helguvík í fyrradag. Slökkvilið kom á staðinn og réði niðurlögum eldsins. Tjón á búnaði er á bilinu átta til tíu milljónir króna.

„Þetta hindrar okkur í að klára umsamin verk. Við áttum að framleiða 3000 tonn til mánaðamóta,“ segir Geir Sædal framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar.

Geir segir að það muni taka nokkra mánuði að fá varahluti í verksmiðjuna þar sem um sérhæfðan búnað sé að ræða og aðeins tvö fyrirtæki framleiði varahlutina. **- saj**

# Ríkið sýnir olíufélögunum linkind

**Stjórnarandstæðingar krefjast þess að fjármálaráðherra geri tafarlaust bótakröfu á hendur olíufélögunum vegna verðsamráðs. Ráðherrann segir að senn ljúki athugunum sem gætu orðið grundvöllur skaðabótakröfu.**

**STJÓRNMÁL** Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að verið sé að kanna það af hálfu fjármálaráðuneytisins hvort grundvöllur sé til þess að höfða mál gegn olíufélögunum sem uppvís urðu að verðsamráði.

Í upphafi þingfundar í gær kvaddi Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sér hljóðs um störf þingsins og spurði hvernig fjármálaráðherra hefði gætt hagsmuna almennings í þessu máli. „Að minnsta kosti í sex tilvikum, það er varðar dómsmálaráðuneytið, Landsímann, Íslandspóst, Lögregluna í Borgarnesi, Landhelgisgæsluna og Vegagerðina er ljóst að verðsamráð olíufélaganna olli ríkinu miklu tjóni. Og sennilega nemur það tugum ef ekki hundruðum milljóna króna,“ sagði Lúðvík. Hann bætti við að ekkert hefði gerst og ekkert spurst til málsins í níu mánuði eða frá því spurt var um málið í febrúar síðastliðnum. Lúðvík sagði að brotin væru meira og minna játuð og staðfest og Reykjavíkurborg hefur gert kröfur fyrir sitt leyti.


**LÚÐVÍK BERGVINSSON ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR** „Verðsamráð olíufélaganna olli ríkinu miklu tjóni.“


**ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Niðurstaða athugana liggur fyrir innan tíðar.


**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR FORSETI ALÞINGIS** Sólveig stýrði þingfundi en Kristinn Pétursson, eiginmaður hennar, var forstjóri Skeljungs þegar verðsamráðið stóð sem hæst.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði að málið væri langt komið innan ráðuneyta og stofnana sem málið varðaði.“ Þegar þær niðurstöður eru allar komnar í hús er kominn grundvöllur til þess að taka afstöðu til málsins í heild og ákvarða hvort efni standa til þess að höfða mál,“ sagði Árni. Hann vildi ekki dagsetja hvenær niðurstöður bærust.

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði að almenningur ætti kröfu á að fá svör frá stjórnvöldum og ráðherrum. „Ef þeir eru svo miklir vinir þeirra sem hlut eiga að máli hinum megin að þeir þora ekki í þá, þá eiga þeir að hætta hagsmunavörslu sinni fyrir almenning og fara að gera eitthvað annað. „Og þessi maður (fjármálaráðherra) og forveri hans og félagar eru sérstaklega kjörnir til þess að gæta hagsmuna almennings á Íslandi gegn svikurum, gegn svindlurum og gegn pakki sem fer þannig með peninga fólksins að það ætti að vera fyrir löngu búið að koma þeim fyrir á ónefndum stað.“

Fjármálaráðherra þótti stjórnarandstæðingar tala djarflega og spurði að endingu hvort þeir vildu ekki að stjórnvöld vönduðu til verka eins og þeir gerðu ávallt kröfu um í öllum málum.

johannh@frettabladid.is


**Í TROMSØHÖFN** Spænski togarinn Monte Meixueiro affermdur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veiðar Spánverja við Svalbarða:

# Norðmenn vilja 130 milljónir

**NOREGUR, AP** Norsk löggæsluyfirvöld fóru í gær fram á að útgerð spænsks togara, sem færður var til hafnar í Noregi fyrir meintar ólöglegar veiðar á Svalbarðamiðum í byrjun vikunnar, greiddi 13 milljónir norskra króna, andvirði rúmlega 130 milljóna íslenskra, í tryggingu fyrir hugsanlegum sektum sem hún kann að verða dæmd til að greiða. Að öðrum kosti fái skipið ekki að yfirgefa Tromsøhöfn þar sem skipið hefur legið við festar frá því á mánudag.

Togararnir sem norska strandgæslan tók eru reyndar tveir, en mál þeirra hefur valdið milliríkjadeilu milli Noregs annars vegar og Spánar og Evrópusambandsins hins vegar. Spánn viðurkennir ekki lögsögu Norðmanna á Svalbarðamiðum og spænsk yfirvöld vilja að réttað verði í máli togaranna á Spáni en ekki í Noregi. **- aa**

Byggt í Mosfellsbæ:

# Nýtt hverfi rís

**BYGGÐAMÁL** Í gær undirrituðu landeigendur og bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ viljayfirlýsingu um að ganga til samninga um uppbyggingu Helgafellshverfis í Mosfellsbæ. Þar verða byggðar rúmlega þúsund íbúðir, 560 í sérbýli og 460 í fjölbýli. Einnig verður byggður grunnskóli, tveir leikskólar og fleiri þjónustubyggingar.

Höfundur verðlaunatillögu um rammaskipulag Helgafellshverfis er Gylfi Guðjónsson, arkitekt. **- sk**


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FYNDIN OG FRUMLEG




Spennandi bók um kvöldið þegar Hræðslupúkinn, Letihaugurinn, Óþekktarormarnir og fleiri skrítnar skepnur heimsækja lítinn strák og bangsann hans. Fyndin og frumleg handbók í gestrisni og bangsauppeldi sem fékk Íslensku myndskreytiverðlaunin Dimmalimm í ár.

Edda
edda.is


## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FÍNASTA VEÐUR UM HELGINA**

Sé litið almennt yfir veðurhorfur helgarinnar þá lofa þær góðu. Hægviðri og yfirleitt úrkomulaust þó einstaka úrkomubletti sé að sjá í kortunum. Reyndar verður helgin ekki eins hlý og horfur voru á fyrr í vikunni en engu að síður skaplegur hiti, þ.e. hiti öðru hvoru megin við núllið.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg breytileg átt. Skýjað með köflum. Hiti 0-3 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg breytileg átt víðast hvar, síst þó við austurströndina.

*» mánudagur*




Hæg breytileg átt með stöku skúrum eða slydduéljum á víð og dreif.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C skýjað | París | 9°C léttskýjað | Alicante | 20°C heiðskírt |
| Osló | 2°C slydda | Berlín | 5°C heiðskírt | Mílanó | 11°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 3°C hálfskýjað | Frankfurt | 9°C alskýjað | New York | 10°C skúrir |
| Helsinki | 2°C hálfskýjað | Madríd | 13°C heiðskírt | San Francisco | 23°C léttskýjað |
| London | 9°C heiðskírt | Barcelona | 18°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 24°C þrumur |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



**5.990**

Með 1000 W grilli!

**Örbylgjuofn, Bomann**
20 lítra, 800 V
1840896

# Harðir pakkar um jólin!



**Blandari, Bomann** **1.950**
3ja hraða, 350 V
1840831



**Wok - Fondue** **4.990**
1840915



**Brauðrist, Bomann** **1.490**
2ja sneiða, 230 V
1840822



**Höggborvél, Black & Decker** **3.995**
710 W, sjálfherðandi 13 mm patróna
5245395




**19.995**
~~32.995~~

Lukt og vegleg taska fylgja!

**Hleðsluborvél, Hitachi**
Öflug og nett 12 V vél með tveimur 2,6 Ah rafhlöðum
5247262



**3.995**
~~5.495~~

**Verkfærataska, Black & Decker**
14" taska fylgir
5024491

# Spennandi helgartilboð

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## KJÖRKASSINN

*Ríkir trúfélagafrelsi á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 33% |
| Nei | 67% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að leggja Byggðastofnun niður?*

Verktaki brást við heilsutjóni íbúa við Hólsveg og Langholtsveg:

# Greiddi lækniskostnaðinn

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við förum eftir öllum stöðlum og þessi efni sem við notum hafa verið margrannsökuð og eiga ekki að geta verið hættuleg enda eru þau notuð í stórborgum úti um allan heim og hafa verið svo í 30 ár,“ segir Jón Guðni Kristinsson, eigandi Hreinsibíla.

Þeir hafa verið að fóðra skólplagnir í hverfum borgarinnar og hafa íbúar á Hólsvegi og Langholtsvegi orðið fyrir heilsutjóni sem þeir rekja til framkvæmdanna. Fram kom í Fréttablaðinu í gær að Soffía Jónasdóttir sem býr við Hólsveg hafi meðal annars fengið útbrot á hendur og fætur. Fór hún þess á leit við Jón Guðna að hann greiddi henni þann lækna- og lyfjakostnað sem hún varð að leggja í vegna þessa. „Já, ég gerði það en það var aðeins til að afgreiða málið, ég ætlaði ekkert að fara í neitt stríð við þessa konu en ég trúði því ekki að heilsutjón hennar væri vegna þess sem við vorum að gera,“ segir Jón Guðni.



**HEIMILISFÓLKIÐ VIÐ LANGHOLTSVEG 42** Guðrún og dóttir hennar urðu ekki fyrir alvarlegu heilsutjóni en öðru máli gegnir um soninn og föður Guðrúnar.

„Ég hef beðið embættismenn á umhverfisviði um gögn og upplýsingar um málið og svo verður þetta tekið fyrir á undirbúningsfundi okkar á mánudag,“ segir Árni Þór Sigurðsson, formaður umhverfisráðs. Hann telur líklegt að mælingar og rannsóknir verði gerðar hjá fölskyldunni þar sem asmaveikur maður var hætt kominn og átta ára drengur þurfti að flytja að heiman. **-jse**

Hluthafafundur Sláturhúss Hellu:

# Bændur tryggja samkeppni

**VIÐSKIPTI** „Steinþóri varð ekki kápan úr þessu klæðinu,“ sagði Þorgils Torfi Jónsson, framkvæmdastjóri Sláturhúss Hellu eftir hluthafafund þess í gær.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands hafði haft samband við hluthafa Sláturhússins og gert þeim tilboð í hluta þeirra.

„Það lítur út fyrir það að bændur hafi staðið saman og sárafáir hafi tekið þessum tilboðum svo Sláturfélagið jók hlut sinn varla nokkuð og því er útlit fyrir að samkeppnin fái áfram að blómstra,“ segir Þorgils Torfi. **-jse**

**Porsche Carrera 4**
Nýskr. 06.2005 3600cc, 320 hö, ekinn 4 þ. Með drifi á öllum



9.200 þ.
bílaland B&L notaðir bílar
575 1230 Opið mán-fös 10 til 18 og lau 12 til 16
Grjóthálsi 1
bilaland.is



**SNJÓR Í FRANKFURT** Drengur í vetrarklæðum gengur eftir snævi þöktu engi með háhýsin í miðborg Frankfurt am Main í baksýn í gær. MYND/AP

# Öngþveiti í Evrópu vegna vetrarveðurs

**Vetur konungur olli usla víða á meginlandi Evrópu í gær. Nokkurra sentímetra jafnfallinn snjór lagðist yfir stóran hluta álfunnar. Bylurinn olli miklu umferðaröngþveiti og ófáum slysum. Áætlunarflug fór úr skorðum.**

**FRANKFURT, AP** Margur meginlandsbúinn var óviðbúinn er vetrarveðrið skall á. Þýska lögreglan sagði ótal árekstra hafa orðið á fimmtudagskvöld og föstudagsmorgun. Mörg dæmi væru um nokkurra klukkustunda umferðarteppur vegna árekstra; vörubíla sem lentu þversum eða ultu í hálkunni á hraðbrautum, fjöldaárekstra fólksbíla, útafaksturs og fleiri slíkra hálkuóhappa.

Banaslys varð er sendibíll og vörubifreið skullu saman á þjóðvegi í Hessen. Að sögn lögreglu gerði það illt verra hve margir ökumenn óku enn á sumardekkjum.

Á alþjóðaflugvellinum í Frankfurt am Main, fjölfarnasta flugvellinum á meginlandinu, urðu seinkanir á 87 flugleiðum eða þeim var alveg aflýst. Verkfall á Ítalíu olli aukatruflunum á flugumferð. Á meðaldegi fara á bilinu 1.300 til 1.400 flugvélar um Frankfurtflugvöll á sólarhring. Svipaða sögu var að segja af öðrum helstu flugvöllum meginlandsins, svo sem Schiphol í Hollandi.

Kona í tékkneska bænum Trest varð úti í fyrrinótt, en þar féll hitastigið í 10 gráðu frost.

Í Austurríki var snjókoman hins vegar mörgum fagnaðarefni, enda opna flestir helstu vetrardvalarstaðirnir í austurrísku Ölpunum nú um helgina.

Í Sviss var jafnfallinn snjór á bilinu 5 til 15 sentímetrar á láglendi sem olli miklum umferðartöfum á vegum, járnbrautum og flugvöllum.

Í Skotlandi og Wales var yfir 150 skólum lokað vegna vetrarveðursins. Í norðanverðu Skotlandi urðu yfir 4.000 heimili rafmagnslaus af völdum þess. Í Englandi breyttu veðmangarar líkunum á því að það yrðu hvít jól í Lundúnum úr 7 á móti 2 í 3 á móti 1. **- aa**




TOPMAN
SMÁRALIND I 522 8383

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Fangaflugsrannsókn Evrópuráðsins:

# Svör berist fyrir febrúarlok

**STRASSBORG, AP** Terry Davis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, brýndi í gær ríkisstjórnir aðildarríkjanna 46 um að skila innan þriggja mánaða greinargerð um meinta leynilega fangaflutninga bandarísku leyniþjónustunnar CIA um lofthelgi þeirra og flugvelli.

Áður hafði Davis ritað ríkisstjórnunum bréf þar sem spurt er hvernig þær framfylgi ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu sem bannar ómannúðlega meðferð fanga og hvernig fylgst sé með athöfnum erlendrar leyniþjónustu í lögsögu þeirra, og hvort í gildi séu í löndum þeirra lög sem hindri að þar séu rekin leynileg fangelsi eða stundaðir fangaflutningar á laun.

Davis sagði rannsóknina á hinum meintu fangaflutningum og leynifangelsum munu ná aftur til ársins 2002.

Dick Marty, sem stýrir rannsókninni á vegum Evrópuráðsins, greindi frá því að hann hefði árið 2002 fyrst heyrt orðróm um að CIA ræki leynilegar starfsstöðvar í austanverðri Evrópu þar sem hún héldi meintum hryðjuverkamönnum föngnum. **- aa**



**TERRY DAVIS** Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Ótrúlegt verð

**weather report**

Hlýir og vandaðir kuldagallar, vindþéttir úr öndunarefni



**weather report**
**Kuldagalli**
**buxur með axlaböndum**
svartur
st. 130-170
**6.999kr**

**weather report**
**Kuldagalli**
**buxur með axlaböndum**
svartur, ljós blár
st. 130-170
**6.999kr**

**weather report**
**Flíspeysa**
**rennd**
svört, grá
st. 130-170
**1.999kr**

**weather report**
**Kuldabuxur**
**m/rennilás á hlið**
svartar, gráar
st. 8-16
**4.999kr**

Utanyfir nærfatnaður sem hentar vel við öll tækifæri. Mjög hlýtt og gott í kulda og einnig frábært á skíði. Hönnun sem hentar íslenskum aðstæðum.

**weather report**
**Hlý undirföt**
svört
st. 130-170
**1.999kr**

**weather report**
**Kuldagalli**
**tvískiptur**
rauður, blár
st. 90-120
**5.999kr**

**weather report**
**Kuldagalli**
**tvískiptur**
rauður, blár
st. 90-120
**5.999kr**



**TILBOÐ**
**2.999kr**
Verð áður 3.499,-

**Stígvél** fóðruð
rauð, blá, st. 21-32



Loðfóðruð og vatnsheld upp að ökkla. Sterkur og stamur gúmmísóli og endurskin að aftan.

**Moonboots** fóðruð **3.999kr**
rauð, svört, st. 25/26-37/38



**Kuldaskór** fóðraðir **2.999kr**
svartir/gráir, svartir/rauðir, st. 23-34



**Kuldaskór** vatnsheldir verð frá **6.999kr**
svartir, vínrauðir, bleikir, st. 24-39

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða frægi knattspyrnumaður lést í gær?*

2 *Hvaða sjálfstæðismaður óskar þess innilega að tekjur ríkissjóðs minnki?*

3 *Hvaða tveir íslensku landsliðsmenn í handbolta leika með Grosswallstad?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 74

Verðlagseftirlit Alþýðusambandsins kannar þróun lyfjaverðs:

# Lyfsalar sinna ekki upplýsingaskyldu

**LYFJAVERÐ** Örfáir lyfsalar virðast upplýsa viðskiptavini sína um ódýrari samheitalyf sem geta lækkað lyfjakostnað þeirra, að því er fram kemur í könnun sem verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands hefur gert á þróun lyfjaverðs. Eftirlitið bendir á að samkvæmt gildandi reglugerð sé lyfsölum skylt að upplýsa neytendur um val á milli samsvarandi samheitalyfja sé verðmunur þeirra meiri en fimm prósent. Jafnframt þessu eru niðurstöður verðlagseftirlitsins þær, að lækkun á lyfjaverði skili sér engan veginn nægilega vel til neytenda.

Samkvæmt samningum sem heilbrigðisyfirvöld gerðu í fyrra og í ár við lyfjaheildsala og smásala á lyfjaverð að lækka í áföngum fram í september 2006. Þá á það að verða sambærilegt við það sem er á hinum Norðurlöndunum.

Samkvæmt könnun verðlagseftirlitsins á tveimur lyfjategundum lækkaði önnur þeirra, bólgueyðandi lyfið Voltaren Rapid, um ríflega sjö prósent en meðalafsláttur apótekanna af hluta sjúklings minnkaði jafnframt úr 7,5 prósentum í 6 prósent. Hin tegundin, mígrenilyfið Imigran, hækkaði aftur á móti um tæp fimm prósent. Þessar verðbreytingar urðu á tímabilinu 20. apríl til 1. nóvember.

Verðlagseftirlitið segir „óásættanlegt að þeir samningar sem gerðir hafi verið á lyfjakostnaði skili sér ekki betur í lægra lyfjaverði til neytenda“. Hvetur það neytendur til að spyrjast fyrir hjá læknum og lyfsölum um hvort til séu ódýrari samheitalyf og lækka þar með lyfjakostnað sinn.

-jss



**VERÐMUNUR** Verðlagseftirlit Alþýðusambandsins segir óásættanlegt að samningar um lyfjakostnað skili sér ekki betur í lægra lyfjaverði til neytenda..



**RITSTJÓRAR DV** Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason eru ritstjórar DV. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ástþór Magnússon og DV:

## DV stendur við fréttaflutning

**FJÖLMIÐLAR** „Það stendur ekkert annað til en að standa við þessa frétt. Við eigum þetta allt á segulbandi,“ segir Jónas Kristjánsson, annar ritstjóra DV.

Ástþór Magnússon, fyrrverandi forsetaframbjóðandi, hefur lagt fram kæru á hendur ritstjórn DV fyrir frétt í blaðinu sem segir frá því að átta menn á vegum Ástþórs hafi mætt vopnaðir heim til manns sem leigir íbúð af Ástþóri og sagt honum að koma sér út. Ástþór hefur lýst því yfir að þetta sé algjör steypa og krefst refsingar yfir hlutaðeigandi blaðamönnum.

- saj

### IÐNAÐUR

**Blásið á Grundartanga** Reykur var losaður frá Járnblendisverksmiðjunni á Grundartanga um klukkan átta í gærmorgun. Skömmu fyrir hádegi taldi íbúi í Reykjavík sig sjá reykjarmökk í mynni Hvalfjarðar, en Þórður Magnússon framkvæmdastjóri framleiðslusviðs verksmiðjunnar taldi ólíklegt að þar gæti verið samhengi á milli.

# Kynbundið ofbeldi lítið rætt

**Palestínskar konur sem verða fyrir heimilisofbeldi greina sjaldan frá því. Rannsóknar- og þróunarsetrið Bisan í Palestínu vinnur að því að opna umræðuna um kynbundið ofbeldi í landinu.**

**MANNRÉTTINDAMÁL** „Átak til að opna umræðu um kynbundið ofbeldi í Palestínu varð að veruleika í kjölfar rannsókna rannsóknar- og þróunarsetursins Bisan á heimilisofbeldi. Í fyrsta lagi beinist átakið að læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki.

Markmið okkar er að fá þann hóp til að vekja máls á stöðu heimilisofbeldis og öðrum myndum kynbundins ofbeldis í Palestínu og að málefnið fái viðurkenningu innan heilbrigðisþjónustunnar,“ segir Nadya Engler sem starfar fyrir Bisan og var heiðursgestur á fundi UNIFEM á Íslandi um kynbundið ofbeldi sem fram fór í gær.

„Í öðru lagi höfum við reynt að fá félagsráðgjafa, kennara og kvennasamtök til að leggja sitt af mörkum til að opna umræðuna. Við höfum komist að því að það er hærri tíðni heimilisofbeldis innan fjölskyldna ef aðili þar hefur orðið fyrir pólitísku ofbeldi.“

Engler segir þetta vera alvarlegt vandamál í Palestínu, meðal annars vegna intifada-uppreisnar Palestínumanna gegn landtöku Ísraelsstjórnar á hernumdu svæðunum. „Vegna takmarkaðs ferðafrelsis þjóðarinnar eru konur sem verða fyrir heimilisofbeldi illa staddar, þær geta síður leitað til læknis eða tilkynnt ofbeldið þar sem maðurinn er meira heima við og því í stöðugu návígi við konuna.



**NADYA ENGLER** Palestínska konan Engler segir margar konur í Palestínu telja eiginmenn sína hafa rétt á að beita ofbeldi heima við.

Spurð hvort palestínskar konur sem verða fyrir heimilisofbeldi telji sig eiga það skilið, svarar Engler játandi. „Margar konur telja eiginmenn sína hafa rétt á að beita ofbeldi heima við vegna gremjunnar sem er í samfélaginu gegn ísraelskum stjórnvöldum.

Við könnuðum líka viðhorf heilbrigðisstarfsfólks til heimilisofbeldis og komumst að því að 33 prósent vilja ekki skipta sér af málum sem tengjast heimilisofbeldi. Því finnst það ekki vera á sína ábyrgð að skipta sér af því sem gerist innan fjölskyldunnar,“ segir Engler.

„Við höfum reynt að kynna fyrir heilbrigðisstarfsmönnum lagareglur annarra þjóða varðandi heimilisofbeldi, hvernig meðhöndlun það fær í öðrum löndum og hvernig alþjóðalög fjalla um það. Þá höfum við vakið máls á hvernig á að greina ummerki heimilisofbeldis og hvernig á að hlúa að fórnarlömbunum.

Nýsköpunin í verkefninu felst í að við höfum leitast við að þróa einhvers konar siðareglur og vekja upp ábyrgðartilfinningu meðal heilbrigðisstarfsmanna um hvernig skuli meðhöndla ofbeldi gegn konum. Við bendum læknum á að kona sem, til dæmis, er handleggsbrotin, verði ekki eingöngu skráð með handleggsbrot á læknaskýrslu ef grunur leikur á öðru. Með öðrum orðum að þeir geri sér grein fyrir heildarmyndinni og ábyrgð sinni í málinu.“

steinar@frettabladid.is








**FULLTRÚAR ÍSLANDS** Halla Björg Baldursdóttir og Ármann Kr. Ólafsson.

Ráðstefna um upplýsingatækni í Evrópu:

## Tæknileg vandamál ekki lengur hindrun

**UPPLÝSINGATÆKNI** Á nýlokinni ráðherraráðstefnu Evrópusambandsins um rafræna stjórnsýslu var mótuð stefna um að gera Evrópu leiðandi í notkun upplýsingatækni.

Ráðstefnan var haldin í Manchester á Englandi, en til þátttöku var boðið fulltrúum aðildarríkja ESB ásamt fulltrúum EFTA-ríkja og ríkja sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu.

Samþykkt var yfirlýsing sem gerir ráð fyrir að tæknileg vandamál séu ekki lengur hindrun varðandi notkun upplýsingatækni í stjórnsýslu. Sett voru fram markmið sem varða aðgengi allra borgara að rafrænni stjórnsýslu, hagræðingu og skilvirkni í stjórnsýslunni, bætta þjónustu sem miðast við þarfir einstaklinga og að rafræn skilríki verði gjaldgeng innan alls evrópska efnahagssvæðisins.

Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, fór fyrir íslensku sendinefndinni, sem einnig var skipuð Höllu Björgu Baldursdóttur verkefnastjóra í rafrænni stjórnsýslu hjá forsætisráðuneytinu, Haraldi Bjarnasyni sérfræðingi í fjármálaráðuneytinu og Indriða H. Þorlákssyni ríkisskattstjóra.

- óká





## Merkjabúð á tveimur hæðum

Komdu sjálfum þér og ástvinum á óvart. Í Debenhams er úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í jólaskap.

Herrann: Blaserjakki 13.500 kr., skyrta 2.590 kr., bindi 3.590 kr., Esprit buxur 8.990 kr. Daman: Slá 5.990 kr., hattur 2.490 kr. hanskar 1.690 kr., Esprit stígvél 2.990 kr. Aðrir munir: Jólasokkur 1.590 kr., jólakúlur stórar 599 kr., jólakúlur í boxi 1.690 kr., knöll 1.590 kr., jólasveinn 899 kr., gólfskál úr gleri 4.990 kr., bangsar 1.690 kr., Hamleys flugvélar-2 saman 990 kr., strætó 699 kr., 5 bílar í kassa 3.490 kr., trommu-björn 2.990 kr., Jelly bean sælgæti 1.990 kr., enskar jólasmákökur 2.690 kr., rauðir pottar frá 3.290 kr., pókerspilaborð 4.990 kr., pókerspilapeningar 1590 kr., rauð kerti 799 kr., súkkulaðiplötur í bleikum kassa 1.790 kr., tekanna 1.990 kr., hvítar krúsir 390 kr., bakkaborð 2.990 kr., Esprit barnastígvél 2.490 kr.

DEBENHAMS

SMÁRALIND




**Í VERKFALLI** Frá mótmælafundi í Palermo á Sikiley á föstudag, er efnt var til allsherjarverkfalls um alla Ítalíu til að mótmæla fjárlögum næsta árs, en í þeim er gert ráð fyrir miklum niðurskurði í ríkisútgjöldum. MYND/AP

Vikursteinsverksmiðja í bígerð í Mýrdalnum:

# Gæti veitt 25 manns atvinnu

**NÝSKÖPUN** Athafnamenn í Vík í Mýrdal vinna að undirbúningi verksmiðju þar sem meðal annars yrði unnið byggingaefni úr Kötluvikri. Það eru eigendur jarðanna Hjörleifshöfða, Reynisbrekku og Höfðabrekku sem standa að þessu verkefni en rannsóknir á vikrinum gefa mjög góðar vísbendingar um að verksmiðja af þessu tagi verði arðbær.

Á fundi með fulltrúum fjárfestingastofu iðnaðarráðuneytis í gær var gengið frá samkomulagi um að stofan fái mann til að vinna að markaðsrannsóknum fyrir vikurinn. „Við sjáum fyrir okkur að svona verksmiðja gæti veitt 20-25 manns atvinnu og þetta er í raun það eina sem við sjáum í atvinnuuppbyggingu hér á svæðinu," segir Þórir Kjartansson, eigandi Víkurprjóns, en hann er einn af frumkvöðlum verkefnisins. Hann segir vikurinn líka nýtanlegan í alls konar ræktun. „Vikurinn er kjörefni fyrir bæði mat- og skrautjurtaræktun," segir hann. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan kosti sex til sjö hundruð milljónir en útreikningar sýna að hún gæti strax náð veltu upp á einn til einn og hálfan milljarð. - ssal



**ÞÓRIR KJARTANSSON** Miklar vonir eru bundnar við að vikursteinsverksmiðja í Mýrdalnum verði að veruleika.

Konu leitað í Noregi:

## Hvarf sporlaust

**NOREGUR** Konu er nú leitað í Noregi en hennar hefur verið saknað í tvær vikur. Grunur leikur á að 44 ára gamall maður hafi rænt konunni og farið með hana í bíltúr á bíl hennar. Lögreglan hefur sagt að maðurinn hafi yfirgefið hana og bílinn úti í skógi. Konan hvarf þessa nótt og er ekkert vitað um afdrif hennar.

Mikill fjöldi lögreglumanna tekur þátt í leitinni að henni og eru hundar meðal annars notaðir til að rekja sporin. Lögreglan kannar nú líka um hundrað ábendingar sem hafa borist.

Grunur hefur beinst að eiginmanni konunnar en ferðir hans eru taldar undarlegar eftir hvarfið. ■

Spil á Netinu:

## Póker leyfður í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Sænska ríkisstjórnin hefur leyft fyrirtækinu Svenska Spel að reka pókerspil á Netinu.

Veltan í netpóker í Svíþjóð er talin nema um tíu milljörðum sænskra króna eða um sjötíu milljörðum íslenskra króna. Þetta getur þýtt um sjö milljarða íslenskra króna í tekjur.

Talsmaður Svenska Spel telur að fyrirtækið verði komið með þriðjungs markaðshlutdeild eftir ár en það þýðir tekjur upp á rúmlega tvo milljarða króna.

Þetta kom fram á sænskum vefmiðlum í gær. ■

### HÉRAÐSDÓMUR

**Fimmtán og hálf milljón í sekt**
Arnar Geir Sverrisson var dæmdur í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi og til að greiða rúmlega fimmtán og hálfa milljón króna fyrir að greiða ekki skatta af atvinnustarfsemi sinni á árunum 2001 til 2004 og fyrir bókhaldsbrot á sama tímabili. Arnar Geir játaði brot sín fyrir dómnum.

### FINNLAND

**Kauptu ekki neitt!** Í gær var alþjóðlegi „Kauptu ekki neitt!"-dagurinn í Finnlandi og þótti takast mjög vel. Þema dagsins var menning og neysla hennar og höfðu söfn á átján stöðum allt frá Helsinki norður til Rovaniemi ókeypis inn í gær.

# Hugleiða flutning til útlanda

**Hátæknifyrirtækið CCP er við það að gefast upp á rekstrarumhverfinu hér. Eyjan Mön hefur boðið fyrirtækinu aðstöðu. Víða reyna lönd að lokka til sín fyrirtæki í hátækniiðnaði. Í húfi eru 80 störf og milljarður í veltu.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Hugbúnaðarfyrirtækið CCP hugleiðir að flytja alla starfsemi sína úr landi vegna erfiðra rekstraraðstæðna, sérstaklega hvað varðar sterka stöðu krónunnar. Í húfi eru 80 störf, 60 hjá CCP og 20 hjá Símanum, en CCP framleiðir tölvuleik að nafni EVE Online sem spilaður er á heimsvísu.

Búist er við að velta fyrirtækisins á þessu ári nemi um milljarði íslenskra króna, en hugbúnaðarútflutningur þess nemur fimmtungi af heildarútflutningi hugbúnaðar héðan. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa hingað til ekki kvartað mikið yfir aðstæðum hér, en hafa orð á vangaveltum sínum í nýrri úttekt tímaritsins Tölvuheims.

„Við fengum einu sinni 1.500 krónur fyrir hverja áskrift, en fáum 900 krónur núna," segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP og vísar þar til gengisþróunarinnar. Hann segir fyrirtækið ekki hafa sett sér ákveðin tímamörk um hvenær gefist verði upp á aðstæðum hér, en verið sé að reikna út muninn á rekstrarkostnaði hér miðað við það sem fyrirtækinu hefur verið boðið annars staðar.

„Fyrirtækjum eins og okkar er víða gert hátt undir höfði, svo sem í Montreal í Kanada og á eynni Mön líka," segir Hilmar, en Mön hefur ítrekað haft samband við fyrirtækið með það í huga að lokka það úr landi. Ýmsar ívilnanir eru í boði, svo sem endurgreiðsla þróunarkostnaðar, afsláttur á aðstöðugjöldum og skattaívilnanir. „Reyndar eru flestir staðir betri en Ísland hvað þetta varðar, en hér er ekkert slíkt í boði." Hilmar vísar til þess að gjarnan séu höfð uppi stór orð um upplýsingasamfélagið og uppbyggingu hátækniiðnaðar hér á landi, en svo virðist lítið verða úr aðgerðum til að laða að, eða halda slíkri starfsemi í landi.

„Hér hefur vissulega verið stutt við ýmsa atvinnustarfsemi, svo sem fiskiðnað og orkufrekan iðnað, en menn virðast ekki láta gerðir fylgja orðum hvað þetta varðar," segir hann og gantast með að fyrirtækið sé nýflutt af Klapparstíg í Reykjavík yfir á Grandagarð og því í góðri æfingu við að flytja.

„Þeir flutningar tóku ekki nema fjóra daga."

olikr@frettabladid.is




**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON** Hilmar, sem er framkvæmdastjóri CCP, framleiðanda EVE Online tölvuleiksins, segir fyrirtækið íhuga í fúlustu alvöru að flytja alla starfsemi sína úr landi. CCP er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins og eitt fárra sprotafyrirtækja sem náð hefur að fóta sig á erlendum mörkuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.


# Minningar um Einar Olgeirsson




Einar Olgeirsson er einn umdeildasti og áhrifamesti stjórnmálamaður síðustu aldar á Íslandi. Hann var leiðtogi kommúnista og sósíalista og heillaði fjölmarga til liðs við málstað sinn með annálaðri mælsku og persónutöfrum.

Hér fjallar Sólveig Einarsdóttir um föður sinn frá ýmsum hliðum, um skoðanir hans og hvernig pólitískt líf hans og einkalíf fléttaðist saman. En ekki síst fjallar þessi bók um afl hugsjóna og hverju er til fórnandi fyrir þær. Bókin er prýdd fjölmörgum myndum sem aldrei áður hafa komið fyrir almenningssjónir.



ÁRITUN

Sólveig Kristín Einarsdóttir áritar bókina í Máli og menningu Laugavegi 18 kl.14:00 í dag.

Edda
edda.is


Svíinn Dawit Isaak situr í fangelsi í Erítreu:

# Reynt að frelsa blaðamann

**SVÍÞJÓÐ** Tvísýnt er hvort stjórnvöld í Erítreu gefi sænska blaðamanninum Dawit Isaak frelsi, eins og þau höfðu heitið segir sendiherra Svíþjóðar í Erítreu, Bengt Sparre, sem unnið hefur að frelsun hans síðustu vikur. Upplýsingaráðherra Erítreu sagði nýlega að blaðamaðurinn yrði aftur settur bak við lás og slá.

„Ég veit ekki hvað sendiherrann hefur heyrt en hann á ekki að koma með bull sem enginn fótur er fyrir. Ég verð að biðja hann um að hætta að rugla fólk með uppspunnum staðhæfingum," sagði ráðherrann. Þögn ríkir nú um Isaak þar sem málið er á viðkvæmu stigi. Áfram er unnið að frelsun hans.

Dawit Isaak hefur ekki komið fyrir rétt í Erítreu en hann var fangelsaður þar fyrir tæpum fjórum árum ásamt öðrum blaðamönnum og stjórnmálamönnum. Hann átti hlut í frjálsu og óháðu dagblaði, Setit, í Erítreu og var honum meðal annars gefið að sök að hafa gagnrýnt stjórnvöld og þegið fjárstuðning til blaðaútgáfunnar. Á sama tíma og árás var gerð á tvíburaturnana í New York var Setit í hópi þeirra blaða sem birtu gagnrýni á forseta landsins, Issaya Afewerki.

Dawit Isaak er upprunalega frá Erítreu en hann flutti með fjölskyldu sína til Svíþjóðar 1989. Árið 2001 fór hann aftur til Erítreu til að taka þátt í frelsisbaráttunni. Hann hefur setið í fangelsi og lítið frést af honum síðan. Stjórnvöld í Erítreu segja að þetta sé innanlandsmál sem komi Svíum ekki við. Heima hafa sænsk stjórnvöld verið gagnrýnd fyrir að beita sér ekki nóg.

ghs@frettabladid.is




**ERÍTREA** Sænski blaðamaðurinn Dawit Isaak hefur setið í haldi í Erítreu í fjögur ár og lítið frést af honum.

# Jólasprengja!



SPARIÐ 8.000,-

VERÐ ÁÐUR 24.900,-

16.900,-

SPARIÐ 15.000,-

VERÐ ÁÐUR 49.900,-

34.900,-

**„BELLA" 3JA SÆTA SÓFI OG STÓLL**

Stórglæsilegir, súkkulaðibrúnir sófar. Bycast leður á öllum slitflötum. Fæst sem 3ja sæta sófi, 2ja sæta sófi og stóll. Stærð 3ja: 192x84 sm. Stærð á stól: 84x84 sm.



BORÐ + 4 STÓLAR

VERÐ ÁÐUR 29.900,-

16.900,-

SPARIÐ 13.000,-

**„STEPHAN" BORÐ OG STÓLAR**

Vandað og sérlega glæsilegt borð ásamt stólum í stíl með hvítri sessu úr míkrófíber efni. Fallegt borð og stólar á frábæru verði! St. 160 x 76 x 90 sm.

**„THERMO LUX" SÆNG OG KODDI**

Thermosæng og koddi á frábæru verði. Sængin er fyllt með 2x550 gr. af sílíkon meðhöndluðum holtrefjum og koddinn er 500 gr. Stærð á sæng 140x200 sm og koddi er 50x70 sm. Þolir þvott við 90°C.




VERÐ ÁÐUR 2.990,-

1.990,-

35% Afsláttur



**DÝR SEM SYNGJA OG DANSA**

Margar gerðir af flottum dýrum sem syngja gamla slagara og dansa með. Frábær jólagjöf!

STK. 990,-



399,-

**KERTI Í KASSA - 24 STK.**

24 stk. af kertum saman í kassa. Þessi kerti loga í 9 klst. Flott kerti í aðventukransinn!



ALLT SETTIÐ: 990,-

**JÓLALEGT GLASASETT - SNJÓKARLALÍNA**

Fallegt og jólalegt glasasett sem inniheldur eina stóra og góða könnu ásamt 6 snjókarlaglösum.



10 STK. 398,-

**JÓLAKORT**

Falleg jólakort, 20 stk. saman í einum pakka. Tvöföld kort ásamt umslagi.



399,-

**JÓLASVEINAHJÓN**

Úr keramiki. Fallegar styttur sem kinka kolli. 2 stk. saman í pakka.



399,-

**GRENILENGJA**

Lengd 2,7 metrar. Gott verð!

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Schröder segir skilið við stjórnmálin

**Eftir sjö ár við stjórnvölinn í Þýzkalandi er Gerhard Schröder nú hættur beinum afskiptum af stjórnmálum og ætlar að snúa sér að lögmannsstörfum og skrifa pólitískar endurminningar sínar.**



**KANZLARAHÖLLIN KVÖDD** Schröder á einum síðustu starfsdaga sinna sem kanzlari fyrir utan kanzlarahöllina í Berlín. Þinghúsið í baksýn. MYND/AP

Schröder sagði af sér þingmennsku á miðvikudaginn, daginn eftir að hann og eftirmaður hans í embætti, Angela Merkel, handsöluðu kanzlaraskiptin í kanzlarahöllinni í Berlín. Það eina sem hann hefur gefið upp um það sem hann hyggst nú taka sér fyrir hendur er að hann vill snúa sér aftur að lögmannsstörfum og skrifa pólitískar endurminningar sínar. Hann hefur þegið ráðgjafarstarf hjá svissnesku blaðaútgáfunni Ringier en hefur annars neitað því að hann muni þiggja tilboð um setu í stjórnum fyrirtækja.

Á þessum sjö árum sem samsteypustjórn jafnaðarmanna og græningja var við völd, undir forystu Schröders, hefur margt breytzt. Þýzka ríkisstjórnin lauk flutningum frá Bonn til Berlínar, þýzkir hermenn tóku í fyrsta sinn frá stofnun Sambandslýðveldisins þátt í hernaðaraðgerðum á erlendri grundu (Kosovo, Afganistan) en með andstöðunni við innrásina í Írak var sú fylgispekt rofin sem þýzkir ráðamenn höfðu tamið sér í kalda stríðinu að sýna bandamanninum stóra vestanhafs í alþjóðamálum. Schröder hefur í nafni nýrrar sjálfstæðrar utanríkisstefnu sameinaðs Þýzkalands mótað hugtakið „miðlungsveldi“ (Mittelmacht), sem hann kennir gjarnan einnig við frið.

En innanlands eru það aðrir þættir sem „rauð-græna“ tímabilsins er helzt minnzt fyrir, svo sem að ákveðið hefur verið að loka kjarnorkuverum landsins og setja skilagjald á öldósir og vegatoll á vörubíla. Það sem einna þyngst vegur er þó að skuldir þýzka ríkisins eru orðnar meiri en þær voru árið 1998 og það sem verra þykir, atvinnuleysið er líka orðið enn meira en það var þá.

Arfleifð stjórnartíðar Schröders er því blendin. „Eftir sjö ár yfirgefur Gerhard Schröder stjórnvölinn, án þess að hafa tekizt að leysa vandamálin sem hann ætlaði sér. En þó var Schröder alls ekki eins slæmur kanzlari og ætla mætti af arfleifð hans,“ skrifar þýzka dagblaðið Süddeutsche Zeitung um þessi tímamót.



**SCHRÖDER-HJÓNIN** Hjónin Gerhard Schröder og Doris Schröder-Köpf eftir kosningarnar 2002. Schröder-Köpf er fjórða eiginkona Schröders. Hún á dóttur úr fyrra sambandi og þau hjónin ættleiddu stúlku frá Rússlandi í fyrra.



**KANZLARAKÆTI** Kjarninn í fyrstu ríkisstjórn Schröders. Hann sjálfur, Joschka Fischer utanríkisráðherra úr Græningjaflokknum og Oskar Lafontaine, þáverandi flokksleiðtogi SPD, á góðri stundu eftir stjórnarmyndunina 1998.



**SNÚIN VINÁTTA** Schröder og George W. Bush Bandaríkjaforseti standa þétt saman fyrir ljósmyndarana á fundi þeirra í Mainz í febrúar. Samskipti þeirra hafa verið stirð frá því að Schröder ákvað að andmæla innrásinni í Írak.



**SCHRÖDER Á ÍSLANDI** Schröder lentur á Akureyrarflugvelli í opinberri heimsókn sinni til Íslands sem forsætisráðherra Neðra-Saxlands 15. nóvember 1997. Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, heilsar honum.

## Umbæturnar banabitinn

Það sem á endanum reyndist banabiti hinnar „rauð-grænu“ ríkisstjórnar Schröders, var að hún mannaði sig upp í að hrinda í framkvæmd umbótum á velferðarkerfinu, sem komu illa við ýmsa skjólstæðinga þess og sköpuðu stjórninni því óvinsældir. Schröder stóð fyrir umbótaáætluninni „Dagskrá 2010“ í þeirri sannfæringu að Þýzkaland gæti fjárhagslega hreinlega ekki leyft sér lengur að láta velferðarkerfið blása áfram út eins og það gerði síðustu áratugina. Hermt er að Schröder hafi sannfærzt um að það væri landinu lífsnauðsynlegt að þessar kerfisumbætur kæmust til framkvæmda. Jafnvel þótt það kostaði hann embættið.

Schröder var fyrst kjörinn á Sambandsþingið árið 1980. Hann varð leiðtogi jafnaðarmanna í stjórnarandstöðu á þingi Neðra-Saxlands árið 1986 og síðan forsætisráðherra þess 1990-1998. Kanzlari varð hann þann 27. október 1998, eftir að Jafnaðarmannaflokkurinn (SPD) og þýzki Græningjaflokkurinn náðu saman meirihluta á Sambandsþinginu og bundu þar með enda á 16 ára stjórnartíð Helmuts Kohl og samsteypustjórnar flokks hans, kristilegra demókrata (CDU), með smáflokki frjálsra demókrata (FDP). Það þótti ganga kraftaverki næst að „rauð-græni“ meirihlutinn hélzt í kosningunum 2002, en þá hafði hann nauman sigur ekki sízt vegna þess hvernig Schröder tókst að virkja friðarhyggju Þjóðverja í kosningabaráttunni með afdráttarlausri afstöðu gegn hernaðaríhlutun í Írak.

Schröder kom í nokkurra daga opinbera heimsókn til Íslands í nóvember 1997, þá sem forsætisráðherra Neðra-Saxlands, en skömmu síðar var hann formlega útnefndur kanzlaraefni Jafnaðarmannaflokksins í kosningunum til Sambandsþingsins haustið 1998, sem skiluðu honum í kanzlarastólinn. Schröder kom aftur til Íslands árið 2000. Hann sýndi reyndar vinarhug sinn til Íslands með ýmsu móti í kanzlaratíð sinni. Til dæmis gaf hann sér tíma til að opna íslenzka menningarhátíð í Berlín og eiga við það tækifæri fund með Davíð Oddssyni þáverandi forsætisráðherra í september 2002, en þá stóð tvísýn barátta kanzlarans fyrir endurkjöri sem hæst.

## Félagi forstjóranna og leiðtogi félaganna

Bæði áður og eftir að hann náði á toppinn var Schröder umdeildur innan Jafnaðarmannaflokksins. Hann þótti eiga erfitt með að fara eftir „flokkslínunni“ og fylgdi þess í stað eigin stefnu, sem að minnsta kosti að mati vinstri arms flokksins þótti ískyggilega vinsamleg atvinnurekendum. Í viðtali sem undirritaður tók við Schröder í heimsókn hans hingað fyrir átta árum (það birtist í Morgunblaðinu 21. nóvember 1997) sagði hann um þetta: „Ég held að það sé satt að efnahagslífið sé örlög okkar. Okkar fólk, sem við viljum að kjósi okkur, ætlast til þess að við temjum okkur uppbyggilega afstöðu til efnahagslífsins. Það er ekki hægt að útdeila öðru til félagslegra þarfa en því sem fyrst hefur verið aflað. Við verðum öll að venjast þessum staðreyndum. Að vera álitinn „vinur atvinnulífsins“ tel ég hreint ekki ókost, heldur öllu frekar mér til framdráttar.“ Hann bætti því við að hann teldi það skyldu sína sem stjórnmálamanns að beita sér fyrir því að efnahagslífið blómstri; í þágu bæði launþega og atvinnurekenda.

Með þessari stefnu sinni var Schröder óneitanlega í takt við Tony Blair, sem skömmu áður hafði komizt til valda í Bretlandi. Eftir að Oskar Lafontaine, þáverandi formaður SPD, fór með hurðaskellum úr stjórninni og síðar flokknum innan við ári eftir myndun „rauð-grænu“ stjórnarinnar, varð Schröder formaður flokksins og komst þannig í aðstöðu til að sveigja hann frekar inn á sína línu. En hann náði aldrei sambærilegum tökum á honum og Blair á brezka Verkamannaflokknum. Hann sagði af sér flokksformennskunni árið 2004, eftir hrakfarir SPD í hverjum héraðsþingkosningunum á fætur öðrum.

## Fulltrúi eftirstríðskynslóðarinnar

Í kveðjugrein Süddeutsche Zeitung um Schröder sem kanzlara er hann sagður fulltrúi eftirstríðskynslóðarinnar hliðstætt því sem Kohl var fulltrúi kynslóðarinnar sem varð vitni að hörmungum stríðsins.

Kohl komst á unglingsaldur á stríðsárunum en Schröder fæddist vorið 1944, hálfu ári áður en faðir hans féll á vígstöðvunum. Schröder var alinn upp í fátækt en tókst að vinna sig alla leið upp í kanzlarastólinn. „Þar var hann betri fulltrúi fyrir Þýzkaland en beztu atvinnudiplómatar þess. Hann var Þýzkaland eftirstríðsáranna, efnahagsundurs, og efnahagsundurskrepputímans. Hann var eftirstríðsbarn eins og fyrirrennari hans Kohl var stríðsbarn.“

Í lok viðtalsins sem tekið var við hann í rútu á leið út í Svartsengi fyrir átta árum svaraði Schröder spurningu um það hvers vegna hann teldi eftirsóknarvert að komast í embætti þar sem vinnudagurinn væri allt að átján vinnustundir og einkalíf svo til ekkert, á þessa leið: „Sá sem ekki er tilbúinn að helga svo miklu af tíma sínum starfinu á ekkert erindi í hápólitísk embætti í Þýzkalandi.“

Hann átti eftir að sýna það næstu sjö árin, að hann naut þess að gegna þessu háa embætti. „Gerhard Schröder byrjaði sem kanzlari vinsældanna, varð síðan kanzlari tækifærismennsku, þá kanzlari óvinsældanna og loks þrjózkunnar,“ skrifar Süddeutsche. „Hann tróð á flokknum sínum og sleikti hann síðan upp eins og elskhugi,“ bætir blaðið við. „En í lokin elskaði SPD hann: tudda-kanzlarann; þennan tortryggna krata númer eitt; hann sem í byrjun var félagi forstjóranna og síðan aftur leiðtogi félaganna. Schröder var Þýzkaland, í öllum sínum mótsögnum; í vilja sínum og vangetu; í stöðnun sinni og krafti, í tilburðum sínum, viðkvæmni, hörku.“



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Fræðsludeild Þjóðleikhússins kynnir:
RÉTTARHÖLD Í DÓMSALNUM
að Lindargötu 3 (gamla Hæstaréttarhúsið)
Í tilefni af sýningu Þjóðleikhússins á Halldóri í Hollywood
Þriðjudagskvöldið 29. nóvember kl. 20:30
Umræðuefni kvöldsins er:
Var Halldór hinn sanni Íslendingur?
Frummælendur:
Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur
Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Aðgangur að réttarhöldunum er ókeypis og öllum opinn
Ritið – tímarit Hugvísindastofnunar



# Opnunarhátíð í dag



Í tilefni opnunar **nýja bílahússins** eru kakó, kleinur og piparkökur ásamt notalegum bílastæðum í „boði hússins“. Skoðið dagskrána!

Samkeppni **um nafn** á nýja bílahúsið við Laugaveg 84-96

Sjá nánar á www.rvk.is/bilast




**Laugavegur** frá Snorrabraut að Barónstíg verður í dag formlega opnaður eftir gagngerar endurbætur. Samtímis verður opnað **nýtt bílahús** þar sem Stjörnubíó var áður.

**Dagskrá í tilefni dagsins frá klukkan 12:00**

- Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur Alfreð Þorsteinsson flytur ávarp.
- Jólasveinar leika lausum hala.
- Leikhópur frá Hinu húsinu sprellar.
- Atriði úr nýju barnaleikriti Þjóðleikhússins.
- Allir fá heitt kakó, kleinur og piparkökur.
- **Frí bílastæði** í nýja bílakjallaranum í dag og á næstunni.

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

**... svo í borg sé leggjandi**

# Ljósin tendruð á jólatrénu í Smáralind





# Velkomin í Ævintýraveröld jólanna í Vetrargarðinum

**Í dag tendrar Afi ljósin á jólatré Smáralindar**
Komdu á jólaskemmtun í Vetrargarðinum í dag!

**14.00** Afi tekur á móti gestum
**14.15** Jólaskemmtun undir stjórn Grétars Örvarssonar þar sem fram koma Bryndís Ásmundsdóttir, Heitu Lummurnar og jólasveinarnir
**15.00** Afi tendrar ljósin á jólatré Smáralindar
**15.15** Söngflokkurinn Heitar Lummur skemmta
**15.45** Afi skemmtir börnunum
**16.00** Jólaball undir stjórn Grétars Örvarssonar þar sem fram koma Bryndís Ásmundsdóttir, Birgitta Haukdal og jólasveinarnir.

**Á morgun kl. 16 hefjast risatónleikar Hagkaupa í Vetrargarðinum – komdu og sjáðu helstu tónlistarstjörnur Íslands á einum stað!**




## Jólagjafahandbók Smáralindar er komin í hús.

Komdu og fáðu þér eintak!

**Gerðu jólainnkaupin í Smáralind og taktu þátt í jólastemningunni!**

ENNEMM / SÍA / NM18382




Verslanir opnar: Mán.-mið. 11-19, **fim. 11-21**,
fös. 11-19, lau. 11-18 og sun. 13-18 / smaralind.is / 528 8000

# Hægt að spara í raforkukaupum

**Svo virðist sem lítil sem engin lækkun verði á raforku þegar samkeppni í sölu raforku til heimilanna verður gefin frjáls um áramót. Svigrúm til lækkunar er aðeins örfá prósent. Talið er að samkeppnin komi ekki fram í verðlækkunum fyrr en í fyrsta lagi árið 2007. Þó er hægt að spara með því að flytja viðskipti sín annað.**

Samkeppni eykst í raforkumálum Íslendinga frá áramótum og má þá búast við að verðið geti breyst og orðið mismunandi eftir raforkusölum. Landsmenn geta þá valið um það hvaða raforkusala þeir telja hagstæðast að kaupa rafmagn af og skiptir staðsetning þeirra sjálfra eða raforkusalans engu máli. Þannig getur Vestfirðingur keypt rafmagn af Rafveitu Reyðarfjarðar ef báðir aðilar hafa áhuga á viðskiptunum. Hingað til hafa raforkukaupendur orðið að kaupa rafmagn af því fyrirtæki sem er með dreifikerfi á því svæði sem þeir búa á.

Ekki er víst að verðið breytist neitt eftir áramót. Þannig býst Ingibjörg Valdimarsdóttir, deildarstjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur, við því að verðið þar haldist óbreytt enda hafi ekki verið um neinar vísitöluhækkanir að ræða. Það getur þó borgað sig fyrir kaupendur úti á landi að kynna sér verðið hjá hinum ýmsu orkusölum og skipta ef verðið heima er of hátt. Ef verð helst óbreytt getur borgað sig fyrir meðalheimili, sem eyðir 4.000 kílóvattstundum á ári, að færa viðskipti sín, sérstaklega úti á landi, eins og sjá má á meðfylgjandi dæmum, og þá ekki síst þar sem um rafhitun er að ræða. Þá getur sparnaðurinn numið tugum þúsunda miðað við óbreytt verð.



**ORKAN FER INN Á NETIÐ** Framleiðslufyrirtækin dæla raforku inn á landsnetið, sem er í eigu einokunarfyrirtækisins Landsnets, og af því tappa dreifingarfyrirtækin svo raforkunni sem sölufyrirtækin hafa selt. Sölufyrirtækin kaupa raforku í heildsölu af framleiðslufyrirtækjum á borð við Landsvirkjun til endursölu til neytenda. Dreifingarfyrirtækin, sölufyrirtækin og framleiðslufyrirtækin eru oft eitt og sama fyrirtækið. Þannig er Orkubú Vestfjarða með eigin framleiðslu, dreifingu og sölu þó að orkubúið kaupi líka raforku af Landsvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Tveir orkureikningar

Fyrirkomulagið á orkumarkaðnum verður þannig að þeir neytendur sem nýta sér samkeppnina og skipta um raforkusala fá senda tvo rafmagnsreikninga, annars vegar fyrir dreifingu raforkunnar og hins vegar fyrir notkunina. Þeir sem gera engar breytingar á kaupum sínum fá áfram sendan einn rafmagnsreikning með sundurliðun yfir þá þjónustu sem þeir greiða fyrir. Aðaláherslan er lögð á nýja notendur. Dreifiveitum verður skylt að gera þeim grein fyrir þessum rétti að geta valið á milli raforkusala.

Landsnet er eina fyrirtækið sem sér um dreifingu raforku en sölufyrirtækin eru sjö: Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rarik og Rafveita Reyðarfjarðar. Landsvirkjun er og verður stærsti framleiðandinn en fleiri framleiða líka rafmagn, til dæmis Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða. Orkuveita Reykjavíkur er í dag með lægsta verðið og Hitaveita Suðurnesja næstlægsta. Dýrust er orkan hjá Rarik sem sinnt hefur heimilum á landsbyggðinni. Ákveðið hefur verið að birta orkuverð á vefsíðunni www.neytendastofa.is og verður þar hægt að áætla kostnað.

### Verð mun standa í stað

Talið er að rafmagn hafi hækkað um 1,5 prósent að meðaltali í landinu frá síðustu áramótum þegar samkeppni hófst um viðskipti við stórnotendur en flutningskostnaður raforkunnar hefur hækkað um fimmtán prósent af heildarraforkukostnaði heimilanna það sem af er.

Vonast er til að þessi kostnaður lækki aftur þegar samkeppni verður komin í fullan gang eftir næstu áramót. Sölufyrirtækin eru þessa dagana að ganga frá samningum um raforkukaup við framleiðslufyrirtæki á borð við Landsvirkjun og er ekki útséð um hversu miklu það skilar til hagsbóta fyrir neytendur. Þannig segir Bjarni Þorbergsson, staðgengill orkustjóra Orkubús Vestfjarða, að verð þar muni standa í stað fyrir og eftir áramót. Orkubú Vestfjarða kaupir rafmagn að stórum hluta frá Landsvirkjun en framleiðir líka sjálft. Samningar við Landsvirkjun eru bundnir til allt að tólf ára en raforkuverðið á Vestfjörðum er mjög hagstætt.

### Lítið svigrúm til lækkana til 2007

Mikil óvissa ríkir á raforkumarkaðnum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó ekki talið mikið svigrúm til lækkana fyrr en hugsanlega árið 2007 þegar þrjár nýjar virkjanir verða teknar í notkun. Það eru Lagarfossvirkjun, Hellisheiðarvirkjun og Reykjanesvirkjun. Framboðið mun þá aukast en einnig eftirspurnin. Búast má við að virkjanirnar framleiði fyrst og fremst orku fyrir stóriðju en auðvitað mun framboð á raforku aukast. Þeir sem til þekkja telja að svigrúm til verðlækkana til neytenda nú sé í mesta lagi um fimm prósent af söluhluta raforkuverðsins, eða um hundrað krónur á mánuði. Þeir telja óvíst að framleiðslukostnaðurinn lækki fyrr en nýju virkjanirnar hefja starfsemi. Þá er ekki víst að öll orkusölufyrirtækin hafi áhuga á að hella sér út í samkeppnina heldur kaupi bara áætlað magn af orku, til dæmis frá Landsvirkjun, fyrir sína viðskiptavini. Þetta gildir til dæmis um Orkuveitu Reyðarfjarðar.

Eftir er að hnýta ýmsa lausa enda. Orkusölufyrirtæki á svæðum þar sem húshitun er með rafmagni fá þannig um 65 prósent af virðisaukaskattinum endurgreiddan og kemur það fram í dreifingarkostnaði til einstaklinga. Til að samkeppnin sé jöfn og sanngjörn þarf fjármálaráðherra að taka ákvörðun um hvort allar veiturnar fái sama hluta af virðisaukaskattinum endurgreiddan eða hvort endurgreiðslan verði felld niður. Ekkert hefur heyrst frá fjármálaráðuneytinu um það mál.

Frá síðustu áramótum hefur verið mögulegt fyrir stórfyrirtæki að færa sig til í viðskiptum en ekki hefur verið mikið um það. Þó eru nokkur dæmi. Þannig hefur til dæmis fiskimjölsverksmiðjan Krossanes hætt viðskiptum við Norðurorku. Krossanes er í eigu Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

### ÓSKASTAÐA RAFORKUNEYTANDANS:

**Búa á Ísafirði en kaupa rafmagnið af Orkuveitu Reykjavíkur**

| Í dag | kr/kWst | Mismunur ódýrast og dýrast |
|---|---|---|
| Hitaveita Suðurnesja | 4,55 | 1.469 |
| Norðurorka | 4,64 | 1.930 |
| Orkubú Vestfj. þéttbýli | 4,25 | 0 |
| Orkubú Vestfj. dreifbýli | 6,17 | 9.562 |
| Orkuveita Reykjavíkur | 4,76 | 2.540 |
| Rarik þéttbýli | 4,88 | 3.130 |
| Rarik dreifbýli | 5,81 | 7.761 |

Miðað er við meðal heimilisnotkun um 4.000 kílóvattstundir á ári.

*Samkvæmt þessari töflu ættu landsmenn allir að flytja til Ísafjarðar því raforkan er ódýrust þar. Mest græða þó dreifbýlismenn í nágrenni Ísafjarðar. Með því að flytja úr dreifbýlinu á Ísafirði í þéttbýlið græða þeir tæplega 10 þúsund krónur og halda samt áfram að vera Ísfirðingar.*

**Frá áramótum**

| Mismunur á dýrustu og ódýrustu veitu | |
|---|---|
| Hitaveita Suðurnesja | 1.046 |
| Norðurorka | 3.280 |
| Orkubú Vestfjarða | 1.295 |
| Orkuveita Reykjavíkur | 0 |
| Rarik | 5.528 |

Þetta dæmi er miðað við meðal heimilisnotkun um 4.000 kílóvattstundir á ári og að verð haldist óbreytt eftir áramót.

Frá áramótum geta landsmenn valið frjálst hvar þeir kaupa rafmagnið. Eins og sjá má eru það viðskiptavinir Rarik sem græða helst á því að flytja viðskipti sín til Orkuveitu Reykjavíkur. Þeir geta sparað rúmlega 5.500 krónur á ári.

**Óskastaða raforkuneytandans sem hitar heimili sitt með raforku::**
**Búa á Ísafirði en kaupa rafmagnið af Orkuveitu Reykjavíkur**

| | Mismunur ódýrast og dýrast | Mögulegur sparnaður eftir áramót |
|---|---|---|
| Hitaveita Suðurnesja | 976 | 19.468 |
| Orkubú Vestfj. þéttbýli | 0 | 0 |
| Orkubú Vestfj. dreifbýli | 12.875 | 0 |
| Rarik þéttbýli | 4.060 | 21.446 |
| Rarik dreifbýli | 10.352 | 21.446 |

Miðað er við heimili með rafhitun sem notar 40 þúsund kílóvattstundir á ári og að verð haldist óbreytt eftir áramót

Vestmannaeyingar og aðrir hjá Rarik geta sparað sér rúmlega 20 þúsund krónur á ári með því að beina viðskiptum sínum til Orkubús Vestfjarða.






# Smáralind

kynnir nýja verslun

sem opnar í dag

# JOE BOXER®




Verslanir opnar: Mán.-mið. 11-19, **fim. 11-21**, fös. 11-19, lau. 11-18 og sun. 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM19257

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Ótrúlegar tölur um heimilisofbeldi víða um lönd

## Heimsátak gegn ofbeldi á konum

Í gær hófst átak á heimsvísu gegn ofbeldi gagnvart konum, einkum þó í þróunarlöndunum. Hér á landi eru það UNIFEM á Íslandi og Kvennaathvarfið sem hafa forgöngu um verkefnið, en mörg önnur samtök koma líka að því. Í ár er yfirskrift átaksins: Heilsa kvenna, heilsa mannkyns: Stöðvum ofbeldið. Það er ekki ofsagt að víða um heim viðgengst enn þann dag í dag ótrúlegt ofbeldi gagnvart konum, sem oftar en ekki á sér rætur í siðum eða trúarbrögðum viðkomandi lands og sem við Vesturlandabúar eigum erfitt með að skilja til fulls. Það er ekki þar með sagt að í vestrænum ríkjum eigi sér ekki líka stað ofbeldi gagnvart konum, en það er kannski með öðrum hætti. Við Íslendingar þurfum reyndar ekki að leita langt til að finna dæmi um óafsakanlegt ofbeldi, því í vikunni féll þungur dómur yfir manni sem hafði gengið þannig að fyrrverandi sambýliskonu sinni að heppnin ein er talin hafa orðið til þess að hún lést ekki.

*Sú ályktun sem einn skýrsluhöfunda dró af þessum niðurstöðum er, að konur séu í meiri hættu heima hjá sér en úti á götu, eins og skýrt var frá hér í Fréttablaðinu í gær.*

Í nýrri skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er greint frá heimilisofbeldi í tíu löndum, sem öll eru utan Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Í þeirri skýrslu er til að mynda greint frá því, að í Eþíópíu er sjö af hverjum tíu konum þar í landi misþyrmt á heimilum sínum og í Japan segja fimmtán prósent kvenna sem spurðar voru að þeim hefði verið misþyrmt á heimilunum. Samskonar fyrri rannsóknir sýna að um fimmtungi kvenna í Svíþjóð, Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada hefur verið misþyrmt á heimilum sínum. Sú ályktun sem einn skýrsluhöfunda dró af þessum niðurstöðum er, að konur séu í meiri hættu heima hjá sér en úti á götu, eins og skýrt var frá hér í Fréttablaðinu í gær. Þetta eru ógnvænlegar upplýsingar sem á einhvern hátt verður að bregðast við.

Í sumum löndum telja konur að misþyrmingar séu eðlilegur þáttur lífsins, og þarf að verða mikil viðhorfsbreyting til að sigrast á gömlum fordómum og uppræta atferli sem hefur verið landlægt í aldanna rás. Þar er mikið og stórt verkefni fyrir höndum hjá samtökum eins og UNIFEM og fleirum. Á Vesturlöndum snýr málið öðruvísi við, og þar þarf að viðhafa aðrar aðferðir til að koma í veg fyrir ofbeldi gagnvart konum. Oft er það svo að sambúðarslit verða þess valdandi að fyrrverandi eiginmenn eða sambýlismenn ofsækja fyrrverandi konur sínar. Þar hafa margvíslegar aðferðir verið reyndar, en oft er það svo að sjaldan veldur einn þá tveir deila. Nálgunarbann hefur stundum borið árangur, en þegar börn eru í spilinu getur verið erfitt að framfylgja því. Það sem er heillavænlegast í þessum efnum er að greina hvert atvik fyrir sig, því svo virðist sem engin ein lausn gildi fyrir alla. Þá hlýtur að koma til álita að hjálpa þeim mönnum sem uppvísir verða að ofbeldi gagnvart fyrrverandi konum sínum, veita þeim félagslega og sálfræðilega aðstoð til að freista þess að koma í veg fyrir áframhaldandi ofbeldi, auk þess sem þeir verða að taka út refsingu samkvæmt lögum og úrskurði dómstóla.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Alltaf á tali**

Jón Bjarnason, þingmaður vinstri grænna, kvaddi sér hljóðs á Alþingi í vikunni og upplýsti að hann væri alltaf númer þrjátíu í biðröðinni hvenær sem hann hringdi í þjónustuver Símans. Þetta þótti honum að vonum slök þjónusta. Jón vill að Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra setji þjónustukvaðir á fyrirtæki „með almannaskyldur" eða ráðandi markaðshlutdeild með fyrirmælum um hámarksbiðtíma eftir svörun í þjónustusíma. Þessi athyglisverða hugmynd fékk ekki hljómgrunn hjá ráðherranum. Hún sagðist vera sannfærð um að ef fyrirtæki veittu ekki góða þjónustu lifðu þau ekki af á markaði því neytendur færu hreinlega til annarra fyrirtækja.

**Þjóðarsálin**

Önundur Páll Ragnarsson laganemi veltir þessu máli fyrir sér í pistli á vefritinu Djöflaeynni. Honum finnst kvörtun Jóns bera merki um að Alþingi hafi tekið við hlutverki Þjóðarsálarinnar sem einu sinni var í Útvarpinu. „Þangað hringdi furðulegt fólk og röflaði um allt og ekki neitt," skrifar hann og bætir við: „Alþingi er tekið við". Segir svo: „Var einhver að tala um stjórnlyndi? Þjóðarsálin bara komin með þingsæti." Önundur er sama sinnis og Valgerður ráðherra: „Einkarekin fyrirtæki hafa stjórnendur sem bera ábyrgð. Standi þeir sig illa í starfi og veki óánægju viðskiptavinanna þurfa þeir að njóta stuðnings meirihluta eigenda fyrirtækisins til að hreinlega missa ekki vinnuna. Forstjórinn á að bera ábyrgð á þessu, ekki Valgerður Sverrisdóttir."



**Slök þjónusta**

Önundur segist hins vegar ekki mæla þjónustu Símans bót. Hún sé herfilega slök. „En hvað gerir maður þegar frasinn „Þú - ert númer - 30 - í röðinni" heyrist? Er lagasetning heimtuð á þetta glæpakompaní? Nei, síminn er lagður á borðið og blöðin lesin í rólegheitum, enda kemur ekki að manni strax. Ég mun einfaldlega hugsa mig tvisvar um áður en ég fer út í viðskipti við Símann aftur. OgVodafone virðist sífellt álitlegri kostur."

## Það fennir fljótt í sporin

Í DAG
UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI



ELLERT B. SCHRAM

Í leiðara Morgublaðsins á dögunum var fjallað um áhuga- og sinnuleysi ungu kynslóðarinnar fyrir því sem liðið er. Ég deili þessum áhyggjum með blaðinu. Fortíðin er sífellt að fjarlægjast og gleymast. Og jafnvel það sem næst manni stendur.

Ég fell stundum í þá gryfju að fara að segja krökkunum mínum frá því hvernig hlutirnir voru í mínu ungdæmi. Rifja upp þegar bananar fengust hér í fyrsta skipti, segja þeim frá því þegar bírópennarnir komu til sögunnar; þegar ég fór með mjólkurbílnum í sveitina; þegar maður þurfti að negla takkana undir fótboltaskóna og svona heldur maður áfram að rifja upp minningarnar frá æskuárunum og krakkarnir horfa á mig með forundran og segja djísus kræst og maður situr allt í einu uppi með að vera eins og mubblurnar í stofunni, gamalt antík, sem tilheyrir fortíðinni. Eða mjólkurhyrna sem rann út '68.

Ég sest út í horn, hætti þessi tuði og gefst upp. Veit sem er og skynja að þetta er þýðingarlaust og algjörlega óskiljanlegt því unga fólki, sem nú er að alast upp. „Pabbi, ert' ekki að grínast," er kannske það vinsamlegasta sem sagt er við mig undir svona kringumstæðum.

Þó er ekki eins og verið sé að rifja upp sögur frá landnámsárunum eða síðustu öld. Sögumaðurinn er ég sjálfur, sem enn er á lífi og þykist vera ungur í anda og fylgist með því allra helsta í fréttunum og kann á tölvu og farsíma og kann næstum því að stilla sjónvarpið á hinar ýmsu stöðvar og er við hestaheilsu, þannig að það er ekkert upp á mig að klaga, nema kannske að ég þurfi að vakna fullsnemma á morgnana til að pissa. Sem varla getur verið nýmæli í mannkynssögunni og mér tekst meira að segja stundum að sofna aftur og er sem sagt ekki til neinna umtalsverðra vandræða á nýbyrjaðri öld, þótt ég muni tímana tvenna.

*... þannig að það er ekkert upp á mig að klaga, nema kannske að ég þurfi að vakna fullsnemma á morgnana til að pissa. Sem varla getur verið nýmæli í mannkynssögunni og mér tekst meira að segja stundum að sofna aftur og er sem sagt ekki til neinna umtalsverðra vandræða á nýbyrjaðri öld, þótt ég muni tímana tvenna.*

Ég get sosum sagt ykkur miklu meira um lífið eins og það var á mínum uppvaxtarárum og haldið fyrirlestra um lifnaðarhætti og bæjarbraginn, þegar engar tölvur, ekkert sjónvarp, engir farsímar og ekkert SMS þekktist, hvað þá hraðbankar eða fjórhjóladrifnar lúxuskerrur.

En ég er nokkurn veginn búinn að átta mig á því, að það er til einskis að rifja þetta upp og þetta er allt svo fjarlægt, að það er von að krakkarnir haldi að maður sé að grínast. Það jaðrar við að það sé púkó að lesa bók, málfarið í Íslendingasögunum er ungu fólki óskiljanlegt og Laxness getur þess vegna verið staðarheiti frekar en skáld. Enginn veit hver Guðrún frá Lundi var, sem eitt sinn var þó metsöluhöfundur hér á landi.

Sagan er ekki lengur áhugaverð, fortíðin skiptir ekki máli, enginn man eða veit eða vill lengur læra um hið liðna og það sem einu sinni var, og jafnvel Davíð verður „gleymdur og grafinn" áður en við vitum af, með allri virðingu fyrir hans ágæta ferli. Búinn, farinn, týndur. Rétt sömu örlögin og beðið hafa Hannesar Hafstein, Ólafs Thors og annarra áhugaverðra manna sögunnar, hvað þá okkar hinna smælingjanna og meðaljónanna. Þorskastríðanna og lýðveldistökunnar. Allt fellur þetta í gleymskunnar dá.

Lesa Gísla sögu Súrssonar? Ert' ekki að grínast? Allir lifa í núinu, fyrir morgundaginn. Fyrir sig. Og sjálfur sit ég hér, fullfrískur maðurinn, og hljóma eins og gömul plata aftan úr fornöld, fyrir það eitt að rifja upp æskudagana og lífið eins og það var þá! Djísus kræst!!

Svona fennir fljótt í sporin. Yesterday's men.
En kannske er þetta skiljanlegt. Meðan hér áður fyrr stóð tíminn í stað, hægfara breytingar og maður ólst upp við það og lifði við það að sömu mennirnir réðu í pólitíkinni og viðskiptalífinu, sömu kaffihúsin, gamla Gufan, sömu andlitin um árabil og áratugi og svo kemur fellibylur tækniframfara, sjónvarpsvæðing, tölvunotkun og símafaraldur sem engu eirir og hlutirnir gerast svo hratt, að það er ekki að undra þótt unga kynslóðin umhverfist í hringiðu atburða og hnattvæðingar og gefist upp á sögulegum, gamaldags tilvitnunum, sem þeim finnst að hafi enga þýðingu og ekkert gildi fyrir morgundaginn. Að minnsta kosti þangað til þau verða eldri sjálf og skilja að sagan og reynslan er arfurinn og grunnurinn, sem tilvera þeirra byggir á. Án þessarar sögu eiga þau enga sögu sjálf. Hvort sem þeim líkar betur eða ver.






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Ný ÓB-stöð

## í Grafarholti

# 10 kr.

## afsláttur af bensínlítranum

í dag, laugardag






alltaf í leiðinni

alltaf ódýrt

alltaf skynsamlegt

alltaf vildarpunktar

ICELANDAIR Vildarklúbbur

ÓB ódýrt bensín

16 stöðvar

Himinn og haf / SÍA ~ 9050827





MAÐUR VIKUNNAR

# Lætur verkin tala

**DAGUR B. EGGERTSSON**
BORGARFULLTRÚI



Dagur B. Eggertsson hefur að undanförnu vakið athygli fyrir vaska framgöngu í starfi sínu sem borgarfulltrúi og forystumaður innan Reykjavíkurborgar. Skriður virðist í fyrsta sinn kominn á eitthvert umdeildasta skipulagsmál landsins - Vatnsmýrina en Dagur hefur gegnt forystuhlutverki í nefnd hagsmunaaðila sem hefur með framtíð flugvallarsvæðisins að gera. Dagur er auk þess formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar auk þess að sitja í borgarráði og ýmsum nefndum á vegum borgarinnar. Dagur er nú nefndur sem næsti leiðtogi Samfylkingarinnar en prófkjör flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar fer fram í upphafi nýs árs.

Vinir Dags lýsa honum sem framkvæmdamanni sem láti verkin tala. Slíkt hafi strax komið í ljós þegar hann gegndi stöðu Inspector Scholae í Menntaskólanum í Reykjavík en þá stóð hann fyrir fjöldauppákomum á Austurvelli í samtarfi við hina menntaskólana. Hann hafi alltaf verið afkastamikill og á meðan samferðamenn hans við læknadeildina hafi látið sér nægja að sitja yfir skruddunum daglangt, var Dagur formaður stúdentaráðs og skrifaði grundvallarrit í stjórnmálasögu 20. aldarinnar þegar hann skrifaði ævisögu Steingríms Hermannssonar. Dagur hefur komið víða við í starfi, bæði hjá stúdentaráði og í fjölmiðlum. Hann var framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs námsmanna og var dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu. En vitanlega einnig sem læknir enda þótt hann hafi varla haft tíma til þess að sinna því starfi!

Dagur var valinn sem óháður fulltrúi á Reykjavíkurlistann við síðustu kosningar enda hefur hann aldrei verið flokksbundinn. Hann hefur náð góðri stöðu í hópi borgarfulltrúa og hefur starfað náið með þremur borgarstjórum. Fyrst með Ingibjörgu Sólrúnu, þá með Þórólfi og nú síðast með Steinunni Valdísi. Vinir og samherjar Dags í stjórnmálunum telja borgarstjóra hafa notið góðs af samstarfinu við Dag. Hann sé þannig stjórnmálamaður að hann sé drifinn áfram af verkefnunum og er örlátur á að leyfa öðrum að njóta heiðursins af verkum sínum. Hann sé einnig þannig stjórnmálamaður að hann reki ekki neina vinsældapólitík og hefur tekið að sér einhvern umdeildasta málaefnaflokkinn, skipulagsmál. Hann leggur vinnuna heldur aldrei frá sér. Er alltaf með hugann við starfið en er ríkulega hvattur til þess af sínum nánustu.

Dagur fæddist í Ósló en ólst upp í Árbæjarhverfinu. Sonur dýralæknis og lífefnafræðings. Eiginkona Dags er Arna Dögg Einarsdóttir, læknir á Landspítalanum og saman eiga þau börnin Ragnheiði Huldu og Steinar Gauta. Dagur þykir góður fjölskyldufaðir og nýtur sín með fjölskyldunni á heimili hennar í Þingholtunum. Honum þykir ekki verra að fara með fjölskylduna í göngu um Þingholtin á fallegum dögum um helgar og líður best í iðandi mannlífi borgarinnar. Vinnan á hug hans allan en fjölskyldan fylgir honum hvert fótmál og styður. Vinahópur Dags kemur úr ýmsum áttum en meðal helstu vina hans eru bæði vinir úr stúdentapólitíkinni og úr læknadeildinni hann er bæði sagður vinamargur og vinirnir komi úr ótrúlegustu áttum, hvort sem er úr listalífinu eða stjórnmálunum eða spítölum og menntaskóla.

Einn af nánustu vinum Dags segir að staðan í Vatnsmýrinni í dag sé engin tilviljun. Hún sé dæmigerð fyrir Dag sem taki ekki að sér verkefni nema klára þau og hann hafi einstakt lag á að fá fólk til liðs við sig. Hann nái einfaldlega að finna samhljóm meðal ólíkra hópa með ólíkar skoðanir og ná fram málamiðlun sem allir geti að lokum sætt sig við. Hvort kjósendur og flokksmenn Samfylkingarinnar sætti sig við hann sem forystumann flokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar kemur bráðlega í ljós og þá á eftir að koma í ljós hvort hann nái sætinu eftirsótta, sem vinir hans hvetja hann nú alla leið í, borgarstjórastólnum í Reykjavík.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.













AFSLÁTTUR 30 % AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

# TILBOÐ OG VAXTALAUS NÓVEMBER

FABRIKAN

## TICKER

LEÐURSÓFAR OG LEÐURSTÓLAR

| | | |
|---|---|---|
| 3JA SÆTA | 86.800 KR. | ÁÐUR 124.000 KR. |
| 2.5 SÆTA | 75.600 KR. | ÁÐUR 108.000 KR. |
| STÓLL | 51.800 KR. | ÁÐUR 74.000 KR. |

## VINTAGE OG PORTOBELLO

BORÐSTOFUBORÐ 180X90 OG 6 LEÐURSTÓLAR

VERÐ NÚ 90.300 KR. ÁÐUR 129.000 KR.

**TEKK COMPANY**

OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL.10-18, LAUGARDAGA KL.10-16 OG SUNNUDAGA KL. 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

perur í aðventustjaka 7 stk. 199




Allar jólaseríur 20-50% afsláttur

# Aðventa allt

Aðventu-krans f/sprittkerti 1999





Kristþyrnir í potti 299
greinabúnt 499



**10 stk. Sterín kerti** 299
rauð eða hvít



**Hýasinta** 10kr stk
2 stk. á mann.
Til að allir fái að njóta.



Sýpris 299
Blómapottur 199

# á einum stað



3 stk

**Jólastjörnur** 999
2 stórar ( rauð og hvít ) og 1 minni rauð

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.029 -0,16%**

**Fjöldi viðskipta:** 276
**Velta:** 3.456 milljónir

MESTA HÆKKUN

**Össur +1,83%**
**SÍF +1,68%**
**Kögun +1,38%**

MESTA LÆKKUN

**Flaga -5,51%**
**Íslandsbanki -1,21%**
**Atorka -0,85%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ACTAVIS 47,90 +0,80%** ... Bakkavör 47,30 -0,40% ... FL Group 15,70 +0,00% ... Flaga 5,15 -5,50% ... HB Grandi 9,45 +0,50% ... Íslandsbanki 16,40 -1,20% ... Jarðboranir 23,60 +0,40% ... KB banki 642,00 +0,20% ... Kögun 58,80 +1,40% ... Landsbankinn 24,50 -0,40% ... Marel 64,20 -0,80% ... SÍF 4,25 +1,70% ... Straumur-Burðarás 15,40 -0,70% ... Össur 111,50 +1,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Bankarnir fara með gát

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, segir að allar upplýsingar sem hafi borist frá KB banka sýni að hann fari með gát. Það eigi bæði við um kröfur um eigið fé og lausafjárstöðu. Bankinn geti fjármagnað sig sjálfur í nægilega langan tíma til þess að þurfa ekki að lúta því að taka kjörum á lánsfjármarkaði sem honum hugnist ekki.

Davíð segist hafa séð umfjöllun Royal Bank of Scotland viku áður en hún birtist í íslenskum fjölmiðlum. Seðlabankinn hefði tekið eftir hækkunum á álögum á skuldabréfum bankans á erlendum mörkuðum. Í kjölfarið hefði verið haft samband við KB banka og aðra íslenska banka.

„Auðvitað var okkur aðeins brugðið í byrjun eins og gengur og gerist en ég held að menn hafi áttað sig á því að farið var offari í þessum umsögn,“ segir seðlabankastjóri. Það þurfi að vera vakandi fyrir öllu svona tali.

Hann segir mat alþjóðafyrirtækja á bönkunum sem og eftirlitskerfi hér heima benda til þess að staða bankanna sé góð. Þeir séu ekki í neinni nauðvörn. Því þurfi að kynna rekstur þeirra með skýrum og glöggum hætti. „Þá ætti að vera hægt að kveða niður svona tal,“ segir seðlabankastjóri.



**DAVÍÐ ODDSSON.** Bankarnir eru ekki í nauðvörn varðandi fjármögnun.








**KAUPHÖLL ÍSLAND** Ætlar ekki að hefja samrunaviðræður við OMX-kauphallirnar.

## Kauphöllin hafnar samruna

Kauphöll Íslands ætlar ekki að hefja samrunaviðræður við norrænu OMX kauphallirnar. OMX leitaði hófanna eftir samruna Kauphallarinnar við samstæðuna með sama hætti og þegar danska kauphöllin gekk inn í samstarfið.

„Það var niðurstaða stjórnar þegar allt var dregið saman að þá væru ekki rök fyrir sameiningu á þessari stundu. En allt er breytingum undirorpið. Stjórnin er tilbúin að endurskoða þessi mál ef hlutirnir breytast.“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar en ráðgjafafyrirtækið Boston Consulting Group var fengið til að meta kosti og galla sameingar.

Þórður segir að tvennt hafi skipt mestu máli: Annars vegar hugsanlegur ávinningur af hagræðingu og sýnileika íslenskra fyrirtækja á Norðurlöndum. Þetta var talinn meginkostur fyrir samruna. Hins vegar hefði sveigjanleiki Kauphallarinnar minnkað. Öll stefnumótun hefði tekið meira mið af heildinni en ekki innlendum aðstæðum og það vó þyngra á metunum.




**BREYTTAR NEYSLUVENJUR Í BRETLANDI** Keðjur eins og Starbucks spretta upp í Bretlandi þar sem allir eru að flýta sér.

## Kaffi kemur í stað öls

Kaffi til að taka með, kebab-skyndibiti, sturtugel og duft í megrunardrykki eru meðal nýrra neysluvara í vörukörfu bresku hagstofunnar. Í vörukörfunni eru 650 vöru- og þjónustutegundir og endurspeglar hún neyslumunstur almennings. Hún er grunnurinn að smásöluvísitölunni sem er uppfærð árlega og er einn helsti mælikvarðinn á verðbólgu í Bretlandi. Meðal þess sem fer út af listanum er dökkur bjór, lageröl á krana, karlmannsbelti, klukka sem gengur fyrir rafhlöðum, landlínusími, hljómborð og þurrmatur fyrir ketti. - hhs

# Sterk króna setur mark sitt á afkomuna hjá HB Granda

HB Grandi hagnaðist um 585 milljónir á þriðja ársfjórðungi en samanlagður hagnaður ársins nam um 934 milljónum króna. Þetta er mikil aukning á milli ára því hagnaður félagsins var aðeins 78 milljónir á þriðja ársfjórðungi síðasta árs. Uppgjörið var í samræmi við væntingar markaðarins.

Styrking krónunnar að undanförnu hefur mjög jákvæð áhrif á uppgjör félagsins en fjármagnsliðir eru jákvæðir um 719 milljónir króna á þriðja árshluta.

Rekstur félagsins markast annars af mikilli varnarbaráttu á mörgum stöðum. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 297 milljónir króna sem er einungis tólf prósent af rekstrartekjum. Hlutfallið á árinu hefur verið átján prósent og skýrist þessi lækkun á þriðja ársfjórðungi einkum af háum olíukostnaði útgerðar og erfiðum rekstri vegna sterkrar krónu.

Þá hafa veiðar á úthafskarfa og grálúðu gengið illa en afurðaverð hefur þó haldist hátt.

Rekstrartekjur námu um 2,5 milljörðum króna á fjórðungnum, sem er um tólf prósenta vöxtur á milli ára. Því þakka stjórnendur Granda veiðum fjölveiðiskipsins Engeyjar og þeim skipum sem runnu inn í félagið við samruna Tanga og Svans. **- eþa**

**HAGNAÐUR HB GRANDA Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI MIÐAÐ VIÐ SPÁ VIÐSKIPTABANKANNA (Í MILLJÓNUM KRÓNA).**

| | |
|---|---|
| Hagnaður | 585 |
| Spá Íslandsbanka | 734 |
| Spá Landsbankans | 727 |
| Spá KB banka | 280 |
| Meðaltalsspá | 580 |



**ÁRNI VILHJÁLMSSON, STJÓRNARFORMAÐUR HB GRANDA** Mikill gengishagnaður af erlendum lánum hafði mikil áhrif á rekstur félagsins á þriðja ársfjórðungi.




**BREYTTAR NEYSLUVENJUR Í BRETLANDI** Keðjur eins og Starbucks spretta upp í Bretlandi þar sem allir eru að flýta sér.

# Kaffi kemur í stað öls

Kaffi til að taka með, kebabskyndibiti, sturtugel og duft í megrunardrykki eru meðal nýrra neysluvara í vörukörfu bresku hagstofunnar. Í vörukörfunni eru 650 vöru- og þjónustutegundir og endurspeglar hún neyslumynstur almennings. Hún er grunnurinn að smásöluvísitölunni sem er uppfærð árlega og er einn helsti mælikvarðinn á verðbólgu í Bretlandi. Meðal þess sem fer út af listanum er dökkur bjór, lageröl á krana, karlmannsbelti, klukka sem gengur fyrir rafhlöðum, landlínusími, hljómborð og þurrmatur fyrir ketti. **- hhs**



**ÞÓR SIGFÚSSON** Viðskiptaráð og The Economist munu standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á næsta ári.

# Ráðstefna um viðskiptalífið

The Economist og Viðskiptaráð Íslands standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu 15. maí á næsta ári. Viðskiptaráðið átti frumkvæði að þessari ráðstefnu en Kynning og Markaður er ráðgjafi The Economist.

„Við viljum nota tækifærið til að sýna hversu framarlega íslenskt viðskiptalíf stendur. Íslensk fyrirtæki munu líka nota viðburðinn til að kynna sína starfsemi fyrir gestum ráðstefnunnar sem eru aðilar í viðskiptum við íslensk fyrirtæki,“ segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Þór segir að Economist haldi slíkar ráðstefnur um allan heim en langoftast í stærri hagkerfum og því sé það mikill sigur að fá jafn stóran og virtan aðila til landsins. „Það vekur athygli hvað við Íslendingar erum að gera á alþjóðavettvangi.“

Í tengslum við ráðstefnuna vinnur The Economist að greinargerð um íslenskt viðskiptalíf og efnahagslíf sem verður send til fimmtán til tuttugu þúsund aðila á næsta ári. **- eþa**





Vinnur þú pakkaferð í boði Goða?

VINNUR ÞÚ?




*Með öllum **Goða nöggum** fylgir miði með lukkunúmeri. Á godi.is sérðu hvort lukkunúmerið þitt færir þér vinning. Lukkan sé með þér!*

Kauptu **Goða nagga** í næstu verslun og þú gætir unnið ferð til **Legolands í Bretlandi** auk fjölda annarra glæsilegra vinninga.

**Goða naggar** eru gómsætir, tilbúnir réttir sem öll fjölskyldan kann að meta.

ENNEMM / SIA / NM17832

GOÐI
-alltaf góður
www.godi.is

# Matur, morð og fjölskylduleyndarmál

**Í Dagbók Þráins Bertelssonar er að þessu sinni meðal annars fjallað um franska matarveislu og kramin hjörtu frá Sviss, skýrt frá tvöföldu rithöfundamorði, efast um kenningu eftir Donald Trump, flogið til Akureyrar og ljóstrað upp fjölskylduleyndarmáli.**



*Kæra Dagbók*

*Þráinn Bertelsson skrifar*

**LAUGARDAGUR 19. NÓV**

## Fæða guðanna

Eitt helsta tilhlökkunarefni okkar **Sólveigar** er að vera boðin í kvöldverð til nágranna okkar, þeirra **Maríu** og **Gerards Lemarquis**, en þau búa í 30 skrefa fjarlægð frá okkur í Hildibrandshúsi.

Ég varð heldur ekki fyrir vonbrigðum í kvöld: Forréttur: **Paté**



**de foie gras d'oie** Aðalréttur: **Kjötbaka úr smjördeigi** að hætti fjallabúa í Vosges, **grænt salat**. Á eftir: **Guyéreostur, eplakaka, bleksterkt espressokaffi og sætindamolar**.

Paté de foie gras d'oie, gæsalifrarkæfa, á sér langa sögu, enda hefur þessi dásamlegi réttur verið nefndur „fæða guðanna". Sælkerar í Egyptalandi hinu forna fundu upp á því að stríðala gæsir en við það ku lifrin í þeim stækka til mikilla muna. Forn-Grikkir og síðar Rómverjar lærðu þessa kúnst af Egyptum og síðar sérhæfðu Frakkar sig í listinni.

Aðalrétturinn var matreiddur samkvæmt gamalli uppskrift frá ömmu Gerards og hafði fylgt ætt hennar í marga liði konu fram af konu, en sú gamla var ættuð úr Vosges-fjöllum sem teygja sig um Mið-Evrópu til norðausturs vestan megin Rínardals.

Fyrir mann sem er kominn af fólki sem leit á **kæsta skötu með myglaðri tólg** sem hápunkt matgerðarlistar eru það mikil hlunnindi að eiga svona nágranna.

**SUNNUDAGUR 20. NÓV**

## Morð á Kirkjubæjarklaustri

Eftir hina miklu matarveislu var sunnudagurinn helgaður sigri andans yfir efninu.

Í dag var mér boðið austur að Kirkjubæjarklaustri til að lesa úr Valkyrjum ásamt þeim félögum mínum **Viktori Arnari Ingólfssyni** og **Árna Þórarinssyni**. Viktor var bílstjórinn á knallrauðum Toyota Hi-Lux og leysti það verk af hendi með af svo miklu öryggi að ég varð aldrei verulega óttasleginn og er ég þó með bílhræddari mönnum.

Á Klaustri var okkur vel tekið og þegar við höfðum komið okkur fyrir á hótelinu var fram borinn veislumatur og síðan tóku áheyrendur að tínast í salinn.

Árni las fyrstur úr útsmoginni glæpasögu sem heitir **Tími** nornarinnar og gerist að mestu á Akureyri og er listilega samofin við leikrit **Jóhanns Sigurjónssonar** um **Galdra-Loft**.

Þá kom Viktor og las úr **Aftureldingu** magnaðan kafla um gæsaveiðimann sem situr fyrir bráð sinni, en gerir þá ónotalegu uppgötvun að taflið hefur snúist við: hann er ekki lengur í hlutverki veiðimannsins heldur er það hann sem er bráðin.

Meðan félagar mínir voru að lesa var ég að hugsa að það væri ekki auðvelt að keppa við svona þungavigtarmenn. Mér datt rétt sem snöggvast í hug hvort ég gæti haft andvara á mér um nóttina og farið síðan á kreik og prílað inn um gluggann hjá þeim og kæft þá með því að setja kodda fyrir vit þeirra og setið síðan einn að bóksölunni fyrir þessi jól. Ég féll þó frá þessari fyrirætlan þegar mér þótti fyrirsjáanlegt að grunur mundi beinast að mér næsta morgun ef ég mætti sprelllifandi til morgunverðar en félagar mínir hefðu báðir orðið bráðkvaddir um nóttina.



Ég hætti því við hina lævíslegu fyrirætlun mína og lét duga að lesa um morð í staðinn. Og síðan breyttist upplesturinn í skemmtilegan rabbfund um bækur.

**MÁNUDAGUR 21. NÓV**

## Donald Trump og ég



Á heimleið til Reykjavíkur með þeim Viktori og Árna var ég feginn því að hafa hætt við þá ráðagerð mína að myrða þá um nóttina því að þá hefði ég misst af þeim forréttindum að eiga svona skemmtilega samferðamenn og félaga hvað svo sem allri samkeppni líður.

Þegar við komum um bæinn um hádegisbilið var næst á dagskránni hjá mér að mæta í viðtal við Sigurð G. Tómasson á nýju sjónvarpsstöðinni NFS. Í salnum þar sem Fréttablaðið var til húsa er nú búið að skipta um innréttingar og komin sjónvarpsstöð í staðinn. Alveg er það stórmerkilegt hvað það er mikið til af eldkláru fólki sem getur gert kraftaverk á stuttum tíma.



Sigurður var náttúrlega í essinu sínu við hljóðnemann og ég reyndi eftir mætti að þykjast vera jafnafslappaður og hann.

Ég las það einhvers staðar haft eftir hinum mikla fjármálamógúl **Donald Trump** að það sé ekkert til sem heiti „vond" kynning, öll kynning sé „góð"! Þetta er sjálfsagt rétt hjá honum en sá góði Donald Trump hefur samt aldrei séð sjónvarpsviðtal við mig. Sú reynsla gæti hugsanlega fengið hann til að endurskoða þessa kenningu sína.

**ÞRIÐJUDAGUR 22. NÓV**

## Kramin hjörtu frá Sviss



Ég var að ljúka við að lesa bók sem þýskukennarinn minn lánaði mér. Bókin heitir „Gebrochene Herze - Mein erster bis elfter Mord", „Kramin hjörtu - mín fyrstu ellefu morð" og er eftir svissneska skáldkonu sem heitir Milena Moser og er óborganlega skemmtileg.

Svo eldaði ég kvöldmatinn. Því miður ekki gæsalifrarkæfu og kjötböku frá Vosgesfjöllum heldur **kjötbollur** sem ég reyndi að hefja upp í æðra veldi með því að bera fram sultutau og rauðkál sem meðlæti.

Til að geta búið til góðan mat þarf maður að leggja sál sína í matreiðsluna. Sálin í mér er því miður öll í bókum þessa dagana og þess verður heimilisfólkið að gjalda. Upplestur um kvöldið. Skipuleggjandinn var sæsundkappinn og kraftaverkamaðurinn **Benedikt Lafleur** sem af einskærum bókmenntaáhuga hefur skipulagt um 50 bókmenntakvöld.

**MIÐVIKUDAGUR 23. NÓV**

## Amtsbókasafnið og hneyksli í fjölskyldunni

Í dag var það **Akureyri**, upplestur á Amtsbókasafninu og kvöldmatur á kínverskum veitingastað. Akureyri er orðinn alþjóðlegasti bær í heimi miðað við fólksfjölda. Þarna las ég upp með **Sólveigu Kristínu Einarsdóttur** (Olgeirssonar). Hún var með stórmerkilega bók sem hún hefur skrifað um föður sinn sem var í fararbroddi þeirra sem einna mestan þátt áttu í að móta íslenskt þjóðfélag á síðustu öld.

Það var unun að hlýða á hana lesa. Sólveig Kristín er bara hérna í stuttri heimsókn og heldur svo heim á leið á sunnudaginn, en hún býr í Ástralíu.

Þarna hitti ég líka aðra merkiskonu. Hún heitir Hrefna Hjálmarsdóttir og við erum hálfsystkinabörn - en þrátt fyrir skyldleikann hafði ég aldrei hitt hana áður. Í gamla daga gerðist nefnilega hneykslismál í minni fjölskyldu sem ekki tíðkaðist að tala um: Amma mín eignaðist barn fram hjá eiginmanni sínum með giftum manni. En ekki nóg með það, heldur frétti eiginkona barnsföðurins af þessu og lagði samstundis land undir fót og heimsótti ömmu og afa og spurði hvort það gæti verið að eiginmaður hennar ætti barn á þessum bæ. Jú, því var ekki hægt neita. Þá sagði þessi kjarnakona að hún vildi að þetta barn ælist upp með öðrum börnum föður síns, og það varð úr að hún fór með barnið sem var Hjálmar faðir Hrefnu, og hálfbróðir móður minnar, þótt ég sæi hann ekki og heyrði hans aldrei getið fyrr en ég komst á fullorðins ár.

**FIMMTUDAGUR 24. NÓV**

## Jarðarför

Það eru ekki allir dagar gleðidagar. Fór í **jarðarför Lofts Ólafssonar**. Hann var öðlingur. Þar sem góðir menn ganga eru Guðs vegir.

**FÖSTUDAGUR 25. NÓV**

## Sjálfhverfur höfundur

Ég sé að **jólabókaflóðið** er að færa mig í kaf. Öll dagbókin þessa viku snýst um bækur. Ég hef ekki fylgst með því sem er að gerast í þjóðfélaginu. Verð að passa mig á því að verða ekki voðalega sjálfhverfur. Eina huggun mín er sú að **Egill Helgason** segir í pistli á visir.is að það sé nákvæmlega ekkert að gerast. Þá hljóta eiginlega að vera góðir tímar. Ég vona því að helgin framundan verði sjálfhverf og viðburðasnauð.







## Slökunarsófar

Vandaður og afar þægilegur slökunarsófi með leðri á slitflötum og skemlum



Tilboðsverð aðeins kr.
**139.000.-**

Vandaður lúxus-hægindasófi með stillanlegu baki og skemli ásamt borði.

## Slökunarstólar
**í miklu úrvali**

Vandaður og afar þægilegur slökunarstóll með leðri á slitflötum og skemli

Tilboðsverð aðeins kr.
**54.000.-**





Hillusamstæða verð kr. 189.000.-
**Vandaðar hillusamstæður verð frá kr. 166.500.-**



## Lúxus leður-hægindasófar

með stillanlegu baki og skemmli. Frábærir sjónvarps-sófar
Litir: Brúnt / hvítt



3 sæta m/ 2 borðum
**Verð aðeins kr. 218.000.-**

4 sæta m/ 2 borðum
**Verð aðeins kr. 268.000.-**



**Vönduð ítölsk**
**Borðstofuhúsgögn**



Italsofa

Vandað hornsófi með slitsterku áklæði

Verð kr. **129.000.-**

## Leðurhornsófar

Italsofa
*The Italian touch*



Vandaður hornsófi með nautaleðri á frábæru verði.
Litir: Dökkbrúnt, hvítt

Verð aðeins kr. **249.000.-**

**Sófasett m/áklæði**

Italsofa
*The Italian touch*



Vandað sófasett með slitsterku áklæði á frábæru verði.
Litir: Beige, ljóst, fölgrænt

Verð aðeins kr. **139.000.-**

## Opið sunnud. kl. 13-16

Sjáið úrvalið á
**www.italsofa.com**
Nýkomið mikið úrval af hornsófum

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16**

**TINA TURNER (1939-) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Stundum þurfum við hjálp frá guði.“*

*Tina Turner er ein ástsælasta söngkona allra tíma.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 26. NÓVEMBER 1922

# Farið inn í grafhýsi Tutankhamen

Á þessum degi árið 1922 fóru bresku fornleifafræðingarnir Howard Carter og Carnarvon lávarður inn í grafhýsi egypska faraóans Tutankhamen. Þeir urðu fyrstu mennirnir í þrjú þúsund ár til að ganga inn í ótrúlega vel varðveitt grafhýsið. Þar mátti líta þúsundir ómetanlegra muna, þar á meðal gulllíkistu þar sem múmía hins unga konungs lá.

Carter kom fyrst til Egyptalands árið 1891. Þá var búið að finna mörg hinna fornu grafhýsa, flest af grafarræningjum sem létu greipar sópa. Carter missti þó ekki móðinn og fann á fyrstu árum tuttugustu aldar grafhýsi Hatshepsut drottningar og Thutmosis IV konungs. Hann gekk árið 1907 til liðs við Carnarvon lávarð, sem fékk hann til að stjórna uppgreftri í dal konunganna. Menn höfðu litla von um að fleira fyndist þar en Carter gafst ekki upp og 4. nóvember 1922 fann hann þrep að inngangi grafhýsis. Carnarvon flýtti sér þá til Egyptalands og þeir félagar voru viðstaddir þegar brotist var inn um dyrnar sem lokuðu innganginum að gröf Tutankhamen.



**HOWARD CARTER OG CARNARVON LÁVARÐUR**

## MERKISATBURÐIR

**1594** Tilskipun tekur gildi um að Grallarann, eða Graduale, skuli nota sem messusöngsbók í báðum biskupsdæmunum á Íslandi.

**1942** Kvikmyndin Casablanca er frumsýnd í Bandaríkjunum.

**1981** Útgáfa DV hefst þegar Dagblaðið og Vísir sameinast.

**1981** Veitinga- og skemmtistaðurinn Broadway við Álfabakka í Reykjavík er opnaður.

**1998** Frjálslyndi flokkurinn er stofnaður og Sverrir Hermannsson kosinn formaður.

**1992** Tilkynnt er að Elísabet Englandsdrottning ætli sér að borga skatta í framtíðinni.









## JARÐARFARIR

11.00 **Axel Júlíusson** bílstjóri frá Hrísey, til heimilis að Fornósi 12, Sauðárkróki, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju.

11.00 **Björn Vignir Sæmundsson**, Ránarbraut 9, Vík í Mýrdal, verður jarðsunginn frá Víkurkirkju.

11.00 **Hólmfríður Hanna Magnúsdóttir** hjúkrunarfræðingur, Tryggvagötu 26, Selfossi, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

11.00 Minningarathöfn um **Sigurbjörn Frímannsson** fer fram í Siglufjarðarkirkju.

13.30 **Guðbjörn Frímannsson**, Heiðarvegi 8, Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

13.30 **Sigurlaug Eðvarðsdóttir** frá Helgavatni í Vatnsdal, síðast til heimilis á Sæborg, Skagaströnd, verður jarðsungin frá Hólaneskirkju á Skagaströnd.

14.00 **Árni Jóhannsson** frá Blöndugerði, Hróarstungu, til heimilis á Sunnufelli 5, Fellabæ, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju.

14.00 **Jóna Bjarnadóttir** verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Kristín Steinadóttir** frá Grímsstöðum í Kjós verður jarðsungin frá Reynivallakirkju í Kjós.

14.00 **Sigfús Steindórsson**, fyrrum bóndi, Steintúni, Lýtingsstaðahreppi, til heimilis á Víðigrund 8, Sauðárkróki, verður jarðsunginn frá Reykjakirkju.



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurbergur Frímannsson**

frá Skíðsholtum á Mýrum,

lést 20. þessa mánaðar á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 29. nóvember kl. 15.00.

Ásgeir Sigurbergsson Kristrún Guðmundsdóttir
Sigurður Sigurbergsson Soffía Árnadóttir
Stella Sigurbergsdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vinarhug og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sverris Steindórssonar**

Grundartjörn 14, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við hjúkrunarfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir góða umönnun, stuðning og hlýju.

Sigríður Þóra Yngvadóttir
Guðbjörg Pálsdóttir
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir
Magnús Bergsson
Steindór Sverrisson
Hjördís Ásgeirsdóttir
Ríkharður Sverrisson
Valgerður Hansdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



**LEIÐSÖGUMAÐUR OG ÞÝÐANDI** Borgþór hefur starfað sjálfstætt undanfarin ár. Hann hefur verið að þýða bækur auk þess sem hann hefur verið leiðsögumaður í þrjá áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

BORGÞÓR KJÆRNESTED: HEFUR STÖRF HJÁ LANDSSAMBANDI ELDRI BORGARA

# Málsvari eldri borgara sem gleymdust í góðærinu

„Það þarf að rjúfa þessa tekjuskerðingu eldri borgara sem hefur viðgengist allt of lengi,“ segir Borgþór Kjærnested, sem tók við starfi framkvæmdastjóra Landssambands eldri borgara nýlega, um þau mál sem helst brenna á að koma í framkvæmd. „Stóra málið er að bæta kjör þessa hóps sem virðist hafa gleymst í góðærinu,“ segir Borgþór, sem ætlar sér að gera gangskör í kjaramálum eldri borgara.

„Þetta eru foreldrar okkar, afar og ömmur sem málið snýst um,“ segir Borgþór ákveðið en hann hefur kynnst málefnum eldri borgara í gegnum margra áratuga starf með verkalýðshreyfingunni. „Maður hefur ekki komist hjá því að hafa áhuga á þessum málum. Maður á foreldra sem hafa gengið í gegnum þetta kerfi sem er ótrúlega flókið og það tekur tímann sinn að komast inn í þetta,“ segir Borgþór en fyrir utan kjör eldra fólks telur hann einnig þurfa að endurskoða búsetuformið. „Stofnanavæðingin hér á Íslandi er svo mikil miðað við önnur Norðurlönd. Hugsunin þarf að breytast til að fólk geti verið lengur heima hjá sér,“ segir hann.

Undanfarin ár hefur Borgþór verið sjálfstætt starfandi. Hann hefur þýtt bækur, þar á meðal bókina Ísland - land frosts og funa, sem kemur út fyrir jólin og fjallar um ferðalag Iivari Leiviskä um Ísland í byrjun tuttugustu aldar. Borgþór hefur einnig verið leiðsögumaður í rúma þrjá áratugi. Hann kveðst þekkja best Borgarfjörðinn, sem er hans heimabyggð, en finnst fallegasti staður á landinu vera Skaftafell og Jökullónið. „Svo er alltaf gaman að fara Gullhringinn, ég verð aldrei leiður á honum,“ segir hann brosandi. Borgþór er í hálfri stöðu hjá Landssambandinu og gefst því áfram tími til leiðsögumennsku. „Ferðamennskan hefur alltaf verið mitt mesta áhugamál og ég verð seint þreyttur á því að sjá nýja staði,“ segir Borgþór sem hefur einnig verið fararstjóri erlendis og er mjög hrifinn af Jerúsalem og Palestínu. „Það eru stórkostlegir staðir og stórkostlegt fólk sem er þar beggja vegna,“ segir Borgþór, sem ætlar að halda jólin hátíðleg í Betlehem ásamt vinkonu sinni.

„Þetta er fjölmenningarlegt samfélag. Þarna verða menn dags daglega að kunna þrjú ritmál og að minnsta kosti tvö tungumál,“ segir Borgþór, sem hefur von um að hægt verði að leysa þær hörmulegu deilur sem eru í landinu enda lifi húmorinn beggja vegna múrsins.

## ANDLÁT

**Andrés Blómkvist Helgason**, Miðfelli III, lést á Kumbaravogi fimmtudaginn 17. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristrún Jóhannsdóttir** frá Skálum á Langanesi, Dalbraut 27, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 22. nóvember.

**Bjarni E. Bjarnason**, Álfaskeiði 55, Hafnarfirði, áður Siglufirði, lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi miðvikudaginn 23. nóvember.

**Nanna Þuríður Þórðardóttir** frá Siglufirði, Safamýri 55, lést á líknardeildinni á Landakoti miðvikudaginn 23. nóvember.

**Sigríður Erla Þorláksdóttir**, Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði, andaðist á St. Jósepsspítala í Hafnarfirði fimmtudaginn 24. nóvember.

## AFMÆLI



Ingveldur G. Ólafsdóttir dagskrárgerðarkona er 46 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1607** John Harvard, stofnandi Harvard-háskóla.





**1922** Charles Schulz, teiknari Smáfólksins.

# Jólalegt í Norska húsinu

Jólablærinn færist yfir Norska húsið í Stykkishólmi í dag þegar það verður skreytt með jólaskrauti, jólatrjám, jólakortum og öðru sem tengist liðnum jólum. Þá verður þess minnst með athöfn við íþróttavöllinn og dagskrá í Norska húsinu að í ár eru 160 ár liðin síðan Árni Thorlacius hóf reglubundnar veðurathuganir. Lionsklúbbur Stykkishólms hefur látið gera rafrænt veðurskilti sem sett verður upp í minningu veðurathugana Árna en kveikt verður á því við íþróttavöllinn og afhent Stykkishólmsbæ í Norska húsinu. ■



**NORSKA HÚSIÐ** Stykkishólmsbæ verður afhent rafrænt veðurskilti.

# Landsins mesta úrval




**Ertu búin að sjá leikfangablað Hagkaupa?** Kíktu á blaðið á **www.hagkaup.is**. Yfir 500 tegundir af skemmtilegum leikföngum.




**Ertu búin að sjá gjafahandbók Hagkaupa?** Kíktu á blaðið á **www.hagkaup.is**.
Þúsundir hugmynda að frábærum jólagjöfum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# LEIÐIN LIGGUR Í BÍLANAUST

# Opnunarveisla

## Laugardaginn 26. nóvember kl. 10:00-16:00

Formleg opnun á stórverslun **Bílanausts** að Bíldshöfða 9 og mótorhjólaverslunin **Nítró** boðin velkomin. Þekktir listamenn koma fram og mikið um að vera.













- Getraunaleikur með fullt af góðum vinningum / aðalvinningur: Ferð fyrir tvo til Kaupmannahafnar
- Blöðrukarl
- Andlitsmálning
- Veitingar í boði hússins
- Bylgjan verður í beinni á staðnum

**Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík**
**Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is**



# NITRO opnar í Bílanausti!

Sími: 557 4848
www.nitro.is

**Laugardaginn 26. nóv. bjóða Bílanaust og Nítró upp á glæsileg tilboð meðan birgðir endast**

**DEWALT** hleðsluborvél
890DC984KA

**35%** AFSLÁTTUR

**BOSCH** slípirokkur
3600601804503

**25%** AFSLÁTTUR

**BLAUPUNKT** útvarp
3567645050510

**30%** AFSLÁTTUR

**VENTO** vespa

**20%** AFSLÁTTUR

**ALLUR FATNAÐUR**

**20%** AFSLÁTTUR

- Símaþjónusta Bílanausts verður opin á laugardaginn í tilefni dagsins

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

Bílanaust

# Listin býr í blóðinu

**Eggert Magnússon** er ungur undir silfurhærunum; orðinn níræður og einn fárra eftirlifandi næfista í íslenskri myndlist. Hann sagði *Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur* frá þrælavinnu á hafi úti, sjósoðnum hákörlum í Afríku og því hvernig sjálfsbjargarviðleitnin hrakti hann út í myndlist.

Stofan hans Eggerts er forvitnilegt einkalistasafn með hans eigin undurfögru og barnslegu myndum. Út um gluggana blasa við fjöllin austan Reykjavíkur; Vífilsfell og Hengillinn, snævi þakin. Eggert er einfari og hefur siglt sinn lífsins sjó einn á báti, enda næfisti, sem á góðri íslensku merkir bernskur listamaður og einfari í myndlist.

„Ég fæddist á Njálsgötu 17 þann 10. mars 1915; annar í röðinni af tólf systkinum. Þegar ég var þriggja ára flutti ég að Engjabæ á Þvottalaugabletti 11, neðan við gömlu þvottalaugarnar í Laugardal. Þar reisti faðir minn lítið fjárbú með höndum tveim, en það var rifið fyrir margt löngu. Hann var því hvoru tveggja bóndi og verkamaður, en á þessum tíma var enn svolítið um búskap og mjólkursölu í höfuðstaðnum," segir Eggert þar sem hann situr undir málverki sem hann málaði af móður sinni þar sem hún er á fermingaraldri. Ellefu systkini Eggerts eru enn á lífi.

„Við erum öll hraust og ern miðað við aldur, sem verður að kallast góð útkoma," segir Eggert brosmildur og viðurkennir að æskuárin í Laugardalnum hafi verið fjörug í svo stórum barnahópi.

„En fátæktin og atvinnuleysið var þrúgandi og öllum erfið. Pabbi fékk stundum vinnu hjá borginni en þetta voru voðalega strembin ár og gífurleg kreppa á Íslandi. Faðir minn var bláfátækur með allan þennan barnahóp og fékk engan fjárstuðning frá borginni, þótt nábúi okkar með minni fjölskyldu fengi bæði húsgrunn og timburhús frá yfirvöldunum. Pabbi hafði því það eina ráð að kaupa sér stunguskóflu og byggja húsin sín sjálfur," segir Eggert, sem á fyrstu minninguna af hlaðinu heima þegar faðir hans fór með hann þriggja ára út á hlað til að sýna honum hvítan gosmökkinn á austurhimni þegar Katla gaus árið 1918.

#### Á hákarlaveiðum í Gambíu

Eggert réði sig til sjós aðeins fimmtán ára gamall þegar hann gerðist háseti á togaranum Skúla fógeta, en seinna strandaði sá bátur við Grindavík og grandaði ellefu mönnum. Eggert var þá hættur á Skúla fógeta en hefur tvisvar lent í sjávarháska um dagana.

„Ég lærði til vélstjóra í Mótorvélstjóraskólanum, en var þó alveg jafn vígur á gufuvélar. Ég var annar stýrimaður á togaranum Agli Skallagrímssyni sem fórst 8. desember 1940 undir Jökultungunum, á fiskimiðunum við Snæfellsjökul. Þar komust allir lífs af, en hvers vegna báturinn fórst veit ég ekki; það var sagt að honum hefði verið sökkt," segir Eggert, sem bjargaði mannslífi í öðru sjóslysi um tvítugt.

„Þá vann ég á netabát frá Sandgerði sem hvolfdi þegar við fórum með netatross í bátinn. Ég var sem betur fer vel syndur og náði að halda félaga mínum uppi þegar hann var að sökkva í ísköldum sjónum," segir Eggert, sem síðar á lífsleiðinni sá spennandi auglýsingu í Morgunblaðinu þar sem óskað var eftir íslenskum sjómönnum til Afríku.

„Faðir minn hafði verið með Norðmönnum við hvalveiðar við Höfðaborg í Afríku þegar hann var yngri og mig langaði alltaf að komast þangað líka. Við vorum tveir sem gáfum okkur fram eftir auglýsinguna, en sá sem ætlaði með mér hætti við á síðustu stundu. Til stóð að fara til Gambíu í Vestur-Afríku, sem þá var bresk nýlenda, svo fyrst var ég sendur til Lundúna og þaðan suður eftir með einum Skota," segir Eggert, en þegar til Gambíu kom stóðst ekki allt sem lofað hafði verið heima á Íslandi.

„Ég var því sendur til Fransmanns nokkurs sem gerði út trillu til hákarlaveiða og veiddi með honum hákarla í lagnet. Í landi var brugðið á það ráð að sjóða hákarlinn upp úr sjó og nota í hænsnafóður, en nýlendudeildin CTC í Lundúnum rak þarna stórt og mikið hænsnabú sem sárvantaði fóður. Þetta var nú engin rafsuða heldur voru svertingjar sendir út í skóg til að höggva eldivið og svo suðum við þetta í körum," segir Eggert og brosir í kampinn að minningunni.

„Ég var í Afríku í nokkra mánuði og þótti það hreint ekki skemmtileg lífsreynsla. Til að koma niður matarbita þurfti að veifa gólfkústi í kringum sig vegna ágengra maura og bitvarga eins og moskítóflugna með átján millimetra sting og ég því allur bitinn. Í frumskóginum voru einnig slöngur og fleiri villidýr, en þetta var vissulega framandi fyrir Íslendinginn."



**HÁKARLASUÐA Í AFRÍKU** Tíminn í Gambíu er Eggerti hugleikinn. Hér er hann með málverk þar sem hann stendur með innfæddum við kar sem bíður þess að sjóða hákarlinn í forgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

#### Hjónaband ekki í boði

Þrátt fyrir langa sjómannsævi líkaði Eggerti ekkert of vel við lífið um borð.

„Sjómennskan er ekkert grín og er ákaflega þreytandi til lengdar. Kaupið var akkúrat ekkert og mestan part var þetta þrælavinna þar sem langrar erfiðisvinnu var krafist af mönnum fyrir smáaura. Síldarárunum hefur verið líkt við gósentíð en það skilaði sér ekki í vasa hins stritandi almúga og þótti gott að hafa þúsund krónur fyrir sumarið. Vökulögin kröfðust þess að sjómenn ynnu átján stunda vinnudag eins og þrælar. Þannig var ég eitt sinn á bát frá Siglufirði þar sem ég vann með Akureyringum, en þeir voru kauplausir um borð og sáu aldrei krónu í vasann útborgað en fengu í staðinn matarútteki hjá kaupfélaginu," segir Eggert þungur á brún, en hann starfaði einnig mikið í landi.

„Ég var Dagsbrúnarmaður; verkamaður við höfnina og húsabyggingar. Það var allt annað líf og mun betri laun í boði," segir Eggert, sannfærður um hver var besti tími ævi hans.

„Ég held að skásti tíminn hafi verið eftir að Hitlers-stríðið skall á. Þá var næg atvinna í Reykjavík og margt breyttist eftir að breska herseteliðið kom. Það varð mikil breyting frá kyrrstöðunni og fjör í höfuðborginni. Því má segja að Hitler hafi breytt mörgu til batnaðar þótt hann hafi verið ljótur hið innra. Ísland hefur allavega aldrei orðið það sama á eftir," segir Eggert, sem aldrei kvæntist né varð barna auðið.

„Það var meðal annars vegna fátæktarinnar því kjörin voru svo kröpp. Maður hafði einfaldlega ekkert að bjóða. Eftir á þykir mér auðvitað leitt að hafa ekki kvænst og eignast mína eigin fjölskyldu, en þó er ég aldrei einmana. Svona nokkuð þarf alltaf að ráðast í lífi hvers og eins. Ég er í góðu sambandi við systkini mín og þeirra afkomendur, en þetta er orðinn stór og mikill ætthópur," segir Eggert, sem er af Breiðholtsætt- inni í föðurætt og Miðdalsættinni í móðurætt, en móðurbróðir hans var hinn mikli listamaður Guðmundur frá Miðdal, faðir annars heimsþekkts listamanns; sjálfs Erróss.

> *„Til að koma niður matarbita þurfti að veifa gólfkústi í kringum sig vegna ágengra maura og bitvarga eins og moskítóflugna með átján millimetra sting og ég því allur bitinn."*

#### Fágætur og eftirsóttur

„Listagyðjan býr í blóði Miðdalsfólksins og margir listamennirnir í ættinni. Sjálfur hef ég ekkert yndi af því að mála en greip í þetta þegar sjósókn var léleg, svona aðallega af sjálfsbjargarviðleitni til að drýgja kaupið," segir Eggert, sem frá upphafi hefur hitt í mark hjá listelskum og verið afar eftirsóttur málari, haldið margar einkasýningar, selt í listagalleríum heima og erlendis; meðal annars í New York, en þess má geta að hinn virti bandaríski ljósmyndari Mary Ellen Mark á málverk eftir Eggert í stofu sinni.

„Ég telst nú orðinn nokkuð gamall af þessum skóla, þótt ég hafi ekki byrjað að mála fyrr en á gamals aldri. Ég fékk strax mjög góðar viðtökur og komst án vandræða inn í söfnin, þótt ég sé bernskur listamaður, eða alþýðulistamaður eins og sumir kalla það. Við gömlu næfistarnir héldum þó ekkert hópinn og þekktumst lítið, en flestir eru þeir nú dánir," segir Eggert, sem á fyrsta degi einkasýningar sinnar í Gerðubergi seldi tólf myndir, en sýningin stendur til 9. janúar á nýja árinu.

„Mínar myndir hafa ekki líkað neitt illa, en nú er ég hættur að mála og eyði tímanum í að laga gömul málverk. Það er nefnilega öðruvísi með olíumálverk en vatnsliti að olían er aldrei búin," segir Eggert og veltir upp í einlægni þeirri spurningu hvort hann sé ekki orðinn of gamall til að mála.

„Ég verð 91 árs í byrjun nýs árs og þá fer að koma fullorðið fólk. Það þýðir að líkamlega og andlega fer margt að gefa sig, þótt ég sé enn ekki farinn að finna mikið fyrir þeim fjötrum. Ég er vel göngufær, með sterkan skrokk og góða sjón sem stoppar mig svosem ekki í málverkinu. Ég fer daglega í strætó niður á Lækjartorg til að spássera og versla smávegis, því þar er minn viðskiptabanki og minni snúningar í snatt heldur en hér í Árbænum," segir Eggert, sem finnst næsta ótrúlegt að afmælisdagarnir séu komnir yfir nírætt.

„Ég upplifi mig alls ekki sem níræðan, en veit að bremsan kemur bráðum. Ævin hefur verið fljót að líða, en þó ekki. Það eru breytingar á jörðinni og lífskjörum manna, sem betur fer til góðs oftast nær. Þó er þessi bílainnflutningur til landsins hryllilegur og talað um að þorskurinn sé að minnka, einnig við Grímsey. Það þarf að veiða mikinn þorsk til að borga allt bensínið," segir Eggert hugsi þar sem hann stendur við stafla af málverkum sínum.

„Ég á enn ein fimmtíu málverk eftir. Fólk kemur einstaka sinnum hingað heim til að kaupa af mér mynd og það er allt í lagi. Maður sveltur ekki á meðan," segir hann hlæjandi sæll og glaður.




# Íslenskir tónlistardagar

Öll íslensk tónlist án virðisauka í nóvember

# TAX FREE TÓNLIST



1.605 kr
verð áður 1.999-

ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein



1.605 kr
verð áður 1.999-

BERGSVEINN - September
Áritar nýju plötuna í Hagkaupum
Skeifunni í dag kl. 14:00
Smáralind í dag kl. 16:00

ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 14:00
ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 16:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

MATTI - Ólýsanleg

ÁRITA Í SMÁRALIND KL. 13:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

GUÐRÚN & FRIÐRIK - Ég skemmti mér

ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 15:00



2.007 kr
verð áður 2.499-

BJÖRGVIN HALLDÓRS - Ár og öld

ÁRITA Í SKEIFUNNI KL. 13:00
ÁRITA Í KRINGLUNNI KL. 15:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

KK & ELLEN - Jólin eru að koma

ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 13:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

HEIÐA - Hluti af mér

ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 14:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

JÓNSI

ÁRITA Í KRINGLUNNI KL. 17:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

NYLON - Góðir hlutir

ÁRITAR Í SPÖNGINNI KL. 16:00
ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 17:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

LEONE TINGANELLI - Volo libero

ÁRITA Í SKEIFUNNI KL. 15:00
ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 17:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

ÍSLENSKU DÍVURNAR - Frostrósir

ÁRITAR Í SPÖNGINNI KL. 14:00



1.605 kr
verð áður 1.999-

HANSA - Mannsöngvar



2.007 kr
verð áður 2.499-

ÝMSIR - Pottþétt í 10 ár



1.605 kr
verð áður 1.999-

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum áhrifum

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Nær hálf milljón enn heimilislaus

Hálf milljón manna er heimilislaus eftir flóðbylgjuna sem reið yfir Aceh-hérað í Indónesíu, sem og nágrannalönd, á öðrum degi jóla í fyrra. Fólkið fær nauðþurftir hjá hjálparsamtökum og býr enn í tjöldum og bröggum nú ellefu mánuðum eftir hamfarirnar. **Ómar Valdimarsson** hjá Rauða krossinum segir ***Gunnhildi Örnu Gunnarsdóttur*** frá hjálparstarfinu er hann pakkar niður föggum sínum. Hann er á heimleið eftir að hafa starfað í landinu í tvö ár.



**VIÐ MOSKU Í BANDA ACEH** Ómar fyrir utan moskuna miklu í Banda Aceh. Í byggingunni leituðu margir skjóls þegar flóðbylgjan skall á borginni. Þar sem byggingin er opin streymdi vatnið í gegnum hana.

Ómar Valdimarsson kemur heim um helgina. Hann hefur unnið í Indónesíu við uppbyggingu Rauða krossins í landinu um tveggja ára skeið. Héraðið Aceh í norðurhluta landsins varð verst allra landsvæða úti í flóðbylgjunni sem skall á ströndum Suðaustur Asíu í kjölfar stóra jarðskjálftans í lok síðasta árs. Hann var 9,3 stig á Richter-kvarða og átti upptök sín úti fyrir ströndum Súmötru.

Vart er hægt að sjá að bæir og borgir hafi staðið við strandlengjuna. Í borginni Banda Aceh bjuggu um 120 þúsund manns og svæðinu þar um kring um 225 þúsund og er talið að allt að 130 þúsund hafi látist. „Grunnar húsanna standa eftir og ekkert annað,“ segir Ómar. Þeir sem komust af búa í braggahverfum og tjöldum í kringum borgina.

### Matvæli til hálfrar milljónar

Nú, nær ellefu mánuðum eftir hörmungarnar, segir Ómar að enn sé matvælum og nauðþurftum dreift til hátt í hálfrar milljónar manna í Aceh-héraði.

Þrátt fyrir að atvinnulíf sé farið að taka við sér geti margir ekki unnið. Þeir sjái sér það ekki fært á meðan þeir eigi hvergi heima. „Fólkið býr í tjöldum og í stað þess að fá í hendurnar framtíðarheimili um þessar mundir eins og því hafði verið lofað fékk það ný tjöld á dögunum. Það hjálpar ekki upp á sálartetrið hjá fólki,“ segir Ómar en bætir við að líðanin virðist þó góð miðað við aðstæður og þá lífsreynslu sem fólkið hafi upplifað.

„Við hjá Rauða krossinum og fleiri hjálparsamtökum bjóðum sálræna skyndihjálp. Í tilfellum sumra er það meira en skyndihjálp. Það hefur gengið alveg þokkalega, en á meðan fólk þarf enn að búa í tjöldum og bröggum sem hróflað var upp í skyndingu verður ástandið aldrei gott.“

### Fólk missti allt

Ómar segir að búið sé að endurreisa þau munaðarleysingahæli sem eyðilögðust í flóðbylgjunni. Þau rúmi allt að þúsund börn.

Heimilin séu hins vegar færri en margur kynni að halda þar sem fjölskyldubönd séu mun sterkari en Vesturlandabúar eigi að venjast. „Ef eitt barn situr eftir og á engan að kemur frænka eða frændi og tekur barnið að sér. Ekkert þykir sjálfsagðara. Ég hitti um daginn konu frá Malasíu sem hafði flust héðan ung. Systir hennar og allt hennar fólk týndi lífi í hamförunum en einn drengur var eftir af fjölskyldunni. Hann átti engan að í landinu. Hún er komin hingað til að ala drenginn upp.“

Ómar segir konuna ekki ætla að flytja aftur til Malasíu. Hún hugsi með sér að drengurinn sé alinn upp í Indónesíu og þar verði hann að vera. Hann hafi ekki áhuga á að flytja til Malasíu. „Hann hefur svo sem ekki áhuga á neinu greyið, því hann er illa farinn. Hann horfði á pabba sinn hverfa og tvö systkini inn í flóðið. Mamma hans var inni á heimili þeirra. Hún sást ekki meir. Drengurinn náði að halda sér í pálmatré er flóðbylgjan reið yfir og stóð einn eftir.“

Ómar segir harmsögurnar sem von er ótal margar. Indónesískur starfsmaður Rauða krossins hafi til að mynda misst allt sitt. „Fyrst þegar ég hitti hann var hann mjög dapur og daufur. Einn daginn sýndi hann mér símann sinn. Í honum var mynd af konunni hans og dóttur. Myndin er það eina haldbæra úr fyrra lífi hans. Þær létust báðar. Húsið hans hvarf og allt sem í því var. Hann bjargaðist fyrir einhverja slembilukku.“

### Sjálfboðaliðarnir í krísu

Ómar segir að hann hafi reynt að halda sambandi við þá sjálfboðaliða Rauða krossins sem hafi komið til hjálparstarfa eftir flóðbylgjuna. Ungt fólk á aldrinum átján til 25 ára hafi unnið myrkranna á milli við að safna saman líkum og koma í mold.

„Það gekk í verkið af miklum krafti. Eftir að það kom heim hafa alls konar vandamál komið upp. Það hrekkur upp um miðja nótt og hefur ekki matarlyst. Þetta er mjög alvarlegt. Sífellt er verið að reyna að leita leiða til að komast yfir þessa erfiðu reynslu.“ Ómar segir mikilvægt að brynja sig gegn þeim hörmungum sem fólkið hefur upplifað. „Maður sefur ekki alltaf vel þegar maður er innan um þetta fólk, en maður reynir að brynja sig, því taki maður ástandið of mikið inn á sig verður maður ekki að neinu gagni.“

### Seinagangur gagnrýndur

Sérfræðingur í mannúðarmálum hjá Sameinuðu þjóðunum, Jan Egeland, gagnrýndi í lok október hve hægt uppbyggingin í Aceh-héraði gengi. Hann hvatti hjálparsamtök til að vinna nánar saman svo þeir landsmenn sem komust af gætu flutt úr tjöldum og inn í framtíðarhúsnæði.

Ómar tekur undir orð hans og segir að meira hefði mátt vera búið að gera. „Illa hefur gengið að koma hinni eiginlegu uppbyggingu af stað. Ekki síst fyrir þær sakir að það hefur verið erfitt að fá á hreint frá stjórnvöldum hvar megi byggja og hvar ekki. Þau hafa ekki komist að niðurstöðu,“ segir Ómar og bætir við að landa- og lóðamál séu mjög flókin. „Ég tala nú ekki um þegar 130 þúsund manns hafa farist og allir pappírar tapaðir. Þá er erfitt að átta sig á því hver á hvaða land, hvaða land sé í eigu ríkisins og hvað í eigu sveitarfélaga.“

Því hírist margt fólk enn í tjöldum. Ómar segir hvorki fjármagn né vilja skorta til að standa vel að uppbyggingu héraðsins. „En skrifræðið er býsna mikið og tefur fyrir.“

### Í frí en framtíðin óráðin

Þegar Ómar horfir til næstu verkefna í Indónesíu vonar hann að hægt verði að koma færanlegum bráðabirgðaheimilum á laggirnar nú á næstunni.

Tryggja þurfi fólki drykkjarvatn og viðunandi hreinlætisaðstöðu. Endurbygging varnargarða sé í fullum gangi og verið sé að koma vatnskerfum í borgum og bæjum í samt lag. „ Þá er ég loksins búinn að fá í hendurnar teikningar að nýjum skrifstofu Rauða krossins hér í landi,“ segir Ómar. Það verður þó ekki í hans höndum að stýra þeirri vinnu.

Hann hefur lokið sínum verkefnasamningi hjá Rauða krossinum í Indónesíu og segir þetta orðið gott í bili. „Nú ætla ég að koma heim og taka út sumarleyfið mitt; hvíla mig, ná áttum og halda jólin heima í fyrsta sinn í mörg ár. Og vonandi eru systur mínar að baka hálfmána,“ segir Ómar en útilokar ekki að hverfa aftur að hjálparstarfi í byrjun næsta árs.



**LÍKIN TÍND SAMAN** Daunninn var mikill enda hitinn aldrei undir þrjátíu gráðum. Allir sem vettlingi gátu valdið aðstoðuðu.



**GENGIÐ UM BORGINA** Aðeins grunnarnir standa eftir í borginni Banda Aceh. Framtíðarhúsnæði er ekki á næsta leiti.



**AÐSTOÐ Á ÖGURSTUNDU** Sjálfboðaliðar vakna á nóttunni og eiga erfitt með matarlyst eftir hjálparstarfið.



**FYRSTA HJÁLPIN** Hermenn og nauðstaddir á harða spretti en fyrstu dagana var mikil hræðsla við eftirskjálfta.



**ÓMAR MEÐ SAMSTARFSFÉLAGA** Mustari Mansyur er formaður Rauða kross deildarinnar í Aceh-héraðinu.

## *Herinn með rétta búnaðinn*

Eyðileggingin og hörmungarnar sem flóðbylgjan skildi eftir sig voru svo miklar að jafnvel öflug hjálparsamtök hefðu átt í erfiðleikum með að bjarga fólki þar fyrstu dagana. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin mat ástandið svo að einungis her hefði verið í stakk búinn til að takast á við afleiðingarnar. Þetta segir Davíð Á. Gunnarsson, stjórnarmaður Alþjóðaheilbrigðiseftirlitsins (WHO) og ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu. „Njósnaflugvélar, njósnagervitungl og annan búnað sem her hefur yfir að ráða þurfti til að finna svæðin sem voru hjálparþurfi.“



**DAVÍÐ Á. GUNNARSSON** Stjórnarmaður í Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Davíð fylgdist með björgunarstörfum í Asíu frá fyrsta degi enda var hann á þeim tíma stjórnarformaður stofnunarinnar. Hann var í stöðugu sambandi við starfsmann hennar, David Nabarrov, sem var kominn til starfa sólarhring eftir að flóðbylgjan skall á landi.

„Það fyrsta sem hann sagði við mig þegar ég talaði við hann var að hann væri búinn að kynna sér aðstæður og það væri alveg ljóst að enginn gæti tekið á aðstæðunum nema her stórrar þjóðar. Hann ætti við Bandaríkin. Engin stofnun, engin hjálparsamtök hefðu það bolmagn sem til þyfti.“

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hélt ráðstefnu um gang hjálparstarfsins í Suðaustur-Asíu á Phuket í Taílandi í apríl. „Á ráðstefnuni skynjaði maður að Taílendingarnir voru nokkuð gagnrýnir á sjálfa sig og hvernig þeirra eigin hjálparlið hefði staðið sig. Fulltrúar erlendra þjóða og stofnanna sem sóttu ráðstefnuna töldu að þeir hefðu staðið sig afburðavel,“ segir Davíð.

Ráðstefnugestir ferðuðast um Phuket en fóru einnig norður fyrir þessa vinsælu ferðamannaeyju. „Þar heimsóttum við tvær flóttamannabúðir sem stóðu við rústir þorpa, þó ekki hefði verið hægt að sjá að þar hafi staðið þorp.“

Þrátt fyrir að Aceh-hérað á Norður-Súmötru í Indónesíu hafi farið verst út úr hörmungunum megi eins finna svæði í Taílandi sem hafi nánast horfið.

Davíð segist oft hugsa um það sem hann upplifði þessa daga í apríl. „Ég held að ég hafi fátt gert um ævina sem eigi eftir að sitja jafn lengi í mér og þessi ferð.“

## ÍBÚÐARBYGGÐ Í ACEH-HÉRAÐI

**Banda Aceh** er höfuðborg Aceh-héraðsins í norðurhluta Súmötru í Indónesíu. Þar bjuggu samkvæmt alfræðivefritinu Wikipedia 225 þúsund fyrir flóðbylgjua. Talið er að um 175 þúsund hafi látist á svæðinu. Tölurnar eru þó á reiki.

**Leupung** er bær nálægt Banda Aceh. Þar bjuggu tíu þúsund manns. Talið er að 200 til 700 hafi lifað flóðbylgjuna af.

Bærinn **Calang**, í Aceh Jaya, hvarf með flóðbylgjunni. Þar bjuggu tólf þúsund og er talið að 3.400, um þriðjungur íbúa, hafi lifað hana af.

**Gleebruk** var lítill bær nálægt Banda Aceh sem hvarf af yfirborði jarðar við flóðbylgjuna.

**Teunom** er í vesturhluta Aceh-héraðs. Þar bjuggu átján þúsund manns. Opinberar tölur segja að átta þúsund hafi látist.

**Meulaboh** er 150 kílómetrum frá upptökum skjálftans og flóðbylgjan sem reið inn á landið var þriggja metra há. Í Meulboh bjuggu 120 þúsund manns. Um fjörutíu þúsund létust.

HEIMILD: WIKIPEDIA

Síminn

„Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa þessu; sem blöndu af Monthy Python og Buster Keaton, eða jafnvel sem „Steini og Olli í lit"...það eina sem ég veit er að þú munt eiga í erfiðleikum með að velta ekki úr sætinu af hlátri og harðsperrurnar í maganum daginn eftir verða mjög, mjög slæmar."

-The Seattle Stranger, USA

„Algjörlega taumlaus, áköf og fallega klikkuð sýning. Betri skemmtun geturðu ekki fengið í öllum fötunum."

- Rolling Stone

# The Shneedles

*Austurbæjarbíói, föstudaginn 27. janúar*

„Takk fyrir að vera alltaf fyndnir. Ég held þið séuð frægir."

- Frank Rigot, 7 ára

**Miðasala hefst 1. desember kl. 10:00.**

20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.

event

**HVAÐ:** The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **SÖLUSTAÐIR: Reykjavík:** Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. **Akureyri**: Verslun BT. **Selfossi**: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skífunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að kaupa tvo miða með afslætti.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
midi.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.event.is








Thorsararnir, efnaðasta og áhrifamesta fjölskylda Íslands um áratuga skeið, er efniviður samnefndar bókar **Guðmundar Magnússonar,** sagnfræðings og blaðamanns. ***Bergsteinn Sigurðsson*** ræddi við Guðmund um auð, kreppu, mútur og rausn.

# ÞEIR ÁTTU ÍSLAND

**GUÐMUNDUR MAGNÚSSON** Finnst áhugavert hvernig Kveldúlfsmálið kallast á við nútímann, til dæmis hvernig það líkist í mörgu umræðunni um Baugsmálið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hugmyndin að þessari bók hefur verið að gerjast í höfðinu á mér í nokkurn tíma," segir Guðmundur. „Upphafið má rekja til þess að ég hef skrifað tvær bækur þar sem Thors-ættin kom talsvert við sögu: Sögu Eimskipafélagsins og sögu Vinnuveitendasambandsins. Thorsararnir voru virkir þáttakandur í sögu Eimskipafélagsins og Kjartan Thors var einn af stofnendum Vinnuveitandasambandsins og formaður þess fyrstu þrjátíu árin. Ég þekkti líka til þessarar fjölskyldu úr almennri sögu og hafði oft velt fyrir mér þessu hugtaki, Thorsararnir, því það var mjög fyrirferðarmikið í íslenskri þjóðmálaumræðu á fyrri hluta 20. aldar.

## Áhrifamesta fjölskyldan

Bókin hefst á seinni hluta 19. aldar þegar fjórtán ára gamall danskur piltur, Thor Jensen að nafni, kemur til Íslands með tvær hendur tómar til að starfa sem búðarþjónn á Borðeyri. Á undraskjótum tíma tókst honum að safna að sér miklu fé og varð ríkasti maður á Íslandi og segir Guðmundar að margir hafi velt fyrir sér hvernig hann fór að.

„Ég held að skýringin sé tvíþætt. Hún liggur í fyrsta lagi í persónu Thors Jensens; hann var mjög einbeittur og notfærði sér öll tækifæri sem honum gáfust. Í öðru lagi voru leysingatímar þegar hann kom hingað til lands; ríkisvaldið hafði lítil afskipti af atvinnumálum og það voru mikil tækifæri fyrir athafnasama unga menn sem hann notfærði sér."

Thor átti ellefu börn sem upp komust, þar af sjö syni, sem flestir komust til mikilla áhrifa. Með þeim stofnaði hann árið 1911 útgerðarfélagið Kveldúlf, sem varð stærsta og ríkasta fyrirtæki landsins.

Bræðurnir voru allir mjög áberandi í þjóðmálaumræðu landsins. Richard, sá elsti, var helsti samningamaður Íslands í viðskiptum við aðrar þjóðir, Kjartan var stofnandi Vinnuveitendasambandsins og formaður þess í þrjátíu ár, Ólafur var formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra margsinnis og Thor Thors sat á þingi um skeið og varð áhrifamikill sem sendiherra Íslands í Bandaríkjunum og Sameinuðu þjóðunum. Þá átti Thor Jensen valdamikla tengdasyni, einn var forstjóri Eimskipafélagsins og annar forstjóri Shell. „Thorsararnir voru mjög frændræknir og það skýrir að miklu leyti hvers vegna þeir höfðu svona mikil völd fram yfir stríð. Það er ekki ofmælt að halda fram að þetta sé sennilega áhrifamesta fjölskylda á íslandi fyrr og síðar, að minnsta kosti á síðari öldum. En það má ekki gleyma því að bræðurnir voru vel af guði gerðir og greindir og brydduðu upp á ýmsum nýmælum í viðskiptum."

## Kallast á við samtímann

Guðmundur rekur söguna af því þegar Kveldúlfur ratar í mikla rekstrarerfiðleika á fjórða áratugnum, en þá var Ólafur orðinn formaður Sjálfstæðisflokksins og mjög aðsópsmikill stjórnmálamaður. „Þess var krafist að Kveldúlfur yrði annað hvort tekinn til gjaldþrotaskipta eða þjóðnýttur, og fyrirtækið varð að pólitísku bitbeini. Sögufrægar persónur á borð við Jónas Jónsson frá Hriflu, Héðin Valdimarsson og Ólaf Friðriksson ritstjóra voru hörðustu gagnrýnendur fyrirtækisins og þessir menn áttu eftir að verða samferða í heitum pólitískum deilum næstu áratugina."

Að mati Guðmundar kallast margt í Kveldúlfsmálinu á við nútímann. „Mér finnst áhugavert að sjá hvernig það rímar við samtímann, til dæmis hvernig það líkist í mörgu umræðunni um Baugsmálið; það er varað við stóru fyrirtæki sem menn töldu hafa óeðlileg áhrif á stjórnmálin í landinu. Þá voru Kveldúlfsmenn sakaðir um að hafa leigupenna og reyna að komast yfir fjölmiðla. Þeir gerðu vissulega mörg tilboð í Morgunblaðið og vildu gera það að hreinu flokksblaði. Þá voru þeir sakaðir um að nota sjóði fyrirtækisins til óhóflegrar einkaneyslu á sama tíma og félagið væri stórskuldugt við ríkisbankana."

Í bókinni er talsvert fjallað um viðskipti Kveldúlfs á millistríðs- og stríðsárunum og segir Guðmundur margt nýstárlegt koma í ljós. „Ég upplýsi til dæmis ýmislegt í sambandi við notkun á dulmálslyklum, mútur, leynireikninga erlendis og annað. Þetta er forvitnilegt og dregur upp mynd af ákveðnum tíðaranda. Viðskipti voru með öðrum hætti en núna og í Suður-Evrópu urðu þeir að laga sig að viðskiptaháttum sem þar tíðkuðust."

## Raunasaga eftir stríð

Eftir seinni heimsstyrjöld er saga Kveldúlfs svo til samfelld raunarsaga. Síldin, helsta tekjulind fyrirtækisins, hvarf og gríðarlegar fjárfestingar urðu að engu. Snemma á áttunda áratugnum var reksturinn kominn í þrot og samningur var gerður um að Landsbankinn tæki félagið yfir, þar með talið eignir þess, og greiddi allar skuldir.



**THORS-BRÆÐUR** Bræðurnir Haukur, Ólafur og Richard Thors í fjörunni neðan við höfuðstöðvar Kveldúlfs á Skúlagötu á þriðja áratugnum eða í byrjun hins fjórða. Einn af togurum Kveldúlfs er í baksýn.

„Það hefur verið deilt um það fram á þennan dag hvort Kveldúlfur hafi verið gjaldþrota, hvort honum hafi verið fyrirgefnar skuldirnar og orðið baggi á Landsbankanum," segir Guðmundur, sem fékk meðal annars aðgang aðgang að trúnaðargögnum Landsbankans við gerð bókarinnar. „Af gögnunum að dæma varð Kveldúlfur ekki baggi heldur hafði Landsbankinn talsverðan hag af þessum viðskiptum á endanum."

Ólafur og Richard voru látnir þegar hér var komið við sögu og Guðmundur segir þetta mál sorglegt í ljósi þess að þeir höfðu gengið í ábyrgð fyrir fyrirtækið og lagt allar eignir sínar að veði. „Þegar búið var að meta hversu mikils eignir voru virði á móti skuldum töldu bankastjórar Landsbankans að ekki væri þörf á að taka einbýlishús og íbúðir ekknanna og gerðu tillögu um að dánarbúin héldu þeim. Einn bankaráðsmanna, sem aldrei hefur verið upplýst hver var fyrr en nú, lýsti sig á móti þessu. Hann var tilbúinn að hlífa Ólafi, en ekki Richard. Þessi maður var Einar Olgeirsson en hann bar alltaf mikla virðingu fyrir Ólafi. Bankaráðið komst hins vegar að því að þetta væri brot á jafnræðisreglu svo bankinn tók eignir beggja dánarbúa. Þetta er dapurlegt í ljósi þessara gagna sem sýna að bankinn þurfti ekki á þessum eignum að halda upp í skuldaskilin."

## Eiga innistæðu fyrir sínu

Í gegnum tíðina hefur nafn Thorsættarinnar óneitanlega verið sveipað ljóma og Guðmundur segir Thorsarana koma vel út úr sögunni. „Viðhorf þeirra til peninga var til dæmis athyglisvert. Thor Jensen trúði að fjármálamenn væru ekki með réttu eigendur peninga heldur ráðsmenn og ættu að nota þá í góðum tilgangi. Hann var líka þekktur fyrir rausnarlyndi og hafði fyrir reglu að styrkja alls konar málefni og fátækt fólk. Hann reisti sér mikið skrauthýsi við Fríkirkjuveg og þangað streymdi fólk í neyð unnvörpum. Þá er frægt þegar hann hélt hundruð manna uppi þegar spænska veikin reið yfir."

Þá sýndu Thorssynir ekki síður rausnarskap, að mati Guðmundar. „Þeir vörðu háum fjárhæðum til að styrkja fólk til náms sem og listamenn. Fólk sem var í vinnu hjá þeim bar þeim vel söguna og Kveldúlfur þótti góður vinnustaður. Ólafur var auðvitað vinsæll stjórnmálamaður og þótti aðlaðandi persóna og Thor bróðir hans varð einn fárra Íslendinga sem hafa getið sér orð í þeim félagsskap sem í dag er kallaður alþjóðasamfélagið. Ég held þeir eigi innistæðu fyrir sínu."





NÝJAR BARNAMYNDIR Á DVD
TILVALIN JÓLAGJÖF FYRIR YNGSTU KYNSLÓÐIN
Bjarni
Aðfangadagskvöld
BITTI NÚ
sögur úr sveitinni
Fiskurinn Snjalli
ÆVINTÝRA FERÐIN
ÍSLENSKT TAL
MYNDFORM
www.myndform.is
Trönuhrauni 1, 220 Hfj
Sími 534-0400
DVD VIDEO

# Jón Gnarr svarar spurningum

Frá og með deginum í dag ætlar Jón Gnarr í samstarfi við Fréttablaðið að gefa lesendum kost á því að senda sér bréf þar sem þeir geta beðið hann um ráð eða álit á ýmsu því sem hversdagurinn ber í skauti sér. Svör Jóns verða birt hvern laugardag í desember. Tilefnið er aðventan og þessi dimmasti mánuður ársins þegar lífið vill stundum sýnast óvenju flókið. Jón vill verða að liði og ætlar að reyna svara öllum sem skrifa en valdar spurningar og svör verða birt í Fréttablaðinu undir heitinu „Kæri Jón“.




**KÆRI JÓN** Jón Gnarr ætlar í samstarfi við Fréttablaðið að gefa lesendum kost á því að senda honum bréf þar sem þeir geta óskað eftir áliti hans eða ráðleggingum um ólíklegustu mál. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

Í þarsíðasta bakþankapistli sínum bauð Jón lesendum að segja álit sitt á bakþankaskrifum sínum. Viðbrögðin létu ekki á sér standa því pósthólfið fylltist en Jóni barst vel á annað hundruð tölvupósta. „Fólk var að lýsa yfir ánægju sinni og sumir sögðust klippa pistlana út og geyma,“ segir Jón.

Ráðgjafarhorn Jóns verður tilraun og segist hann vera mjög spenntur fyrir henni. „Fólk hefur leitað til mín með eitt og annað sem liggur því á hjarta. Þetta eru hlutir sem tengjast samskiptum og trúmálum þó að mér finnist það vera einn og sami hluturinn,“ segir Jón og bætir við að einnig hafi verið leitað eftir áliti hans á málefnum líðandi stundar.

Jón segist ekki ætla að setja fyrir sig einhver ákveðin mál og geta lesendur Fréttablaðsins því leitað til hans með allt. Einhver svör verða birt í blaðinu en nafnleyndar verður lofað. „Ég vil endilega gefa einhver ráð ef ég get,“ segir Jón. „Hvort sem það eru samskipti, stjórnmál, menning, framtíðin eða umferðin,“ bætir hann við. Sjálfum hefur honum þótt vanta almenna skynsemi í þau ráðgjafarhorn sem fyrir eru. „Í Æskunni og ABC voru unglingahorn þar sem læknar og hjúkrunarfólk gaf ráð út frá sínum forsendum og svörin voru eins og úr kennslubók í félagsfræði. Mér fannst vanta allan húmor í ráðleggingar þeirra,“ segir Jón og telur jafnframt að ef fólki líður illa á sálinni er oft betra að leita til vinar en læknis. „Ég hlakka til að spreyta mig á þessu.“ Netfangið hjá Jóni er: *jongnarr@frettabladid.is*.

- fgg

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## UMSÓKNIR NÝNEMA Í HÁSKÓLA ÍSLANDS Á VORMISSERI 2006

**Dagana 1. til 7. desember 2005 verður tekið við umsóknum nýnema til náms í sex deildum Háskóla Íslands á vormisseri 2006.**
**Umsóknarfrestur rennur út kl. 15.00 miðvikudaginn 7. desember.**

Ofangreindur umsóknarfrestur gildir einnig um þá sem ljúka stúdentsprófi í desember 2005. Þeir þurfa að sækja um fyrir kl. 15.00, 7. des. en skila fylgigögnum jafnskjótt og þau liggja fyrir.

**Tekið verður við umsóknum um nám í eftirtöldum deildum:**
- Guðfræðideild
- Verkfræðideild
- Raunvísindadeild
- Viðskipta- og hagfræðideild (einungis í viðskiptafræði)
- Félagsvísindadeild (nema í sálfræði)
- Hugvísindadeild (þó óvíst með inntöku í íslensku fyrir erlenda stúdenta, að liðnum umsóknarfresti verður tekin ákvörðun um inntöku með tilliti til aðstæðna viðkomandi skorar)

Sótt er um á vefsetri Háskólans **www.hi.is** eða í Nemendaskrá. Umsóknareyðublöð er unnt að prenta út af vefnum eða fá þau afhent í Nemendaskrá.

Upplýsingar um námsgreinar í framangreindum sex deildum er að finna í Kennsluskrá Háskóla Íslands 2005-2006 á **www.hi.is**

**Afgreiðsla umsókna og staðfesting**
Stefnt er að því að afgreiðslu umsókna verði lokið 20. desember 2005. Öllum umsóknum verður svarað.

**Inntökuskilyrði**
- Stúdentar sem hefja nám við Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla.
- Engar undanþágur frá formlegum inntökuskilyrðum eru veittar á yfirstandandi háskólaári 2005-2006.

Inntökuskilyrði eru mismunandi eftir deildum. Sjá nánar um inntökuskilyrði á **www.hi.is**

Allar nánari upplýsingar um inntöku nemenda og meðferð umsókna er að finna á **www.hi.is**. Einnig má leita upplýsinga í Nemendaskrá Háskóla Íslands, sími **525 4309**, **nemskra@hi.is**, Aðalbyggingu Háskólans við Suðurgötu.

**Opið virka daga kl. 9 -15.**



SIGUR RÓS

# *Hlökkum til að spila heim*

Hljómsveitin Sigur Rós hefur verið á tónleikaferðalagi um Evrópu undanfarinn mánuð og marka tónleikarnir í Laugardagshöll endalok þeirrar ferðar. Meðlimir hljómsveitarinnar voru staddir á Ítalíu að undirbúa sig fyrir tónleika þegar Tómas Oddur Hrafnsson heyrði í Georg Hólm bassaleikara.

Að sögn Georgs hefur núverandi tónleikaferðalag gengið vonum framar „Fólk er farið að þekkja nýjustu lögin sem er mjög skemmtilegt og sumum finnst þau lög mun betri en þau eldri. Allir tónleikarnir á þessum túr hafa verið í Evrópu. Við förum til Finnlands í fyrsta skipti núna, en við höfum aldrei farið þangað áður.“

Aðspurður um hvernig lífið á tónleikaferðalagi gangi fyrir sig segir hann að það sé mjög misjafnt eftir því hvar þeir séu. „Þegar við erum að túra í Evrópu er þetta bara rúta á milli borga og síðan tékkar maður sig inn á hótel, fer í hljóðprufu og síðan eru tónleikarnir un kvöldið. Svo er ég farinn strax næsta morgun og þá sér maður voðalega lítið. Eins og með þennan túr þá vorum við bara með þrjá frídaga þannig að það gafst lítill tími til þess að líta í kringum sig. Við fengum reyndar frí í gær og þá gátum við skoðað Flórens betur en við erum staddir þar núna. Við reynum að skoða það sem er spennandi ef við höfum tíma. Eins og þegar við fórum til Ástralíu núna í ágúst þá vorum við þar í viku og spiluðum á þrennum eða fernum tónleikum og fengum ágætis frí inn á milli. Þann tíma notuðum við til þess að reyna að gera eitthvað áhugavert og sjá eitthvað af svæðinu í kring. Meðal annars fórum við að sjá kóalabirni og kengúrur, sem var mjög gaman. Það er þá aðallega þegar við erum að fara mjög langt eins og til Ástralíu eða Asíu, þegar við komumst upp með að taka smá pásur á milli tónleika.“

Aðspurður um hvernig þeir undirbúi sig áður en hljómsveitin stígur á svið segir Georg að það sé frekar misjafnt. „Við erum reyndar með ákveðið rítúal fyrir tónleika en þar er nú eiginlega meira svona okkar, eins konar hljómsveitarleyndarmál sem við segjum engum frá. En það er rosalega misjafnt hvernig maður undirbýr sig andlega fyrir tónleika. Eins og þeir tónleikar sem við erum að spila á núna í kvöld [fimmtudaginn 24. nóvember] þá er maður einhvern veginn ekkert sérstaklega spenntur, ef ég á að vera mjög hreinskilinn. Þetta eru í raun bara einhverjir tónleikar.

Sigur Rós mun spila í Laugardalshöll á sunnudaginn. „Við erum mjög spenntir fyrir því að spila á Íslandi aftur. Getum hreinlega ekki beðið. Allan þennan túr höfum við eiginlega verið að tala um hve mikið við hlökkum til þess að spila heima. Það styttist óðfluga í þá tónleika,“ segir Georg.

Þegar hann er inntur eftir því hvað verði spilað í höllinni segir Georg að það verði spilað efni af flestum plötum sveitarinnar. „Lagalistinn breytist nú venjulega frekar mikið á milli tónleika og hann hefur gert það síðan við byrjuðum á þessum túr núna í júlí. Við höfum bætt við lögum og tekið önnur út. Mér finnst líklegt að við spilum eittvað svipað töluvert svipað í Laugardalshöllinni á sunnudaginn eins og við gerðum úti í Brixton núna um daginn. Það eru tónleikar í lengri kantinum, um tveir tímar að lengd. Það verður örugglega mest af Takk-plötunni og eitthvað af Ágætis byrjun en líklega minnst af svigaplötunni.“

Sá orðrómur hefur gengið fjöllunum hærra að hljómsveitin ætli að fara í tónleikaferðalag um Ísland á næstu misserum. Georg segir að það sé nokkuð til í því. „Já, við erum svona að pæla og plotta það út. Það er samt ekkert fastákveðið með það, það er í raun alveg í lausu lofti. Það er svona draumur núna, sem verður nú samt alveg örugglega að veruleika. Ég veit bara ekki hvenær það verður eða hvert við munum fara en við munum áreiðanlega fara töluvert víða þegar að því kemur. En eins og skipulagið er núna þá erum við bókaðir á tónleika langt fram á næsta ár þannig að af þessu gæti aldrei orðið fyrr en í fyrsta lagi seint á næsta ári. Vonandi getum við gert þetta sem allra fyrst.“

Að sögn Georgs verður mikið að gera hjá sveitinni eftir áramót. „Við förum í tónleikaferðalag til Bandaríkjanna í febrúar og mig minnir að við höldum síðan til Asíu í apríl og höldum tónleika í Japan. síðan förum við aftur til Ástralíu. Það er því töluvert sem er framundan.“

tomas@frettabladid.is



**SIGUR RÓS** Á tónleikum í Carling Academy í Brixton þann 9. nóvember síðastliðinn.
MYND JIM DYSON/GETTY IMAGES

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.31 | 13.15 | 15.59 |
| Akureyri | 10.36 | 13.00 | 15.23 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

bílar o.fl.
**RAFHITARAR**
Góðir fyrir bílinn og budduna
bls. 4



**AÐVENTUKRANSAR**
Óteljandi möguleikar
á útfærslu bls. 6





*Góðan dag!*
Í dag er laugardagur 26. nóvember, 330. dagur ársins 2005.




## SMÁAUGLÝSINGAR
Flokkar
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000
ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir



Ómar Valsson eðlisfræðinemi við hinn mosagræna Volkswagen Derby, árgerð 1978.

# Bíllinn hefur sína hentisemi

***Ómar Valsson, eðlisfræðinemi á þriðja ári, á fagurgrænan Volkswagen Derby árgerð 1978. Þetta er fyrsti og eini bíllinn sem Ómar hefur eignast.***

Ómar segist hafa fengið bílinn eftir að frændi hans hélt utan til þess að læra stjarneðlisfræði. „Hann hafði áður fengið hann frá frænku sinni sem hafði átt hann í tuttugu ár. Í vor arfleiddi hann mig að bílnum, enda hafði hann ekkert við bílinn að gera. Hann vildi bara láta einhvern fá bílinn sem hann treysti.“

Ómar segir að bíllinn gangi bærilega þrátt fyrir að vera um 27 ára gamall og teljast þess vegna fornbíll. Hann telur að aðeins einn annar Volkswagen Derby sé til á landinu. Tegundin kom á markað á svipuðum tíma og Volkswagen Polo enda eins konar Polo með skotti. „Ég hef samt engan sérstakan áhuga á bílum. Þetta er meira að segja minn fyrsti og eini bíll.“

Bíllinn er einungis keyrður 96.000 kílómetra. Hann er í toppstandi þökk sé frænkunni gömlu. Og meira að segja miðstöðin virkar. „Hann hefur reyndar átt í smá vandræðum með að fara í gang þegar blautt er en annars hefur komið mér á óvart hversu vel hann hefur gengið. Maður þurfti að venjast honum svolítið fyrst en núna gengur mjög vel að keyra hann.“ segir Ómar.

Aðspurður segir Ómar að það hafi ekki verið talað um það að vinur hans fái bílinn tilbaka þegar hann snúi aftur. Hann ætlar að eiga bílinn þangað til hann heldur sjálfur út til náms eða bíllinn gefur upp öndina. „Bíllinn hefur bara sína hentisemi, hann stjórnar ferðinni,“ segir Ómar að lokum.

*steinthor@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTI
**[BÍLAR - JÓLIN KOMA]**

**Aðventujeppaferð** ferðafélagsins Útivistar verður farin um næstu helgi í Bása í Goðalandi. Brottför er klukkan 10 frá Hvolsvelli hinn 3. desember og gist í skála eina nótt. Vissara er að hafa samband strax því aðeins eru örfá sæti laus. Kröfur um útbúnað jeppa fara eftir færð og veðri. Þátttaka er háð samþykki fararstjóra.

**Fyrsti** í aðventu er á morgun. Þrátt fyrir að jólaörtröðin hafi byrjað fyrr en vanalega í ár kemur aðventan alltaf fjórum vikum fyir jól. Það þýðir að jólaundirbúningur og jólaskapið ætti að vera byrjaður núna fyrst fyrir alvöru.

**Citroën-bílar** eru á tilboði hjá Brimborg þessa dagana. Hægt er að fá allt að 150 þúsund króna afslátt á meðan birgðir endast. Um takmarkað magn sýningar- og reynsluakstursbíla er að ræða.



**Búlgaría** er nýr áfangastaður Terra Nova. Þetta ætti að gleðja marga ferðaþyrsta Íslendinga enda Búglaría framandi staður sem hefur verið að opnast mikið á síðustu árum. Verðið þar er mjög hagstætt og veðrátta góð. Vonandi verður þetta til þess að byrjað verður að fljúga til fleiri Austur-Evrópulanda.



**Rafdrifnar rúður**
eiga það til að festast þegar frost er úti. Það borgar sig venjulega ekki að reyna að skrúfa þær niður fyrr en bíllinn er orðinn vel heitur.



ALLT Á EINUM STAÐ
• VETRARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

HELLUR.com
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BÍLSTJÓRAR - HÆTTIÐ AÐ PRÍLA!
RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000 • www.islandia.is/scania

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.
GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Jón Ingi Jóhannesson hjá Gæðabóni segir lágmark að bóna á tveggja mánaða fresti ef notað er venjulegt bón. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Bónað gegn salti og tjöru

***Bónhúð veitir tveggja mánaða vörn fyrir lakk bílsins og kemur í veg fyrir ryðmyndun.***

Fátt er meira lýti eða dregur meira úr verðgildi á góðum bíl en ryðblettir og -taumar. Einföld og örugg leið til að losna við ryðmyndun er að bóna bílinn reglulega. Jón Ingi Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gæðabóns, segir lágmark að bóna á tveggja mánaða fresti. „Venjulegt bón endist í tvo mánuði og ver bílinn á meðan fyrir seltu og tjöru sem annars myndu brenna lakkið. Auk þess kemur góð bónhúð í veg fyrir upplitun á lakki,“ segir Jón Ingi.

Bíleigendur eru misduglegir að bóna bíla sína og fyrir þá sem vilja frekar eyða tíma sínum í annað bendir Jón Ingi á teflonbón. „Þetta bón er sett á bílana á bónstöðvum og endist í sex mánuði. Teflon er mjög sniðugt fyrir veturinn.“

Aðspurður um góð ráð við bónun segir Jón Ingi mikilvægt að bera vel á alla fleti, að undanskildum stuðurum og listum úr gúmmíi eða plasti. „Bónið hefur upplitandi áhrif á þessi efni. Þetta er ástæðan fyrir gránuðum listum og stuðurum sem áður voru svartir.

Á þessa fleti á frekar að bera vínylvörn,“ segir Jón Ingi og bætir við að bónið þurfi að þorna vel áður en strokið er af bílnum en það taki nokkrar mínútur. „Það er yfirleitt betra að bóna oftar en að vera með einhverjar langtímalausnir. Teflonbónið er mjög góður kostur en þá þarf að bóna tvisvar á ári. Að lokum er mikilvægt að þrífa hjólbarðana með tjöruhreinsi.“

Desember er háannatími fyrir bónstöðvar. Jón Ingi segir allar tegundir og árgerðir bíla koma inn á gólf hjá Gæðabóni. „Fastakúnnarnir eru á nýlegum bílum en það er líka mikið rennsli af þeim eldri. Fólk ætti ekki að láta þvo bíla sína með kústum, það eyðileggur lakkið smám saman. Betra er að þvo með svampi.“



Arctic Cat Crossfire er einn af heitustu sleðunum þennan vetur enda býður hann upp á allt það besta úr öðrum sleðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Frumsýning á Arctic Cat vélsleðum

***2006-línan af Arctic Cat er komin til landsins og er til sýnis hjá B&L.***

B&L frumsýndi í síðustu viku 2006 línuna af Arctic Cat sleðum. Hérlendis verða níu tegundir í boði. „Við tökum bara inn stærstu og kraftmestu sleðana,“ segir Finnur Í. Sigurðsson, sölufulltrúi hjá B&L. „Reynslan sýnir okkur að Íslendingar vilja kraftmikla sleða, hvort sem um er að ræða ferðasleða eða aðra.“ Finnur segist búast við að M7, F7 og Crossfire-sleðarnir verði vinsælastir þetta árið. „Crossfire-sleðinn er samansafn af því besta úr hinum sleðunum og er mjög fjölhæfur og skemmtilegur vélsleði.“

Meðal þess sem boðið er upp á í nýju Arctic Cat sleðunum er stillanlegir demparar, ACT Diamond drifgír, aukið loftflæði til vélarinnar og val á kraftmiklum tveggja eða fjögurra strokka vélum.



# Strákar að ná stelpum í ökuleikni

Á MÁLÞINGI SEM HALDIÐ VAR NÝLEGA KOM FRAM AÐ ÖKUSLYSUM MEÐAL PILTA SEM NÝLEGA HAFA FENGIÐ ÖKUPRÓF HEFÐI FÆKKAÐ Á MEÐAN STELPUR STANDA Í STAÐ.

Fyrr í þessari viku var haldið málþing á vegum Umferðarstofu um unga ökumenn. Þar kom meðal annars í ljós að slysum sem tengjast ungum ökumönnum og þeim sem nýlega hafa fengið ökuleyfi hefur fækkað um fjórðung á aðeins örfáum árum. Þessi fækkun slysa hefur orðið nær eingöngu á meðal stráka á meðan fjöldi slysa hjá stelpum hefur nærri því staðið í stað. Ástæður þessarar fækkunar eru margvíslegar. Á málþinginu var helst talið að virk ökuferilskrá og refsipunktakerfi ættu stærstan hlut að máli. Auk þess var talað um að æfingaakstursheimild ökunema með aðstandendum hefði leitt til þess að sumir ungir ökumenn fengju betri akstursþjálfun en áður. Þessi þróun er svo sannarlega af hinu góða og vonandi að hún haldi áfram í sömu átt.



Suzuki Swift hefur fengið góða og mikla athygli eftir að hann hlaut verðlaunin Bíll ársins 2006.

# Bíll ársins fær mikla athygli

***Bílaumboðin merkja mismikinn áhuga eftir að verðlaunin Bíll ársins 2006 voru afhent.***

Verðlaunin Bíll ársins 2006 voru afhent fyrir um mánuði síðan í fjórum flokkum. Bíll ársins 2006 var valinn Suzuki Swift, Volkswagen Passat hlaut verðlaunin í flokki stærri fjölskyldu- og lúxusbíla, í flokki jeppa og jepplinga komu verðlaunin í hlut Lexus RX400h og að lokum hlaut BMW M5 verðlaun í flokki sportbíla.

Hjá Suzukibílum fengust þær upplýsingar að bæði eftirspurn og sala hefði aukist nokkuð eftir að verðlaunin voru kynnt. Umboðið hafði einnig auglýst bílinn mikið og notað viðurkenninguna í þeirri auglýsingaherferð.

Þórður Úlfar Ragnarsson, sölumaður hjá Heklu, sagði að viðurkenningar hefðu alltaf eitthvað að segja. „Við finnum alltaf fyrir áhuga eftir að hafa fengið viðurkenningar og eftirspurn eykst nokkuð. Þetta gerist kannski ekki hratt en þetta gerist.“

Í flokki jeppa og jepplinga annars vegar og sportbíla hins vegar er áhuginn ekki jafn merkjanlegur. Hjá Lexus-umboðinu hafa menn ekki greint aukningu á áhuga á Lexus RX400h enda um nokkuð dýran bíl að ræða, auk þess sem biðtími eftir honum er um sex mánuðir. Aftur á móti fengust þær upplýsingar hjá B&L að tekið hefði verið eftir auknum áhuga á Land Rover Discovery sem lenti í þriðja sæti í sama flokki. Hjá B&L fengust líka þær upplýsingar að BMW M5 hefði ekki fengið sérstaklega athygli eftir verðlaunaveitinguna, enda sumarbíll sem ekki er á færi hvers sem er að eignast. ■

# Accent ekki dauður úr öllum æðum

***Góð markaðsstaða og nýr hugmyndabíll undirstrika langlífi.***

Hafi einhver afskrifað Hyundai Accent ætti viðkomandi að hugsa sinn gang. Accent lifir nefnilega góðu lífi, í það minnsta á markaðnum, og er fyrir vikið í fullri framleiðslu hjá Hyundai.

Hyundai frumsýndi nýlega hugmyndabílinn Accent SR og undirstrikaði þar með væntanlegt langlífi bílsins. Hugmyndabíllinn er með innbyggðar vindskeiðar að framan og aftan, loftventla framan við bæði afturbretti og á 18“ prófíl álfelgum. Þá er hann búinn nýrri kraftmikilli tveggja lítra túrbó vél og fimm þrepa sjálfskiptingu. MacPherson-fjöðrunin hefur einnig verið aðlöguð afkastagetu vélarinnar.

Af öðrum nýjungum sem hugmyndabíllinn skartar má nefna MDPS-aflstýri með hjálparmótor og TPMS-þrýstiskynjara í dekkjum og að sjálfsögðu nýjustu kynslóðina af ESP-stöðugleikastýringu.



Nýi Accent-hugmyndabíllinn frá Hyundai er óneitanlega laglegur. Vonandi ratar eitthvað úr honum í framleiðslu.

Þótt Accent SR sé ekki á leiðinni í framleiðslu gefur hann nasasjón af því sem vænta má með nýjum Accent sem kemur á markað á næsta ári. Þá er hann ekki síður glæsilegur vitnisburður um framtíðarsýn Accent-teymisins hjá Hyundai. ■

# 230 hestöfl í innanbæjarakstri

***Kominn er á markað nýr Subaru Impreza WRX.***

Subaru Impreza bílarnir hafa um nokkurt skeið verið vinsælir á meðal þeirra sem kjósa kraftmikla innanbæjar- og fjölskyldubíla. WRX-týpan hefur hins vegar verið vinsælli hjá þeim sem vilja enn sportlegri og kraftmeiri týpu.

Árgerð 2006 af Subaru Impreza býr yfir nokkrum áhugaverðum breytingum en samhliða því hefur WRX útgáfan einnig fengið nokkra andlitslyftingu. Þar ber helst að nefna að WRX er kominn með 2,5 lítra turbo vél sem skilar 230 hestöflum og mun meira togi en áður. Framendi bílsins er einnig mjög breyttur frá því sem áður var. Ásamt þessu hafa lítilsháttar breytingar verið gerðar að innan jafnt sem utan.



Nýr Subaru Impreza WRX hefur fengið töluverða andlitslyftingu.

Bíllinn er fjórhjóladrifinn eins og allar aðrar Subaru-bifreiðar. Helsti staðalbúnaður er 17“ álfelgur, vindskeið, kastarar í stuðara, sjálfvirk loftkæling, körfustólar og fleira.









Vörubíladekk
VETRARDEKK
Frá 19.900.– án vsk.
NÝ OG SÓLUÐ
315/80R22.5, 385/65R22.5,
295/80R22.5, 12R22.5, 13R22.5
577 30 80
alorka.is
ALORKA ehf.

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

PRAMAC GROUP
Staflarar
einnig úrval af pallettutjökkum
Sturlaugur Jónsson & Co ehf.
• Lágmúli 9 / 108 Reykjavík
• Sími: 533 2845 / GSM: 896 0515
• www.sturlaugur.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

allt matur
Alla föstudaga




Á svona morgni væri gott að setjast beint inn í heitan bíl.

# Gott fyrir bílinn og budduna

*Í kaldari löndum en á Íslandi tíðkast víða að stinga bílnum í samband yfir nóttina, svo rafmagn geti hitað vélina áður en bíllinn er settur í gang á morgnana. Þótt frostið fari sjaldan niður fyrir tíu gráður á Íslandi mæla bílasölumenn með þessum búnaði.*

„Það er ekki spurning um að þessir hitarar er þrælsniðugir á Íslandi,“ segir Eyþór Örlygsson, sölumaður hjá Bílanausti. „Bíllinn eyðir minna eldsneyti því vélin er heit þegar maður setur hana í gang og mengar þar af leiðandi minna. Svo er miðstöðin fljótari að taka við sér svo innanrýmið er fljótara að hitna.“

Hitararnir virka á þann hátt að elementum er komið fyrir í kælivatninu í vatnsgangin vélarinnar, annað hvort í gegnum þar til gerð göt í vélinni eða í gegnum slöngur. Leiðslur liggja svo fram í grillið og þar er kló sem stinga þarf í samband við 220 volta innstungu.

Hægt er að fá stilliklukku með sem setur elementin í gang um einum og hálfum tíma áður en áætlað er að leggja af stað í vinnu, svo hitarinn þurfi ekki að vera í gangi alla nóttina. Jafnframt er hægt að setja tímastillinn svo hann fari í gang áður en farið er í hádegismat eða keyrt heim á kvöldin, hafi maður aðgang að rafmagni í vinnunni.

„Þetta lengir líftímann á vélinni, því hún þarf ekki að byrja á því að dæla kaldri olíu um allt kerfið, heldur er olían heit þegar hún fer af stað, svo hún smýgur betur og smyr betur,“ segir Eyþór.

Þar sem verð á raforku er tiltölulega lágt á Íslandi giskar Eyþór á að maður borgi kannski tíu krónur fyrir rafmagnið þann tíma sem elementið er í gangi hvern morgun, svo sparnaðurinn er ótvíræður þegar til lengri tíma er litið, auk þess sem það að starta ekki kaldri vél fer óneitanlega betur með vélina alla og eldsneytissparnaðurinn er töluverður, sérstaklega fyrstu tvo kílómetrana þegar köld vél eyðir mestu.





Rafknúnir vélahitarar valda því að bíllinn eyðir minna eldsneyti og mengar þar af leiðandi minna, auk þess sem þeir lengja líftíma vélarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Ef rafmagnshitari er notaður í bílinn endist vélin lengur og bíllinn mengar minna.

Eyþór segir það persónubundið hvenær ekki þurfi að nota búnaðinn, sumir telji það borga sig að nota hann þó hitastigið sé fjórar til fimm gráður. „En þegar það er komið sumar og hitinn úti er tíu til fimmtán gráður á morgnana er þessi búnaður óþarfur,“ segir Eyþór.

Hitararnir kosta á bilinu 30.000 krónur til 80.000 krónur, allt eftir gerðum bílsins og hitarans. Þeir dýrari eru þá með tímastilli, hita rafgeyminn líka ásamt olíunni og eru auk þess með blásara sem hitar bílinn að innan svo maður sest beint inn í heitan bíl á morgnana.

ljósabúnaður }

## Xenon í alla bíla

AMG AUKARAF SELUR HANDHÆGAN BÚNAÐ TIL AÐ BREYTA AÐALLJÓSUM Í HÁSPENNT XENON-LJÓS.

Xenon-ljós hefur hingað til nær eingöngu verið að finna í dýrum evrópskum bílum. Auk þess að draga lengra er geislinn úr þeim allt að 4-5 sinnum ljósmeiri en úr venjulegum halógenljósum.

Verslunin AMG Aukaraf býður nú til sölu sett til að breyta venjulegum aðalljósum í háspennt xenon-ljós. Búnaðurinn kostar 44.900 krónur en ef haft er í huga að xenon-ljósaperurnar endast meira en tífalt á við venjulegar perur er verðið mjög hagstætt.



# BMW Sauber kynnir F1 bíl í janúar

*Vélaprófanir að hefjast.*

Keppnisbíll nýja BMW Sauber F1 liðsins verður vígður um miðjan janúar næstkomandi í Valencia á Spáni. Við það tækifæri verður jafnframt formlega tilkynnt hverjir verða í liðinu.

Prófanir á nýju BMW P85 V8 vélinni hefjast á mánudaginn í næstu viku í Barcelona. Nafn liðsins var tilkynnt í síðustu viku og var samstarf þessara tveggja risa í Formúlu 1 kappakstrinum þar með endanlega staðfest. Að sögn Mario Theissen, forstjóra BMW Motorsport, lá nafngiftin nokkuð ljós fyrir. Liðinu verði stjórnað af BMW í samstarfi við 300 starfsmenn Sauber, auk þess sem 2006 keppnisbíllinn hafi verið þróaður að stofni til af verkfræðingum Sauber.

Miklar vangaveltur eru um hverjir munu skipa liðið, en Nick Heidfeld, Sebastien Bourdais og Heikki Kovalainen eru meðal þeirra sem taldir eru líklegir. BMW Williams F1 liðið varð í fimmta sæti í F1 keppni framleiðanda í ár og Sauber-Petronas í því áttunda.



Sameinað lið BMW og Sauber mun kynna nýjan Formúlu 1 keppnisbíl sinn í janúar.



Birkir mátar 2006-sleðana frá Arctic Cat í verslun sinni, Icehobby.

# Dót fyrir stóra stráka

***Í versluninni Icehobby á Akureyri er hægt að finna jólagjöf fyrir barnið í fullorðna manninum.***

Munurinn á drengjum og fullorðnum mönnum er verðmunur á leikföngum þeirra. Einhvern veginn þannig má þýða vinsælt orðatiltæki úr ensku. Í versluninni Icehobby á Akureyri eru seld leikföng fyrir þá eldri.

„Hér fæst dót fyrir stóra stráka. Hér eru fjarstýrðir bílar, þyrlur og flugvélar ásamt véljólum og fjórhjólum í fullri stærð. Svo erum við auðvitað með vélsleða,“ segir Birkir Sigurðsson framkvæmdastjóri, en Icehobby tók nýlega við umboði fyrir Arctic Cat vélsleða norðan heiða.

„Við erum með sleða, varahluti og aukahluti auk þess sem við þjónustum allar tegundir sleða. Hér er sem sagt allt fyrir vélsleðamanninn, sama hvaða sleða hann er að keyra,“ segir Birkir, sem er sjálfur á fullu í vélsleðasportinu auk þess að vera liðtækur á mótorhjólum.

„Hér fyrir norðan snýst lífið um vélsleða. Hér er snjór úti um allt og við keyrum heiman frá okkur og beint upp á fjöll í sleðatúr. Arctic Cat sleðar eru vinsælir á Norðurlandi og því gaman að vera kominn með þessa sleða hingað inn á gólf,“ segir Birkir, sem er með sex sleða úr 2006-línunni til sýnis í verslun-inni. ■

allt heimili
Alla fimmtudaga

WWW.ABVARAHLUTIR.IS
EIGUM ÁVALLT Á LAGER VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR BÍLA
NÝ VEFVERSLUN!
VIÐ ERUM YKKAR BÓNUS
BODDYHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR - SLITHLUTIR - VATNSKASSAR OG FLEIRA
Bildshöfða 18 - Sími: 567 6020 - ab@abvarahlutir.is - www.abvarahlutir.is
MÁN - FIM. OPIÐ 8.00 - 17.00
FÖSTUDAGA. OPIÐ 8.00 - 16.00

Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!
Gerum góð tilboð í allar hópferðir
Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is
Icelandexcursions Allrahanda
GRAY LINE
FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS www.ferdalag.is
Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

HYUNDAI hefur gæðin
Góður, betri... stærstur
VELDU SANTA FE, STÆRSTA SPORTJEPPANN FRÁ HYUNDAI.
ÁREIÐANLEGUR FJÖLSKYLDUBÍLL OG KRAFTMIKILL FERÐALANGUR.



HYUNDAI SANTA FE
Verð frá kr. 2.670.000
Bíll á mynd: Hyundai Santa Fe 2.0 dísel, með 17" álfelgum og samlitun
B&L
Með bílinn handa þér
B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 12 TIL 16.
BÍLASALA AKUREYRAR SÍMI 461 2533 • BÍLÁS AKRANESI SÍMI 431 2622 • SG BÍLAR REYKJANESBÆ SÍMI 421 4444 • JG BÍLAR EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2524

**Jólaseríur**
endast misvel og margar þeirra þarf að endurnýja á hverju ári. Það er ágætt að fara yfir seríurnar tímanlega og athuga hversu margar nýjar þarf að kaupa svo ekki þurfi að standa í því á síðustu stundu.







allt
matur
Alla föstudaga







KOLAPORTIÐ

OPIÐ UM HELGINA FRÁ 11 -17





# Ómissandi á aðventunni

***Aðventukrans sem heimilisskraut á jólaföstu er tiltölulega ungt fyrirbæri á Íslandi.***

Allt frá upphafi þeirra hér á landi hefur það tíðkast að fólk búi til sína eigin aðventukransa. Mismikið er lagt í þá og eru þeir misjafnir að stærð og gerð. Flestir sem útbúa sína aðventukransa sjálfir setja fram eitthvert form af fjórum kertum. Möguleikar á útfærslu aðventukransa eru ótæmandi og takmarkast aðeins af ímyndunarafli hvers og eins. Aðventukransar eru ótvírætt vinsælasta jólaskrautið hjá okkur á Íslandi og hefur verið frá upphafi.



Fjögur hvít kerti, fjaðrir og grænar greinar. Blómastofan Eiðistorgi.



Friðsælir fuglar og englar í náttúrunni.



Með einu rauðu kerti og jólakúlum er komin aðventustemning. Blómahönnun.



Einfaldur en fallegur kertastjaki skapar góða stemningu. Ikea.



Einfaldur kertastjaki í lofti með vanillukertum og jólin komin. Ikea.



Einfalt og formfagurt, fjögur kerti og skál. Epal.



Náttúran í öndvegi á aðventunni. Blómabúðin Hlín.



Kerti og kúlur. Blómastofan Eiðistorgi.



Kertastjaki og rauð kerti, allt sem þarf. Ikea.



Litrík aðventa. Ikea.

# Koma Drottins

***Fyrsti sunnudagur í aðventu er væntanlegur um helgina. Aðventan hefst fjórða sunnudag fyrir jól og boðar komu Drottins.***

Orðið aðventa er komið úr latínu og er merking orðsins „koma Drottins“. Árstími aðventunnar er víða kallaður jólafasta þar sem ekki mátti borða hvaða mat sem er á þessum tíma fyrr á öldum. Að stilla upp aðventukransi er norðurevrópsk hefð. Grenið táknar það líf sem er í Kristi og hringlaga form aðventukransanna táknar eilífðina.

Fyrsta kertið nefnist spádómskertið og minnir það á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins er höfðu sagt fyrir um komu frelsarans. Annað kertið nefnist Betlehemskertið eftir þorpinu sem frelsarinn fæddist í. Þriðja kertið nefnist hirðakertið, þar sem fjárhirðirnir voru þeir sem báru tíðindi af fæðingu Jesú fyrstir allra. Fjórða kertið nefnist síðan englakertið sem minnir okkur á engla himnaríkis sem báru öllu mannfólki fregnirnar af fæðingu frelsarans.

Aðventukransinn sjálfur er talinn vera upprunninn í Þýskalandi á fyrri hluta nítjándu aldar. Siðurinn barst til Suður-Jótlands og var orðinn vinsæll í Danmörku eftir árið 1940. Siðurinn barst svo frá Danmörku til Íslands. Í fyrstu var aðventukransinn aðallega notaður til að skreyta búðarglugga en á milli 1960 og 1970 fór hann að tíðkast á íslenskum heimilum og er nú orðinn ómissandi hluti þessarar árstíðar. Fyrsta tíran á aðventukransinum hringir inn komandi jólatíð á hljóðlegan og friðsamlegan máta.



Hringlaga form aðventukransins táknar eilífðina.



Fyrsta kertið sem kveikt er á kallast Spádómskertið.

Upplýsingar fengnar af Vísindavef Háskóla Íslands.

LLL

# Leið til léttara lífs

www.LLL.is

## Lærðu að lifa létt

Offita er vandamál sem margir glíma við. Við hjá Hreyfigreiningu vitum að það eru ekki til neinar töfralausnir til að létta sig og halda þyngdinni. Margir hafa reynt allt mögulegt, en árangur orðið lítill, eða skammvinnur. Þó vitum við að margt fólk borðar tiltölulega mikið, en er þó alltaf tiltölulega grannt.

Til að ná tökum á þyngdinni til framtíðar þarf að breyta alveg um stíl. Það þarf að gera breytingar á mataræði, velja aðrar fæðutegundir, elda matinn öðruvísi eða borða á annan hátt. Einnig þarf að stunda hreyfingu eða líkamsrækt og oft þarf persónulega ráðgjöf næringarráðgjafa, lækna, og sálfræðinga til þess að leiðrétta stefnuna.

Við vitum að þetta er ekki einfalt mál sem leyst er í einni svipan með töfralausnum. Hér er um langtímaverkefni að ræða sem taka þarf föstum tökum og mörgum veitir ekki af aðstoð.

Faghópurinn sem stendur að LLL skólanum:



Sjöfn Kristjánsdóttir, lyflæknir og meltingarsérfræðingur
Jakobína Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari og rekstrarfræðingur
Helma Rut Einarsdóttir, sálfræðingur
Sigríður Eysteinsdóttir, næringarfræðingur og næringarráðgjafi
Gunnur Róbertsdóttir, sjúkraþjálfari

Þess vegna höfum við hjá Hreyfigreiningu sett upp það sem við köllum „lífsstílsskóla“. Að kennslu í skólanum koma læknir, sjúkraþjálfari, sálfræðingur, næringarfræðingur og matreiðslumeistari, sem kenna hópnum og hverjum einstaklingi fyrir sig.

## Leið til léttara lífs

Hér eru engar skyndilausnir á ferð. Um er að ræða þriggja ára þjálfun fyrir þá sem er alvara með að takast á við það ævilanga verkefni að koma sér í gott form, létta sig og halda því. Námið er miðað við hvern einstakling fyrir sig og kennsla fer fram bæði í einkatímum og hóptímum.

**LLL – leið til léttara lífs** er ætlað fyrir þá sem þurfa að ná stjórn á þyngdinni og hafa BMI yfir 30. Skráning í hópa stendur nú yfir og verður næsti hópur tekinn inn í byrjun árs 2006.

HREYFI GREINING
HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

Næst



# 11 ÁRA AFMÆLI
## HERRA HAFNARFJARÐAR

Um helgina fylgir öllum jakkafötum **skyrta og leðurbelti** í afmælisgjöf frá okkur!

Í dag kl. 14 afhjúpum við 6 metra afmælistertu sem allir eru velkomnir að fá sér að smakka.

Jakkaföt frá 19.900

Opið um helgina:
Lau kl. 10-18
Sun kl. 13-17

Firði Hafnarfirði
Sími 565 0073

Herra hafnarfjörður

hausverk / SÍA




Guinot
endurnýjandi ávaxtasýru andlitsmeðferð glæsileg gjöf fylgir 2 skiptum.
Hrund • verslun og snyrtistofa
Grænatún 1 • 200 Kópavogi • Sími: 554-4025


Handverksmarkaður á Garðatorgi
- alla laugardaga fram að jólum
Þeir sem hafa áhuga að taka þátt hafið samband í síma 565 6020 eða 8917488

Jólin eru byrjuð í frönskubúðinni

Full búð að nýjum jólavörum
DU PAREIL ...au même
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750



Allt um heilsu á þriðjudögum í Fréttablaðinu.
allt



Lena Rós með börnunum sínum. Matthías Enok þrettán ára heldur utan um Rebekku Tamar þriggja ára, Alexandra Ósk fjögurra mánaða situr í fangi móður sinnar og við hlið hennar er Kristín Elísa sex ára. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Tendrum ljósið hið innra

***Séra Lena Rós Matthíasdóttir í Grafarvogi ætlar að njóta aðventunnar á hófsaman hátt með börnunum sínum.***

„Ég veit að hjá mörgum togast á annríki í vinnunni og foreldrahlutverkið á þessum árstíma,“ segir séra Lena Rós brosandi. Hún er í fæðingarorlofi vegna fjórða barns síns og kveðst finna á eigin skinni hversu nauðsynlegt er að lægja öldurnar í kringum börnin í aðdraganda jólanna. „Gjafahandbækurnar sem detta inn um bréfalúguna og auglýsingar af öllu tagi æsa okkur dálítið upp. Við búum í neyslusamfélagi og því er enn meiri áskorun fyrir hvern og einn að ganga inn í aðventuna,“ segir hún. Í framhaldinu er hún beðin að rifja upp hvað aðventan er.

Orðið aðventa er latneska, adventus domini, og þýðir „að bíða drottins“. Við tölum líka um jólaföstu og þessi orð lýsa því út á hvað þessi tími á að ganga, bið og föstu,“ segir Lena Rós. Hún bendir fólki á að skoða vefsíðu kirkjunnar www.kirkjan.is sem undir kaflanum Trúarlíf leiðbeinir lesendum um helgihald heimilanna á aðventunni.

Lena Rós kveðst ekkert vera frábrugðin öðrum húsmæðrum þessa lands sem vilja prýða heimili sín fyrir jólin og hafa allt smart og smekklegt en nú ætlar hún að leyfa börnunum að taka fullan þátt í undirbúningnum. Þau munu til dæmis fá að hanna aðventukransinn. „Það felst svo mikið í þessum litlu atriðum og samveran er svo þýðingarmikil. Við væntum frelsarans sem kom á sinn auðmjúka hátt inn í tilveruna. Fæddist sem lítið barn úti í fjárhúsi og það voru bláfátækir hirðar sem tóku á móti honum. Því ætla ég ekki að ofhlaða heimilið skrauti heldur leyfa börnunum að búa til eitthvað sjálf og við hlökkum öll mikið til þess.“

Spurð hvort henni finnist of mikið gert að því að draga fólk út af heimilunum á aðventunni svarar Lena Rós eftir smá umhugsun. „Mér finnst allt í lagi að það séu menningarviðburðir í boði en landinn mætti slaka aðeins á í jólahlaðborðastemningunni. Það er tvennt ólíkt að fjölskyldan fari saman á tónleika til dæmis heldur en að foreldrarnir séu að troða sig út af jólasteikinni fyrir fam á föstutímanum. Það er svo öfugsnúið. Betur færi á að við notuðum tækifærið í skammdeginu og reyndum svolítið að „kjarna okkur“ eins og krakkarnir á leikskólanum segja. Við erum kristin þjóð.

Stærsti hlutinn af okkur var borinn til skírnar og fyrir okkur var tendrað ljós. Það er þetta ljós sem bendir til Jesú og inni í okkur á þessi logi að vera lifandi. Þetta þurfum við að nota aðventuna til að hugleiða.“

## Til styrktar Geðhjálp

Geðhjálp hefur gefið út jólakort í ár eins og undanfarin ár.
Myndin sem prýðir kortin í ár er af aðstöðu Geðhjálpar á Túngötunni í jólalegri vetrarumgjörð. Höfundur myndarinnar er Guðný Svava Strandberg, myndlistamaður og kennari við samstarfsverkefni Geðhjálpar og Fjölmenntar um menntun- og starfsendurhæfingu fólks með geðraskanir. Jólakortin eru til sölu á skrifstofu Geðhjálpar, Túngötu 7, Reykjavík. Í boði eru kort án texta sem og með eftirfarandi texta: Bestu jólakveðjur með ósk um gleði og frið á komandi ári!
Jafnframt þessu eru í boði kort frá fyrri árum. Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Geðhjálpar, Túngötu 7, 101 Reykjavík í síma 570 1700 virka daga, milli 9 og 16. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir/pantanir á netfangið: gedhjalp@gedhjalp.is.


Jólakort Geðhjálpar í ár eru af Geðhjálparhúsinu og eru í stærðinni 12,3x17cm.

kökur }

## Þegar piparkökur bakast

MEÐAL ÞESS SEM GAMAN ER AÐ GERA FYRIR JÓLIN ER AÐ BAKA MYNDAKÖKUR.



Börnin hafa sérlega gaman af að hjálpa til við jólabaksturinn á heimilunum og fátt er þá betur við hæfi en að skella í nokkrar piparkökur og leyfa börnunum að skera út deigið með myndaformum. Það er minna mál en margur heldur. Sumir leggja vinnu í að skreyta kökurnar á eftir með glassúr og fíneríi og hafa það þá gjarnan í mismunandi litum. Formin eru eflaust víða til í verslunum. Þessi fundum við hjá Þorsteini Bergmann á Skólavörðustígnum, sjö saman á hring.



Dorrit Moussaieff forsetafrú kveikir á jólatré í Kringlunni.

# Pakkajól í Kringlunni

*Jólaljósin tendruð og gott málefni styrkt.*

Kveikt verður á jólatré Kringlunnar við hátíðlega athöfn á morgun, 27. nóvember, kl. 15.00. Dorrit Moussaieff forsetafrú mun sjá um að tendra ljósin á trénu og við sama tækifæri formlega hefja pakkasöfnun undir jólatréð. Skólakór Kársness mun syngja nokkur jólalög undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

Nylonflokkurinn, ásamt Heiðu og jólasveinunum, skemmtir gestum Kringlunnar með söng.

Pakkajól Bylgjunnar og Kringlunnar hefjast þegar kveikt er á trénu. Landsmenn allir eru hvattir til að setja pakka undir jólatré Kringlunnar sem er á fyrstu hæð hússins.

Þar verður aðstaða til að pakka inn gjöfunum og merkimiðar sem merktir eru stelpu annars vegar og strák hins vegar. Skapast hefur skemmtileg hefð hjá mörgum fjölskyldum að kaupa eina gjöf til viðbótar þegar farið er í Kringluna, pakka henni inn á staðnum og setja undir jólatréð.

Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálp Íslands munu svo sjá um að koma pökkunum til þeirra sem á aðstoð þurfa að halda fyrir jólin. ■

# Aðventa á Gljúfrasteini

*Lesið upp úr jólabókunum.*

Alla sunnudaga á aðventu verður lesið upp úr jólabókunum á Gljúfrasteini í Mosfellsbæ. Á morgun verður fyrsti upplesturinn en þar les Edda Andrésdóttir upp úr bókinni Auður Eir - Sólin kemur alltaf upp á ný. Hallgrímur Helgason les upp úr bók sinni Rokland, Guðjón Friðriksson les úr Ég elska þig stormur – ævisaga Hannesar Hafstein og Ólafur Gunnarsson les úr skáldsögu sinni Höfuðlausn.

Lesturinn hefst klukkan 15.30 og er aðgangur ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir. ■

## sniðugt}



### Tímastillar á ljósin

ÞEIR SEM VILJA SPARA RAFMAGN GETA SETT JÓLALJÓSIN Á TÍMASTILLI SEM KVEIKIR OG SLEKKUR Á LJÓSUNUM Á ÁKVEÐNUM TÍMUM DAGS.

Tímastillarnir eru líka sniðugir fyrir fólk sem er illa við að láta loga á rafmagnsljósum á meðan það er að heiman eða sofandi.
Til dæmis er hægt að láta ljósin kvikna þegar tekur að dimma síðdegis, og slökkva svo á þeim um miðjan morgun, þegar birta fer, eða hafa bara kveikt á kvöldin þegar maður er heima og flestir eru á ferli.
Jafnframt er hægt að nota svona tímastilli á jólatréð, svo það logi ekki á því á meðan fólk sefur eða er í vinnu. Eins nota sumir stillana á meðan þeir fer í ferðalög, svo ekki sé augljóst að íbúðin standi mannlaus.
Raftækjaverslunin Glóey í Ármúla í Reykjavík selur tímastilla og kosta þeir 2.500 krónur stykkið.

# Miðbakkajólatréð afhent í fertugasta sinn

***Ljós verða tendruð á jólatrénu á Miðbakkanum á morgun klukkan fimm.***

Í ár eru fjörutíu ár liðin frá því að Hamborgarhöfn sendi fyrsta jólatréð til Reykjavíkurhafnar í þakklætisskyni við íslenska sjómenn fyrir matargjafir sem þeir færðu stríðshrjáðum börnum í Hamborg eftir síðari heimsstyrjöldina.

Ljós verða tendruð á trénu í fertugasta sinn á morgun kl. 17.00 við mikla viðhöfn.

Sendiherra Þýskalands á Íslandi, Johann Wenzl, afhendir forsvarsmönnum Reykjavíkurhafnar tréð og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra ávarpar samkomuna.

Við afhendinguna syngur unglingakór Dómkirkjunnar jólalög og strengjakvartett úr Tónskóla Sigursveins leikur. Eftir athöfnina á Miðbakka verður boðið upp á heitt súkkulaði og þýskar jólakringlur (Bretzel) í Listasafni Reykjavik.



Dansað í kringum jólatréð á Austurvelli.


# OPNUNARHÁTÍÐ
## við nýjan og betri Laugaveg

**Í dag** opnar nýtt bílahús við Laugaveg og einnig verður opnaður nýr og endurbættur kafli Laugavegarins milli Barónstígs og Snorrabrautar

## Nýtt bílahús - Frítt í stæði

Nýr og endurbættur kafli
Laugavegur
Barónstígur
Snorrabraut
P

**FRÍTT** verður í nýja bílahúsið til áramóta

## Skemmtidagskrá milli kl. 12:00 og 13:00 í dag

- Formleg opnun
- Sýning úr barnaleikriti Þjóðleikhússins
- Guðjón Friðriksson segir sögu Laugavegar
- Davíð Ólafsson og Valgerður Guðnadóttir syngja gömul revíulög
- Blásarasveit Svansins
- Harmonikuleikur
- Jólasveinar
- Heitt kakó og annað góðgæti

## Verslanir og þjónustuaðilar

- Hitt Hornið
- 4 Dots
- Tony & Guy
- Hjá Berthu
- Helgi Guðmundsson - úrsmiður
- Halla Boga - gullsmiður
- Cher
- Reykjavík Pizza Company
- B-Young
- Tamten
- Dún og fiður
- Kultur menn
- Eva
- Galleri Sautján
- Vero Moda
- Seating Concept
- Intrum Justitia

ÍSTAK
Reykjavíkurborg


Toyota Avensis skrd. 07.'99. Vel með farinn konubíll. Einn eig. Uppl. í s. 892 3269.


100% lán aðeins yfirtaka. Til sölu Opel Vectra Elegance 2,2 árg. '03, ek. aðeins 23 þús. km, topplúga, hraðastillir, tölva o.fl. 2 dekkjagangar, fæst gegn yfirtöku á bílasamningi. Uppl. í s. 896 5290.


**VW Golf - Blæjubíll**
Golf 1800 árg. '85 nýsprautaður, leðurinnrétting, nýsk. Í góðu lagi. Verð 450 þ. Uppl. í s. 824 9093.

Til sölu Carina E árg. '93, fallegur bíll. Fæst á góðu verði. Uppl. í s. 659 9680.

MMC Carisma sport árg. 2000 til sölu, fæst gegn yfirtöku á láni 219 þús. + 200 þús. út. S. 661 4772.

Renault Kangoo árg. '00 ek. 85 þús. Í mjög góðu standi. Einnig Nissan Micra árg. '04 ek. 8 þús., þarfnast smá boddý lagfæringar. Uppl. í s. 695 5219 & 554 5219.

Til sölu langur Mitsubishi Pajero dísill (grár) skráður í des '99. Ek. 101 þús. km. Einnig grænn langur Pajero dísill árg.'93 (vél endurbyggð í fyrra). Uppl. í s. 893 1221.

Lincoln Continental árg. '91 til sölu. Biluð skipting. Ath skipti. Uppl. í s. 893 4245/imas@mi.is

Nissan Primera, árgerð 98. Upplýsingar í síma 893 4377 eða 487 8665

## 0-250 þús.


Til sölu VW Golf árg. 1995, ekinn 171.000 km. Vel með farinn með álfelgum og CD spilara. Reyklaus bíll. Uppl. í síma 695 1760 eða 899 9804.


Til sölu Nissan Almera '96, ek. 140 þús. þarfnast smá aðhlynningar fyrir skoðun. Fæst á 170 þús. Uppl. í s. 617 6031.


Opel Astra station '96. Ssk, sk. 06! Ek. 144 þús. Lítur frábærlega út og allt í góðu lagi. Heilsársd., cd, dráttarkúla og fl. Verð 230 þús. S. 692 0245.


Fjólublár VW Golf Gti '92. Ek. 220 þ., 3 dyra og bsk. Tvívirk glertopplúga. Uppl. í s. 896 1145, Einar.


Skoda Felicia Station Combi 1300 (190070) skr.ár 1998, ek. 92 þús., beinsk., samlæsingar, útvarp og geislaspilari, rafdr. speglar, nýtt púst. Verð 390 þús. Tilboð 200 þús. Staðgreitt. Bílasala Suðurlands S. 480 8000.


**Góð Fiesta á aðeins 250 þ. stgr.**
Ford Fiesta árg. 1998, 1300 vél, ekinn 91 þ. Ný kúpling, nýir bremsudiskar og klossar, ný nagladekk, samlæsingar, hiti í framrúðu. Ásett 390 þ. Tilboð 250 þ. stgr. S. 661 8185.


Nissan Almera 1600 sjálfsk., árg. '96, ek. 130 þús. Verð 240 þús. Uppl. í s. 690 2089.


Hyundai Accent 1300 96 árgerð 5dyr 5 gíra ek 100 þús km sumar og vetrardekk ny skoðaður 06 ny kúpling nyjar bremsur Tilboð 160 þús. S. 691-4441

Mazda mx-6, ek. 160 þús., sk. '06, smá gangtruflanir og vantsvandræði. Önnur Mazda mx-6 fylgir með í varahluti. Tilboð óskast í S. 869 9749.

Til sölu Hyundai Accent '96 sjálfsk., ek. 159 þús. Verð 150 þús. Uppl. í s. 690 4747 eða 865 3635.

Gott eintak af Subaru Legacy '93 2.0 sjálfsk., sk. '06, s. og v. dekk á felg. S. 892 5257 / 588 0115.

Til sölu tveir MMC Galant '93, Toyota Corolla '93 og Honda Accord '91. Uppl. í s. 868 3069.

Til sölu Daihatsu Charade '91 1300i, mjög gott eintak, ek. 160 þús. Verð 60 þús. Uppl. í s. 696 7714

Opel Astra '95 station, sk. '06. Mjög góður bíll. Verð 150 þús. Nissan Sunny '92, þarfnast viðgerðar. Verð 30 þús. Uppl. í s. 869 9330.

Til sölu Corolla árg. '90, sjálfskiptur, ek. 140 þús. Verð 70 þús. Uppl. í s. 897 2282.

Mitsubishi L-300 árg. '94, þarfnast lagfæringar. Selst fyrir lítið, tilboð óskast. S. 891 6857.

Út að leika 35" Toyota 4Runner árg. 1990, V6 bensín, ekinn 190 þ., flækjur og tvöfalt púst, topplúga, kastarar, Verð 190 þ. Uppl. í s 866 4222, Guðjón.

Hyundai Accent '96, blár, 4ra d, sjálfsk, sk. '06, ný tímareim, nýtt í bremsum, góður bíll. Ásett verð 170 þ. Uppl. í s. 861 7841.

Ódýrir nýsk.!! Golf St '94 V. 95 þ. Accent '96 ssk. V. 95 þ. Lancer '92 ssk. V. 55 þ. S. 844 6609.

Toyota Corolla '96 station ek. 219 þús. Verð 240 þús. Uppl. í s. 897 3673.

Til sölu Eclipse 91, innfluttur '97. Uppl. í s. 691 5666.

Hyundai Accent '95 ekinn 150 þús. Nýskoðaður. Verð 160 þús. Ath. skipti á fartölvu. Uppl. í s. 660 8166.

MMC Galant '92 skoðaður í topplagi. Uppl. í s. 868 5866, Friðrik.

**Dúndurtilboð!**
Ford Escort station '98, sk. '06, ek. 148 þ. CD, góður bíll. V. 390 þ. Tilboð 220 þ. S. 659 9696.

Árg. 1997, ek. 94 þús. Hyundai Sonata, 5 gíra, skoðaður og í topplagi. Ásett verð 380 þús., fæst á 250 þús. stgr. Uppl. í s. 664 8363.

Subaru Legacy '93, 4x4, station m/krók. Ek. 195 þús., lítur vel út og í góðu standi. Verð 250 þús. Uppl. í síma 897 1073.

Til sölu Honda Accord árg. '90, sk. '06, mikið endurnýjað. einnig til sölu 10 rjúpur. Uppl. í s. 868 3069.

## 250-499 þús.


Toyota Corolla '93 1,6 ek. 170 þ. km á vél, 16" felgur. Filmur, þjófavörn. KTM 380 '99, 290 þ. kr. S. 869 8937.


**Tilboð 290 þ.**
Ásett verð 460 þ. Toyota Carina E 1800. Árg.1996. Ekinn 168 þ.km. Silfurgrár, vel með farinn bíll. Verð 290 þ. Uppl. í s. 695 7547.


Tilboð 290 þús. Toyota Corolla '96. St. 1.3 ek. 140 þús. beinsk. nýsk. S. 869 5331.


11 þ. í 2 ár eða 260 þ. Peugeot 406 '97 aðeins 2 eigendur frá upphafi. S. 699 5277.


Toyota Carina E, árg. '97, ekinn 165.000. Verð 370.000 Upplýsingar í síma 891 9938.


Opel Vectra 1998, ek. 163.000, 1600cc, beinskiptur. Verð 380.000 eða tilboð. Góð dekk. Sami eigandi frá upphafi, reyklaus. Gott viðhald. Fínn í skólann. S. 862 3326.


Hyundai H1, 9 manna, dráttakrókur. Keyrður ca. 307 þús km. Skoðaður '06. Skipti skoðuð ef ódýrari. S. 822 5260.


**Corolla Gullmoli ekinn aðeins 126 þ.**
Toyota Corolla Sedan árg. 1995, 1300 vél, sjálfskiptur, ekinn aðeins 126 þ. km. Rafm. í rúðum. Samlæs, sk. '06, nagladekk, 2 eigendur. Verð 450 þ. Tilboð 370 þ. stgr. S. 821 6306.


**Honda Civic LSi**
árg. 1997, 3ja dyra, 1500cc, beinskiptur, ek. aðeins 117.000. Sprækur, smart og sparneytinn. Topplúga, sumardekk á álfelgum, vetrardekk á stálfelgum. Gott eintak sem á nóg eftir. Verð aðeins 495.000. Uppl. í s. 660-0090 & 821-1888

Mazda 323 '97, ek. aðeins 62 þ. Gullmoli, sjálfsk, 4 dyra, s+v dekk, allur ný yfirfarinn. Verð 430 þ. stgr. S. 898 0227.


Mazda 323 LX, skrd 09/97, ek. 141.000 km, 1300 cc, beinsk., 400.000 kr. Einn eigandi, nýr rafgeymir, reyklaus. S. 862 0040.


Til sölu Toyota Corolla árg. '98, ek. 119 þús., nýsk., nýjar hjólalegur, nýuppt. bremsur. Engin skipti. Uppl. í s. 822 7805.

Honda Civic 1.4 si '99, ek. 121 þ. álfelgur, filmur, kraftpúst og sía. Listi 580 þ. en fæst á 430 þ. 699 6335.

Skoda Fabia 1,4 árg. '00, ek. 98 þús. km. Beinsk., topplúga, álfelgur, vindskeið og ný vetrard. Tilboð 300 þús. út og yfirtaka á hagstæðu bílal. 365 þús. Afb. 8300 á mán. Uppl. í s. 896 7532.

Plymoth Voyager 7 manna 2,4 l. Ekinn 160 þús. Biluð sjálfskipting, lítur vel út. Selst á 350 þús stgr eða 160 þús. út og 190 þús. bílalán. S. 822 9594.

Suzuki Vitara '95 ek. 145 þús. Lítur mjög vel út. Einn eigandi. Tilboð 310 þús. Uppl. í s. 897 3673.

Renault Kangoo vinnubíll árg. '98 ekinn 135 þús. Verð 450 þús. Uppl. í s. 868 5866, Friðrik.

## 500-999 þús.


Til sölu Ford Focus 02/'03, ssk., vél 2000, ek. 17 þ. m. Tikkar á undirlyftu. V. 850 þ. yfirtaka láns kaupandi fær 50 þ. í pen. Nagladekk sumard.fylgja. S. 694 3636.


Nissan Terrano II '97, ek.148 þ. Nýsk. '06 ný dekk, púst. Topp bíll. 890 þ. 822 7300.


Til sölu Renault Kangoo '98, ek. 100 þús. Verð 500 þús. Uppl. í s. 822 8996.

Toyota Yaris árg. '00, 1,0 vél ek. 90 þ. sk. '06, CD, nýir diskar og dekk. Tilboð 590 þ. S. 661 8185.


Nissan Primera árg. '97 ekinn 143 þús. Dráttarkr., geislaspilari, skoðaður '06. Verð 520 þús. Uppl. í s. 565 4537 & 866 0817.


Til sölu Trans Am, einn sá fallegasti, ek. 103 þús. mílur, sk. '06. Verð 590 þús. Uppl. í s. 897 2282.


Nissan Almera '00 ek. 98 þ. vel með farinn, ný dekk, nýsk. v. 590 þús. S. 695 1443.


Opel Astra 1,6 St. '00 til sölu. Listaverð 760 þús. Tilboð 600 þús. áhv. 400 þús. (13 á mán.)s. 660 8864.


M. Benz E250TD árg. '95, innfl. 1999. Ekinn 348 þús. 5 gír. ABS, rafm í rúðum, topplúga. Verð 670 þús. GSM 669 9830.


Til sölu Toyota Corolla 1.6 árg. '98 ekinn 145 þús., dráttarkúla, ný tímareim. Toppeintak. Verð 520 þús. Uppl. í s. 868 8377.


Til sölu Suzuki Vitara V-6, árg. 1996, Sjálfskiptur, ekinn 148 þ. km. Huggulegur bíll. Verð 590 þús. Upplýsingar Ásmundur 895 3000.


Honda Accord '96 ekinn 140 þús. Ásett 630 þús. Fæst á góðum stgr. afslætti. Uppl. í s. 690 3626.


Opel Astra árg. '99, 1.2, ek. 44 þús., yfirtaka á 500 þús. bílaláni + 240 þús., sumar og vetradekk. Góður bíll. Uppl. í s. 897 9872.


Toyota Yaris árg. '00 ek. 90 þús. Fæst á frábæru tilboðsverði 500 þús. Uppl. í s. 897 3057.


**Stór útsala! 89 þús. útb.**
Renault Clio 1100 nýskr. 05/'03, 5 dyra. Ek. aðeins 24 þús. Yfirtaka á 750 þús. kr. láni + 89 þús. útb. S. 690 8304.


**Fallegur Yaris á aðeins 770 þ.!**
Toyota Yaris 2002,1,0 vél, beinsk., 5 dyra, CD, airbag, sk. '07. Ásett 830 þús. Tilboð 770 þús. stgr. Fallegur og góður bíll. Sími 661 8197.


**Gríðarlega gott eintak af Legacy!!**
Subaru Legacy Station, 2,0 vél, árgerð 1999, E. 141 þ. Sjálfs., Rafm. í rúðum og speglum, krókur, filmur, álfelgur, ný nagladekk, sk. '06, CD. Ásett 970 þ. Tilboð 860 þ. stgr. S 661 8185.

## IÐNVÉLAR/BÍLAR TIL SÖLU

**Kauptu bíl beint frá Bandaríkjunum**
Við hjálpum þér að velja þinn bíl
Við bjóðum lægstu flutningsgjöldin sem völ er á
Við bjóðum lægsta gjaldið fyrir þjónustuna
Okkar þjónusta er örugg, auðveld, hröð og traust.
**Bílar, trukkar, traktorar, bifhjól**
**aðrar vélar, varahlutir, bátar og tjónabílar.**
Vikulegar sendingar til Íslands frá Bandaríkjunum
International Ventures LLC
Suffolk, Virgina USA, T-001-757-986-3800
F-001-757-986-3801, e-mail: ivllc@ivllc.us




**Til Sölu glæsilegasti BMW 645 Ci 3/2004 með öllum hugsanlegum aukahlutum, ek 60 þ.km. Innfluttur frá Þýskalandi allar þjónustubækur frá BMW. Bíll í sérflokki. Verð 9,9 Millj. Nánari upplýsingar hjá Höfðabílum í síma 577 4747.**



Ford Bronco '79, breyttur fyrir 44", loftlæstur að framan, No spin að aftan. Þarfnast viðgerðar. Verð 80 þús. Uppl. í s. 869 9330.

38" Toyota 4runner árg. '90 fæst á 350 þús. stgr. Uppl. í síma 893 0173.

## Fornbílar



Opel GT '69, einn sá flottasti, endurnýjaður frá grunni, tjúnaður -keppniskram, sjaldséður bíll. Vantar lokafrágang. Tilboð óskast. Upplýsingar í s. 898 2720.

## Pallbílar




2006 Ford F150 Lariat kominn og fæst hjá Islandus.com undir markaðsverði! Einnig Dodge RAM og Toyota Hilux Diesel pallbílar á tilboðsverði. Hægt að velja um fjölda lita og aukabúnað Við útvegum allar gerðir pallbíla t.d. Ford Explorer SportTrack, Nánari upplýsingar í síma 552 2000 og á www.islandus.com www.islandus.com



Til sölu Dodge Ram 2500 árgerð 2004. Ekinn 22,000 þús mil, verð 3.950 m, vsk. Bílnum getur fylgt 9 Ω feta camper með öllu, þ.e sturtu, WC aðstöðu, útvarp og CD, sjónvarpsloftnet o.fl. Verð 1.450 þús. Uppl. í síma 896 1717.



Ford F250 Lariat Fx4, árg. '04 til sölu. 6,0L, dísel, ssk., leður, Leer hús, húðaður pallur o.m.fl. Ek. 16 þ. km. Tilboð 3.250 þús. S. 565 7107 & 691 1299.



**Nýr Bíll**
Dodge Ram 2500 Laramie 4X4 árg. 2005 til sölu. 5.9L Dísel, sjálfskiptur, leður, dráttarbeisli, offroad pakki, Bluetooth, Infinity hljómkerfi, LEER hús, húðaður pallur o.m.fl. Ókeyrður bíll. V. 4.450 þ. Uppl. í síma 565 7107 & 691 1299.

Nissan KingCab mikið breyttur. Fæst á góðu verði. Skipti möguleg. Uppl. í s. 848 8111.

## Sendibílar



M. Benz Sprinter 316 CDI árg. 07/'05, ek. 14.000, talstöð, mælir og stöðvarleyfi getur fylgt. Uppl. í s. 892 4312.



Scania 94D 230H, árg. '01, ekinn 105 þús. Með kassa 7 1/2 m. á lengd. Uppl. í síma 898 9006. Skipti möguleg á sendibíl.

## Vörubílar



Til sölu Daf árgerð'91, ekinn 300.000, hár kassi, lyfta og bakkmyndavél. Verðtilboð, skoða öll skipti. S. 896 4456.



Bens 3538 árgerð '97. 4 öxla 8x6, ekinn 260 þús. Upplýsingar í síma 893 4377 eða 487 8665.

Notaðir varahlutir í Man, Volvo, M. Benz og Scania. Heiði Vélahlutir s. 534 3441.

## Húsbílar



Econoline 350 '99, 15 manna. Hópleyfisskoðaður '06. Krókur. Ekinn 60.000 km. 5,4 bensín, Áhv. um 1.350 þ. Afb. 31.000.- Yfirtaka láns + 50.000. Uppl. 899 0410.

## Mótorhjól



Honda CRF80F árg. '05, Honda CRF100F árg. '05, Honda CRF250X árg. '05. Nánast ónotuð hjól. Uppl. í s. 898 2720.



**Útsala Útsala Útsala.**
Yamaha YZ 250F árg. 2005, nýtt verð 650,000. Yamaha YZ 250T árg. 2005 Nýtt verð 650,000. Honda CRF 450 árg. 2005 Verð 640,000. Susuki RMZ 250 árg. 2004 Verð 470,000. S. 898 2811.

Gasgas 250 cc árg. 2000, gott hjól. Ásett verð 240 þús. Uppl. í síma 846 7711.

Yamaha TTR230 árg. '05 til sölu. Verð 500 þús. Uppl. í s. 868 5866, Friðrik.

**Mótorhjólageymslan sv.**
Vetrargeymsla á mótorhjólum. Upphitað, enginn umgangur. Staðsetning á 108 Reykjavík. Verð 5000 kr. pr. mán. S. 892 0808.

## Fjórhjól

Til sölu Bombardier DS 650 X árg. 2005. Uppl. í s. 898 6156.

## Vélsleðar




Til sölu Yamaha Vyper snjósleði, millilangur, árg. 2004, lán getur fylgt. Uppl. í s. 866 3111.

## Kerrur

Smíðum vélsleðakerrur í fullri lengd. Uppl. í s. 899 2794.

## Hjólhýsi



**Ódýri hjólhýsamarkaðurinn auglýsir**
Getur útvegað ný Hobby Landhaus árg. 2006 á ótrúlegu verði núna. Aðeins kr. 2,5 millj. Með ofnakerfi og gólfhita kr. 2,7 millj. Gerum sölutilboð í allar gerðir af nýjum Hobby og Adria húsvögnum Nýjir húsvagnar á verði notaðra. Vinsamlega leitið upplýsinga. Húsvagnar ehf. Eldshöfða 21, Reykjavík s. 587 2200 & 894 6000.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Tilboð óskast í bifreiðina R-27905 sem er Bens 1113 með 4x4 drif, næs óslitin dekk, sæti fyrir 10-12 manns. Einnig nýlega innfluttur verkfæa kassi (boddí) stærð: H.180, B. 250, L. 420. Selst saman eða ísitthvor lagi. Einnig möguleiki að selja sérstakan undirvagn (grind) með loftbremsum undir kassann. Uppl. í s. 896 5009.

## Bátar

Hraðbátur með glænýjum 100 hö mótor. Fæst á góðu verði. Skipti möguleg. Uppl. í s. 848 8111.

## Aukahlutir í bíla

Góð Goodyear N. snjódekk 31x10,5 R15, v. 40 þ. + Sl. Vitara dekk á álf. 30x9,5 R15. S. 845 2802.

## Hjólbarðar

35" notuð nagladekk til sölu. Verð 40.000. Uppl. hjá Ný-dekk ehf. S. 553 5777.

33" lítið slitin snjódekk, á 16,5" felgur, jeppadekk, nagladekk óskast til kaups. Uppl. í s. 820 5100.

Til sölu 4 nýleg nagladekk á felgum undan Nissan Primera stærð 195/60/R15. Seljast á 30 þús. Uppl. í s. 821 3722.

Til sölu 4 15" álfelgur, 6 gata vel útlítandi með hálfslitnum 38" dekkjum. 4 16" álfelgur 8 gata, 5 ný dekk 265/75 16". 4 tæplega hálfslitin, vel negld jeppadekk 33"x15" á stálfelgum, 6 gata. 1 lítið slitið BF 35"x15". S. 895 5300.

## Varahlutir

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

Alternatorar & Startarar í Fólksbíla, Vörub. Vinnuv. Bátav. á lager og hraðsendingar. 40 ára reynsla. Bílaraf. Auðbrekku 20. S. 564 0400.

**Japanskar Vélar**
Erum að byrja að rífa Legacy 98 Inpresa 98 Nissan Kingc 96 Sirion 98 Matrix 02 ofl. s. 565 3400

Til sölu varahlutir í MMC Galant '93-'96 og Hondu Accord '90-'94. Uppl. í s. 868 3069.

Á til varahluti í ýmsa bíla. 4. stk. BMW 15" felgur á 6 þ. S. 896 8568.

Til sölu varahlutir í Ford Ranger árg. '86 og árg. '92, plasthús lengri gerðin, ásamt fleiri hlutum. Uppl. í s. 894 2413.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






**1000 kr. Tilboð!!!**
Allar pizzur á matseðli eða með 2 áleggjum á aðeins 1000 kr. og hvítlauksbrauð fylgir frítt með, alla daga þegar sótt er. Opið 16-21 alla daga. Pizza 67 Austurveri, Háaleitisbraut 68. S. 800 6767.



Jólagjöfin í ár ekta pelsar frá 75 þús. Einnig stórar stærðir. Takmarkað magn. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.




**Settu saman sjálfur**
handriðakerfi tilbúið til uppsetningar. Verðdæmi handrið á mynd 3m, 10.970 pr.m Ryðfrítt stál, ál, galvanhúðað stál, trélistar og gler, hentar vel á stiga og svalir. Engin bið, ótrúlega hagstæð verð. Stigalagerinn, Dalbrekku 26, s 564 1890






Broyhill sjónvarps og hljómtækjaskápur til sölu. H133, L172, D54. Einnig gervihnattadiskur 110 cm með móttakara og öllum búnaði. Uppl. í s. 696 1588.



**Stubbastrumpar.**
Góð lausn fyrir alla vinnustaði. Snyrtilegir og auðveldir í notkunn. Uppl. í s. 847 7995 & 699 2698.

**Minkapelsar**
Til sölu minkapelsar, síður og stuttur, blárefapels, skinnkragar, ullarkápur og jakkar t.d. í yfirstærðum og fl. Verð frá 5000.-
**KS. Diana s. 551 8481.**




Útsala í dag, laugardag, opið kl. 10-18. GreenHouse, Rauðagerði 26.



Rakara stóll. Hugsanlega elsti rakarastóll Íslands, forðum daga staðsettur í Grjótaþorpinu. Tilboð óskast. S. 822 1929.



"Be wilde" Postman Bag "orange" 17.900. kulusukart.com S. 893 6262



Ísbjarnarfeldur. Lengd 2.4 m kulusukart.com S. 893 6262.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Rúllugardínur. Sparið og komið með gömlu rúllugardínukeflin og fáið nýjan dúk á keflin. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

Ættfræðiáhugafólk: GRASAÆTTIN er nýstárleg og fróðleg bók. Sími 561 2927.

Til sölu lager á góðu verði, hreinlætisvörur, nærföt og fl. Tilvalið til gjafa. Uppl. í síma 533 6333.

Til sölu 32" Philips Sjónvarp. Selst ódýrt vegna flutninga kr. 50.000.- Upplýsingar í s. 869 1862.

Til sölu eldhúsinnrétting, ísskápur, eldavél, háfur, vaskur og blöndunartæki. Uppl. í s. 581 2170 & 663 8078.

Til sölu nýr sky+ móttakari, mjög gott verð. Get einnig útvegað sky áskriftarkort. Uppl. í síma 820 3712.

Ungbarnastóll m/borði, sjónv. 14", standlampi, gluggakappi, gardínur og hillur. Uppl. í s. 565 8569 yfir helgina.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Tökum bilað upp í. Sími 847 5545.

Til sölu hilluefni, hvítar hillur og uppistöður, einnig stórt skrifborð með skúffum og tölvuborði, grár skjalaskápur með 3 þrem skúffum. Selst ódýrt. S. 553 5061 & 661 0161.

Til sölu ónotuð dýna úr betra bak. Stærð 1.80 x 2.13, selst mjög ódýrt, einnig gefins ísskápur. Uppl. í s. 486 5590

Eldhúsinnrétting til sölu ásamt ofni og keramik helluborði. Uppl. í s. 661 8576.

Nýr Sky digital búnaður til sölu ásamt áskrift. Frábært verð. Útvegum örugga áskrift að Sky. Hringdu núna. ONOFF S. 892 9804.

Nokkrir uppstoppaðir fuglar til sölu, t.d. snæugla. Uppl. í s. 897 3630.

Íssk. 140 cm m. sér frysti á 10 þ. 133 cm og 85 cm á 8 þ. Gasísskápur á 15 þ. Frystiskápur á 10 þ. Olíukamína á 15 þ. Barnakerra á 4 þ. Barnabílstóll á 2 þ. 4 stk. 15" BMW felgur á 6 þ. S. 896 8568.

## Heimilistæki



**LauraStar.**
Gufustraujárn með gufuþrýstingi. Tækni atvinnumannsins fyrir heimili. Álver ehf. S: 511 4100.

## Hljóðfæri

Nýr rafmagnsgítar með magnara til sölu. Sími 861 1586.

## Tónlist

Söngkona óskast í starfandi danshljómsveit. Uppl. á skrifstofa@gigg.is og í s. 866 6386.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Vélar og verkfæri



**Járnaklippur.**
Vandaðar Japanskar járnaklippur, einfasa eða rafhlöðuvél. Taka upp í 16 mm. Léttar og öflugar. Rafbjörg ehf. Vatnagörðum 14. Sími 581 4470.

Til sölu er Þriggja mótora sambyggð trésmíðavél. Nánari upplýsingar í síma 899 4846.

Iðnaðarloftpressa til sölu á kerru 2.200 mínútulítrar. Upplýsingar í síma 894 2413.

Til sölu Sun mótorstillitölva, ýmis verkfæri til bílaviðgerða, neglingagálgi fyrir dekk, járnskurðarrokkur, sambyggð trésmíðavél, lítil súluborvél og verkfæraskápur. Uppl. í síma 893 3475.

Til sölu nokkrar amerískar iðnaðarþvottavélar og þurkarar, hlægilegt verð... S. 663 5901.

## Bækur

Afkomendur Grasa-Þórunnar: GRASAÆTTIN er tilvalin jólagjöf. Sími 561 2927.

## Til bygginga

Eldtraust hurð-bílskúrshurðaopnari Eldvarnahurð hvít, 90 sm. og bílskúrshurðaopnari til sölu. S. 824 4790.

Útsala!! Til sölu gifsplötur, spónaplötur 22 mm, lagerhillur járn, stór peningaskápur 1500 kg. iðnaðarþvottavélar og m.f.l. gott verð!! Uppl. í s. 663 5901.

## Verslun






**Nýtt!! Nýtt!!**
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.






Vönduð ljósatré (úti) í úrvali. Jólamarkaðurinn Lynghálsi 4 (sama hús og Europrice). Opið laugardag og sunnudag 11:00-16:00.

## Heildsala

**Bókabúð Grímsbæ**
25% afsláttur af öllum leikföngum í nóvember.

ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Þrifvirkni Hreingerningar þjónusta. Hraunbæ 80. Sími 869 3868 & 861 6512.**
Leitið tilboða ykkur að kostnaðarlausu : Ræstingar í fyrirtækjum - Daglegar ræstingar - Ræsting sameigna - Teppahreinsun - Veggja og loftþrif - Gluggaþvottur - sorpgeymsluþjónusta - Húsvarðaþjónusta - Iðnarþrif - flutningsþrif - Brunaþrif - þrif eftir vatnstjón - Bónun og viðhald gólfefna - Heimilisþrif.
**Allar nánari Uppl. í s. 869 3868 & 861 6512 eða senda fyrirspurnir á trifvirkni@hive.is**

Tökum að okkur heimilis - flutnings - stigagangaþrif - teppahreinsun - bónvinnu og gluggaþvott. S. 846 0410 kl. 14, 892 9295.

## Ræstingar




**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur, teppahreinsun, bónvinna. og fl. Húsfélagaþjónustan ehf s: 863 8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

## Garðyrkja

**Túnþökusala Oddsteins**
Túnþökur til sölu, frí heimkeyrsla. Steini. S. 663 6666 & 663 7666.

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

Get bætt við mig verkefnum. Tímavinna eða tilboð. Uppl. í síma 868 7745.

## Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars. S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

Bortækni S:892-7544
Allhliða Þjónusta
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Þrifaleg umgengni
20 ára reynsla

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. múrun, málun, flísa-& parketlagnir og trésmíðavinnu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, glerja. Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Parketlögn & flísalögn fyrir jólin. Vönduð vinna, tilboð eða tímavinna. S. 892 9804.

**Trésmíðaverktakar**
Getum bætt við okkur verkefnum úti sem inni. Uppl. í s. 587 1905 & 869 6244.

Flísalagninga fyrirtæki. Tökum að okkur allar flísalagnir. Mikil gæði á góðum hraða. S. 861 7294 & 691 2326.

## Stífluþjónusta

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

## Múrarar

FLÍSALAGNIR
Sími 698 0111

## Trésmíði

Getum bætt við okkur sólpöllum, skjólveggjum og allri almennri gipsvinnu. Erum byrjaðir að taka niður pantanir fyrir næsta sumar. Uppl. í s. 867 0791 & 865 1863.

## Viðgerðir

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og nýlagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709.

## Önnur þjónusta




Fatahönnun Leikbúningahönnuður tekur að sér að hanna og sauma hvers konar klæðnað. Hef reynslu í gerð viðhafnabúninga og hátíðaklæðnaðar. Símar 562 1016 & 867 6432.

**Minigrafa**
Til leigu minigrafa með eða án manns. Uppl. í s. 846 2742 Sigvaldi & 694 5181 Guðmundur.

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

HEILSA

## Heilsuvörur




## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is

## Nudd

**Heilunarsetrið**
Dvergshöfða 27. Símar: 567 7888 og 868 3894. heilunarsetrid.is

## Snyrting



**Betri Gjöf.**
Tilboð Gelneglur frá 4.900- fjölbreytt naglaskraut. Greifynjan snyrtistofa sími 587 9310. Hraunbæ 102. Opið frá kl 9-22.

## TIL SÖLU






## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Nýjar jólavörur
**Birkihlíð Kópavogi**

Er draumurinn að fara á skíði ?
Kaupfélag Skagfirðinga.
**skagafjordur.is**

Aðventukransar
**Birkihlíð Kópavogi**

Er draumurinn að fara á skíði?
Sveitarfélagið Skagafjörður.
**skagafjordur.is**

Atlantsolía
**–ávalt ódýr.**

Leyndarmál eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur.
**Útgefandi**

Leðurjakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Frankie stálvaskar-
**Ísleifur Jónsson Bolholti.**

Allt að 50% afsláttur á jólaseríum.
**Blómaval.**

Höfum tekið upp mikið af nýjum og glæsilegum vetrarvörum.
Tilvalið í jólapakkann fyrir hestamanninn.
**Lífland, Lynghálsi 3.**

Betri búnaður – fyrir hestamanninn.
Það hefur aldrei verið jafn skemmtilegt að fara í banka og í dag.
Komdu á fjölskylduskemmtun Landsbankans
í nýja útibúinu í Holtagörðum klukkan 14 -16.
Söngflokkurinn Nylon, Birta og Bárður, andlitsmálun, léttar veitingar
og allir leystir út með gjöfum.
**Landsbankinn Holtagörðum.**

Sypris á 299 krónur.
**Blómaval.**

Jólin þín byrja í
**Ikea.**

Megatilboð!
50% afsláttur af öllum ljósakortum til sunnudags.
**Lindarsól og Fjarðarsól**

Opið til klukkan 14-
**Ísleifur Jónsson Bolholti.**

Þrefaldur pottur-
**Lottó.**

Jóltilboð! 25% afsláttur.
**Róbert bangsi.**

Geisladiskurinn Jólin eru að koma
með KK 0g Ellen er komin í verslanir
**12 Tónar.**

Er draumurinn að fara á skíði?
**Kaupfélag Sagfirðinga.**
**Skagafjörður.is**

Fjölskylduskemmtun í nýju útibúi Landsbankans í Holtagörðum
klukkan 14 – 16 í dag.
Nylon, Birta og Bárður, andlitsmálun, léttar veitingar og allir
leystir út með gjöfum.
Hlökkum til að sjá þig.
**Landsbankinn Holtagörðum.**

Missið ekki af Romanov sýningunni. Næstssíðasta sýningarhelgi,
leiðsögn klukkan tvö og þrjú.
**Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn.**

Öll verk á netinu.
**Galleri Lind, Bæjarlind.**
**Galleri-Lind.is**

Madina snyrtivörur,
**Laugavegi 30a**

Opið laugardag
**Herrafataverslun Birgis.**

Bókin- Í dag
366 manna landslið fjallar um lífið, tilveruna og trúna.
**Skálholtsútgáfan.**

Þrjár jólastjörnur á 999 krónur.
**Blómaval.**

Þrefaldur pottur stefnir í 12 milljónir.
**Lottó**

Hreinlætistæki-
**Ísleifur Jónsson Bolholti.**

Jólaseríur.
20-50% afsláttur.
**Blómaval.**

Þankagangur Jóns Gnarr er komin í bókaverslanir.
**Skálholtsútgáfan.**

Rafhitaðir nuddpottar-
**Ísleifur Jónsson Bolholti.**

Söngflokkurinn Nylon, Birta og Bárður, andlitsmálun, léttar veitingar,
gjafir og glæsilegt nýtt útibú Landsbankans.
Komdu á fjölskylduskemmtun Landsbankans í Holtagörðum
klukkan 14 til 16 í dag.
**Landsbankinn Holtagörðum.**

Aðventukrans fyrir sprittkerti.
1999 krónur.
**Blómaval.**

After the rain með Ragnheiði Gröndal er frábær plata frá söngkonu ársins.
**12 Tónar.**

Opið til sex um helgar.
**Ikea.**

Þankagangur. Jón Gnarr skoðar samtímann.
**Skálholtsútgáfan.**

Fyrsti sunnudagur í aðventu. Fræðslumorgun kl. 10
Dr. juris Herdís Þorgeirsdóttir fjallar um „Frelsi og ábyrgð fjölmiðla"
**Hallgrímskirkja.**

Bókin- Í dag
Hugleiðingar 366 Íslendinga í einni bók.
Íslandsmet!
**Skálholtsútgáfan.**

Frá Hallgrímskirkju.
Fræðslumorgun kl. 10.
Messa og barnastarf kl. 11
Biskup Íslands Karl Sigurbjörnsson predikar.
Söfnunarátak hjálparstarfs kirkjunnar hefst.
**Hallgrímskirkja.**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, akstursmat. Kenni á Opel Vectra. sími 898 2833, Marteinn Guðmundsson.

## HEIMILIÐ

### Húsgögn



Til sölu amerískt 7 sæta sófasett á frábæru verði kr 85.000. Uppl. í s. 566 6415/896 0415.

Natuzzi sófasett, borðstofuborð og stólar til sölu. Selst ódýrt. Uppl. í s. 894 5687.

Til sölu nýlegur klæðaskápur, 2 m á breidd úr kirsuberjavið á 30.000 kr, skenkur úr beyki á 25.000 kr og glerskápur frá IKEA á 10.000 kr. Valþór, s. 894 7252.

Til sölu 3 ára brúnn hornsófi 3+2, selst á 35 þús. Uppl. í síma 552 1557 eða 896 0557.

Til sölu hjónarúm king size 183x210 cm verð 40 þús. Unglingarúm 90x200 cm hægt að stilla í 3 hæðir 15 þús. ísskápur m. frystihólfi 5 þús. Uppl. í síma 821 1893.

Til sölu eldhúsborð 74x118 og 3 stólar, antikbæsað, nýlegt verð 9 þús. S. 690 2369.

Óska eftir að kaupa vandað, stækkanlegt borðstofuborð, frá árinu 60's, t.d. Sigvaldaborð. S. 863 7161.

Hjónarúm til sölu 150x2m. Dýnur frá Ragnari Björnssyni. Selst ódýrt. S. 868 7216 & 557 7262.

### Barnavörur



**JÓLATILBOÐ**
25 % afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

### Dýrahald

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Kringlan, s. 588 0711 Dýraland Spöng. s. 587 0744.**



Til sölu Chihuahua strákur í Rotweiler litunum. Verð 150 þús. Afsl. 20 þús. Uppl. í s. 896 1976.



Til sölu amerískir Cocker Spaniel hvolpar með ættbók frá HRFÍ. Til sýnis í Rvk í dag 26. nóv. S. 868 0019.

**Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.**
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Íslenskur hvolpur (kk) ættbók frá HRFÍ. Verður til sýnis í RVK í dag. S 696 0884.

Til sölu 10 vikna Poodle hvolpar. S. 663 4085 og 862 8088.

2 stór fiskabúr til sölu, annað er glænýtt hornfiskabúr, fiskar geta fylgt ásamt öllu. Fást á góðu verði. Uppl. í s. 848 8111

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

### Hestamennska

Sölusýning á hrossum í Hestheimum Rangárvallarsýslu nk. lau. 26. nóv. kl. 16. Uppl. í s. 487 6666.

Til sölu 2ja hestakerra, skoðuð og skráð, á 1. öxli og bremsulaus. S. 695 4046.

### Fyrir veiðimenn







www.sportvorugerdin.is

### Ýmislegt




## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m2 og þá fylgir til viðbótar 80m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu: www.pulsinn.com/hus

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu íbúð í miðbænum, 4 svefnherbergi, 3 stofur. Tilboð óskast sent til Fbl, Skaftahlíð 24 merkt "3 stofur" fyrir 01. des.

Stórglæsileg 2ja herb. íbúð til leigu. Íbúðin er öll nýuppgerð með húsgögnum, LCD sjónvarpi m. myndlykli og borðbúnaði. Nánari uppl. í s. 861 5152.

Til leigu 48 m2 íbúð í Garðabæ með sérinngangi. Uppl. í síma 896 3444.

I Garðab. 57m2 á jarðh. m. sérinng. Frá 1 des. Leiga 60 þús. Uppl. í s. 895 8678.

Einstaklingsíbúð í Grafarvogi, stofa með eldhúskrók, baðherbergi. Laus 1. des. Reglusemi og skilvísi áskilin. Nafn og símanúmer berist til Fréttablaðsins merkt "5674" og við hringjum.

Björt og rúmgóð 2 herb, 55 fm íbúð í Miðbænum til leigu. Leigist með húsgögnum. Laus frá 1.des. Uppl. í s. 846 8904

4ja herb. góð íbúð, á hæð í steinhúsi, á góðum stað í 101. 2 stofur og 2 svefn.herb. Verð 105 þ. hússj. og hiti innif. Reglusemi áskilin. Svör sendist á Fréttablaðið Skaftahlíð 24 105, merkt "101RVK".

Herbergi með eldhúskróki og salerni til leigu á svæði 101. Verð 30.000. Uppl. veitir Halla s. 860 5581 á sunnud. milli 13-17.

Rauðalækur. 2ja herb. íbúð jarðh. sér inng. 68 þ. 2 m. fyrirfr. tryggv. laus. S. 690 8466.

78 fermetra íbúð í Engihjalla í Kópavogi er til leigu frá og með 3. janúar nk. Íbúðin er 3ja herbergja og leigist með eitthvað af húsgögnum. Upplýsingar fást í síma 863 9095.

### Húsnæði óskast

**Snyrtileg 2ja herb, íbúð óskast.**
Óskum eftir snyrtilegri 2ja herbergja íbúð, helst ekki mikið niðurgrafna í langtímaleigu á höfuðborgarsv. Á verðbilinu 55-60 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 699 2778.

Norsk- íslenskur strákur (reyklaus) óskar eftir 3. herb. búð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 844 6513.

28 ára kona óskar eftir einst./stúdíóíbúð til leigu. Skilvísar greiðslur. S. 691 3909.

Óska eftir 2ja herb. íbúð í Hafnafirði eða nágeni. Uppl. í s. 894 6115.

3-4 herb. íbúð óskast til leigu á svæði 104-105. Langtímaleiga, öruggar greiðslur, meðmæli ef óskað er. Uppl. í síma 866 3880.

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu atvinnu eða lagerhúsnæði 50-80 fm. Heppilegt fyrir iðnaðarmenn. Iðnaðarmenn ehf, s. 661 5050.

100 fm, pláss við Auðbrekku til leigu, upplagt fyrir heildverslun eða smáiðnað, innkeyrsludyr, gott port fyrir utan. Uppl á skrifstofutíma í s. 564 0400.

### Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

### Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Loftorka Bifvélavirki**
Loftorka óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt. Leitað er eftir vönum manni með reynslu í viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Fyrirtaks vinnuaðstaða. Fæði á staðnum og heimkeyrsla. Einungis er leitað að manni með réttindi.
**Upplýsingar hjá Brynjólfi Brynjólfssyni verkstæðisformanni í síma 565 0877.**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtalin störf: Í afleysingar og aukavinnu við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Óskum eftir starfsfólki á dag- og kvöldvaktir**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldra við úthringingar og símsvörun. Dag- og kvöldvaktir í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 eða á vaktstjorn@skulason.is og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

### ATVINNA

**ONIX**

**óskum eftir að ráða hársnyrti sem fyrst. Nánari upplýsingar gefur Þurí í síma 898-6546.**

## Til sölu fallegt einbýlishús í sunnanverðum Grafarvogi í HESTHÖMRUM 221,2 fm (auk 180 fm kj.)



Frum

Glæsilegt og mjög vandað einbýlishús, á skjólgóðum stað. Tveir sólpallar, dásamlegur garður, sumarparadís. Arinn í stofu á köldum vetrarkvöldum. Þrjár ósamþykktar íbúðir í kjallara allar í útleigu. (ca leigutekjur 200.000.-kr pr mán). Áhvílandi nýtt 20 millj. kr lán með 4,15% vöxtum. Lánsloforð fyrir 15 millj. kr í viðbót liggur fyrir.

***Eignin er laus við samning. Sjón er sögu ríkari, komið og skoðið, við sýnum alla helgina hringið í síma 693 4490 Margrét og 663 5781 Guðrún.***

HÓLL

Hóll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík

**allt hús**

Alla mánudaga

## HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali



### OPIÐ HÚS Á MORGUN MILLI 16-18

LOGAFOLD 137 - VERÐ 39,2 MILLJ.



Kári Kort, *sölustjóri*

- Fallegt parhús m/40fm bílskúr.
- 4 svefnherbergi.
- Eldhús,borðstofa+stofa á jarðh.
- 3 góð svegnherbergi+baðh á efrihæð.
- Frístundarými+svefnh+vinnuh í kjallara.
- Fallegur gróinn garður beggja megin.

Allar nánari upplýsingar gefur Kári Kort sölustj. í síma 892 2506.

## HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali



### OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 16-17

KRISTNIBRAUT 25 - VERÐ 28,7 MILLJ.



Kári Kort, *sölustjóri*

- Falleg 129,1fm íbúð á jarðhæð
- Gott aðgengi t.d. fyrir hjólastóla
- Fallegt eldhús m/borðkrók.
- Björt stofa m/útg í afgirtan garð.
- Baðherb m/baðkari+sturtuklefa.

Allar nánari upplýsingar gefur Kári Kort sölustj. í síma 892 2506.

## HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali

## HB FASTEIGNIR KYNNA HEITAR EIGNIR

### Einbýlishús

Hverafold 112 Rvík .....................SELD
Logafold 112 Rvík ..............verð 61,5 millj
Miðtún m/aukaíbúð Selfss .......verð 31,4 millj
Sólvellir m/stúdííbúð- Selfoss .....verð 24,3 millj

### Parhús

Logafold 237 Grafarv. frábær eign . .verð 39,2 millj.
........Nýtt ATH Opið hús á morgun 27,11 16-18

### 4ra herbergja

Rauðhamrar 112 ...............verð 29,7 millj
Kristnibraut 25 Grafarholti jarðh gott aðg.
.......verð 28,4 millj. ATH OPIÐ Hús í dag 16-17.

### 3ja herbergja

Sóleyjarhlíð Hafnarfj 77,2fm frábær eign
..............................verð 17,5millj
Flyðrugrandi 107 Rvík .......Verð 15,3 millj NÝTT
Hringbraut 101 Rvík 57,3fm ......verð 15,5 millj
Hringbraut 101 Rvík 57,3fm . . .verð 14,5 millj Laus

### Fyrir fjáfesta

Hús með 4-7 íbúðum, nýtt í sölu
Kaupendur/ hjá okkur er alltaf opið hús
Seljendur/skoðum / og verðm. samdægurs.



Kári Kort, *sölustjóri*

**S. 892-2506**





Frum

Kíktu í heimsókn til okkar að Drekavöllum 26 í dag laugardag 26. nóvember, frá kl. 13 til 17. Komdu og skoðaðu fallegar og **fullbúnar sýningaríbúðir** í glæsilegu 9 hæða lyftuhúsi.

***Ekki missa af þessu einstaka tækifæri. Sjón er sögu ríkari. Sölumenn Hraunhamars verða á staðnum og veita upplýsingar.***




Söluaðili:

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA — Sími 520 7500 —

Val húsgögn

HÚSASMIÐJAN

BYGGINGAVERKTAKAR INGVAR & KRISTJÁN ehf.

RE/MAX® STJARNAN












# Kelduhvammur 10

Hafnarfjörður

Opið hús **sunnudag 27. nóv.** kl: 16:00-17:00

**Verð: 51.800.000**
Stærð: 220 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1969
Brunabótamat: 33,6 millj.
Bílskúr: 42 fm

## TVEGGJA ÍBÚÐA HÚS

Staðsetning og ástand: Glæsilegt tveggja íbúða hús á einum fallegasta staðnum í Hafnarfirði. Húsið er í góðu ásigkomulagi, garðurinn sérlega fallegur og öll aðkoma að húsinu hin snyrtilegasta.
Efri hæð: 166.fm. ásamt 41 fm. bílskúr. Eldhús með eikarinnréttingu, 3 barnaherbergi og hjónaberbergi með útgengi út á verönd, stofa / borðstofa með arni, tvö baðherbergi, þvottahús, geymsla, glæsilegur garður með verönd og heitum potti.
Gólfefni: parket
Jarðhæð: 54 fm. Sérinngangur, sér garður og verönd. Stofa / borðstofa, eldhús með eyju, svefnherbergi með skápum og baðherbergi með tengi f. þvottavél / þurrkara. Sér geymsla. Gólfefni: parket



Rúnar S. Gíslason hdl. lögg.fasteignasali



Kristín Hafdís Sölufulltrúi 822- 4997 kristinhafdis@remax.is



Lóa Sölufulltrúi 698 8733 loa@remax.is










# Naustabryggja 54

110 Reykjavík

Opið hús **sunnudag 27. nóv.** kl: 14:00-15:00

**Verð: 18.900.000**
Stærð: 63 fm
Fjöldi herbergja: 32
Byggingarár: 2000
Brunabótamat: 10,4 millj.

## INNBÚ FYLGIR • LAUS
## Áhvílandi 15.800.000 lán m.4.15% vöxtum

Staðsetning og ástand: Íbúðin er á besta stað í Bryggjuhverfinu. Vel byggt lyftuhús og sameign til fyrirmyndar.
Lýsing eignar: Vel skipulögð og innréttuð íbúð á 3ju hæð. Forstofa með fataskáp. Stofa með útgengi út á svalir Eldhús með sérsmíðaðri innréttingu. Baðherbergi með sérsmíðaðri innréttingu og öllum tækjum frá Philip Starck. Svefnherbergi með fataherbergi innaf. Allar hurðar í íbúðinni eru sérsmíðaðar úr sandblásnu gleri og ná upp í loft. Gólfefni: Hvíttuð eik frá Agli Árnasyni og Sandstone flísar. Ljós eru öll frá Lúmex og eru með birtustillingu. Glæsilegt útsýni.



Rúnar S. Gíslason hdl. lögg.fasteignasali



Lóa Sölufulltrúi 698 8733 loa@remax.is










# Lómasalir 14

201 Kópavogur

**Áhvílandi 17.000.000 með 4.15% vöxtum, sparaðu kr. 425.000 í kostnað**

**Verð: 24.000.000**
Stærð: 90,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 15,6 millj.
Bílskúr: Bílgeymsla

Staðsetning og ástand: Glæsileg 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð ásamt bílskýli í 4ra hæða lyftuhúsi í Salahverfinu í Kópavogi. Húsið er steinað að utan o.þ.a.l. viðhaldslítið. .
Innra skipulag : Rúmgott hol með skápum og Mustang flísum á gólfi. Eldhús með fallegri Mahoní innréttingu, Mustang flísum á gólfi og er eldavél, ofn og vifta úr burstuðu stáli. Stofa og borðstofa er rúmgóð og björt með útgengi út á stórar flísalagðar svalir með stórkostlegur útsýni. Hjónaherbergi með góðum fataskápum. Barnaherbergi með þreföldum fataskáp. Baðherbergi með baðkari og fallegum hvítum mósaik flísum á veggjum og vaskborði og Mustang flísum á gólfi. Rúmgott þvottahús er í íbúðinni. Eikarparket.Geymsla er í sameign.
Smart íbúð á góðum stað þar sem er stutt í þjónustu s.s. leikskóla, skóla, sundlaug og verslanir.



Rúnar S. Gíslason hdl. lögg.fasteignasali



Lóa Sölufulltrúi 698 8733 loa@remax.is










# Rangársel 8

109 Reykjavík

## Fallegt hús á góðum stað

**Verð: 36.900.000**
Stærð: 169,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1988
Brunabótamat: 20,4 millj.
Bílskúr: 27,6 fm

Staðsetning og ástand: Glæsilegt endaraðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Húsið er staðsett innst í botlanga á góðum stað í Seljahverfinu þar sem er stutt í alla þjónustu. Húsið er nýmálað. Stórkostlegt útsýni.Fallegur suður garður með verönd,matjurtagarði og leiktækum fyrir börn. Bílskúrinn var byggður 1997 og er hann m.heitu/köldu vatni, rafmagnsopnara og vaski. Innra skipulag : Neðri hæð 80,9fm : Forstofa með skápum og þvottahúsi/gestasnyrtingu innaf. Eldhús er sérstaklega rúmgott með nýlegri innréttingu úr gegnheilu bæsuðu birki. Eldhústæki eru nýleg, háfur yfir eldavél ( keramik ) sem er á eyju. Stofa með útgengi út á suður verönd / garð. Í holi er stigi upp á efri hæð. Efri hæð 61,1 fm :Rúmgott hol sem hægt er að nota sem sjónvarps-/vinnurými. Tvö góð barnaherbergi og rúmgott hjónaherbergi, sem hægt væri að að skipta í tvö herbergi og stórum suður svölum. Baðherbergi er með sturtu og baðkari. Gólfefni : Fallegar flísar eru á öllu húsinu nema svefnherbergjum og eldhúsi sem er parket. Sérstaklega fallegt hús á góðum stað. Sjón er sögu ríkari.



Rúnar S. Gíslason hdl. lögg.fasteignasali



Lóa Sölufulltrúi 698 8733 loa@remax.is

www.remaxstjarnan.is

# Rauðavað












# Rauðavað 13 - 25

## Sölusýning í dag á milli 14 og 16

**Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir, frá 83,9m2 - 117,7m2 í þriggja hæða fjölbýlishúsum ásamt stæði í upphitaðri bílageymslu á frábærum stað í Norðlingaholti.**
**Íbúðirnar skilast fullbúnar en án gólfefna, nema á baðherbergjum og þvottahúsum verða flísar.**
**Lóðir verða frágengnar.**
**Arkitekt er Kristinn Ragnarsson.**

**Sérsmíðaðar eldhúsinnréttingar sem ná upp í loft, granítborðplötur. Siemens eldhústæki og uppþvottavél fylgir með. Granít í sólbekkjum. Fataskápar úr eik. Baðherbergi með flísum á gólfi og veggjum, innrétting með granítborðplötu, upphengt wc, handklæðaofn og hitastýrð blöndunartæki. Þvottahús innan íbúðar með flísum á gólfi og skolvaski. Innihurðar yfirfelldar og úr eik. Húsin eru staðsteypt á hefðbundinn hátt, máluð í ljósum lit.Útidyrahurðir og gluggar úr jatoba harðviði. Mynddyrasími fylgir. Stéttar næst húsunum verða með hitalögn. Bílastæði verða malbikuð.**
**Lóðir verða frágengnar með grasþökum, trjám og gróðri. Byggingaraðili er Lindarvatn ehf.**

**Allar nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofum söluaðila.**

**Hússins 533-4300 og Smárans 564-6655**

SMÁRINN
FASTEIGNASALA
*- heilshugar um þinn hag -*
Verslunarmiðstöðinni
Smáralind
201 Kópavogur
Sími 564 6655
Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
*- heilshugar um þinn hag -*
Suðurlandsbraut 50
bláu húsin v/Faxafen
108 Reykjavík
Sími 533 4300
Salómon Jónsson - lögg. fast.sali

HARÐVIÐARVAL

**VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS**

# Hver er saga nasistamerkisins eða hakakrossins?

**MERKIÐ SEM NASISTAR TÓKU UPP SEM TÁKN ÞRIÐJA RÍKISINS NEFNIST ÝMIST HAKAKROSS EÐA SWASTIKA, EN ORÐIÐ SAUVASTIKA MERKIR „HEILLAMERKI“ EÐA „HEILLAGRIPUR“ Í SANSKRÍT.**

**Fornt tákn**

Hakakrossinn á sér bæði merka og langa sögu. Í fornum menningarsamfélögum var hann notaður sem tákn ýmissa fyrirbæra, en þó einkum sólarinnar. Frumlegasta hugmyndin um upphaflega merkingu krossins var sett fram af bandaríska stjörnufræðingnum Carl Sagan (1934-1996) sem leit á hann sem tákn fyrir halastjörnu sem komið hafði nálægt jörðinni og vakið athygli um allan heim.

Hakakrossinn hefur fundist í fornleifauppgreftri alls staðar um Austurlönd nær, í Egyptalandi, Tyrklandi, Pakistan, Íran og Írak. Talið er að upphaflega hafi hann breiðst út frá Indusdalnum (nú í Pakistan) til grannþjóða í vestri. Einnig finnst hann víða í fornleifum frá dögum Hittíta þar sem nú er Tyrkland. Svipað merki er og að finna meðal frumbyggja Norður-Ameríku.

**Mismunandi merkingar**

Stundum var krossinum snúið rangsælis og var þá álitinn tákna ógæfu. Víðast hvar var þó merkingin óháð því hvort hann sneri réttsælis eða rangsælis. Í indverskum trúarbrögðum, hindúisma, búddisma og jainisma, var táknið álitið heilagt. Það gat táknað hreinleika, töfra og gyðjuna Kali.

Í gegnum búddista barst hakakrossinn til Kína og Japan þar sem hann táknaði bæði sólina og töluna 10.000. Þar var hann notaður til að tákna innlend blendingstrúarbrögð, svo sem Cao Dai í Víetnam og Falun Gong í Kína. Hásæti Dalai Lama í Tíbet er jafnan skreytt með þessu merki.

**Merki nasista**

Ástæðan fyrir því að nasistar gerðu merkið að sínu er trúlega sú að það tengist elstu menningarþjóðum sem töluðu indó-evrópsk mál (sem í Þýskalandi nefnast indó-germönsk mál). Þýski fornleifafræðingurinn Heinrich Schliemann (1822-1890), sem fann Tróju, komst að þeirri niðurstöðu að táknið ætti sér indó-evrópskt upphaf.

Þýskir þjóðernissinnar notuðu hakakrossinn við ýmis tækifæri áður en hann var gerður að tákni nasistaflokksins á flokksþingi í Salzburg 7. ágúst 1920. Samkvæmt Hitler táknaði hið rauða í fána flokksins félagslega samhjálp, hið hvíta þjóðlega samstöðu en hakakrossinn yfirburði Indó-Evrópumanna yfir semítum, það er gyðingum og aröbum.

**Táknið notað víða**

Á fyrri hluta 20. aldar var hakakrossinn vinsæll hjá ýmsum öðrum en nasistum, meðal annars vegna áhrifa Schliemanns. Krossinn var notaður til að merkja hitt og þetta, svo sem mynt, póstkort og byggingar. Breski rithöfundurinn Rudyard Kipling (1865-1936), sem dáðist að indverskri menningu, merkti allar bækur sínar með tákninu.

Bandaríska guðspekifélagið tók hakakrossinn upp sem sitt tákn, ásamt krossi og Davíðsstjörnu. Einnig tók 45. herdeild Bandaríkjahers upp þetta merki, trúlega vegna vinsælda þess meðal Navajo-indíána. Finnski loftherinn notaði það milli 1918 og 1944 og sumar herdeildir nota það enn. Skátahreyfingin notaði þetta tákn fram til 1935. Á Íslandi var hakakross með stuttum örmum mjög lengi hluti af merki Eimskipafélags Íslands.

**Bannaður í Þýskalandi**

Vegna óheppilegra tengsla hakakrossins við nasisma er nú bannað með lögum að sýna merkið í Þýskalandi. Þetta hefur orsakað vandamál varðandi hof hindúa, búddista og jainista, þar sem táknið er iðulega notað. Þá hefur einnig komið til tals að banna þetta útbreidda og forna tákn innan Evrópusambandsins.

*Sverrir Jakobsson, stundakennari í sagnfræði við HÍ.*



Búddamusteri skreytt hakakrossi eða swastiku.

**SVÁFU RISAEÐLUR LIGGJANDI EÐA STANDANDI?**

Það er margt á huldu varðandi atferli risaeðlna, eins og annarra löngu útdauðra dýra, þar sem vísindamenn hafa einungis steingerðar leifar þeirra til að styðjast við. Almennt er þó álitið að risaeðlur hafi sofið, eins og nánast öll hryggdýr gera nú til dags. Þrátt fyrir að mjög lítið sé vitað um atferli risaeðlna má ganga út frá því að svefnstellingar þeirra hafi verið mjög mismunandi, þar sem dýrin voru afar fjölbreytileg að líkamsbyggingu.

**Líkt og sofandi fugl**

Sennilega hafa margar af smávaxnari tvífættu risaeðlunum sofið í svipaðri stellingu og fuglar gera. Steingervingafundur frá Kína virðist styðja þá kenningu, en þar fundust nýverið leifar lítillar eðlu í svipaðri stellingu og sofandi fugl. Vísindamenn útiloka samt ekki að þetta gæti verið dauðastelling dýrsins. Eðla þessi hefur verið kölluð ‚Mei long‘ á kínversku en það útleggst á íslensku sem sofandi dreki. Árið 1994 fundust steingerðar leifar annarrar eðlu í svipaðri stellingu í Mongólíu.

**Sofið standandi**

Hvernig risavaxnir frændur hins sofandi dreka sváfu er ekki vitað, en margir vísindamenn álíta að stærstu eðlurnar hafi fengið sér blund standandi á fjórum fótum líkt og mörg stærstu landspendýrin gera í dag

*Jón Már Halldórsson, líffræðingur.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvað eru deilitegundir, hvað þýðir orðið Hvítserkur, hvað er mikill straumur í einni eldingu, hverjar eru hefðir og saga hrekkjavöku, hvernig eru tölvuskrár geymdar og hvað verður um þær þegar þeim er hent, og hvað er kjörþögli? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is










# Pólítískt ranghugsandi Ísland?

Sumir segja að pólitísk rétthugsun sé fyrir löngu gengin út í öfgar. Má vel vera, en þeir eru þá ekki að tala um Ísland. Hér í landi víkinganna virðist enginn vita hvað frasinn þýðir. *Anna Margrét Björnsso*n hleraði mál erlendra borgara Reykjavíkur og fékk að heyra hvað hefur fengið af fjúka af vörum okkar Íslendinga.

Það hefur ýmislegt í miðbæ Reykjavíkur vakið undrun erlendra gesta. Eimskipsmerkið sáluga sem var eins og hakakross, SS pylsur, sem að vísu standa fyrir Sláturfélag Suðurlands en líka fyrir dauðasveitir Þjóðverja í seinni heimsstyrjöldinni, Davíðsstjarna er greypt yfir skemmtistaðnum Rex og ungir Íslendingar líta flestir á Palestínuklúta sem tískufyrirbæri. Við erum ófeimin við að segja það sem okkur dettur í hug við útlendinga og virðumst ekki hafa eina einustu hugmynd um hvað pólitísk rétthugsun yfirleitt þýðir. Sumir segja að við séum einfaldlega svo barnaleg og óvön sambýli við fólk af ólíkum trúarbrögðum og kynstofnum - táknin þýði ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir Íslendinga og við séum með svo litla fordóma að þetta skipti okkur ekki máli. Aðrir fussa og sveia og segja að við höfum nákvæmlega enga afsökun fyrir þessu. Við séum búin að vera í svo miklu sambandi við umheiminn undanfarna áratugi og höfum ferðast svo mikið til annarra landa að við eigum hreinlega að vita betur.

### Niggarar og 9/11

Íslendingar virðast halda að það sé eitthvað svalt við það að kalla mann frá afrísku bergi brotnu „Nigger“ eða niggara. Þegar útlendingur hváir er útskýringin gjarnan sú að svartir menn, sérstaklega rapparar, kalli hver annan „nigger“ og því hljóti þetta að vera í lagi. „Ég er sérstaklega dolfallinn yfir því hve mikið Íslendingar nota orðið „nigger“,“ segir Bart Cameron, ritstjóri Reykjavík Grapevine. „Til dæmis sagði maður við mig um daginn: „Þú ert frá Brooklyn, þaðan sem allir niggararnir koma.““ Kollegi hans Paul Nikolov vann á veitingahúsi í Reykjavík þar sem Mike Tyson var kallaður niggari í samtali. „Þegar ég bað þá um að hætta að nota þetta orð í minni návist var svarið: „En þeir kalla hvor annan þetta í tíma og ótíma.“ Svarið er, nei, það gera þeir ekki. Þeir gera það aðeins ef þeir eru vinir eða þeir eru að reyna að hefja slagsmál. Hvítt fólk ætti allavega aldrei að nota þetta orð svona óvarlega.“




Annað klassískt komment sem ég heyrði frá Íslendingi var: „Við Íslendingar erum eins og niggarar, við notum fá orð.“ Ameríkanar mega varla fara út og fá sér bjór án þess að einhver byrji að ræða stefnu Bush forseta við þá. „Um daginn stóð ég í röðinni til að fara á Sirkus,“ segir Paul Nikolov, „og einhver gaur spurði mig hvort ég væri amerískur. Ég játti því, og þá spurði hann mig hvað mér fannst um heimildarmyndina Fahrenheit 9/11.“ Ég spurði hann agndofa hvort hann ætlaði virkilega að fara að ræða Fahrenheit 9/11 við mig í röð inn á bar, og hann horfði á mig eins og ég væri geðveikur. Flestir Ameríkanar hér á landi hafa líka fengið að heyra setninguna: „Þú veist af hverju 9/11 gerðist, er það ekki?“ DV var með úttekt á íslenskum endurgerðum af amerískum myndum um daginn, og ein þeirra sýndi flugvél að fljúga á Kringluna. Fyndið - eða hvað?

### Fjölmiðlar eru ekki heilagir

Spaugstofan er dáð og dýrkuð af bæði Íslendingum og útlendingum sem horfa á hana. Þrátt fyrir það sýnir hún meðal annars skopskælingar af Kínverjum sem eru með útklippt, skásett augu og ganga eins og mörgæsir - staðalmynd af Kínverjum sem ætti helst heima í Tinnabók eða þrjátíu ára gamalli Disney-mynd. „Spaugstofunni er alveg fyrirgefið fyrir þetta,“ segir Amal Tamimi hjá Alþjóðahúsinu. „Þeir eru allavega að gera þetta til þess að hjálpa innflytjendum í ákveðnum málefnum þannig að það hlýtur að vera jákvætt.“ En hvernig standa fjölmiðlar sig almennt hvað varðar pólitíska rétthugsun? Dagar frétta eins og „Arabi drepur mann“ eru væntanlega taldir, en þó talaði RÚV um rómanskt fólk - sígauna - sem reyndu að fara ólöglega inn í landið í sumar með Smyril line ferju sem fólk sem „dansar á torgum, spilar tónlist og spáir í lófa“. Gísli Marteinn Baldursson fór á Evróvisjón og talaði í beinni um austantjaldsmafíuna sem væri að verki, orð sem stuðuðu eflaust marga af austurevrópskumættum, sem reyndar eru stærsta hlutfall innflytjenda til landsins. Og talandi um Austur-Evrópu er það mjög algengt á Íslandi að halda að ef einhver er frá þessu landsvæði og sé með meira en lágmarkslaun hljóti hann að vera með mafíutengsl. Ef einhver frá Austur-Evrópu er ekki að flaka fisk eða þrífa klósett þá hlýtur hann eða hún að vera í einhverjum dularfullum viðskiptum. „Það er eins og við séum einhverjar óæðri mannverur,“ segir Paul Nikolov, sem er af rússnesku bergi brotinn. „Við eigum að vera ánægð með hvaða smáræði sem er, því að það er meira en við fáum í Austur-Evrópu.“ Ung stúlka segir frá því að yfirmaður hennar hafi alltaf skammað hana fyrir að setjast of oft niður (hún er ólétt). Hann sagði við hana í tíma og ótíma: „Jæja, ég veit nú ekki hvernig hlutirnir gerast í Póllandi, en við gerum þetta ekki svona á Íslandi.“ (Stúlkan var frá Ungverjalandi). Þegar hún spurði um fæðingarorlofið, þá var eina svarið að það „yrði allavega meira en hún myndi nokkurn tímann fá í Póllandi“. Annar fyrrverandi sjónvarpsmaður, Guðmundur Steingrímsson, gerði sig sekan um pólítíska ranghugsun þegar hann spurði Barða Jóhannsson tónlistarmann í viðtali um myndina Strákana okkar hvort maður yrði að vera hommi til að leika homma. Hann hélt svo áfram og spurði hvort maður þyrfti að vera hommi til að semja tónlist fyrir mynd um homma. Svo spurði hann „Ert þú hommi?“ en þá gekk Barði út úr sjónvarpsstúdíónu. Jón Gnarr, skríbent og skemmtikraftur, benti réttilega á í pistli að í dagblöðum sé alltaf sérstaklega minnst á það ef brotamaður er útlenskur. „Veski stolið frá konu, þjófurinn, sem er taílenskur, var tekinn fastur skömmu síðar.“ Hann bendir líka á það að ef það hefði staðið: „Þjófurinn, sem var hommi, var tekinn fastur skömmu síðar,“ þá hefðu allir orðið brjálaðir.

### Lögin breyta ekki hegðun fólksins

Fjölmiðlamaðurinn Egill Helgason vill ekki meina að Íslendingar séu pólitískt ranghugsandi. „Mér finnst við vera dæmalaust pólitískt rétthugsandi samfélag. Við erum eitt af fáum þjóðfélögum sem leggja blátt bann á rasisma í opinberri umræðu og stjórnmálaflokkar með rasistasjónarmið eru ólöglegir. Það er varla talað um annað hér en réttindi kvenna og réttindi samkynhneigðra í fjölmiðlum. Það getur vel verið að einhverjir karlar í vinnuskúrum séu með rasistakomment, en ég held að við séum eitt mesta pólitískt rétthugsandi samfélag sem til er.“ Paul Nikolov er ekki sammála. „Þetta eru góð og gild sjónarmið, en þú getur ekki sett lög og þar með ætlast til þess að fólk breyti hegðun sinni. Þú getur bara bannað því að ráðast opinberlega á fólk eða skrifa um það. Sem útlendingur búandi í þessu landi get ég fullvissað þig um það að það er fullt af fólki sem er að brjóta þessi lög á hverjum degi.“ Fullt af fólki, já. Það er af nægu að taka. Ráðningarstjórinn sem ræddi um taílenskan dreng sem hafði sótt um starf hjá fyrirtækinu. „Hann er alger súkkulaðimoli. Svo er ótrúlegt að hlusta á hann tala bara þessa lýtalausu íslensku, þessi sæti kolamoli.“ Franskur maður segist alltaf vera spurður hvort hann sé „arabi“, þar sem hann er dekkri á hörund en hinn venjulegi Íslendingur. Þegar hann segist vera frá París er hann spurður hvenær foreldrar hans hafi flutt þangað frá Marokkó. Í eitt sinn þegar hann fór með dóttur sína á leikskólann sagði faðir annars barns hátt og snjallt, „Ekki tala við þennan mann. Hann er útlendingur. Hann skilur ekki neitt.“ Þjóðverjar, á hinn bóginn, lenda oft í því að vera heilsað með nasistakveðju þegar íslendingar heyra þýska hreiminn. Hér á landi er líka útlendingum gjarnan ruglað saman. Allir Asíubúar eru Kínverjar, fólk frá Austur-Evrópu er „Pólverjar“ og múslimar eru „arabar“. Að rugla fólki frá mismunandi þjóðum saman gæti skrifast á barnaskap. En svo eru þeir sem hafa hátt og eru með ljót og niðrandi ummæli. Paul Nikolov segir að almennilegt og gott fólk standi ekki upp á stól og segi meiningu sína. „Hálfvitar hafa alltaf hærra en aðrir. Þess vegna myndir þú aldrei heyra einhvern vera með komment eins og „ég vildi að það væru fleiri útlendingar sem byggju á Íslandi,“ í Hagkaupum. En það getur vel verið að þú heyrir einhvern benda á íslenskan mann í röðinni á kassann með taílenskri konu og segja: „Oj, hvað þetta er viðbjóðslegt.“ Ég vona bara að það séu færri hálfvitar heldur en almennilegt fólk hér á landi, eins og annars staðar í heiminum, og hér á Íslandi, eins og annars staðar, þarf almennilegt fólk að láta í sér heyra líka, svo að við vitum að það sé til.“ Amal Tamimi er sammála. „Það sem fólk virðist oft halda er að þetta sé fyndið, einhvers konar húmor. En þetta hættir að vera fyndið þegar það verður særandi. Það er nefnilega það sem við erum að tala um hér, að hætta að tala á þann hátt sem getur sært fólk.“ En hvernig getum við breytt betur? „Við breytum þessari hegðun fyrst og fremst með því að leiðrétta fólk um leið og þú heyrir svona tal,“ segir Paul Nikolov. „Í öðru lagi verðum við að kenna börnunum okkar að tala ekki svona.“ Sem er nákvæmlega sama aðferðin og við notum til þess að berjast á móti fordómum hvar sem er í hinum stóra heimi. ■




TEIKNINGAR/HUGLEIKUR DAGSSON

## *Fleygar setningar sem hafa heyrst í Reykjavík nýlega:*

*„Það er náttúrlega ekker skrítið að hann sé aurasál. Þú veist að afi hans var gyðingur.“*

*„Nú ertu ítalskur? Ertu kannski í mafíunni?“*

*„Ertu frá Brooklyn? Snúðu þér við.“ Af hverju?“ „Svo ég geti athugað hvort þú sért með horn.“ Af hverju? „Til að athuga hvort þú ert gyðingur. Ég var svikinn af gyðingi frá Brooklyn á eBay.“*

*Konurnar hérna á Íslandi hafa strangt siðferði. „Já, við sofum hjá 25 karlmönnum fyrir 25 ára aldur, en ég myndi aldrei segja fjölskyldu minni að ég hefði sofið hjá útlendingi.“*

*„Ekki hafa áhyggjur af honum. Hann er hommi. Hann kann ekki að slást. Hann getur bara gefið þér eyðni.“*

*„Ekki pissa við hliðina á mér. Ég vil ekki að útlendingur sé að horfa á typpið á mér.“*

*„Þú ert með svo skásett augu að ég sé ekki hvort þú ert með opin eða lokuð augun.“*

# OPNUNARHÁTÍÐ
## um helgina

Í dag opnar nýr og betri Laugavegur með nýju bílahúsi.

Að því tilefni bjóðum við 20% afslátt af öllum vörum
í verslunum okkar við Laugaveg um helgina.

Ath. Frítt í nýtt bílahús




galleri sautján

gs skór

eva

Kultur menn — opnar í dag

Café 17

**laugavegi 89-91**

opið
laugardag 11-18
sunnudag 13-18






GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU } Ragna Fróðadóttir fatahönnuður



**RAGNA FRÓÐADÓTTIR** Hún ólst upp í Mosfellsdalnum og er nú komin í miðbæinn þar sem hún unir sér vel.

# Kann vel við mig í miðbænum

**Ragna Fróðadóttir** sleit barnsskónum í sveitinni í Mosfellsdalnum og lærði fatahönnun í París. Hún kunni vel við þorpastemninguna í París og virðist leita slíka stemningu uppi hér í heimalandi sínu.

**Dalsgarður 1 og 2, Mosfellsdalur, 1970-1984**
Hér bjó ég alveg fram á unglingsár. Þetta er eiginlega uppi í sveit og ég bjó þarna í tveimur húsum en gatan er í rauninni afleggjari út frá Þingvallaveginum og heitir núna Æsustaðavegur.

**Bergstaðastræti 14, 1985-1986**
Hérna bjó ég í einn vetur hjá ömmu minni þegar ég var fimmtán ára. Þetta var í fyrsta sinn sem ég fór að heiman, þá var ég í níunda bekk í Hagaskóla. Það var rosalegur munur að koma úr Mosfellssveitinni þar sem fer rúta um þrisvar sinnum á dag og geta í staðinn labbað allt. Reyndar bý ég í þessari íbúð í dag enda þykir mér þessi staður í bænum æðislegur.

**Birkihlíð 36, 1989-1990**
Ég flutti aftur heim í Mosfellsdalinn en flutti hingað árið 1989. Hérna leigði ég mér íbúð í fyrsta skipti en í þessum tíma var ég í Menntaskólanum í Hamrahlíð, ég held þetta hafi verið næstsíðasti veturinn. Ég leigði mér stúdíóíbúð hjá fjölskyldu sem átti tvö heyrnarlaus börn og ég passaði þau stundum og hjálpaði til. Þetta var ákveðið skref hjá mér og þarna fannst mér ég virkilega vera að fara að heiman. Þetta var mjög notalegur staður og ég gat labbað í skólann.

**Rue Bouchardon 19, París, 1991-1993**
Ég fór beint út og lærði fatahönnun í París eftir menntaskólann. Á jarðhæðinni í þessari íbúð var bakarí og hinum megin við götuna var matarmarkaður. Þetta var ekta frönsk gata en samt átti ég íslenska nágranna. Þarna ríkir allt öðruvísi lífsstíll en hér heima. Ég hugsa að ég sé að miklu leyti nægjusamari eftir að hafa búið í París, það þarf ekki allt að vera hundrað prósent. Húsnæðið þarna úti eru oft hrátt og lélegt og fólk er minna upptekið af því en hér. En reyndar er fólk auðvitað minna inni í húsunum því loftslagið er allt öðruvísi en hér.

**Rue Morand 22, Belleville, París, 1993-1995**
Í þessari götu var dásamlega skemmtilegt hattaverkstæði sem ég gekk alltaf framhjá í leiðinni í vinnuna eða skólann. Ég leit alltaf þarna inn og sá fullt af litlum köllum að búa til hátískuhatta. Einnig var moska í þessu götu og þetta hverfi var mjög blandað; þarna var mikið af aröbum og múslimum og í næstu götu var Kínahverfi. Ég var þarna í tvö ár og kunni mjög vel við þetta alþjóðlega yfirbragð.

**Auðarstræti 9, 1995-1996**
Ég man lítið eftir þessari íbúð og var mjög stutt í henni. Á þessum tíma var ég nýflutt aftur til Íslands og byrjuð í Myndlista og Handíðaskólanum þar sem ég lærði listrænan textíl.

**Laufásvegur, 1997-1998**
Ég get engan veginn munað húsnúmerið en ég man að þarna var gott að búa. Laufásvegurinn er óskaplega falleg gata og við húsið var yndislegur garður. Þarna var ég að klára myndlistarskólann og var að byrja að byggja upp mitt fag sem hönnuður. Vinnustofan mín var þarna í íbúðinni og hafði alltaf verið en það breyttist þegar ég fluttist í

**Ögn, Mosfellsdal, 1998-1999**
Í þetta sinn fékk ég vinnustofu á rósabúgarði fjölskyldunnar og í fyrsta sinn átti ég þá vinnustofu utan heimilisins. Þetta hús átti systir mín, var gamall sumarbústaður en er heilsárshús núna. Bústaðurinn er lengst inni í Mosfellsdal og ég bjó þarna í einn vetur.

**Dalsgarður 2, Mosfellsdal 1999-2000**
Nú flutti ég aftur í húsið sem ég ólst upp í. Mér fannst gott að vera þarna en um leið á vel við mig að vera niðri í bæ. Ég virðist í rauninni geta búið hvar sem er, hvort sem það er París eða Mosfellsdalurinn.

**Lundur við Nýbýlaveg, 2000-2004**
Þarna bjó ég á gömlu sveitabýli sem er búið að rífa núna. Það var svolítið sérstakt því þetta var eins og að vera uppi í sveit en samt var ég í miðri borg. Húsið var svona þrjátíu metrum frá Nýbýlaveginum en samt var voða lítill munur að koma þangað úr Mosfellsdalnum. Húsið var eins og gamall herrabúgarður og eins og falinn fjársjóður á bak við trén, mér þótti afskaplega vænt um þennan stað. Ég fann ekkert fyrir hávaða frá götunni og var með lítið barn sem hafði fæðst í Mosfellsdal. Hún var vön að sofa í vagni í sveitinni þar sem var lækur við húsið og held ég að umferðarniðurinn hafi bara virkað jafn vel á hana.

**Höfgerði 15, Kópavogi, 2004-2005**
Þetta var nú bara millibilsástand. Ég var að bíða eftir íbúðinni sem við erum í núna. En þetta var samt ofboðslega notalegur staður, ekta smáíbúðahverfi með garði og fiskbúð í götunni. Þarna myndaðist skemmtileg þorpsstemning og það var mjög gott að vera með krakka þarna.

**Bergstaðastræti 14, 2005**
Við erum nýflutt hingað inn í gömlu íbúðina hennar ömmu. Mér finnst þetta frábær staður og ég finn að það á vel við mig að vera í miðbænum. Ég er með vinnustofuna mína hérna rétt hjá, á Laugaveginum, og það er afar hentugt hvað það er stutt á milli. Mér finnst líka ógurlega gott að geta labbað niður í bæ. Það eru stundum örlítil læti um helgar og á kvöldin en að öllu öðru leyti fíla ég þennan stað rosalega vel.

**DALSGARÐUR**
**BERGSTAÐASTRÆTI**
**BIRKIHLÍÐ**
**RUE BOUCHARDON**
**RUE MORAND**
**AUÐARSTRÆTI**
**LAUFÁSVEGUR**
**ÖGN**
**DALSGARÐUR**
**LUNDUR**
**HÓFGERÐI**
**BERGSTAÐASTRÆTI**

## FRÖKEN FREYJA LEYSIR VANDANN >

**Börnin með í boðinu**
Við höfum gaman af því að halda og fara í matarboð, en bestu vinir okkar eru með þreytandi vana. Þriggja ára tvíburar þeirra eru mjög svo sprækir strákar og þeir fá að vaka allt kvöldið á meðan matarboði stendur. Á meðan gestir sitja til borðs eru þeir hlaupandi um stofuna, skríðandi undir borði, sítalandi og öskrandi eða með teiknimyndir í gangi í sjónvarpinu með hæstu stillingu. Drengirnir eru auðvitað orðnir uppgefnir þegar dregur að miðnætti en aldrei á þessum tíma hefur foreldrunum dottið í hug að setja þá í háttinn. Þeir eru bara friðaðir með fleiri teiknimyndum og meira súkkulaði eða poppi. Nú er svo komið að okkur hrýs hugur við slíkum matarboðum, ekki vegna þess að okkur líki ekki við börn, heldur vegna þess að enginn nýtur kvöldsins. Hvernig getum við kurteislega sagt nei takk við næsta boði, án þess að ljúga upp afsökun?

EK, Reykjavík

*Ótrúleg dæmalaus vitleysa er þetta. Mann langar að löðrunga foreldrana fyrir heimsku, leti og ókurteisi. Fyrst og fremst er þetta alveg hræðilegt fyrir aumingja litlu drengina sem greinilega búa ekki við neinn aga heima hjá sér. Börn elska að hafa hlutina í föstum skorðum og eiga að fara að sofa á sama tíma á hverju kvöldi. Þegar þau eru komin í svoleiðis reglu þá sofna þau sæl og ánægð og áhyggjulaus. Þriggja ára sprækir strákar þurfa sinn svefn og eiga auðvitað að vera komnir í rúmið klukkan átta. Svo tala ég nú ekki um dónaskapinn sem þetta ágæta fólk er að sýna gestum sínum með því að bjóða þeim upp á tvö örþreytt og óþekk börn. Næst þegar þið eruð boðin í mat myndi ég ekki hika við að segja kurteislega að þið vonið að börnin verði komin í háttinn áður en þið mætið, svo að þið getið notið kvöldstundarinnar saman í friði og ró.*

**Stjarna er fædd**
Vinkona mín fór að vinna hjá sjónvarpsstöð í fyrra og hún stendur sig vel þrátt fyrir að hún geri lítið annað en að lesa texta sem settur er fyrir framan hana og brosa fallega. Vandamálið er hins vegar það að undanfarna mánuði hefur hún orðið algerlega heltekin af útliti sínu, búin að lýsa hárið sitt um þrjá tóna, hvíta tennurnar og fara í fitusog á lærunum. Eina áhugamál hennar er að vera boðin í fín boð eða fara á skemmtistaði þar sem „fræga“ fólkið heldur til. Hún les DV spjaldanna á milli til að athuga hvort það sé minnst á hana í því og hringir reglulega í Séð og Heyrt og Hér og Nú til að láta taka myndir af sér. Ég hljóma kannski öfundsjúk, en mér finnst þetta bara hreinlega óþolandi hegðun og ég trúi því ekki að hún hafi breyst í svona yfirborðskennda og sjálfsupptekna manneskju.

KÓ, Reykjavík

*Ég hef ákveðna grunsemd um að vinkona þín hafi verið helst til mikill lúði áður en hún komst á ljósvakann. Kannski upplifði hún ekki mikla athygli frá sterkara kyninu eða hafði lítið sjálfstraust til að bera. Eitthvað er hún allavega að reyna að sanna núna, á svona yfirborðskenndan hátt. Það getur vel verið að hún komi skríðandi tilbaka, á sólbrúnum fitusoguðum hnjánum.*



Sendið fyrirspurnir og vandamál til fröken Freyju, F2, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, eða sendið henni tölvupóst á netfangið frkfreyja@frettabladid.is. Nöfn sendenda verða ekki gefin upp í blaðinu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hollywood-parið Charlize Theron og Stuart Townsend ætlar að ganga upp að altarinu um leið og löglegt verður fyrir homma og lesbíur að gifta sig í Bandaríkjunum. Þau eru víst orðin leið á því að svara spurningum um það hvenær þau gifti sig og þess vegna brugðu þau á þetta ráð. Á sama tíma segjast þau vera að styðja baráttu samkynhneigðra Bandaríkjamanna.



Leikkonan Catherine Zeta Jones segist hafa þurft að horfa á óskarsverðlaunaafhendinguna 2003 sex mánuðum síðar til að vera viss um að þetta hafi ekki allt saman verið draumur. Zeta fékk óskarinn fyrir hlutverk sitt í Chicago en á sama tíma var hún ófrísk. Zeta segist ekki hafa munað hvað hún sagði á hátíðinni og því þurfti hún að horfa á hana á myndbandi.

Leikkonan Sienna Miller er ósátt við R-stimpilinn sem bandaríska kvikmyndaeftirlitið setti á nýjustu mynd hennar Casanova. Hann þýðir að myndin er bönnuð innan 17 ára. Í myndinni sést leikarinn Heath Ledger eiga ólögleg munnmök með unglingi sem er undir lögaldri. Miller segir að War of the Worlds með Tom Cruise í aðalhlutverki hafi verið miklu ógeðslegri en samt





**GEORGE CLOONEY** Hér er Clooney í mynd Coen-bræðra, Intolerable Cruelty ásamt Catherine Zeta-Jones.

# Leikstýrir eftir handriti Coen-bræðra

Hjartaknúsarinn George Clooney ætlar að leikstýra nýrri grínmynd eftir handriti Coen-bræðranna Joels og Ethans.

„Ég ætla að gera gamanmynd með þeim Joel og Ethan innan eins árs. Það er mjög gott að vinna með þeim og mér finnst skemmtilegt að gera með þeim gamanmyndir,“ sagði Clooney sem fór með aðalhlutverkið í myndum Coen-bræðra, O Brother, Where Art Thou? og Intolerable Cruelty.

Nýja myndin mun heita Suburbicon. „Þeir buðu mér hlutverk í Suburbicon fyrir löngu en eftir það ákváðu þeir að einbeita sér að öðrum verkefnum. Þá hringdi ég í þá og spurði hvort ég mætti ekki spreyta mig. Þetta er nefnilega mjög áhugaverð og fyndin svört kómedía,“ sagði Clooney.

Nýjasta mynd Clooneys er The Good German undir leikstjórn Stevens Soderbergh. Fjallar hún um bandarískan blaðamann sem flækist inn í morðgátu. Auk Clooneys leika í myndinni þau Cate Blanchett og Tobey Maguire.





**HARRY POTTER** Aðalpersónan Harry Potter lendir í ýmsum ógöngum í nýju myndinni.

# Harry Potter
# *& baráttan við hormónana*

Myndin Harry Potter og Eldbikarinn var frumsýnd á dögunum. *Birgir Örn Steinarsson* mætti á fund leikaranna **Daniels Radcliffe, Ruperts Everett** og **Emmu Watson** í London.

Blaðamannafundurinn fyrir nýjustu Harry Potter-myndina var haldinn í sjö hundruð ára sal við Threadneedle Street sem hefur verið notaður fyrir marga mikilvægustu viðskiptafundi Breta í gegnum tíðina. Salurinn er í hverfi í London þar sem allar byggingarnar líta út eins og þær séu í eigu frímúrarareglunnar. Þar er ekkert nema bankahólf og einkaþjónar.

Þetta er fjórða ævintýri Harry Potter og án efa það besta til þessa. Og þannig mun það haldast þangað til fimmta bókin verður kvikmynduð. Tökur á henni hefjast í febrúar. Hormónarnir eru byrjaðir að rugla sögupersónur okkar í ríminu og í það er á þessum tíma í sögunni að sögupersónur fara að týna lífi sínu. Þannig að núna höfum við táninga í blóma og dauða á óvæntum stundum. Það gerir auðvitað allt miklu meira spennandi.

### Ævintýri innan og utan Hogwarts

Eftir að blaðamenn höfðu komið sér fyrir í sínar stöður voru hetjurnar okkar leiddar inn. Daniel Radcliffe sem leikur Harry, Emma Watson sem leikur Hermione og Rupert Grint sem leikur Ron. Daniel er settur í miðjuna, enda virðist hann njóta sín best af þeim þremur í sviðsljósinu. Nýtir hvert tækifæri til að tala og reynir, eftir bestu getu, að vera hnyttinn og skemmtilegur. Án efa mesti sprelligosinn í hópnum. Rupert er frekar rólegur, eins og brimbrettagaur sem skilur ekki alveg af hverju hann þarf að vera þarna og er í laumi að hugsa um næstu öldu. Pressan hérna í Bretlandi er þegar byrjuð að stilla Emmu Watson upp sem eftirsóknarverðu „beibi“, en ég bara sé það ekki. Hún er enn of 15 ára gömul til þess að vera kyntákn. Virkar þó sem kurteis og gáfuð stúlka sem er passasöm yfir því sem hún lætur frá sér á svona uppákomum.

Í myndinni neyðist þríeykið okkar til þess að takast á við eitt erfiðasta verkefnið hingað til. Það er Yule-ballið, þar sem allir strákarnir eiga að bjóða stúlku og stíga dansa. Hverjum úr raunheiminum myndu þau helst vilja fara með á svoleiðis uppákomu?

„Vá, ég veit það ekki,“ svarar Daniel Radcliffe svipað æstur og þegar hann er að reyna sannfæra Dumbledore um einhverja vitleysu. „Ég sá myndina Garden State nýlega og varð ástfanginn af Natalie Portman. Það væri kannski hún eða Scarlett Johansson.“

*Eigið þið kærustur eða kærasta?*

**Emma:** „Nei.“

**Daniel:** „Ég hef átt kærustu, en ekki í augnablikinu.“

**Rupert:** „Nei, ekki í augnablikinu. Ég er að læra að keyra og það tekur allan minn tíma núna.“

**Daniel:** „Við erum öll sorglega einmana, einhleypir unglingar.“

*Hvernig hefur þetta ævintýri verið fyrir ykkur?*

**Daniel:** „Þetta er búinn að vera skrítinn tími, síðustu fimm ár, en þau eru búin að vera frábær. Við ætlum öll að gera næstu mynd líka, en við vitum ekkert hvað gerist eftir það. Það verður alltaf auðveldara og auðveldara að leika Harry. Ég hef er til dæmis að fara í gegnum allar þessar hormónabreytingar á sama tíma og hann. Ég er búinn að kynnast persónunni svo vel á þessum tíma.“

**Emma:** „Mér líður oft eins og við þurfum ekki einu sinni að leika. Ég þekki Hermione svo vel. Við erum svo nánar og það er svo mikið af henni í mér og mér í henni. Mér líður oft eins og ég sé ekki að vinna. Þetta er búið að vera frábær tími og ég er mjög hrifin af persónuleika hennar. Hún er að breytast í manneskju sem fólk getur tengt sig við. Mér finnst hún vera góð fyrirmynd fyrir krakka. Hún er frábær.“

*Þegar bækurnar hafa komið út, eruð þið þá eins og flestir, bíðið í röðum til þess að sjá hvaða ævintýrum persónur ykkar lenda í næst?*

**Emma:** „Já, ég beið í röð síðast, mjög spennt eins og allir aðrir og ég kláraði að lesa nýju bókina á tveimur dögum. Mér fannst hún frábær. Hermione og Ron verða að fara ná saman, þetta er búið að vera svo lengi í mótun núna. Vonandi tekst það.“

**Rupert:** „Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi bókanna, áður en allt þetta hófst. Ég hlakka mest til þegar Ron fær að spila Quidditch í næstu mynd.“

**Daniel:** „Ég fór nú ekki í röð, heldur pöntuðum við bókina á Amazon. Við fengum hana daginn eftir að hún kom út. Mér finnst þú hugrökk Emma. Ef ég færi í svona röð, myndi ég enda á því að þurfa skrifa eiginhandaráritanir í sex klukkustundir.“

*Vitið þið hvað gerist í síðustu bókinni?*



**HARRY POTTER-GENGIÐ** Daniel Radcliffe, Emma Watson og Rupert Grint ásamt leikstjóranum Mike Newell fyrir frumsýningu Harry Potter í London.

**Daniel:** „Við verðum að horfast í augu við það að það eru þónokkrir möguleikar á því að Harry deyi í síðustu bókinni. Síðast þegar ég sagði þetta kom það í öllum blöðum daginn eftir að ég væri að halda því fram að hann myndi deyja! Nei, það er bara möguleiki. Ég veit ekki hvort ég myndi vilja sjá það. Ég myndi helst vilja að síðasta bókin myndi gerast einhvers staðar allt annars staðar, kannski í heitara svæði. Þá kæmist maður úr upptökuverinu.“

*Hefur JK Rowling rætt eitthvað við ykkur um persónurnar, sem aðrir vita ekki?*

**Daniel:** „Ég veit að hún talaði við Alan Rickman sem leikur Snape og Ralph Fiennes sem leikur Voldemort. Alan veit meira hvað gerist um persónu hans en við og allir aðrir í heiminum gera. Alan hefur meira að segja stoppað breytingar á handriti vegna þess að hann vissi að það myndi ekki passa við það sem kæmi síðar. Við vitum ekkert en þeir tveir gera það.“

*Hverjar eru uppáhaldshljómsveitirnar ykkar og plötur.*

**Rupert:** „Ég er að hlusta mikið á rokk þessa dagana. Svolítið á AC/DC og The Killers.“

**Emma:** „Ég hef mjög breiðan smekk á tónlist. Síðast keypti ég Imogen Heap. Ég skipti tónlist í tvennt. Þeirri sem mér finnst gaman að dansa við, og þeirri sem ég hef gaman að hlusta á. Ég hlusta mikið á Damien Rice og fyrstu plötu Natalie Imbruglia. Ég elska hip-hop og fullt af þeirri tónlist sem er að komast upp á yfirborðið núna.“

**Daniel:** „Ég hef mjög mikla ástríðu fyrir tónlist. Þið verðið eiginlega að stoppa mig ef ég nöldra of mikið. Núna er ég að hlusta á nýja sveit sem heitir Clap Your Hands, Say Yeah. Þeir hljóma svolítið eins og David Byrne úr Talking Heads. Ég fíla líka fullt af breskum sveitum, eins og The Rakes, Doves, Hard-Fi og ég elska ennþá The Libertines.“

*Eruð þið byrjuð að hugsa um hvað þið viljið gera eftir að Harry Potter-ævintýrinu lýkur. Hvernig hlutverk viljið þið?*

**Daniel:** „Ja, við hlökkum mikið til bara, held ég. Rupert er þegar byrjaður að taka að sér önnur hlutverk líka. Ég er að fara að leika í mynd sem gerist í Ástralíu og fjallar um fjóra munaðarleysingja. Þeir eru aldir upp á kaþólsku munaðarleysingjaheimili. Myndin fjallar svo um það þegar heimilið fær smá peningagjöf og það er ákveðið að fara í ferðalag með allan hópinn.“

**Emma:** „Ég er komin með svo mikinn áhuga á því að leika að mig langar helst til þess að fara á svið. Það er svo gaman við þetta starf að maður hefur svo marga valmöguleika. Ég er alltaf að fá send handrit og ég er bara að fara í gegnum þau og sjá hvort ég verð ástfangin af einhverju þeirra. Mig langar að gera eitthvað allt öðruvísi en þetta og minna, en sjáum til.“

### Harry Potter klæmist í baði

*Myndin er sögð dekkri en fyrri myndir, en það er líklegast bara vegna þess að í þetta skiptið týna sögupersónur lífi sínu. Þar af leiðandi var myndin bönnuð innan 12 ára í Bretlandi. Óttast þau ekki að missa yngstu aðdáendur sína?*

**Emma:** „Ég held að margir aðdáendur hafi alist upp með myndunum, þeir sem eru á okkar aldri. Kannski erum við að missa einhvern hluta aðdáenda. Ég leik í myndinni, en ég varð samt smeyk við að horfa á hana. Þetta er meiri spennusaga en áður. Og allar myndirnar eru mjög sannar bókunum. Það er ekki hægt að horfa framhjá því að einhver deyr. Það er fullt af erfiðum viðfangsefnum sem er ekki hægt að horfa hjá. Mér finnst þeim hafa tekist rosalega vel til, og ég vona að þetta þróist áfram á þennan hátt.“

**Daniel:** „Það voru gerðar prufusýningar þar sem fólk, foreldrar og börn þeirra, fengu að tjá sig um myndina eftir á. Af þeim 60 sem voru þarna voru tveir foreldrar sem sögðu eitthvað. Börnin þeirra voru mjög fúl út í foreldra sína að vera að segja eitthvað, því þau voru þeim svo ósammála. Ég held að krakkarnir ráði mun betur við þetta en margir halda. Margir krakkar eru aldir upp við Lord of the Rings.

*Hefur það haft mikil áhrif á persónulegan uppvöxt ykkar og þroska að leika í þessum myndum?*

**Daniel:** „Ég held að við séum öll alin upp á venjulegan hátt, en kannski ekki í venjulegu umhverfi. Ég held að það sé ekkert undarlegt við það hvernig við höfum vaxið úr grasi, þótt það sé kannski spurning fyrir einhvern annan. Okkur líður ekki eins og barnastjörnum lengur. Núna erum við orðin nægilega gömul til þess að taka okkar eigin ákvarðanir.“

*Já, þið eruð búin að koma ykkur í góða stöðu. Þið vitið að kvikmyndafyrirtækin vilja hafa ykkur áfram í þessum hlutverkum í þeim þremur myndum sem eru eftir. Það gefur ykkur smá vald.*

**Emma:** „Ég hugsa ekki um þetta sem vald, heldur frekar ábyrgð. Það eru svo margir krakkar sem elska þessar bækur og myndir. Við gerum okkur mikla grein fyrir því að fólk elskar þessar persónur. Ég var mikill aðdáandi áður en ég tók að mér þetta hlutverk, og ég yrði mjög svekkt ef mér fyndist við fara illa með bókina.“

**Daniel:** „Við hugsum ekki um þetta sem vald. Ég heimta samt að fá risastóran vagn til þess að keyra mig í vinnuna á morgnana, og hásæti sem ber mig á milli staða. Fullt af fólki finnst það undarlegt að við getum lifað venjulegum lífi. Við getum oft farið út á meðal fólks. Það er ekki slæm hugmynd að vera með hatt. Mér líður bara eins og ég sé frægur tvo daga á ári, þegar við frumsýnum myndirnar. Það breytist kannski þegar við erum orðin 18 ára, og paparazziljósmyndararnir láta okkur ekki vera?“

**Emma:** „Já, ég held að ég tali líka fyrir okkur öll þegar ég segi að okkur langi til þess að klára að gera allar myndirnar.“

*Það er sena í myndinni þar sem Harry þarf að fara í bað til þess að leysa eina gátu. Hvað fór eiginlega í gegnum höfuðið á þér þegar það var verið að taka þessi atriði, þar sem persóna þín á að vera allsber?*

**Daniel:** „Hmm. ég var nú bara að velta því fyrir mér að ég væri 14 ára strákur í húðlitaðri sundskýlu sem var gerð af mjög þekktu merki. Þeir hafa eflaust velt því fyrir sér hvers konar persóna myndi ganga í svona? Ég var mjög meðvitaður um sjálfan mig. Ég þurfti oft að bíða á meðan við tókum þessar senur. Eftir svona þrjár tökur, þá venst maður þessu. Það var líka gaman að vinna með Shirley Henderson í þessu atriði. Hún veit vel hvað tvöföld meining orða er, og við skemmtum okkur rosalega vel við að skjóta þetta. Það eiga margir



**DUMBLEDORE** Dumbledore prófessor, sem er ein aðalpersónan í Harry Potter-myndunum, er mikill viskubrunnur.

foreldrar eftir að hlæja mikið í þessari senu, og krakkarnir fatta kannski ekkert af hverju.“

*Hvað er best við að gera þessar myndir?*

**Emma:** „Það er eiginlega ekki hægt að velja eitthvað eitt atriði. Ég verð alltaf mjög spennt rétt áður en við byrjum tökur, því þá fær maður handritið og fær að sjá hvernig þetta á að líta út. Svo er frábært hvað maður hefur fengið að ferðast mikið út af þessu. Við erum búin að fara til Japans, Kína og New York.“

**Rupert:** „Ég var eiginlega spenntastur þegar ég fékk hlutverkið. Ég hafði aldrei búist við því að fá þetta. Ég er búinn að missa töluvert úr skóla líka, sem ég sé ekkert eftir.“

**Daniel:** „Ég er alltaf mjög spenntur fyrir því að sjá lokaútkomuna. Að sjá ellefu mánaða vinnu klippta niður í tvo og hálfan klukkutíma. Þá sér maður hverju maður hefur áorkað. Ég hitti líka besta vin minn á tökustað, það var frábært.“

# EXPERTÚRVALIÐ

SIEMENS
**16.900**



## Sogkraftur

| | |
|---|---|
| 1800 Watta kraftur | Stillanlegt skaft |
| 2 aukahlutir geymdir | Hljóðlát |
| í hólfi í vélinni | Stillanlegur kraftur |
| Góður haus | VS06G1831 |

SIEMENS
**69.900**



## Barkalaus

| | |
|---|---|
| Tekur 6 kg | Stór tromla |
| Barkalaus | Stórt hurðaop |
| Rakaskynjari | Tímastilling |
| Orkuflokkur C | WT44E180 |

SIEMENS
**94.900**



## Traust

| | |
|---|---|
| 1600 snúninga | Hraðkerfi |
| Tekur 6 kg | Extra skol |
| Rafrænt stjórnborð | Öll helstu kerfi fyrir |
| Klukka og tímastillir | bómull og gerviefni |
| Sjálfvirkur magnskynjari | AAA |
| | WXL161A |

SIEMENS
**54.900**



## Á borðið

| | |
|---|---|
| Fyrir 4 | Lekavörn |
| 5 kerfi | Hljóðlát |
| 4 hitastig | aðeins 53 DB |
| AAB | SK25210EU |

**64.900**

SIEMENS



Breytir baun í kaffi
1300 wött ,15 bör
Flóar mjólk í kaffið
Framreiðir cappuccino og espresso
Sýður vatn í te
Tekur allt að 250 g af baunum
Tekur allt að 1,8 l af vatni
Verðlaunahönnun

## Gooott kaffi

**54.900**



SAMSUNG
**219.900**



**69.900**



SAMSUNG

## Svalandi

| | |
|---|---|
| Kælir 138 lítrar | Sjáflvirk affrysting í kæli |
| Frystir 51 lítrar | Orkuflokkur A |
| Frystir að neðan | CK266301 |

## Amerískur stálskápur

| | |
|---|---|
| Kælir 346 lítrar | Rafrænt stjórnborð |
| Frystir 186 lítrar | Vatns- og klakavél (mylur) |
| Orkuflokkur A | Barnalæsing |
| Vifta í kæli og frysti | Sjálfvirk affrysting í kæli |
| Lætur vita ef dyr eru opnar | RS19FHNS |

## Stór og sterk

| | |
|---|---|
| 1200 snúningar | Sjálfvirkur magnskynjari |
| 7 kg | 20 kerfi |
| Rafrænt stjórnborð | 30 cm op og 180°opnun |
| Klukka og tímastillir | AAB |
| | J1253 |



**DVD og tölvuleikir 1.998**

2 fyrir 1
expert

Birt með fyrirvara um villur.

**expert**

Skútuvogi 2 - sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 I laugardaga kl. 10.00 - 18.00 I sunnudaga kl. 13.00 - 17.00



JOHN AUSONIUS Lasermaðurinn var ráðgáta í Stokkhólmi um tíu mánaða skeið í kringum áramótin 1991-1992. Ókunnur maður var þá á vappi í borginni og réðst á fólk með dökka húð með laserriffli og fylltust borgarbúa ótta, sérstaklega nýbúar. Lögreglan var sem lömuð og hvorki gekk né rak í rannsókninni, lengi vel var til dæmis talið að fleiri en einn maður væru að verki. Rannsóknarblaðamaðurinn Gellert Tamas skrifaði svo skáldsögulega spennubók um málið þar sem fjallað var um það frá öllum hliðum. Og nú hefur verið gerð heimildarmyndaröð sem byrjað er að sýna í sænska sjónvarpinu. MYND/AFTONBLADET

# Fyrirlitningin skein af mér

Lasermaðurinn **John Ausonius** ofsótti innflytjendur í Stokkhólmi í byrjun tíunda áratugarins með riffli með lasermiði. Hann beið í leyni bak við runna eða í skúmaskotum og réðst á innflytjendur þegar minnst varði. Hann skaut ellefu, myrti einn og framdi tuttugu bankarán. Og lifði kóngalífi á meðan. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* fer yfir þennan tíma Ausonius.

Sænska ríkissjónvarpið hefur tekið til sýninga röð heimildaþátta um lasermorðin í Stokkhólmi í byrjun tíunda áratugarins. Óþekktur maður gekk þá laus með riffil með lasermiði og skaut ellefu nýbúa í tíu tilræðum. Lögreglan stóð lömuð hjá og tókst ekki að góma morðingjann fyrr en eftir tíu mánuði. Hann hafði þá lifað kóngalífi og rænt tuttugu banka til viðbótar við árásirnar. Grunur beindist ekki að honum fyrr en undir lokin.

Lasermaðurinn hélt Stokkhólmsbúum í greipum óttans í kringum áramótin 1991-1992. Einn maður dó en aðrir verða aldrei samir á ný. Sumir þeirra hafa flutt til heimalandsins, aðrir búa enn með fjölskyldum sínum í Svíþjóð en allir nema einn eiga það sameiginlegt að vilja ekki ræða þessa sáru reynslu, að verða fyrir árás fyrir það eitt að vera dökkir á brún og brá.

### Kynþáttahatur blómstraði

Svíar áttu við efnahagskreppu að stríða í byrjun tíunda áratugarins og var hún sú allra versta sem hafði verið í marga áratugi. Við þessar aðstæður kom fram kynþáttahatur sem náði að dafna og lifa blómlegu lífi, ekki síst í herskárri hreyfingu, Nýju lýðræði, sem barðist gegn innflytjendum. Nýtt lýðræði gekk svo langt að ná kjörnum fulltrúum á sænska þingið. Um allt land var ráðist á innflytjendabúðir með bensínsprengjum. Innflytjendur lifðu í ótta og ekki bara þeir því að ýmsar sögusagnir komust á kreik, þar á meðal að árásarmaðurinn væri kynskiptingur og urðu þeir því líka fyrir ofsóknum. Árásir Lasermannsins urðu til þess að næststærsta lögreglurannsókn Svíþjóðar fór af stað en sú stærsta var rannsóknin á morðinu á Olof Palme forsætisráðherra árið 1986. Lögreglurannsóknin var þó lengst af máttlaus. Lögreglunni tókst að klúðra öllum ábendingum sem hún fékk, þar á meðal fékk hún ábendingu sem hefði leitt til hins rétta Lasermanns nokkuð snemma í ferlinum en glopraði því niður.

### Álitinn fyrirmyndarborgari

Árásarmaðurinn gekk því laus og lifði lengst af ljúfu lífi, rændi banka og fjárfesti í kauphöllinni. Hann lifði vel, fór í ferðalög og gat veitt sér ýmsan annan munað á borð við dýra bíla og falleg föt. Hann var félagslega einangraður en almennt álitinn fyrirmyndarborgari.

Lögreglan í Stokkhólmi klúðraði miklu í rannsóknum sínum og því var það ekki fyrr en eftir tíu mánuði sem Svíinn John Ausonius var tekinn höndum og dæmdur í lífstíðarfangelsi. Ausonius neitaði sök í tíu ár en eftir tíu ára þögn játaði hann loksins á sig árásirnar og tuttugu bankarán. Hann sagði sænska rannsóknarblaðamanninum Gellert Tamas sögu sína. Tamas skrifaði skáldsögulega spennubók um árásirnar, Lasermannen - en berättelse om Sverige. Þar lýsir hann uppruna Ausonius og fléttar saman við söguna þær upplýsingar um atburðarásina sem hann hefur frá lögreglunni og fórnarlömbum Lasermannsins.

Í bók Tamas kemur fram að Lasermaðurinn er sjálfur nýbúi. Foreldrar hans kynntust í lest á leið frá Þýskalandi til Svíþjóðar. Faðir hans var þjónn og móðir hans kom til Svíþjóðar til að starfa við heimilishjálp. Þau giftust fljótlega og eignuðust tvo drengi. Faðirinn var hins vegar drykkfelldur og ótrúr og brotnaði hjónabandið fljótlega upp.

Lasermaðurinn heitir í raun Wolfgang Zaugg. Hann var einmana sál, átti fáa vini og var alltaf einangraður. Hann var lagður í einelti sem barn og var stundum kallaður svertinginn. Hann var haldinn fullkomnunaráráttu. Hann gekk í einkaskóla í Stokkhólmi og honum gekk vel í skólanum, sérstaklega hafði hann vísindalegan áhuga, en honum tókst samt ekki að ljúka námi. Hann var alinn upp í þýskum heraga eftirstríðsáranna. Móðir hans gerði strangar og jafnvel óraunhæfar kröfur til hans, - mun meiri en bróður hans. Wolfgang sýndi snemma einkenni um geðsjúkdóm sem enginn tók eftir og var því aldrei sinnt fyrr en of seint.

Þegar lögreglunni tókst loks að handsama Ausonius var hann dæmdur í lífstíðarfangelsi. Búast má við að hann sitji inni í minnst fjórtán ár og líklega mun lengur. Blaðamaður á sænska dagblaðinu Aftonbladet heimsótti hann í fangelsið nýlega og horfði á fyrsta þáttinn með honum. Þegar Ausonius var beðinn um að segja álit sitt á því hvernig til hefði tekist fannst honum aðalleikarinn of kerlingarlegur. „Það geislaði af mér meiri kuldi og fyrirlitning þegar ég framkvæmdi árásirnar,“ sagði hann. „Ég var kuldalegri en leikarinn er, hrokinn skein af mér. Innflytjendur sem ég hitti á götu fundu það á sér, eða það fannst mér að minnsta kosti.“

Ausonius fylgdist með þættinum af athygli og sagði síðan að hann hefði fundið fyrir skömmustutilfinningum, þetta hefði verið sér algjört „hundalíf“. Myndin sýnir líka þegar skyldmenni bresta í grát yfir fréttum um árás. John Ausonius situr þá hljóður og hlustar af einbeitni. Eftir á segist hann hafa séð í myndinni að saklaus innflytjandi hafi orðið fyrir borðinu á árásunum. „Ef það hefðu bara verið fleiri eins og hann,“ sagði hann.

## MUN ALDREI FYRIRGEFA

Ilsa Aybar er einn af þeim sem lifðu af árás Lasermannsins. Hann varð fyrir fjórum skotum, þar á meðal í höfuð og handlegg, þegar Lasermaðurinn réðst inn í söluturninn hjá honum og miðaði á höfuðið á honum.

Lasermaðurinn skaut átta skotum en hitti bara með fjórum. Þegar Aybar lá í blóði sínu á gólfinu fór Lasermaðurinn og það án þess að hirða krónu úr kassanum. Hann hélt að fórnarlambið væri látið.

Ilsa Aybar hefur aldrei jafnað sig eftir árásina, hann lá meðvitundarlaus á sjúkrahúsi í rúma viku og mun líklega aldrei ná sér. Fjarlægja varð skot úr heilanum og svo missti hann sjón á öðru auga. Hann er öryrki í dag.




CITROËN

# Betra verð en Peugeot.* Kauptu Citroën á jólatilboði Brimborgar

**Jólatilboð Brimborgar**

**Jólin nálgast**
**Kynntu þér greiðslukjörin**
**Komdu í Brimborg**
**Veldu franska hönnun eins og hún gerist best**

*Kaffi og croissant*
*Opið í dag frá kl. 12 til 16*



*Bestu kaupin í dag.*
*Sjálfskiptur 2,0i 143 hestafla Citroën C5.*
*Jólaverð 2.190.000 kr.*

► Nú er gott að kaupa Citroën. Tvöfalt tilboð - bæði jólatilboð og afmælistilboð. Láttu sjá þig á Citroën. Við hjálpum þér að eignast nýjan og öruggan bíl fyrir jól.

Berðu saman frönsk gæði. Berðu saman Citroën og Peugeot. Berðu saman verð, búnað og gæði. Veldu franska hönnun eins og hún gerist best.

Komdu í Brimborg - við bjóðum þér betra verð en Peugeot*. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.** Tilboðin gilda aðeins til 16. desember.

## Besta tilboð á Citroën

Jólin að koma. Lækkað verð. Mikill afsláttur. Lítil útborgun. Lægri mánaðargreiðslur. Við erum í jólaskapi. Við staðgreiðum einnig gamla bílinn þinn.** Takmarkað magn til á jólatilboði Citroën. Komdu núna.

*Við erum bæði í góðu afmælis- og jólaskapi. Komdu í fimm ára afmæli Citroën á Íslandi. Veldu Citroën á frábæru verði og þú færð verðmæta afmælisgjöf. Komdu í kaffi og croissant. Skoðaðu greiðslukjörin. Veldu franska hönnun eins og hún gerist best. Láttu sjá þig á nýjum Citroën yfir jólahátíðina.*

5 ára

## Tugþúsunda afmælisgjöf

**Þú færð tugþúsundir í afmælisgjöf veljir þú nýjan Citroën - sumardekkin í skottið og vetrardekkin undir bílinn án aukakostnaðar. Við erum í afmælisskapi þessa dagana: 5 ár frá því Brimborg hóf sölu á Citroën. Komdu í Brimborg.**

LÝSING

Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör í tilefni 5 ára afmælis Citroën á Íslandi

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - gci50056

## Brimborg staðgreiðir gamla bílinn þinn.** Auðveldara getur það ekki verið.

Berðu saman bíla. Kynntu þér verð og gæði. Komdu núna í Brimborg.



C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö*
Jólaverð 1.319.000 kr.
Rekstrarleiga 23.963 kr.
Bílasamningur 17.779 kr.



Berlingo Multispace 5 gíra 1,6i 110 hö*
Jólaverð 1.569.000 kr.
Rekstrarleiga 28.762 kr.
Bílasamningur 20.878 kr.



C2 VTS 5 gíra 1,6i 125 hö*
Jólaverð 1.569.000 kr.
Rekstrarleiga 29.950 kr.
Bílasamningur 21.146 kr.



C4 COUPÉ VTR 5 gíra 1,6i 110 hö*
Jólaverð 1.650.000 kr.
Rekstrarleiga 28.450 kr.
Bílasamningur 22.240 kr.



C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Jólaverð 1.690.000 kr.
Rekstrarleiga 29.231 kr.
Bílasamningur 22.779 kr.



Xsara Picasso Exclusive 5 gíra 1,8i 117 hö*
Jólaverð 1.799.000 kr.
Rekstrarleiga 31.133 kr.
Bílasamningur 24.247 kr.



C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö*
Jólaverð 2.190.000 kr.
Rekstrarleiga 38.455 kr.
Bílasamningur 29.516 kr.



C8 SX Sjálfskiptur 2,0i 138 hö*
Jólaverð 2.849.000 kr.
Rekstrarleiga 49.023 kr.
Bílasamningur 38.399 kr.

*þú færð afmælisgjöf - sumardekkin í skottið og vetrardekkin undir bílinn án aukakostnaðar - veljir þú nýjan Citroën.*

**Jólatilboð Brimborgar**



Fimm ár eru liðin frá því Íslendingar kynntust að nýju ekta frönskum munaði. Frakkar hafa sýnt svo um munar að þeir þekkja orðið gæði. Citroën er vinsælasta franska fólksbílamerkið á Íslandi. Og vinsældirnar aukast með degi hverjum. 1.400 ánægðir Íslendingar aka nú stoltir um vegi landsins, sumar og vetur. Brimborg leggur mikla áherslu á þjónustu við Citroën eigendur. Við erum stolt yfir því að vera öruggur kaupstaður Citroën bíla. Láttu sjá þig á Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Miðað við verð þann 24.11.2005. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.mynt karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum af: C4 er álfelgur; C5 er álfelgur og sóllúga; Berlingo er þokuljós.


Þú þarft ekki
Frosin nýsjálensk ungnautalund
Frosin nýsjálensk ungnautalund
2299 kg KR.
HÁLFUR LÍTRI
69 KR.
Pinquin saltpillur
PINQUIN SALTPILLUR
349 310g KR.
EKKERT BRUÐL
Þrátt fyrir tolla og VSK
LÆGRA VERÐ EN Í FRÍHÖFNINNI!
Nýsjálensk ungnautalund
EURO SHOPPER
Chips
Chips Paprika
200g poki
98 KR.
Kryddað Bónus lambalæri
650g af fylltum konfektmolum
1499 KR.
EKKERT BRUÐL
KRYDDAÐ LAMBALÆRI
899 kg KR.
Merkt verð 998kr.
10% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
www.bonus.is
LANGBESTU MOLARNIR!
BÓNUS


að fletta lengra...
Lúxus kjúklingablanda!
3 bringur + 3 leggir + 3 vængir
BÓNUS KJÚKLINGUR
Himnesk hollusta
FRISE SALATBLANDA
SOLLA
FRISE SALATBLANDA
199 KR.
200g
LÚXUS KJÚKLINGABLANDA
899 kg KR.
Merkt verð 1199kr.
25% afsláttur við kassann
KRYDDFETI
199 KR.
200g
Kryddfeti
MJÓLKA
FERSKUR ANANAS
199 KR.
um 1900g
TRÖNUBERJASAFI
259 KR.
1 LÍTRI
Florida
FERSKUR TRÖNUBERJASAFI
STEIKTAR FISKIBOLLUR
299 KR.
430g
BÓNUS Fiskibollur steiktar
25%
BERJAINNIHALD
Enginn viðbættur sykur
Chiquita
PREMIUM GOLD PINEAPPLE
Robin I. fl. appelsínur
I. FLOKKS PAKKAÐAR APPELSÍNUR
159 KR.
KÍLÓVERÐ
Robin I. fl. klementínur
Ný uppskera!
PÖKKUÐ JÓLAEPLI
169 KR.
KÍLÓVERÐ
KLEMENTÍNUKASSI I. FLOKKUR
359 KR.
2.3 KÍLÓ
Klementínur
2.3 kg
BERG FRUIT Robin
Amerísku jólaeplin eru komin!
bonus.is
BÓNUS
ERAN/Landlist



PÉTUR KRISTJÁNSSON Rokkgoðið á hátindi ferils síns með hárið sem var eitt af einkennismerkjum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Rokkari af Guðs náð

Skyndilegt andlát Péturs Kristjánssonar var íslenskum tónlistarmönnum mikil harmafrétt, ekki eingöngu vegna þess að honum hafði tekist að búa sér til ákveðinn bás í tónlistarlífi landans heldur líka vegna einstakrar manngæsku og frásagnargleði. *Freyr Gígja Gunnarsson* ræddi við **Kristján Hreinsson** um bókina Pétur Poppari.

Upp úr hádegi, viku eftir að við fáum fréttir af hjartaáfallinu, er okkur tilkynnt um andlát Péturs og þögnin sem myndast þegar engillinn flýgur um salinn er eins og hún ætli að vara að eilífu.“ Svona lýsir Kristján Hreinsson í bókinni Pétur Poppari þegar vinur hans og samstarfsfélagi Pétur Kristjánsson deyr langt fyrir aldur fram.

Tónlistamaðurinn var æskuhetja Kristjáns og hann hafði alltaf dáðst að þessum erkitöffara sem gat gengið um í hvítum gallabuxum og Marlboro-jakka eins og ekkert væri. Kristján festi kaup á slíkum flíkum og sagan segir að þær hafi reynst auðveldar í endursölu.

Þeir félagar höfðu verið að vinna saman að plötu þar sem Pétur söng lög Kim Larsen við texta Kristjáns. Allt var í himnalagi. Pétur reytti af sér brandarana og sagði sögur eins og honum einum var lagið. Skyndileg veikindi Péturs komu öllum í opna skjöldu og fráfallið var mikið reiðarslag.

Þeir höfðu rætt um að skrifa bók um ævi Péturs en hann vísaði því á bug. „Sagðist ekki vilja það fyrr en hann væri orðinn gamall hefðarmaður,“ útskýrir höfundurinn. „Hann brosti reyndar alltaf þegar þetta kom til tals og honum leiddist ekkert athyglin,“ segir Kristján og brosir.

Pétur var meðlimur í mörgum af frægustu hljómsveitum landsins og ferðaðist um landið þvert og endilangt. Það var því enginn hörgull á sögum af honum og samtímamönnum hans. „Pétur var þekktur fyrir að lenda í ótrúlegustu aðstæðum,“ segir Kristján og glottir. „Hann var sjúklega fyndinn og stundum átti ég bágt með mig þegar hann fór á flug,“ segir hann og hlær. „Þeir sem störfuðu til dæmis við fjölmiðla skynjuðu að andrúmsloftið breyttist þegar hann kom á staðinn með tónlist eða einhverjar tilkynningar,“ útskýrir Kristján. „Þetta hljóma kannski eins og einhverjar ýkjur en það var ákveðinn bjarmi yfir honum.“

## Safnaði hári fyrir verkið

Það var ekki létt verk fyrir Kristján að setjast niður og byrja að skrifa um góðan vin sinn sem var nýlátinn. Hann sankaði að sér upptökum, las allar úrklippur sem tengdust Pétri og tók viðtöl við samferðamenn hans. „Við hlógum mikið og á sumum upptökunum má varla heyra orðanna skil fyrir hlátri,“ segir Kristján en bætir jafnframt við að oft hafi verið stutt í tárin. Sjálfur upplifði hann miklar tilfinningasveiflur á meðan á vinnslu bókarinnar stóð. „Þetta var mikill hlátur en jafnframt mikill söknuður,“ segir hann en viðurkennir að það hafi gert honum og öðrum sem komu að bókinni gott að geta talað um Pétur á þennan hátt.

Kristján lagði ýmislegt á sig og hann tók sig meðal annars til og safnaði hári til að koma sér í rétta stuðið. „Það eru til örfá dæmi um að Pétur hafi verið stutthærður,“ segir Kristján en mörgum þótti hárgreiðsla popparans um margt sérkennileg. „Ég fann fyrir ótrúlegum fordómum gagnvart hárinu og fólk sem ég þekki ekki neitt vindur sér upp að mér og spyr af hverju ég fari ekki klippingu,“ segir Kristján og hlær. „Við getum þá rétt ímyndað okkur hvernig viðhorfi Pétur hefur mætt,“ bætir hann við og glottir.

Þrátt fyrir að ævi Péturs væri eflaust efni í aðra bók eru það uppátæki og frásagnir af atburðum tengdum honum sem skipa hvað stærstan sess í bókinni. Hún er frekar saga af Pétri en um Pétur þrátt fyrir að vera í réttri tímaröð. Hann var einstaklega frásagnaglaður og hafsjór af fróðleik um hluti sem hvergi er hægt að finna á skrá. „Pétur vissi hversu margir höfðu komið á þennan og hinn dansleikinn, hverjir voru dyraverðir og hvaða týpur af græjum notaðar,“ útskýrir Kristján. „Hann lék allar sínar sögur með miklum tilþrifum, tók bakföll, hoppaði og gerði allskonar búkhljóð,“ heldur Kristján áfram. „Allt gat þetta orðið óborganlega fyndið og stundum varð maður að halda sér fast,“ segir Kristján og skellir upp úr.

## Blaðra er ekki bara blaðra

Það var þó ekki eingöngu vegna þess hversu einstakur sögumaður Pétur var því honum hafði tekist að koma sér upp ótrúlegum orðaforða. „Þegar ég byrjaði að skrifa ákvað ég að bókin yrði að vera skrifuð á „pétrísku“. Það gefur öllum þessum sögum meiri dýpt,“ útskýrir Kristján en tekur jafnframt fram að þessi hugmynd hans hafi fengið blendin viðbrögð. Aftast í bókinni er þó orðabók sem hefur að geyma yfir fimm hundruð orð sem Pétur bjó til eða gaf nýja merkingu. „Hann las mikið af popptímaritum sem voru hans Biblía en Pétur lifði og hrærðist í þessum heimi. Mikið af orðunum er komið frá þessum tímaritum en hann var einnig duglegur við að dusta rykið af gömlum íslenskum orðum,“ segir Kristján og nefnir sem dæmi orðið blaðra. „Hjá Pétri hafði það orð mjög mismunandi þýðingu,“ segir hann en í orðabókinni er blaðra meðal annars heiti yfir vesaldóm eða slæmt lag, kona sem talar mikið. Ef lýsingarorðinu blár er skellt fyrir framan verður útkoman léleg ljósblá mynd.



KRISTJÁN HREINSSON „Pétur faðmaði mig alltaf að sér og honum fylgdi ótrúleg hlýja,“ segir Kristján Hreinsson um vin sinn Pétur Kristjánsson tónlistarmann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kristján segir að Pétri hafi verið fátt heilagt. „ Honum fannst ekkert svo alvarlegt að ekki mætti gera grín að því,“ segir Kristján. „Hann upplifði sínar sorgir en lífsspeki Péturs sagði honum að það væri smátt og smátt verið að rífa úr manni hjartað á meðan maður lifði. Það væri það sem eftir væri sem skipti máli að vernda,“ útskýrir höfundurinn og bætir jafnframt við að Pétur hafi verið mjög ósérhlífinn og ekki hikað við að gera grín að sjálfum sér. Ýkt ef eitthvað væri. „Hann gerði grín að veikleikum sínum. Pétur þjáðist til dæmis af innilokunarkennd og lét stöðva flugvél fyrir austan og gekk út,“ segir Kristján og kemst á flug. „Hann sagði oft söguna af því þegar hann reyndi við klæðskiptinginn eða gekk um verslunarmiðstöð í Bandaríkjunum á boxer-nærbuxum sem hann hélt að væru stuttbuxur,“ segir Kristján og skellir uppúr. „Hann hafði ekkert til að skammast sín fyrir.“

Kristján segist vera feginn að þessari bók skuli vera lokið og hann er ánægður með að hafa gert hana. „Ekkja Péturs, Linda, fékk síðustu próförkina í hendurnar og þegar hún hafði lesið hana faðmaði hún mig og þakkaði mér fyrir. Henni fannst þetta æðislegt,“ segir Kristján stoltur. „Hann faðmaði mig alltaf að sér og Pétri fylgdi ótrúleg hlýja. Ég vildi halda sögu hans á lofti og þeirri fögru mynd sem hann gaf okkur öllum.“






Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is










## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 6 | 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 4 | 9 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 1 | 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 5 | 2 | 1 | 3 | 6 | 7 | 9 | 4 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 7 | 4 |
| | | 7 | | | | | 1 | 9 |
| | | | 7 | | 2 | | | |
| 2 | 1 | | | | 7 | | 5 | |
| | | 3 | 5 | | 6 | 9 | | |
| | 5 | | 3 | | | | 6 | 8 |
| | | | 2 | | 9 | | | |
| 4 | 3 | | | | | 6 | | |
| 8 | 7 | | | | | | | |

# STUÐ MILLI STRÍÐA Ekki borða viskustykkið

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** ÁTTI FRÁBÆRT FÖSTUDAGSKVÖLD



Ég var svo heppin að vinna barnapössunarkvöld með litla frænda í fjölskylduhappdrættinu um daginn. Ég mætti galvösk heim til bróður míns, í joggingalla, vitandi það að slef og gubb ætti eftir að streyma yfir mig í stríðum straumum.

Litli frændi tók á móti mér með brosi. Ég rak svo foreldrana út með hasti til að fá almennilegan tíma ein með bróðursyni mínum. Eftir að þau voru farin tók við stíft prógramm barnapössunar. Við byrjuðum á því að skoða okkur vel og lengi í speglinum. Okkur fannst spegillinn mjög undarlegur enda voru svo margir í honum sem gerðu allt eins og við gerðum. Dularfullt.

Eftir ítarlega speglaskoðun fórum við í gríðarlega flókna og áreynslumikla leikinn „hvar er frænka og hvar er Krói“. Frænkan notaði viskustykki við feluleikinn. Breiddi það yfir hausinn á sér og spurði „hvar er frænka?“ Litli frændi spriklaði og skríkti. Ég túlkaði skríkið sem skemmtilegan söknuð á frænkunni sem skyndilega hvarf á bakvið viskustykkið, en það gæti líka verið að frænda hafi bara fundist stykkið svona skríkjandi smart og flott. Frændi greip svo í stykkið og reyndi að éta það. Þegar þessum leik var lokið og viskustykkið hálfétið gerði ég tilraun til að kenna frænda að tala, þrátt fyrir fimm mánaða aldur. Við reyndum lengi vel við orðið frænka. Það gekk hálf frussulega og ég sætti mig við það að heita brrrþsrþðrufu.

Þegar kom að háttatímanum og frændi kominn í rúmið trekkti ég upp spiladósina, lagðist við hlið rimlarúmsins, hélt í hendina á honum, strauk hárið hans og söngaði Bubbaballöður þangað til hann sofnaði. Frændi fílaði Bubba vel alveg eins og afi hans. Kvöldið leið svo án þess að ég tæki augun af litla króganum mínum. Svona er frænkuástin mögnuð. Góða helgi. Kveðja, Brrrþsrþðrufu frænka.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




42" Risasjónvarp
JDV
JDV42 Plasmasjónvarp
• 42" SAMSUNG V4 SKJÁR
• BIRTA 1000 CD / M2
• UPPLAUSN 852(H) x 480(V) WXGA
• SKERPA 3000 : 1
• LITIR 16.77 MILLIÓN
• VIÐBRAGÐSTÍMI 8ms
• HLJÓÐ (8W x 8W) RMS
• HD TILBÚINN 1080i * 1920
• 160° SJÓNHORN
• GRÁTT / SILFUR HÖNNUN
• FJARSTÝRING FYLGIR
• Hægt að tengja beint við tölvu með DVI tengi
• VEGGFESTINGAR FÁANLEGAR
Hægt að taka hátalarana af!
Harry Potter
13.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
167.988
STAÐGREITT
Tveir bíómiðar á Harry Potter fylgja
Bíómiði
FYLGIR
DVD spilari í kaupbæti!
DIVX
FYLGIR
10 DVD myndir fylgja!
FYLGIR
FYLGIR
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
Verðlækkun
BT Bestu kaupin
Panasonic
Panasonic Heimabíó
SCHT330
• Fjölkerfa • Magnari 400W RMS
• Útvarp FM/AM RDS • DVD-Audio
• Spilar CD-R/CD-RW/DVD-R/S-VCD/JEPG/MP3
• Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
• 5 hátalarar + Bassahátalari
• Hljóðtengi fyrir TV
• DSP • Fjarstýring
12 DVD myndir fylgja!
FYLGIR
**2.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988
STAÐGREITT
41.999
FYLGIR
Spilaðu alla tónlistina beint í Panasonic heimbíókerfinu - venjulega diska eða skrifaða. Spilar MP3 tónlistina sem þ ú hleður af netinu.
mp3
Digital Theather System (DTS) stuðningur. Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem teknar eru upp í DTS til fullnustu.
DIGITAL dts SURROUND
Spilar einnig tónlistardiska sem teknir eru upp fjölrása fyrir DVD. Þannig notar þú alla hátalarana og stofan breytist í hljómleikahöll.
DVD
Buzz jólapakki
Skemmtilegu pakkarnir eru í BT
PlayStation.2
Playstation2 leikjatölva og spurningaleikurinn Buzz saman á frábæru verði, aðeins í verslunum BT
PS2
BUZZ! The Music Quiz
BT
14.999
Frábær pakki
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

**Kl. 11.00**
*Námsstefna um* ***rafræna miðlun menningararfs*** *á söfnum á Íslandi verður haldin í Listasafni Íslands. Námstefnan er ætluð jafnt safnmönnum og öðrum sem láta sig málið varða. Allir eru velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Vinkonur sýna á aðventu

Í dag verður opnuð sýning á verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur og Margrétar Jónsdóttur í Hallgrímskirkju. Sýningin verður í forkirkjunni og stendur fram í febrúar.

„Við erum vinkonur og frænkur, báðar að norðan en erum að sýna í fyrsta skipti saman núna," segir Kristín, sem sýnir tvö stór málverk á sýningunni. Annað þeirra er altaristafla fyrir kapelluna í Keflavík, sem er við Keflavíkurkirkju. Hitt verkið er landslagsmálverk. „Ég hef eiginlega verið í málverkunum alla tíð, en er núna að færast meira inn á landslagsmálverk þar sem ekki eru neinar fígúrur."

Margrét sýnir aftur á móti hvít leirverk þar sem ýmissa grasa gætir.

„Hún er með skúlptúra, spiladósir, lágmyndir á vegg, blómavasa og margt fleira," segir Kristín um framlag vinkonu sinnar til sýningarinnar.

„Á sýningunni eru sem sagt tvær stórar dökkar myndir frá mér og síðan hvítir glampandi hlutir frá Margréti."

Mikið verður um að vera í Hallgrímskirkju á næstunni.



Margrét Jónsdóttir og Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkonur.

Á morgun verður aðventan hringd þar inn eins og í öðrum kirkjum landsins. Á þriðjudaginn hefst síðan tónlistarhátíð á jólaföstu með tónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju um kvöldið, en þeir verða endurteknir tvisvar sinnum um næstu helgi.

### > Ekki missa af ...

... sýningu á glerverkum og ljósmyndum **Bryndísar Jónsdóttur** í Gallerí 100°, sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1. Sýningunni lýkur í dag og er opin frá klukkan 13 til 17.

... tónleikum djassklúbbsins **Múlans** í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld þar sem kvartettinn **Q56** leikur.

... tónleikum á morgun á listahátíðinni Tónað inn í aðventuna í Neskirkju. Ítalski flautuleikarinn **Pamela de Sensi** og belgíski hörpuleikarinn **Sophie Marie Schoonjans** lofa ljúfum og rómantískum tónleikum.

## Endurtekur afmælið

Ein ástsælasta dægurlagasöngkona þjóðarinnar, Þuríður Sigurðardóttir, heldur upp á 40 ára söngafmæli sitt um þessar mundir. Afmælistónleikar hennar í Salnum um síðustu helgi voru svo vel sóttir að ákveðið var að endurtaka leikinn og verða aðrir tónleikar á sama stað annað kvöld klukkan 21.



ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR

Þar rifjar hún upp dægurlög sem hún hefur sungið á ferli sínum og hefur fengið til liðs við sig valinkunna hljóðfæraleikara ásamt þeim Helenu Eyjólfsdóttur, Birgi Karlssyni, Einari Hólm, Jóni Páli Bjarnasyni, Ómari Ragnarssyni, Pálma Gunnarssyni, Ragnari Bjarnasyni og Sigurði Helga Pálmasyni.

## Fimm þúsund á Fullkomið brúðkaup

Um fimm þúsund manns hafa séð sýninguna Fullkomið brúðkaup sem Leikfélag Akureyrar sýnir um þessar mundir. Fullt hefur verið á allar sýningar síðan þær hófust fyrir fimm vikum og aukasýningum verið bætt við til að mæta eftirspurn. Að sögn Magnúsar Geirs Þórðarsonar hafa sennilega aldrei jafn margir séð sýningu á vegum Leikfélags Akureyrar á svo stuttum tíma.

„Það er gaman þegar fólk er ánægt og streymir í leikhús," segir Magnús. „Það er aldrei á vísan að róa í leikhúsinu en við fundum það strax við æfingar að þetta var skemmtilegt verk og leikhópurinn er frábær sem og allir sem að sýningunni koma. Leikhúsgaldurinn leystist úr læðingi og við fundum á fyrstu sýningu að verkið féll í kramið, en þorðum þó ekki að vona eftir þessari miklu aðsókn."

Þrátt fyrir gott gengi lýkur sýningum á Fullkomnu brúðkaupi um áramót, en Magnús segir að fram að því verði aukasýningum bætt við eins og þurfa þykir. „Við tökum upp nýtt fyrirkomulag í fyrra sem miðar að því ákveða fyrirfram hvað hver sýning er sýnd lengi. Við sýnum bara eins þétt og við þurfum á þeim tíma og klárum verkið. Þetta er betra listrænt, því leikararnir eru alltaf heitir, en ekki síður rekstrarlega. Þetta gerir okkur kleift að setja upp fleiri metnaðarfullar sýningar og þótt það sé uppselt, er alltaf hægt að fá miða því við bætum við fleiri sýningum ef það er eftirspurn."

- bs



**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP** Álfrún Örnólfsdóttir og Guðjón Davíð Karlsson í hlutverkum sínum.




## NÝJAR BÆKUR



Hjá Máli og menningu er komin út **Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein** eftir Guðjón Friðriksson. Hannes Hafstein var bráðgert glæsimenni og stjórnmálaferill hans var sigurganga framan af, en fáir vita að þessi óskasonur Íslands átti um margt stormasama ævi og á milli stóru sigurstundanna voru sárir ósigrar. Guðjón hefur þrívegis hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir verk sín.



Ný skáldsaga eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur, **Yosoy – Af líkamslistum og hugarvíli í hryllingsleikhúsinu við Álafoss**, er komin út hjá Máli og menningu. Hér er að ferðinni metnaðarfyllsta skáldverk hennar til þessa, kraftmikil skáldsaga um sársauka og mannlegt eðli, göfugar ástir og afkáralegar, meðfædda hæfileika og áunna – saga um það hvernig menn rækta þær guðsgjafir sem þeim eru gefnar



Hjá Máli og menningu er komin út ljóðabókin **Kvöldganga með fuglum** eftir Matthías Johannessen, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins.




Hjá Máli og menningu er komin út **Völundarhús valdsins. Stjórnarmyndanir, stjórnarslit og staða forseta Íslands í embættistíð Kristjáns Eldjárns, 1968-1980** eftir Guðna Th. Jóhannesson. Kristján Eldjárn hélt dagbók, skrifaði minnisblöð og las inn á segulband frásagnir af fundum með flokksforingjum um stjórnarmyndanir og stjórnarslit í forsetatíð sinni. Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, fékk aðgang að þessum heimildum og hefur skrifað stórmerkilega bók sem markar þáttaskil í ritun íslenskrar stjórnmálasögu.




**Barnagælur**, ný skáldsaga eftir Óttar Martin Norðfjörð, er komin út í kilju hjá Máli og menningu.





# SÖNGNÁMSKEIÐ



María Björk
Skólastjóri/Kennari

Regína
Yfirkennari/kennari

Birgitta Haukdal
Söngkona/Kennari

Arndís
Söngkona/Kennari/Idol

Jónsi
Söngvari/Kennari

Þóra
Söngkona/Kennari

Ragnheiður
Söngkona/Kennari

Friðrik Ómar
Söngvari/Kennari

Eivör Pálsdóttir
Söngkona/Kennari

Alma Rut
Söngkona/Kennari

Björgvin Frarnz
Leikari/Kennari

Yesmine
Dansari/Kennari

## Gefðu gjafabréf í jólagjöf!

Námskeið fyrir börn og fullorðna á vorönn 2006 í Söngskóla Maríu Bjarkar hefjast í janúar. Við kennum leik, söng og sviðsframkomu og eru leiðbeinendur okkar allir atvinnumenn á sínu sviði með mikla reynslu. Við bjóðum einnig upp á sjálfstyrkingarnámskeið, sem hefur borið frábæran árangur. Það er góð hugmynd fyrir jólin að kaupa gjafabréf í eitt af námskeiðum okkar handa snillingum á öllum aldri sem vilja skemmta sér og öðrum.

**NÝTT!**
**Núna bjóðum við einnig upp á forskóla fyrir 3-5 ára krakka.**



Á vorönn verða haldin **Master Class námskeið** fyrir vana og atvinnusöngvara. Kennarar eru Hera Björk og Gudrun Holck, sem er með mastergráðu í söng frá skóla Cathrine Sadolin, Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn

**Bókunarsími: 575 1512 & 897 7922 eða á aria@islandia, www.poppskolinn.is, Fákafeni 11, s. 588 1111**

**Söngskóli MARÍU BJARKAR**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið




**Nýi diskurinn með SPARK er kominn í verslanir!**

# Því ekki að vera gamaldags

„Við erum bara gammeldags, og því skyldum við ekki vera það. Við höfum svo gaman af þessum lögum,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir söngkona, sem syngur á útgáfutónleikum í Salnum bæði í dag og á morgun ásamt félaga sínum, hinum unga Friðrik Ómari Hjörleifssyni.

Þau voru að gefa út nýja plötu þar sem þau syngja saman íslenskar dægurlagaperlur sem voru hvað vinsælastar um miðja síðustu öld, lögin sem þau Elly og Vilhjálmur sungu, Óðinn Valdimarsson, Helena Eyjólfs, Skapti Ólafsson, Erling Ágústsson og fleiri góðir söngvarar. Hver man ekki eftir lögum eins og Allt á floti, Ég skemmti mér, Við gefumst ekki upp, Við eigum samleið, Því ertu svona uppstökk og fleiri í þeim dúr.

„Hvers vegna ættum við að hætta að syngja þessi lög?“ spyr Guðrún kokhraust að vanda.

Þau Friðrik Ómar hafa fengið níu manna hljómsveit til liðs við sig og þar er innanborðs Ólafur Gaukur, sem leikur á gítar og hefur útsett öll lögin.

„Það var alltaf draumur okkar að fá hann Ólaf Gauk í þetta með okkur, en við báðum hann ekki fyrr en á síðustu stundu af því við héldum að hann hefði ekki áhuga,“ segir Guðrún.

„En hann var fús til að gera þetta og ég held að hann hafi haft heilmikið gaman af þessu sjálfur. Þetta er svo flott hljómsveit og skemmtileg lög.“

Útgáfutónleikarnir í Salnum verða bæði í dag og á morgun, og hefjast klukkan 17 báða dagana.



**GUÐRÚN OG FRIÐRIK ÓMAR** Þau hafa ferðast víða um landið undanfarin ár að syngja, en nú gefst tækifæri til að heyra í þeim í Salnum í Kópavogi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

23 24 25 **26** 27 28 29

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 14.00 Nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík flytja verk eftir **Þorkel Sigurbjörnsson** á tónleikum í Norræna húsinu.

☐ 15.00 Austfirska hljómsveitin **Vax** býður til stuttra tónleika í Gallerí Humar eða frægð, Laugavegi 59.

☐ 17.00 Útgáfutónleikar **Guðrúnar Gunnarsdóttur** og **Friðriks Ómars Hjörleifssonar** verða í Salnum í Kópavogi.

☐ 23.00 Hljómsveitirnar **Lada Sport, Bob** og **Heróglymur** leika á Bar 11.

☐ **Jet Black Joe** afmælistónleika á Gauknum. Á efri hæðinni verða **Doddi litli** og félagar með ýmis uppátæki og þeyta skífum þess á milli.

### LEIKLIST

☐ 20.00 Leikfélag Hafnarfjarðar frumsýnir **Hina endanlegu hamingju** eftir **Lárus Húnfjörð**, sem einnig er leikstjóri. Leikritið verður sýnt í húsakynnum félagsins í gamla Lækjarskóla í Hafnarfirði.

☐ 20.00 **Leitin að jólunum**, nýtt aðventuævintýri eftir **Þorvald Þorsteinsson**, með tónlist **Árna Egilssonar** verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu. Jólasveinavísur **Jóhannesar úr Kötlum** fléttast inn í ævintýrið. Leikstjóri er **Þórhallur Sigurðsson**.

### OPNANIR

☐ 16.00 Sýning **Rúnu Þorkelsdóttur**, „Postcards to Iceland“ verður opnuð í menningarmiðstöðinni Skaftfelli, Seyðisfirði. Sýningin stendur út desember.

☐ 16.00 Þrír hönnuðir, þær **Dýrfinna Torfadóttir, Rósa Helgadóttir** og **Þorbjörg Valdimarsdóttir**, sýna fylgihluti, skart, lampa, dúka og borðbúnað í Listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5.

☐ **Erla Magna Alexandersdóttir** opnar málverkasyningu í veitingahúsinu Ráin í Reykjanesbæ.

### SKEMMTANIR

☐ **Geirmundur Valtýsson** skemmtir ásamt hljómsveit sinni á Kringlukránni.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ










DAGUR HARMONIKUNNAR
- HARMONIKUGLEÐI Í RÁÐHÚSINU -

Léttir tónleikar Harmonikufélags Reykjavíkur í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun, sunnudag, kl. 15:00.

Hljóðfæraleikarar úr röðum félagsmanna flytja fjölbreytta tónlist. Fram koma hljómsveitir félagsins, **Stormurinn** og **Léttsveitin** undir stjórn **Vadims Fjodrov**, sem einnig leikur einleik. Þá koma fram minni hljómsveitir, duettar og einleikarar, þ.m.t. úr röðum nemenda Vadims Fjodorov.

**Allir velkomnir.**














> **Glitrandi augnlok**

*...töfra fram það jólalega og fallega í fari hverrar konu. Þessi augnskuggi er frá MAC.*

# útlit

SMEKKURINN: ÁSA OTTESEN INNKAUPASTJÓRI Í GYLLTA KETTINUM

## Veikust fyrir pallíettum

**Spáir þú mikið í tískuna?**
Já ég geri það óneitanlega mjög mikið þar sem ég er innkaupastjóri í fatabúð.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?**
Stíllinn minn er svolítið mikill glamúrstíll í bland við vintage.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?**
Mér finnst Yohji Yamamoto mjög flottur og einnig fíla ég vel íslenska fatahönnuði eins og hann Ása og Stefán Svan.

**Flottustu litirnir?**
Þessa stundina er það dökkbleikur og svartur.

**Hverju ertu veikust fyrir?**
Ég er veikust fyrir öllu palíettudóti, hvort sem það eru töskur, buxur eða hvað.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?**
Síðast keypti ég rauða skó með kanínuskinni að innan. Þetta eru hálfgerðar loðbomsur sem ég keypti í Gyllta kettinum.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?**
Buxur úr joggingefni sem eru með stroffi uppi og niðri.

**Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn?**
Ég ætla að kaupa mér fullt af hettupeysum.

**Uppáhaldsverslun?**
Gyllti kötturinn að sjálfsögðu og H&M í útlöndum.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?**
Svona í kringum tuttugu þúsund krónum.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?**
Ég gæti ekki verið án allra hettupeysanna og pelsanna minna.

**Uppáhaldsflík?**
Það eru tvímælalaust gullpalíettubuxurnar mínar.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?**
Ég myndi fara til New York og Berlínar.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?**
Það er leðurtoppur sem ég keypti í Dýrinu fyrir löngu. Þetta er svona magabolur, ég notaði hann aldrei.





MÓÐUR VIKUNNAR
> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

## Eyðslukrísa á aðventunni

Þó aðventan sé einn mest sjarmerandi tími ársins er eitt sem ég er svolítið ósátt við. Það er kaupæðið sem grípur mig á þessum árstíma. Oft hef ég kennt vinnunni um þetta enda erfitt að fylgjast með ráðandi tískustraumum án þess að mega kaupa sér eitthvað. Ég hef því verið afar góð við mig síðastliðin ár enda hefur mér alltaf fundist að ég ætti það besta skilið.

Þetta er náttúrlega pínulítið brenglað. Ég vil þó halda því fram að ég sé ekki ein um að lenda í þessari eyðslukrísu heldur sé þetta Akkilesarhæll margra kvenna. Það þarf ekki annað en að horfa í kringum sig til að verða vitni að þessu. Konur eru samt ekki endilega að kaupa sér föt (þó mörgum finnist ennþá nauðsynlegt að fá jólaföt), snyrtidót eða skó heldur hefur kaupæðið fært sig yfir á heimilin. Nýtilkomið „dekkóæði" þjóðarinnar er líklega í aðalhlutverki þar sem ekki er hægt að skarta sömu skreytingum og í fyrra og jafnvel ekki sömu húsgögnum. Það þarf nýtt þema fyrir hvert ár, helst upp úr erlendum hönnunarblöðum þar sem nýjungarnar flæða yfir eins og sykursætur bökunarilmur sem fær mann til að glepjast.

Í september ákvað ég að taka mig taki, nota sama hvíta gervijólatréð sem prýddi stofuna síðustu jól, vera með sama aðventukransinn og reyna að eyða sem minnstu. Þessi fögru fyrirheit entust þó ekki nema í hálftíma eða svo. Áður en ég vissi af var ég búin að kaupa fullt af jólaskrauti í IKEA og rankaði ekki við mér fyrr en ég var komin út í bíl. Ég geri mér grein fyrir vandamálinu og ætla að reyna að taka á því af skynsemi. Þessi jólin eru líka varla jól, meira sýnishorn af jólum og því gætum við alveg eins haldið jól í kvöld og haft annan í jólum á morgun, verið í náttfötunum um helgina, borðað á okkur gat og byrjað í ræktinni á mánudaginn. Hver segir að það þurfi endilega að halda jól þann 24. desember? Þá er þetta bara frá og hægt að einbeita sér að einhverju öðru og njóta þess að vera til.









# Hinir fullkomnu fylgihlutir vetrarins

Nú þegar kuldaboli hefur heldur betur látið sjá sig er ekkert betra en að umvefja sig stórum trefli, skella prjónahúfu á kollinn og höndunum í vettlinga. Það er því dásamlegt að vita að tískubúðir bæjarins bjóða upp á kynstrin öll af þessum flíkum, í öllum litum, stílum og úr mismunandi efnum. Þegar hin fullkomna vetrarkápa hefur verið fundin er nauðsynlegt að finna hinn fullkomna trefil, hina fullkomnu húfu og hina fullkomnu vettlinga í stíl. Reyndar getur verið einkar gott að eiga marga trefla því ekki er gaman að vera alltaf með þann sama. Hentugt er að eiga tvo eða þrjá trefla í mismunandi eftirlætislitum viðkomandi og svo einn svartan til öryggis. Það sama gildir með húfurnar. Litirnir sem eru eftirsóttir í dag eru fölbleikur, grænn, appelsínugulur, brúnir litir, rauður og svo klassíska blandan; röndótt svart og hvítt, í stíl bítnikkanna gömlu. Flottar húfur og treflar eru hin fullkomnu (og ódýru) tæki til að poppa upp látlausan fatnað og ætti hver og einn tískumeðvitaður einstaklingur að nýta sér. Ennþá ódýrara og svalara er að prjóna þessi tæki sjálfur. Þó svo að ekki allir búi yfir þeirri kunnáttu að prjóna fingravettlinga þá ættu allir að geta komið upp einum trefli eða svo.

hilda@frettabladid.is





**ALPAHÚFA** Þessi er örlítið alpahúfuleg og kryddar skemmtilega hversdagslegan stíl. Topshop.



**SIXPENSARI** Flottur, gamaldags en klassískur. Fæst í Topshop.



**Á HÖFUÐIÐ** Flott ljósbrún húfa með silfurþráðum, úr Topshop.



**ELEGANT** Glæsilegt skinn sem hentar vel í jólaboðið. Fæst í Zöru.



**HEKLAÐ** Fallegt sjal úr Zöru.



**SJAL** Dásamlegt sjal úr Zöru.



**Í STÍL** Röndótt er óneitanlega töff núna. Þetta er úr Vero Moda.



**LITIR** Brúni og appelsínuguli liturinn notaðir saman. Litasamsetning sem minnir sjöunda áratuginn. Úr Zöru.



**GLAMÚR** Fallegur loðinn trefill úr Topshop.



**SÆTUR** Bleikur og krúttlegur trefill úr Topshop.



**PUTTAVETTLINGAR** Algjörlega nauðsynlegt að hafa eitt par í vösunum á úlpunni. Þessir fást í Topshop.



**ÖMMULEGT** Þennan fallega trefil og þessa hanska gæti ein amman í Reykjavík hæglega átt. Úr Vero Moda.

# Forfallinn Chanel fíkill

Mischu Barton þekkja sennilega allir úr sjónvarpsþáttunum O.C. Þar fær hún að klæðast ýmsum flottum fötum sem er svo sem ekki neitt nýtt fyrir henni því hún fylgist vel með tískunni og er sinn eigin stílisti. „Ég nota aldrei stílista því það er auðvelt fyrir mig að velja á mig föt. Ég hef mikinn áhuga á tísku en ég klæðist aldrei alklæðnaði beint af tískupöllunum,“ segir Mischa sem hefur vakið mikla athygli fyrir skemmtilegan stíl.

Stíll hennar er mjög líkur persónu hennar, Marissu, úr The O.C. þó hennar eigin stíll sé ögn rokkaðri og meira gamaldags. Hún er mjög hávaxin og gengur þar af leiðandi mjög mikið í flatbotna skóm. Hún klæðist afar sjaldan skærum litum og er meira fyrir föla liti og svartan.

Mischa er forfallinn Chanel-fíkill og sést oftar en ekki með eitt stykki Chanel-tösku upp á arminn. „Ég er mjög hrifin af Chanel og klæðist fötum frá Chanel oft á frumsýningum og við hátíðleg tækifæri. Fólki finnst stundum eins og Chanel sé fyrir eldra fólk en mér finnst fötin þeirra glæsileg og flott á ungu fólki,“ segir hún. Einnig er hún oft í fötum frá Marc Jacobs, Gucci, Prada, Zac Posen og Chloé auk þess sem hún fer varla í öðruvísi buxur en þær sem eru þröngar niður, eins og Miss Sixty, og var með þeim fyrstu til að sjást í slíkum gallabuxum sem eru svo vinsælar í dag.


**EMMY** Hér er Mischa á Emmy-verðlaunaafhendingu í dásamlega fallegum kjól.


**MTV** Hér er hún baksviðs á sjónvarpsstöðinni MTV árið 2004. Strax komin í niðurþröngar gallabuxur sem eru svo vinsælar í dag.


**SVART** Mischa gengur mikið í svörtu og sést hér í svörtum kjól frá J. Mendel.



# Ljóst varagloss

Varaglossið frá Guerlain er algjörlega í hæsta gæðaflokki og til í öllum litum. Nú er það hins vegar ljósu litirnir sem blíva enda má nota þá við hvert tækifæri hvort sem það er í vinnunni eða á djamminu. Ljós gloss fara einstaklega vel við þunga sixtís málningu sem og venjulegan dagfarða. Þau ilma líka dásamlega og fá hverja konu til að finnast hún ógurlega fín. Geymið varasalvann aðeins og notið heldur gloss í ljósum litum.



# Litagleðin ríkir

Flestir hafa sennilega tekið eftir því hversu tískustraumar frá sjöunda áratugnum eru vinsælir í dag. Þetta á líka við um snyrtivörurnar og mjög flott þykir að vera með breiða eyliner -línu og slettu af augnskugga í skemmtilegum og áberandi lit því litagleðin var jú með mesta móti á þessum tíma. Varast ber að klína of miklum augnskugga á augnlokið heldur á frekar að rétt strjúka smálínu yfir augnlokið fyrir ofan eyelinerinn. Prufið ykkur svo endilega áfram því augnskuggar í skemmtilegum litum geta hresst töluvert upp á útlitið.


**MAC** Augnskuggarnir frá þessu ágæta fyrirtæki eru einstaklega góðir.


# Jólin til þín

PÓSTURINN
allur pakkinn

- Með okkur fer sendingin þín alla leið heim að dyrum.
- Öflugt og öruggt dreifikerfi okkar tryggir að sendingin þín kemst í réttar hendur á réttum tíma, innanlands eða utan.
- Á www.postur.is finnurðu nýjustu heimilisföng vina og vandamanna. Þú getur safnað þeim saman í möppu og þau uppfærast sjálfkrafa.
- Finndu pósthúsið næst þér á www.postur.is
- Komdu tímanlega til okkar með jólakortin og jólapakkana.

Við erum þar sem þú ert, með 13 afgreiðslustaði og yfir 130 póstkassa á höfuðborgarsvæðinu og 75 afgreiðslustaði á landsbyggðinni.




www.postur.is






**RETRO** Heimilistækin eru mörg hver í retro-stíl.



**VESTURBÆRINN** Hún segir það misskilning að 101 hverfið sé sérstaklega kúl heldur sé það Vesturbærinn sem blívi.



**FRÚ FIÐRILDI** Ein af uppáhaldsbúðum Sesselju.

# STÍLLINN HENNAR... SESSELJU

**Hún er iðnhönnuður á daginn og tekur því rólega á notalegum kvöldum og hlustar á djass. Hún vill háhælaskó, perlufestar og fallega kjóla. Við könnumst flest við andlit hennar úr sjónvarpsþættinum Veggfóðri þar sem hún deilir visku sinni á sínu sviði með okkur. Borghildur Gunnarsdóttir fékk að vita meira um Sesselju Thorberg.**



**SESSELJA** Margir ættu að þekkja hana úr sjónvarpsþættinum Veggfóðri.

**STÚLKAN** „Ég er hönnuður og bý í Vesturbænum sem er einmitt að mínu mati besta hverfið í bænum. Það er mikill miskilningur að 101 sé svalasta hverfið.“

**FATASTÍLLINN** „Sixtís-stíll í bland við nýtísku.“

**MORGUNINN** „Ég byrja á að fá mér vatn og vítamín. Svo kem ég stráknum mínum í skólann og dríf mig upp í vinnu. Yfirleitt gríp ég ávaxta- eða próteinsjeik á leiðinni.“

**Á DAGINN** „Yfirleitt er ég bara í gallabuxum og skyrtu eða peysu við.“

**Á KVÖLDIN** „Ég er rosalega mikil kjólamanneskja og á kvöldin á ég það til að skreyta mig með því að klæðast fallegum kjól.“

**ÞRÍR HLUTIR SEM EINKENNA SESSELJU** „Háhælaðir skór því ég er svo lágvaxin að ég er alltaf í háhæluðum skóm. Ég er reyndar algjört skófrík og á örugglega þrjátíu pör. Svo er það skipulagsbókin mín en ég get ekki lifað án hennar. Og í þriðja lagi er það síminn, ég vinn svo mikið í gegnum símann að ég get ekki án hans verið.“

**BÚÐIR** „Ég myndi segja Rokk og rósir, Zara og svo er það Frú Fiðrildi á Ingólfsstræti, mér finnst sú búð alveg frábær.“

**BANNAÐ** „Gosþamb er alveg bannað.“

**ÞRÁHYGGJA** „Falleg heimili, bæði mitt eigið og annarra.“

**SKARTGRIPIR** „Ég nota perlufestar mikið við kjólana mína. Einnig er ég hrifin af stórum og áberandi hringjum og helst vil ég eiga slatta af rosalega smart hárskrauti.“

**ILMVATN** „Ég nota alltaf Vanilla frá Body shop.“

**HÁRIÐ** „Ég set nú eiginlega aldrei neitt í það, ég er með svo sítt hár. Í mesta lagi set ég sprei í það ef ég krulla það, annars bara gamla góða hárskrautið.“

**FARÐI** „Kanebo-púður, Lancome-maskari, svartur eyeliner og bleika Sex and the city-glossið mitt.“

**FRÍ** „Síðast var ég í tveggja vikna dekurbrúðkaupsferð á Krít. Helst myndi ég vilja upplifa þetta frí aftur og aftur, það mun ekkert toppa þetta frí.“

**GRÆJUR** „Verð ég ekki að segja iPod? Annars vil ég líka nefna flakkara, sem er svona lítill minniskubbur sem maður stingur í tölvuna, ég nota hann mikið.“

**HEIMA** „Þar er ríkjandi ýktur retro-stíll í eldhúsi, stofu og á baði. Svefnherbergið er svo meira svona rólegt og rómantískt, það er ekki gott að hafa mikið af truflandi hlutum í svefnherberginu.“

**SESSELJU KVÖLD** „Á þeim kvöldum er algjörlega nauðsynlegt að lakka tásurnar, horfa á Desperate Housewives eða Lost með gott glas af Esmeralda hvítvíni í hönd.“





**BARINN** „Ég fer nú sjaldan út að skemmta mér en á það til að kíkja á 101 Hótel og fá mér Cosmopolitan með Siggu Láru vinkonu.“

**DRYKKURINN** „Cosmopolitan, algjörlega.“

**TÓNLIST** „Ég hlusta mikið á djass og þá helst á Louis Armstrong, Ellu Fitzgerald, Duke Ellington eða Edith Piaf.“

**BÆKUR** „Núna er ég að lesa gríska goðafræði en yfirleitt les ég aðallega hönnunarblöð og hönnunarbækur, er alltaf með eitthvað þess eðlis á náttborðinu.“

**TÍMARIT** „Ég myndi segja Living etc., það er mjög gott tímarit. Einnig Bo bedre og svo að sjálfsögðu Veggfóður, tímaritið sem er algjört dúndur.“

**TÍSKUFYRIRMYND** „Sarah Jessica Parker.“

**BORGIN** „Reykjavík er mín borg. Það þykir svo kitsch að segja New York eða eitthvað meira töff en ég kann best við Reykjavík. Ég fíla það vel hvað hlutirnir eru fljótir að breytast í Reykjavík og hve hraðinn er mikill en um leið er auðvelt að plögga sig út úr þessu öllu.“

**BOÐORÐ** „Ég segi bara fyrsta boðorðið: Ég er drottinn guð þinn og þú skalt ekki aðra guði hafa.“

**FRAMTÍÐIN** „Hún fer í að halda áfram að hanna bæði húsgögn og innvolsið á fallegum heimilum og veita fólki ráðgjöf. Ég er óskaplega ánægð í þessu starfi.“


ÍRAFÁR
Þriðja plata Írafárs er komin út!
Fyrstu tvær plöturnar hafa selst í yfir
30 þúsund eintökum.
ÍRAFÁR
Lagalisti
01 Ég missi alla stjórn
02 Alla tíð
03 Þú horfir framhjá mér
04 Of sein
05 Leiðin til himna
06 Aftur heim
07 Nýjan felustað
08 Lífið
09 Leyndarmál
10 Draumaland
11 Að eilífu
1.599
CD verð
Einnig fáanleg DVD útgáfa með
heimildarmynd um gerð plötunnar
Diskurinn inniheldur heimildarmyndina Made in Denmark
þar sem fylgst er með hljómsveitinni taka upp plötuna í Danmörku
og á Íslandi ásamt öllum uppákomum sem því fylgja.
BT mælir með þessari.
ÍRAFÁR
DualDisc
Frábær skemmtun
1.999
CD og DVD
BT
Áritun!
kl. 14:00 í dag
í BT Smáralind
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**FRÉTT VIKUNNAR** - **BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR VÖRUSTJÓRI Í EYMUNDSSON**

# *Góður rekstur Seltjarnarness*

Frétt vikunnar að mati Bryndísar Loftsdóttur, vörustjóra íslenskra bóka í Pennanum Eymundsson, er góður rekstur Seltjarnarnesbæjar.

„Ég er flutt út á Seltjarnarnes og er fjarska ánægð með það. Ég flutti þangað í ágúst en hef löngum verið talinn mikill höfuðborgarbúi. Ég fékk nóg af þessari óstjórn í höfuðborginni og fór í betra bæjarfélag,“ segir Bryndís, sem bjó áður í Laugarneshverfinu.

„Ég er ánægð með að bæjarfélagið mitt sé með sína eigin hitaveitu sem er miklu lægri en hjá Reykvíkingum og það er líka meira sem er vel gert. Stjórnun fjármála yfirhöfuð er það sem stendur upp úr en ósk mín er að þeir hugsi samt meira um dagvistunarmál,“ segir Bryndís sem á eitt barn sem er hjá dagmömmu og annað sem er í leikskóla.

„Það þarf að vera stuðningur við dagforeldra sem eru óðum að tína tölunni á landinu. Það er áhyggjuefni fyrir konur sem ætla út á vinnumarkaðinn eftir fæðingarorlof. En ég treysti því að þetta sé í góðum höndum því bæjarstjórinn á fjögur börn,“ segir hún og á þar við Jónmund Guðmarsson. „Annars vil ég óska bæjarstjórninni til hamingju með góða stjórn og rekstur.“



**BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR** Bryndís fékk nóg af höfuðborginni og fluttist á Seltjarnarnes.

# Vel heppnað Typpatal

Einleikurinn Typpatal með Auðuni Blöndal var frumsýndur á Nasa síðastliðið fimmtudagskvöld fyrir fullu húsi áhorfenda. Fjöldi þekktra andlita var samankomin til að fylgjast með sýningunni, þar á meðal fjölskylda Audda og vinir. Sýningin gekk eins og í sögu og var Auðunn kallaður upp margoft að henni lokinni. Sigurður Sigurjónsson, leikstjóri, kíkti líka upp á svið og hyllti Auðunn, sem átti þarna frumraun sína á leiksviði. ■



**HLÁTRASKÖLL** Mikið var hlegið af einleik Audda, sem fór á kostum á sviðinu.



**ÁSGEIR OG SVERRIR** Ásgeir Kolbeinsson og söngvarinn Sverrir Bergmann fengu nokkur skot frá Audda á meðan á sýningunni stóð.



**HUGI OG PÉTUR JÓHANN** Þeir Hugi Halldórsson, betur þekktur sem ofur-Hugi, og Pétur Jóhann Sigfússon hafa unnið mikið með Auðuni Blöndal í gegnum árin.




**UPPI Á SVIÐI** Auðunn Blöndal stóð sig vel í frumraun sinni á leiksviði.



**FULLKOMIN HELGI? VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR SYNGUR OG NÝTUR FJÖLSKYLDULÍFS.**

# Leitað í gamlar hefðir

„Mér finnst ósköp gott að eiga rólegar helgar. Dóttir mín sér til þess að ég er vöknuð fyrir allar aldir og þá fáum við okkur morgunmat saman og horfum á barnatímann meðan birtir. Ég á stóran systkinahóp og við erum öll mjög náin. Því fer ég gjarnan í heimsóknir til að rækta fjölskyldu og vini um helgar, göngutúra eða annað skemmtilegt, en nú um helgina dauðlangar mig í bíó,“ segir Valgerður.

„Ég er barnshafandi og finnst gott að taka því rólega meðan krílið dafnar. Ég komst að því eftir að ég eignaðist dóttur mína að ég leita aftur í gömul gildi og gamlar fjölskylduhefðir. Ég náði því að eiga sunnudaga æskunnar þegar hryggur steiktist í ofninum og pabbi fór í jakkafötin. Því höfum við tekið upp þá hefð að gera okkur dagamun í mat á sunnudagskvöldum; við kærastinn og tengdamamma heima í eldhúsinu hennar.“



**SIGN BLOGGAR**

# Á barnum með barnastjörnu



Ég byrjaði daginn klukkan 17:00 á því að ná í nýju SIGN bolina. Síðan lá leiðin heim að pakka niður; naglalakk, augnmálning og leðurólar eru allt hlutir sem eru bráðnauðsynlegir fyrir SIGN túr. Þegar allt var komið í töskuna lá leiðin niður í bæ. Ég þurfti nauðsynlega afsökun fyrir að þurfa ekki að keyra mikið á morgun þannig að ég drakk tvo eða sjö bjóra á Jagúar tónleikum. Gísli umboðsmaður hringdi með áhyggjur af því að ég myndi ekki vakna og viti menn, Skari rót er nýbúinn að draga framúr á afturlöppunum. Sama hversu þreyttur maður er þá er ekki hægt að andmæla svona stóru kvikindi. Gærkvöldið minnti mig á leikrit fullt af skrautlegum persónum og atburðum: Ég slummaði fyrrverandi barnastjörnu, sætar systur helltu yfir hvora aðra áfengi (sem minnti óneitanlega mikið á blautbols keppni), Jagúar fönkuðu og sambýlismaður minn Dj Buddy Love spilaði næstum eintómt negrapopp. Hann skellti reyndar „a little bit“ með okkur á fóninn örugglega af því að hann sá að ég var þarna. Litla portkonana mín, Eysteinn í Pöpunum, drakk bjór í lítravís og vitleysingar reyndu að draga mig úr SIGN og yfir í band með þeim (Yeah fuckin´right). Trúbadorinn Ingvar Valgeirss sagði mér sögur og Herra Tópas sá til þess að ég verð þunnur alveg fram að kvöldmat. Þetta var alvöru leikrit og það var rosalega gaman að vera áhorfandi að þessu öllu saman eða er ég kannski sá afbrigðilegi? Skiptir kannski ekki öllu...

Skari er pínu pirraður á mér þannig að ég er ekkert mikið að tala við hann. Strák greyið var búinn að berja húsið allt að utan áður en ég rumskaði. Mannskapurinn er samt hinn hressasti. Getum ekki beðið að komast á vegi landsins að rokka úr okkur og öðrum líftóruna.
Í kvöld verðum við á Sjallanum Akureyri ásamt amor e morte, Nevolution og Stillbirth. Þar hefur alltaf verið MJÖG gaman, gott fólk í góðu Rokki.
Með kveðju af heiðinni en ég veit ekkert hverri því þær eru allar eins.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Málverk af ofurfyrirsætunni Kate Moss að sniffa kókaín er nú til sýnis í London. Málverkið er byggt á svipaðri ljósmynd af Moss sem var birt í breskum dagblöðum, sem varð til þess að hún missti nokkra fyrirsætusamninga. Breska listakonan Stella Vine málaði myndina ásamt fleiri myndum af Moss.



Svo gæti farið að hljómsveitin Jamirquai leggi upp laupana á næstunni. Forsprakki sveitarinnar, Jay Kay, segist ætla að hætta í tónlistarbrasanum eftir fimmtán ára strið og einbeita sér að öðrum málefnum. „Ég vil gera ýmislegt annað í lífinu eftir að hafa eytt 15 árum í þetta,“ sagði Jay Kay.



Tónlistarmaðurinn Moby, sem er að vinna að pönkplötu um þessar mundir, gefur í lok janúar út smáskífulagið Slipping Away. Lagið er að finna á síðustu plötu hans Hotel, sem kom út í maí á þessu ári.

Justin Hawkins, forsprakka The Darkness, er nokk sama um það hvort sveitin nái miklum vinsældum í Bandaríkjunum. „Annað hvort tekst það eða ekki. Við ætlum ekki að flakka á milli allra útvarpsstöðva í Bandaríkjunum og segja: „Viljið þið kaupa plöturnar okkar?,“ segir Hawkins. „Mér finnst Oasis hafa tekið rétt á málunum í Bandaríkjunum. Þeim er alveg sama því þeir græða svo mikið í Bretlandi.“
















# Vill ættleiða aftur

Leikkonan kynþokkafulla Angelina Jolie hefur sagt að hún sé tilbúin að ættleiða sitt þriðja barn. Hún hefur upplýst opinberlega að hana langi mjög að bæta einu barni í fjölskyldu sína. Hún flutti nýlega ræðu á ráðstefnu Worldwide Orphans Foundation þar sem hún upplýsti viðstadda um að ættleiðing þriðja barnsins væri ein heitasta ósk hennar. „Flestar nætur ligg ég vakandi og hugsa um hve yndislegt væri að ættleiða aftur. Það að hleypa barni inn í fjölskylduna er mjög sérstakur hlutur. Það er eitthvað yndislegt við það að ferðast til fjarlægra landa og finna framtíðarfjölskyldu sína.“ Jolie er þessa dagana stödd í Pakistan ásamt Brad Pitt þar sem þau eru á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sögusagnir voru í gangi fyrr á árinu um að hún myndi ættleiða barn frá Rússlandi en nú er mun líklegra að barn frá Pakistan verði fyrir valinu. Vinir leikkonunnar hafa sagt að það geti vel verið að hún komi heim með barn frá Pakistan sem hafi orðið munaðarlaust í jarðskjálftunum miklu sem riðu yfir landið fyrir skömmu. Það hefur þó ekki fengist staðfest af leikkonunni sjálfri. Áður hefur Angelina ættleitt son, Maddox, sem er frá Kambódíu, og nú nýverið dótturina Zahara sem er frá Eþíópíu.



Angelina Jolie.

# Hermigervill bregður á leik

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Plötusnúðurinn Hermigervill er einn óvenjulegasti tónlistarmaður okkar Íslendinga. Fyrsta plata hans, Lausnin, var full af ýmiss konar hljóðbútum úr öllum áttum, bæði innlendum sem erlendum, og var þeim öllum skeytt saman á bæði frumlegan og skemmtilegan hátt. Einhvern tímann var Hermigervli lýst sem íslenskri útgáfu af DJ Shadow. Það er mikið til í því, auk þess áhrif frá sveitum á borð við The Avalanches og The Chemical Brothers eru augljós.
Hermigervill er við sama heygarðshornið á nýju plötunni en fyrir hana hrærði hann saman efni úr 150 vinylplötum. Lögin eru mörg hver skemmtileg upplifun út af fyrir sig, þar á meðal titillagið, Ladybash, Sleazy og Glimpse, sem Hrund Ósk Árnadóttir syngur mjög vel. Húmor Hermigervils skín víða í gegn og greinilegt er að hann skemmti sér gríðarvel við gerð plötunnar. Hermi What? er gott dæmi um það en í því reynir útlendingur að bera fram óþjált nafn hans. Myndin á framhlið plötunnar er jafnframt ákaflega frumleg og skemmtileg.
Þó að platan sé mjög vel úr garði gerð dettur Hermigervill samt stundum í að spila mjög hefðbundna danstónlist sem maður hefur heyrt svo oft áður. Til dæmis um það má nefna Darkshot, Happy Hip Hop og Stoned to Death. Bestur er Hermigervill þegar hann bregður sem mest á leik og gerir óvenjulega hluti. Sleepwork er fín dansplata sem hefur yfir sér sterkan heildarsvip. Þegar Hermigervill er ekki að leika sér er auðvelt að missa athyglina en yfirhöfuð er þetta skemmtileg plata.

**Freyr Bjarnason**



**HERMIGERVILL: SLEEPWORK**

**Niðurstaða:**

**Önnur** plata Hermigervils hefur sterkan heildarsvip. Bestur er hann þegar hann bregður á leik en þess á milli er auðvelt að missa athyglina. Yfirhöfuð er þetta samt skemmtileg og vönduð dansplata.









# Draumaparið skilið



SIMPSON OG LACHEY Þriggja ára hjónaband þeirra er á enda. Þau slógu í gegn í þættinum Newlyweds á MTV.

Söngkonan Jessica Simpson og Nick Lachey eru skilin eftir þriggja ára hjónaband. Simpson og Lachey slógu rækilega í gegn með raunveruleikaþátt sinn Newlyweds á MTV þar sem þau leyfðu almenningi að fylgjast með lífi sínu í Kaliforníu sem nýgift hjón.

Orðrómur hafði verið uppi í marga mánuði um að hjónabandið stæði á brauðfótum og hafa þau nú loksins staðfest hann. „Eftir þriggja ára hjónaband og vandlega umhugsun höfum við ákveðið að fara hvort í sína áttina,“ sagði í yfirlýsingu þeirra. „Þetta er sameiginleg ákvörðun tveggja einstaklinga sem virða hvor annan gífurlega mikið.“

Simpson neitaði því í janúar á þessu ári að hjónabandið væri í ólagi. „Vonandi mun saga okkar Nicks halda áfram í gegnum súrt og sætt eins og við lofuðum þegar við giftum okkur,“ sagði Simpson. Hún hafði áður látið hafa eftir sér að hún hefði verið hrein mey þegar hún gekk upp að altarinu með Lachey.



TRABANT Hljómsveitin Trabant spilar á Oddvitanum ásamt Hairdoctor.

# Trabant og Hairdoctor á Akureyri

Hljómsveitin Trabant heldur tónleika á Oddvitanum á Akureyri á laugardagskvöld ásamt Hairdoctor, sem mun flytja lög af plötunni Shampoo. Þetta verða fyrstu tónleikar Trabant úti á landi í langan tíma.

Einnig koma fram DJ Magic og DJ Lazer. Miðaverð er 1500 krónur og aldurstakmark er átján ár. Húsið opnar klukkan 23.00.

# Syngur íslenska vögguvísu

Ný hljóðversplata er komin út frá norsku söngkonunni Sissel Kyrkjebø, sem hélt margrómaða tónleika hér á landi í september og október síðastliðnum í Háskólabíói.

Platan heitir Nordisk Vinternatt, eða Vetrarnótt á Norðurlöndum, og inniheldur meðal annars vögguvísuna Sofðu unga ástin mín eftir Jóhann Sigurjónsson, sem Sissel syngur á íslensku. Vögguvísunni kynntist hún einmitt þegar hún var hér á landi í kringum tónleikana.

Platan hefur að geyma þrettán lög sem eru þekkt þjóðlög frá Norðurlöndunum. Með fyrsta upplaginu fylgir DVD-mynddiskur með tónleikum hennar og Kringastingsorkestret ásamt gestum .



SISSEL KYRKJEBØ Norska söngkonan hefur gefið út plötuna Nordisk vinternatt. Hún hélt margrómaða tónleika í Háskólabíói í september og október.











## Yfirlýsing frá Víkingi

Knattspyrnudeild Víkings sendi frá sér yfirlýsingu í gær þess efnis að Viktor Bjarki Arnarson væri ekki til sölu og að viðræður um nýjan samning hans við Víking stæðu yfir. Þá hafi engar viðræður átt sér stað á milli Víkings og Fylkis um kaup á Viktori.

**sport**

sport@frettabladid.is

LOGI GEIRSSON HANDBOLTAKAPPI: MEÐ FRUMLEG HÚÐFLÚR

# *Með nafnið sitt húðflúrað á líkamann*




Það er óhætt að segja um Loga Geirsson að þar fari maður sem bindur bagga sína ekki sömu hnútum og samferðamennirnir. Nýjasta uppátæki Loga er að fá sér veglegt húðflúr með eftirnafni sínu á handlegginn en fyrir á vinstri fæti er útfærsla af nafninu hans. Skrifað „L&I".

„Mig hefur alltaf langað til að setja Geirsson á mig þar sem ég var með Logi á löppinni en ég veit ekki um neinn sem er með nafnið sitt tattúverað svona á sig. Ég fékk hönnuð á Íslandi sem kom með nokkrar útfærslur af tattúinu og ég er mjög ánægður með útkomuna," sagði Logi en sú brjálaða hugmynd kom upp að hanna keppnistreyju Loga þannig að önnur ermin væri styttri svo húðflúrið fengi að njóta sín. Ekki er líklegt að af því verði en aldrei er að vita nema Loga bretti upp ermina í staðinn.

„Strákunum í liðinu finnst þetta vafasamt en flott. Það skilur enginn hvernig mér datt þetta í hug. Ég hef gaman af þessu en þetta eru einu húðflúrin sem ég er með," sagði Logi en það sem allir átta sig ekki á er dýptin sem liggur á bak við húðflúrin. „Niðri í G-inu í Geirsson er L þannig að þetta er eiginlega L. Geirsson. Í „L&I" tattúinu samanstendur L-ið af tölustöfunum einum, tveimur og þremur, eða Logi númer 1,2, og 3. Þetta er svaka pæling og djúpt á mörgum stöðum."

Logi á ekki von á því að fá sér fleiri húðflúr á næstunni en það sé aldrei að vita með framtíðina.

**> Við hrósum...**

... Hlyni Sigmarssyni og Eyjamönnum fyrir þá frábæru umgjörð sem var í kringum landsleik Íslands og Noregs í gær en það er ekki á allra færi að slá upp slíkri skrautsýningu. Hlynur og félagar hafa rekið gríðarlega metnaðarfullt batterí í Vestmannaeyjum síðustu ár og með framgöngu sinni í gær sýndu Eyjamenn að þeir eiga skilið að fá fleiri landsleiki enda hljóta landsliðsmennirnir að vilja frekar spila fyrir fullu húsi en fyrir hálftómum kofa þar sem lítil stemning er.





**CRISTIANO RONALDO** Sleppur við ákæru um nauðgun.

Cristiano Ronaldo, leikmaður Manchester United:

# Ekki kærður fyrir nauðgun

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo, portúgalska undrabarnið, verður ekki kærður fyrir nauðgun. Það staðfesti Scotland Yard í gær.

Tvær konur lögðu inn kæru á hendur Ronaldo og félaga hans en rannsókn lögreglu leiddi í ljós að ekki væru nægar sannanir til að höfða sakamál á hendur félögunum. Ronaldo er því laus allra mála.

Ronaldo hélt ávallt fram sakleysi sínu í málinu og fór sjálfviljugur í skýrslutöku hjá lögreglunni. Ásakanir stúlknanna virðast ekki hafa verið byggðar á traustum grunni og önnur stúlknanna dró fljótlega ásökun sína til baka.




**GEORGE BEST MINNST** Aðdáendur Manchester United syrgðu George Best í gær og var mikill mannfjöldi samankominn í miðborg Manchester.

# Sá hæfileikaríkasti í sögunni fallinn frá

## Baráttu George Best við erfið veikindi lauk í gær er hann lést á sjúkrahúsi í vesturhluta London.

**FÓTBOLTI** George Best lést í gær, 59 ára að aldri, en hann er af mörgum talinn besti knattspyrnumaður sem spilað hefur á Bretlandseyjum. Best hætti 28 ára gamall að leika með Manchester United en reyndi fyrir sér hjá minni liðum í Skotlandi, Bandaríkjunum og heimalandi sínu, Norður-Írlandi.

Best hafði einstaka boltatækni, bjó yfir miklum hraða og varð hann frægur fyrir rispur sínar þar sem hann hljóp framhjá hverjum varnarmanninum á fætur öðrum, áreynslulaust. Frægt er þegar Sir Matt Busby, sem þá var knattspyrnustjóri Manchester United, sagðist vera búinn að fá töframann í sínar raðir, þegar Best kom til félagsins, fimmtán ára gamall. „Þetta er leikmaður sem okkur vantaði. Við höfum fundið snilling í sóknina."

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði alla Breta harmi slegna. „George Best er líklega hæfileikaríkasti knattspyrnumaður sem leikið hefur í Bretlandi. Hann hafði einstaka hæfileika sem glöddu Breta nær og fjær, og hafa fyllt þá stolti á erfiðum tímum. Ég sendi samúðarkveðjur til fjölskyldu Best á þessum erfiðu tímum."

Bobby Charlton, góðvinur Best og félagi hans í Manchester-liðinu, sagði hæfileika Best hafa verið einstaka. „Það er erfitt fyrir fólk, sem aldrei sá Best leika, að gera sér grein fyrir því hversu Best var góður í fótbolta. Hann hafði einstakt lag á því að stjórna leikjum algjörlega frá fyrstu snertingu. Aðeins Diego Maradona og Pele hafa haft svipuð áhrif á knattspyrnuna og George Best. Hann kynnti áhorfendum áður óséð tilþrif. Að auki var Best einstakt gæðablóð, sem réð ekki við áfengisfíkn sína. Hann vildi engum manni illt og var alltaf góður og traustur vinum sínum."

Best lék lengst af með Manchester United og varð meðal annars Evrópumeistari með liðinu árið 1968, en Manchester United lagði þá Benfica í úrslitaleik á Wembley, þar sem George Best fór á kostum og skoraði meðal annars fallegt mark eftir mikinn einleik.

Best gekk til liðs við Manchester United fimmtán ára gamall, en hann byrjaði þó ekki að leika með liðinu fyrr en tveimur árum seinna. Hann var hluti af gullaldarliði þar sem leikmenn eins og Denis Law og Bobby Charlton glöddu áhorfendur með glæsilegum tilþrifum.

Best var fyrsta stjarna íþróttanna í Bretlandi, en enginn leikmaður, hvorki fyrr né síðar, hefur náð jafn miklum vinsældum og hann. Best, sem oft var nefndur fimmti Bítillinn, þurfti alla sína tíð að berjast við erfiðleika sem fylgdu gríðarlegri frægð, kvensemi og áfengisdrykkju. Þessari baráttu er nú lokið.

magnush@frettabladid.is






**MICHELLE WIE** Mesta efni sem fram hefur komið í kvennagolfinu fyrr og síðar að flestra mati. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Wie keppir við karlmenn:

## Rétt missti af niðurskurðinum

**GOLF** Bandaríski unglingurinn Michelle Wie var aðeins einu höggi frá því að komast í gegnum niðurskurðinn á Casio-mótinu í Japan en hún er eini kvenmaðurinn sem tekur þátt á mótinu.

Þessi 16 ára stúlka fór fyrsta hringinn á 73 höggum og var í ágætum málum. Seinni hringurinn gekk ágætlega en slæmir skollar á lokaholunum urðu þess valdandi að hún kom í hús á 75 höggum eða einu höggi frá niðurskurðinum.

„Að sjálfsögðu er ég mjög vonsvikin," sagði Wie sem hefur tekið þátt í sex mótum með karlmönnum en hefur aldrei tekist að komast í gegnum niðurskurðinn. „Ég gerði eins vel og ég gat en það dugði ekki til. Þetta voru heimskir skollar sem ég fékk. Þótt ég hafi ekki komist í gegnum niðurskurðinn að þessu sinni er ég samt ekki hætt að keppa gegn karlmönnum. Ég verð að læra af mistökunum og koma sterkari til leiks næst."- **hbg**



**CARLOS TEVEZ** Tevez er einn af bestu leikmönnum Argentínu.

Tevez ekki að fara:

## Chelsea fær ekki Tevez

**FÓTBOLTI** André Sanchez, varaforseti brasilíska félagsins Corinthians, greindi frá í gær að argentínski landsliðsmaðurinn Carlos Tevez muni ekki fara til Chelsea í janúar eins og orðrómur hefur verið um. „Tevez er ekki á förum frá okkur. Hann verður með okkur á næsta tímabili og það kemur ekkert annað til greina að okkar mati heldur en að halda Tevez hjá okkur, enda er hann einn allra besti leikmaður Suður-Ameríku."

Tevez þykir líklegur til þess að verða einn besti leikmaður heimsmeistarakeppninnar í Þýskalandi sem fram fer á næsta ári. Tevez hefur verið einn af bestu leikmönnum Suður-Ameríku síðustu mánuði er fastlega búist við því að hann og Hernan Crespo, sem leikur með Chelsea, muni leiða sóknarlínu Argentínu á HM.

- **mh**

Andriy Shevchenko er orðinn markahærri en Raul í Evrópukeppninni:

# Shevchenko nálgast met Eusébio

**FÓTBOLTI** Með mörkunum fjórum sem Andriy Shevchenko skoraði fyrir AC Milan gegn Fenerbache í meistaradeildinni í vikunni komst hann upp fyrir Raul hjá Real Madrid á lista markahæstu leikmanna í Evrópukeppni. Shevchenko hefur nú skorað 53 mörk í þeim 90 Evrópuleikjum sem hann hefur tekið þátt, en Raul hefur skorað 52 mörk í 104 leikjum.

Shevchenko er nú kominn í 3. sæti listans, átta mörkum á eftir Gerd Müller frá Þýskalandi sem skoraði 61 mark í 69 leikjum í Evrópu á sínum ferli. Í öðru sæti er Eusébio frá Portúgal með 54 mörk í 72 leikjum. Þykja má líklegt að Shevchenko muni komast á topp listans innan tíðar, enda aðeins 29 ára gamall markaskorari af guðs náð og í liði sem er ávallt líklegt til að ná langt í Evrópukeppninni.

**MARKAHÆSTIR Í EVRÓPUKEPPNI**

| Nafn | Mörk | Leikir |
|---|---|---|
| Gerd Müller | 61 | 69 |
| Eusébio | 54 | 72 |
| Andriy Shevchenko | 53 | 90 |
| Raul Gonzalez | 52 | 104 |
| Alfredo Di Stefano | 49 | 58 |
| Carlos Santillana | 47 | 87 |
| Ruud van Nistelrooy | 47 | 65 |
| Thierry Henry | 47 | 65 |
| Henrik Larsson | 46 | 84 |
| Jupp Heynckes | 45 | 55 |

Taka skal fram að um er að ræða mestu markaskorara í öllum Evrópukeppnum, en ef aðeins er litið til meistaradeildar Evrópu er það Raul sem hefur vinninginn með 51 mark. Af 53 mörkum Shevchenkos hafa „aðeins" 40 þeirra komið í meistaradeildinni.

Ekki langt á eftir Shevchenko koma tveir kunnir leikmenn sem eru enn í fullu fjöri, þeir Thierry Henry hjá Arsenal og Ruud van Nistelrooy hjá Man. Utd, sem einnig eru líklegir til að komast hátt á listanum.

- **vig**



**ANDRIY SHEVCHENKO** Ótrúlegur markaskorari sem er líklegur til að festa sig í sessi sem sá mesti í sögu Evrópukeppninnar.


REXTON




Rexton RX270

Fullvaxinn lúxusjeppi á aðeins kr. 3.980.000

hausverk / SÍA

- 5 strokka Common Rail díselvél 165 hö
- BorgWarner drifbúnaður (hátt og lágt drif)
- Mercedes Benz 5 þrepa sjálfskipting
- TCI spólvörn
- TOD sítengt fjórhjóladrif
- ESP skriðvörn
- Linsuljós að framan
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Lúxusinnrétting með viðaráferð
- Mp3 geislaspilari
- Þakbogar
- Toyo eða BFGoodrich 31" dekk að eigin vali
- Alessio álfelgur

Rexton er stór, vandaður og fullbúinn jeppi með nægu rými fyrir fjölskylduna og farangurinn.

**Rexton alvöru jeppi**
Verð aðeins 3.980.000 kr.

Verð er háð gengi og getur breyst án fyrirvara.

SSANGYONG

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is



JOSE MOURINHO Enginn knattspyrnustjóri hefur verið meira í sviðsljósinu en Jose Mourinho, síðan hann tók við liði Chelsea.

Jose Mourinho segir hroka vera mikilvægan:

# Hrokinn hjálpar

**FÓTBOLTI** José Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segir það vera hluta af starfinu að vera hrokafullur í tilsvörum til þess að létta pressunni af leikmönnum sínum. „Ég er hrokafullur vegna þess að ég tel það vera einu leiðina til þess að vernda leikmenn mína fyrir áreiti fjölmiðla. Ég er hins vegar ekki sáttur við það þegar menn eru að stíga inn á mitt verksvið, vegna þess að það er ég sem ræð ríkjum hjá félaginu og enginn annar.“

Mourinho hefur oft rifist nokkuð harkalega við Arsene Wenger, knattspyrnustjóra Arsenal, en sá síðarnefndi hefur gagnrýnt hann nokkuð fyrir hrokann sem hann sýnir fjölmiðlafólki. „Mikil athygli hefur beinst að leikmönnum mínum síðan ég tók við liðinu. Einhverra hluta vegna vilja fjölmiðlamenn bara tala um Chelsea. Ég hef komist að því að rétt umgengni við fjölmiðla er einfaldlega lykillinn að árangri.

Það má með sanni segja að þetta herbragð Mourinho hafi heppnast vel, enda hafa leikmenn hans leikið á als oddi síðan hann tók við liðinu. - mh



IAN DOWIE Fær ekki að fara frá Crystal Palace.

Forráðamenn Crystal Palace:

# Ætla ekki að missa Dowie

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Crystal Palace greindu frá því í gær að þeir hefðu hafnað beiðni Portsmouth um að ræða við Ian Dowie, stjóra félagsins, um að taka við stjórnartaumunum hjá Portsmouth. Alain Perrin var sem kunnugt er rekinn úr starfi sínu í fyrradag og leita forráðamenn Portsmouth nú logandi ljósi að eftirmanni hans.

„Beiðni Portsmouth var neitað. Við hlökkum mikið til að ná markmiðum okkar með Crystal Palace og það verður undir stjórn Dowie,“ sagði stjórnarformaðurinn Simon Jordan í gær. „Hann á tvö og hálft ár eftir af samningi sínum og er ekki á leið í burtu frá félaginu. Hann hefur reynst Crystal Palace frábærlega og er mikilvægur hlekkur í þeim ætlunum félagsins að ná sæti í ensku úrvalsdeildinni á ný,“ bætti Jordan við en Crystal Palace er í sjötta sæti 1. deildarinnar eins og stendur. - vig



DAVID MOYES Hefur gengið illa með félagið á þessari leiktíð.

David Moyes, stjóri Everton:

# Breytingar í janúar

**FÓTBOLTI** David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, hefur boðað breytingar á leikmannahópi liðsins um leið og leikmannamarkaðurinn opnast á ný í janúar, en þar ætlar Moyes að vera stórtækur enda hefur gengi Everton það sem af er leiktíð verið hreint afleitt. Moyes segir að sóknarleikurinn hafi orðið liðinu að falli í haust og að efst á óskalista hans í janúar sé nýr sóknarmaður.

„Í fyrra spiluðum við leikkerfið 4-1-4-1 og náðum upp góðum stöðugleika, skoruðum mörk og allt gekk vel. Í byrjun tímabilsins í ár náðum við ekki góðum úrslitum og í kjölfarið breytti ég um leikkerfi. Þau hafa heldur ekki gengið svo að skýringin hlýtur að liggja í leikmönnunum fremst á vellinum,“ segir Moyes en Everton hefur skorað fæst mörk allra liða í úrvalsdeildinni. „Við munum styrkja framlínu liðsins í janúar,“ staðfesti Moyes. - vig



SONY

# Allt þetta í einum pakka

KOMIÐ AFTUR




**KLVS32A10**
**SONY 32"LCD SJÓNVARP**

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m2
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

**Verð áður**
**219.950 krónur**

**Skýrari mynd en þú átt að venjast ...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.**



**HTSS600**
**SONY HEIMABÍÓ**

Kaupauki

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari

**Verð áður**
**49.950 krónur**



**DVP-NS360**
**SONY DVD SPILARI**

Kaupauki

- Spilar R-1,R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

**Verð áður**
**12.950 krónur**

**Heildarpakkinn!**
**18.329 kr.**
**á mánuði* í 12 mánuði**
**eða 219.950 krónur staðgreitt.**

Listaverð 282.850 krónur

like.no.other™

BaseCamp

## Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

# Miklir yfirburðir Íslands

**Íslenska landsliðið í handbolta vann auðveldan 32-23 sigur á slökum Norðmönnum í fyrsta æfingaleik liðanna í Eyjum í gærkvöldi.**

**HANDBOLTI** Rúmlega 600 hundruð manns mættu í Höllina í Eyjum og sáu íslenska landsliðið gjörsigra það norska í fyrsta landsleik liðana af þremur sem munu fara fram hér á landi á næstu dögum. Hálf vængbrotið landslið Íslands hafði mikla yfirburði í leiknum og komust Norðmenn lítið áleiðis og urðu að sætta sig við 9 marka tap að lokum, 32-23 eftir að staðan hafði verið 15-11 í hálfleik.

Það tók íslenska landsliðið hins vegar nokkrar mínútur að komast í gang og Guðjón Valur Sigurðsson, einn besti leikmaður liðsins, sagði það eðlilegt. „Við erum með tiltölulega nýtt lið og ég hef til dæmis ekki spilað fyrir utan í einhver fjögur ár. Í vörnina vantaði einnig menn svo að miðað við allt og allt þá gekk þetta mjög vel hjá okkur hérna,“ sagði Guðjón Valur en hann atkvæðamikill í skyttustöðunni í fyrri hálfleik þar sem hann skoraði 5 mörk.

„Miðað við það að við vinnum með níu mörkum en erum samt ekki að nýta færin okkar eins og við eigum að gera þá er ég sáttur við leikinn. Svona stór sigur gegn þessu liði er bara frábært,“ sagði Guðjón en hann ásamt Snorra Steini Guðjónssyni héldu íslenska liðinu gangandi í fyrri hálfleik þar sem þeir skoruðu 10 of 15 mörkum liðsins.


STÖÐVIÐ HANN Guðjón Valur Sigurðsson var tekinn föstum tökum í leiknum í gær en það aftraði honum þó ekki gegn því að skora sex mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/JIÁ

Íslenska liðið sofnaði aldrei á verðinum í seinni hálfleik og juku forskot jafnt og þétt út hálfleikinn. Alexander Peterson og Róbert Gunnarsson voru atkvæðamiklir í seinni hálfleik og skoruðu 10 mörk samtals.

Viggó Sigurðsson, þjálfari, keyrði mikið á sömu mönnunum en markverðirnir Birkir Ívar Guðmundsson og Gísli Guðmundsson skiptu þó með sér hálfleikjunum og stóðu sig báðir ágætlega.

„Það var alveg frábær stemmning hérna í kvöld og það væri nú munur ef þetta væri alltaf svona þegar við erum að spila í höfuðborginni. Fólk hérna notaði tækifærið til að koma og sjá landsliðið en það gerist ekki oft að við spilum hérna í Eyjum. Það var alveg einstök stemmning og hún hjálpaði okkur mikið í kvöld,“ sagði Guðjón Valur að lokum. - jiá

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Vináttuleikur í handbolta:*

| ÍSLAND-NOREGUR | 32-23 |
|---|---|

**Mörk Íslands:** Alexander Petersson 7/4, Guðjón Valur Sigurðsson 6/3, Snorri Steinn Guðjónsson 5/1, Róbert Gunnarsson 5, Einar Hólmgeirsson 4, Þórir Ólafsson 3, Baldvin Þorsteinsson 2.

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 9/2, Gísli Guðmundsson 8.

**Mörk Noregs:** Havard Tvedten 6, Klev Kenneth 6, Geir Jomaas 2, Jan Thomas Leuritzen 2, Rune Skjærvold 2, Thomas Skoglund 1, Christian Berge 1, Preben Vildalen 1, Borge Lund 1, Jan Didrik Launes 1.

**Varin skot:** Steinar Ege 24.

*Undankeppni EM kvenna:*

| ÍSLAND-SVISS | 25-22 |
|---|---|

**Mörk Íslands:** Hanna G. Stefánsdóttir 6, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 4, Rakel Dögg Bragadóttir 3, Gunnur Sveinsdóttir 3, Hrafnhildur Skúladóttir 2, Guðbjörg Guðmannsdóttir 2, Drífa Skúladóttir 1.

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 13.


MICHAEL BALLACK Ballack er fyrirliði þýska landsliðsins sem leikur á heimavelli í næstu heimsmeistarakeppni.

Þýski landsliðsfyrirliðinn:

## Ballack ekki til Man. Utd.

**FÓTBOLTI** Alex Ferguson ætlar sér ekki að reyna að fá Michael Ballack til liðs við félagið þar sem hann hefur mikla trú á þeim leikmönnum sem fyrir eru hjá félaginu. „Wayne Rooney og Paul Scholes geta leyst sömu stöðu og Ballack jafn vel af hendi. En ég neita því ekki að við höfum rætt við Ballack og umboðsmenn hans. En eftir að hafa skoðað málið vandlega er ég viss um að það sé best fyrir Manchester United að styrkja leikmannahópinn á öðrum stöðum á vellinum.“

Ballack er þessa að dagana að hugsa sinn gang, en hann er ekki búinn að ákveða hvort hann yfirgefur herbúðir Bayern München. - mh

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta á sigurbraut:

## Sigur liðsheildarinnar

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta sýndi mikin karakter með því að snúa leiknum gegn Sviss í undankeppni EM í gær sér í vil í síðari hálfleik. Íslenska liðið hafði að lokum 25-22 sigur eftir að staðan í hálfleik hafði verið 10-12, Sviss í vil. Íslenska liðið hefur nú unnið tvo leiki í röð í keppninni eftir að hafa tapað fyrir heimastúlkum í Ítalíu í fyrsta leik og þarf nú aðeins einn sigur til viðbótar til að tryggja sér þáttökurétt í umspilinu sem fram fer næsta sumar.

„Við spiluðum illa í fyrri hálfleik en náðum að snúa leiknum við í síðari hálfleik og unnum það sem mér fannst sanngjarnan sigur,“ sagði Stefán Arnarson, landsliðsþjálfari, við Fréttablaðið eftir leikinn í gærkvöldi. „Það lögðust allir á eitt í síðari hálfleik og þetta var klárlega sigur liðsheildarinnar,“ bætti hann við. - vig


KOMNAR Á SKRIÐ Íslensku stelpurnar hafa unnið tvo leiki í röð á Ítalíu.


ARSENE WENGER Wenger hefur ákveðið að sætta deilur sínar og Mourinho.

Deilur Mourinhos og Wengers:

## Wenger ætlar ekki í mál

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur ákveðið að kæra ekki Jose Mourinho vegna ummæla hans um að Wenger væri með Chelsea á heilanum. „Ég hef ennþá þá skoðun að ummæli Mourinhos hafi verið undarleg og ekki sæmandi manni í hans stöðu. En ég hef ákveðið að kæra hann ekki eftir að hafa íhugað málið vandlega.“

Mourinho og Arsene Wenger hafa deilt mikið í fjölmiðlum síðustu vikur en Mourinho segist þó ekki sakna þess að deilunum skuli nú vera að linna. „Þetta mál er úr sögunni og ég ætla ekki að tjá mig meira um það,“ sagði Mourinho í gær. - mh

Guðjón Þórðarson sakar Guðna Bergson um að fara með rangt mál:

## Hef ekkert við mín orð að bæta

**FÓTBOLTI** Guðni Bergson segir að frásögn Guðjóns Þórðarsonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara Íslands í knattspyrnu, í DV í gær um hvernig bar að sex ára útlegð Guðna með landsliðinu á sínum tíma, sé ekki svaraverð. Guðni segir að það sé Guðjón sem fari með staðreyndavillur og að hann standi við allt það sem stendur í nýútgefinni bók sinni. „Ég þarf í raun engu að bæta við það sem ég hef þegar sagt. Ég veit hvað er satt og rétt í þessu máli,“ segir Guðni.

Í viðtalinu við DV fer Guðjón mjög nákvæmt í hvernig málið leit út frá hans hlið og lýsir samskiptum sínum við Guðna í smáatriðum. Guðjón segir meðal annars að hann hefði farið fram á að Guðni skýrði opinberlega frá því hvernig staðið hefði verið að afboðun hans fyrir landsleik gegn Sádi-Arabíu sem fram fór þann 13. maí árið 1998. Í bók sinni segir Guðni frá því hvernig hann hefði tognað aftan í læri í leik með Bolton í ensku úrvalsdeildinni þremur dögum áður og því ekki getað gefið kost á sér í landsleikinn. Guðjón segir hins vegar við DV að hann hefði á þessum tíma haft samband við sjúkraþjálfara Bolton sem hafi tjáð honum að Guðni væri aðeins „stífur“ en ekki tognaður í nára.

Guðjón segir enn fremur við DV að engum sáttum hefði verið náð að fundi þeirra tveggja sem fram fór á Café Mílanó í Skeifunni, þvert gegn því sem Guðni heldur fram í bók sinni en þar kemur fram að fyrirliðinn og þjálfarinn hefðu sæst á að málið væri að baki og að rétt væri að horfa fram á veginn. „Það voru engar sættir,“ segir Guðjón meðal annars við DV.

Guðni segir synd að málið skuli hafa verið blásið jafn mikið upp og raun ber vitni. „Ég veit að þetta blessaða mál þykir fjölmiðlavænt en þetta skiptir mig litlu máli í dag. Ég er mjög sáttur við minn landsliðsferil og hugsa hlýlega til þeirra tíma sem ég var með því. Ég held að það komi skýrt fram í bókinni,“ segir Guðni. - vig



GUÐNI BERGSSON Tekur lítið fyrir frásögn Guðjóns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Sakar Guðna um lygar í nýútgefni ævisögu hans.






# Íslensku dívurnar

ásamt 25 manna stórhljómsveit, 150 manna kór skipuðum félögum úr Karlakór Fóstbræðra, Léttsveit Reykjavíkur og Stúlkna- & Kammerkór Bústaðakirkju og fjórum af þekktustu karlsöngvurum landsins

# Frostrósir 2005



Regína Ósk | Vala Guðna | Margrét Eir | Hansa | Védís Hervör | Ragga Gísla | Guðrún Árný

## STÓR-JÓLATÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL LAUGARDAGINN 10. DESEMBER

Þann 10. desember næstkomandi verða haldnir stærstu jólatónleikar Íslandssögunnar í Laugardalshöll. Fram koma allar þær helstu söngkonur sem skipað hafa sæti hinna Íslensku díva undanfarin þrjú ár ásamt nokkrum okkar fremstu karlsöngvurum.

Á dagskrá tónleikanna verða öll vinsælustu lög undanfarinna tónleika Frostrósa auk þess sem eitthvað mun koma skemmtilega á óvart. Nýuppgerð Laugardalshöllin verður svo sannarlega færð í jólabúning og engu til sparað svo sviðið verði sem glæsilegast.

Kl. 20:00 – UPPSELT!

# AUKATÓNLEIKAR

sama dag kl. 16:00

## GESTA SÖNGVARAR



Leone Tinganelli | Bjarni Ara | Jónsi | Gunnar Guðbjörnsson

MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12:00

á sölustöðvum Select og á www.2112.is

VISA

Allir eru að hlusta!

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Wait Master, it might be dangerous... you go first.“**

**Svar:** Igor úr kvikmyndinni Young Frankenstein frá árinu 1974

# dagskrá

## Í TÆKINU KEVIN KLINE LEIKUR Í THE EMPEROR'S CLUB Í SJÓNVARPINU KL. 20.40

# *Írsk-þýskur kaþólikki*



Kevin Kline fæddist í Missouri í Bandaríkjunum árið 1946. Móðir hans var írskur kaþólikki en faðirinn þýskur gyðingur. Kevin útskrifaðist úr kaþólskum skóla árið 1965 og hélt í háskóla í Indiana. Hann fór að æfa á píanó ásamt því sem hann gerðist meðlimur í leikfélagi háskólans. Þar féll hann fyrir leiklist og árið 1970 hlaut hann skólastyrk í Juilliard-leiklistarskólann í New York. Eftir útskrift þaðan stofnaði hann leikfélag ásamt skólafélögum sínum og ferðaðist um Bandaríkin með klassísk leikverk.

Árið 1976 yfirgaf Kevin hópinn og settist að í New York. Hann fékk aukahlutverk í sápuóperu og lék í framhaldinu í söngleiknum On The Twentieth Century sem hann hlaut fyrstu Tony-verðlaunin fyrir.

Árið 1981 tók Kevin þátt í Shakespeare-hátíðinni í New York og hlaut sín önnur Tony-verðlaun sem besti söngleikjaleikarinn.

Á næstu árum kom Kevin oft fram á Shakespeare-hátíðinni og leikstýrði meðal annars Hamlet. Kevin lék í fyrstu kvikmyndinni, Sophie's Choice, árið 1982 á móti Meryl Streep. Síðan hefur hann leikið í fjöldamörgum myndum og vann meðal annars Akademískuverðlaunin fyrir leik í grínmyndinni A Fish Called Wanda.

Kevin hefur alltaf vilja halda sér í vissri fjarlægð frá Hollywood-senunni og hefur oft hafnað hlutverkum sem hefðu getað gert hann að mikilli Hollywood-stjörnu. Hann er stundum kallaður Kevin Decline.

Kline hefur verið giftur konu sinni, leikkonunni og fyrrum fyrirsætunni Phoebe Cates, síðan 1989. Hún er sextán árum yngri en hann en þau búa í New York ásamt tveimur börnum sínum. Síðan sonur hans greindist með sykursýki hefur hann verið mjög virkur í samtökum sykursjúkra og hlaut verðlaun fyrir óeigingjarnt starf í þeirra þágu.

Þrjár bestu myndir Kevins: **Life as a House** – 2001 **French Kiss** – 1995 **A Fish Called Wanda** – 1988



18.30 *Gaman*

FRASIER



20.35 *Keppni*

ÞAÐ VAR LAGIÐ



21.20 *Lífstíll*

SIRKUS RVK



20.25 *Drama*

HOUSE



23.00 *Box*

SCOTT HARRISON-NEDAL HUSSEIN

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís (30:52) **8.08** Kóalabræður (43:52) **8.19** Pósturinn Páll (13:13) **8.37** Franklín (69:78) **9.02** Bitti nú! (40:40) **9.28** Gormur (45:52) **9.54** Gló magnaða (26:52) **10.18** Kóalabirnirnir (12:26) **10.45** Stundin okkar **11.15** Kastljós **11.45** Stórfiskar

**12.15** Dieter Roth **14.15** Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum **14.40** Smáþjóðaleikarnir í Andorra **15.50** Handboltakvöld **16.10** Landsleikur í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (34:51)

**18.30 Frasier** (Frasier XI) e.
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Hljómsveit kvöldsins** Gestir þáttarins eru söngsveitin Nylon.
**20.10 Spaugstofan**
**20.40 Með sínu nefi** (The Emperor's Club) Bandarísk bíómynd frá 2002.
**22.35 Á hálum ís** (In the Cut) Áströlsk/bandarísk bíómynd frá 2003. Háskólakennari í New York á í ástarsambandi við lögreglumann sem rannsakar morð á ungri konu. Leikstjóri er Jane Campion, meðal leikenda eru Meg Ryan og Mark Ruffalo og tónlistin í myndinni er eftir Hilmar Örn Hilmarsson. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**0.35** Sá sem hræðist úlfinn (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **2.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Jellies **7.15** Ljósvakar **7.25** Músti **7.30** Heimur Hinriks **7.40** Kærleiksbirnirnir (52:60) **7.55** Pingu **8.25** Með afa **9.20** Kalli á þakinu **9.45** The Santa Clause 2 **11.35** Home Improvement 3 (5:25)

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Bold and the Beautiful **12.35** Bold and the Beautiful **14.00** Idol – Stjörnuleit 3 **14.55** Idol – Stjörnuleit 3 **15.35** Eldsnöggt með Jóa Fel (5:8) **16.10** Amazing Race 7 **17.10** Sjálfstætt fólk **17.45** Oprah

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.54 Lottó**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.15 George Lopez (10:24)**
**19.40 Stelpurnar (13:20)**
**20.05 Bestu Strákarnir**
**20.35 Það var lagið**
**21.35 I Capture the Castle** (Kastalalíf)Vandað, rómantískt breskt drama fyrir alla fjölskylduna með Rose Byrne úr Wicker Park. Ástarsaga sem gerist á fjórða áratug síðustu aldar í Englandi og fjallar um hina 17 ára gömlu Cassöndru Mortmain og skrautlega fjölskyldu hennar, sem á í mesta basli við að halda gömlum en hrörlegum kastala.

**23.25** The Butterfly Effect (Stranglega bönnuð börnum) **1.15** Aliens (Stranglega bönnuð börnum) **3.30** The Sum of All Fears (Bönnuð börnum) **5.30** Fréttir Stöðvar 2 **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**15.30** Ford fyrsætukeppnin 2005 **16.00** David Letterman **16.45** David Letterman **18.00** Friends 4 (22:24)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Game TV**
**19.30 Fabulous Life of** (Fabulous Life of: Celebrity Couples) Í þessum frábæru þáttum er farið á bakvið tjöldin með þotuliðinu í Hollywood.
**20.00 Friends 4 (23:24)** (
**20.25 Friends 4 (24:24)**
**20.50 Ford fyrsætukeppnin 2005**
**21.20 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**21.50 Ástarfleyið (6:11)** Sirkus er farin af stað með stærsta verkefnið sitt í haust, veruleikaþátturinnÁstarfleyið. Þátturinn er gerður að erlendri fyrirmynd, Loveboat.
**22.30 HEX (8:19)**

**23.15** Idol extra 2005/2006 **23.45** Girls Next Door (4:15) **0.10** Joan Of Arcadia (21:23) **0.55** Paradise Hotel (21:28) **1.40** David Letterman **2.25** David Letterman

## SKJÁREINN

**11.00** Spurningaþátturinn Spark (e) **11.30** Popppunktur (e)

**12.25** Rock Star: INXS (e) **14.05** Charmed (e) **15.00** Íslenski bachelorinn (e) **16.00** America's Next Top Model IV (e) **17.00** Survivor Guatemala (e) **18.00** Þak yfir höfuðið

**19.00 Will & Grace (e)**
**19.30 The O.C. (e)** Sandy heldur áfram að vinna fyrir Rebeccu og Kirsten er farið að gruna að samband þeirra sé ekki eins saklaust og Sandy vill halda fram.
**20.25 House (e)**
**21.15 Police Academy 3: Back in Training** Á laugardagskvöldum í nóvember og desember mun SkjárEinn taka til sýninga hinar stórskemmtilegu Police Academy myndir.
**22.35 New Tricks** Hópi fyrrum spæjara sem hættir eru störfum en eiga samanlagt að baki 80 ára starfsreynslu, og þrír mjög sérstæðir einstaklingar, er safnað saman til að rannsaka að nýju óleysta glæpi. Foringi hópsins er Sandra Pullman, leynilögreglumaður sem komst í ónáð eftir að hafa klúðrað gíslatökumáli.

**23.30** C.S.I. (e) **0.25** Law & Order: SVU (e) **1.10** Boston Legal (e) **2.05** Ripley's Believe it or not! (e) **2.50** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.20** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**8.50** US PGA 2005 – Monthly **9.45** UEFA Champions League **11.25** Ítölsku mörkin **11.50** Ensku mörkin

**12.20** Enski boltinn **14.30** UEFA Champions League **16.10** Meistaradeildin með Guðna Berg **16.50** A1 Grand Prix **17.50** Motorworld **18.20** Spænsku mörkin

**18.50 Spænski boltinn** (Real Madrid – Barcelona)Útsending frá leik Real Madrid og Barcleona. Leikurinn fór fram um síðustuhelgi.
**21.00 Hnefaleikar** (Box – Ricky Hatton vs. Carlos Maussa)Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Bretlandi. Skærasta stjarna Breta íboxheiminum mætir í hringinn. Fyrr á árinu mætti hann Kostya Tszyu og rotaðihann. Hatton er með ótrúlegt skor, en hann hefur 39 sinnum mætt í hringinnaldrei tapað og hefur rotað 29 af sínum andstæðingum. Spennandi verður aðsjá hvernig hann fer með Carlos Maussa.
**23.00** Hnefaleika

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Hedwig and the Angry Inch **8.00** Einkalíf **10.00** Piglet's Big Movie **12.00** One True Thing **14.05** Einkalíf **16.00** Piglet's Big Movie **18.00** One True Thing **20.05 Hedwig and the Angry Inch** Dramatísk kvikmynd þar sem söngur og grín kemur mikið við sögu. **22.00 Hysterical Blindness** Dramatísk sjónvarpsmynd um leitina að ástinni. Bönnuð börnum. **0.00** The Glow (Bönnuð börnum) **2.00** I Got the Hook Up (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Hysterical Blindness (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **13.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **14.00** It's Good To Be **14.30** The Soup UK **15.00** THS Investigates **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Kill Reality **19.00** Kill Reality **20.00** Kill Reality **21.00** Kill Reality **22.00** The Scorned **0.00** Kill Reality **1.00** The Scorned

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**12.10** Upphitun (e) **12.40** Tottenham – West Ham frá 20.10 **14.40** Á vellinum með Snorra Má (b) **15.00** Man. City – Liverpool (b) **17.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **17.15** Portsmouth – Chelsea (b)
**19.30 Arsenal – Blackburn** Leikur frá því fyrr í dag.
**21.30 Aston Villa – Charlton** Leikur frá því fyrr í dag.
**23.30** Spurningaþátturinn Spark (e) **0.00** Dagskrárlok




SPARAÐU ÞÉR SPORIN! Á Skjánum geturðu pantað frábærar kvikmyndir með fjarstýringunni og horft á þær eins oft og þú vilt í 24 klst.

100% ÖRYGGI Á ÖLLUM MYNDUM 100% ÖRYGGI ALLAR MYNDIR ERU ALLTAF INNI

Náðu þér í 3 heitar á Skjánum

**Africa United** er aðeins fáanleg á Skjánum en hún hlaut Edduverðlaun sem besta heimildarmynd ársins.

**Downfall** var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin.

**Hotel Rwanda** fékk þrjár tilnefningar til Óskarsverðlauna.

Frábærar myndir sem slógu í gegn hér á landi á kvikmyndahátíð í haust.

Eingöngu á Skjánum!




Það er auðvelt að ná í mynd!

1. Ýttu á VOD hnappinn á fjarstýringunni
2. Veldu á milli 5 efnisflokka með örvatökkunum á fjarstýringunni og ýttu á OK hnappinn.
3. Þegar velja á efnisflokk eða panta mynd þarf að staðfesta með því að ýta OK hnappinn á fjarstýringunni.



Þú færð Skjáinn í öllum verslunum Símans, í síma 800 7000 eða á skjarinn.is.

NÝJA BÍÓ Hér færð þú nýjar myndir

GAMLA BÍÓ Hér getur þú nálgast klassískar myndir

Skjárinn – á þínu valdi!

ENNEMM / SÍA

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Ricky Hatton – Carlos Maussa Sýn **kl. 21.00**

### *Ósigrandi hnefaleikakappi*

Í kvöld verður sýnt beint frá hnefaleikakeppni í Bretlandi. Skærasta stjarna Breta í boxheiminum, Ricky Hatton, mun mæta í hringinn en fyrr á árinu mætti hann Kostya Tszyu og rotaði hann. Hatton er með ótrúlegt skor en hann hefur 39 sinnum mætt í hringinn, rotað 29 af sínum andstæðingum og aldrei tapað. Spennandi verður að sjá hvernig hann fer með Carlos Maussa.

***Ricky Hatton hefur rotað 29 af 39 andstæðingum sínum***



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn

**12.10** Hádegisútvarpið **13.00** Bókmennaþátturinn **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e **16.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e. **22.00** Hádegisútvarpið e. **23.00** Bókmenntaþátturinn e.

**0.00** Úr skríni e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Bókaþing **11.00** Í vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Púsl **14.40** Vítt og breitt **15.30** Með laugardagskaffinu **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.28** Í kvöld um kaffileytið **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Silfurplötur Iðunnar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturvörðurinn

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsd. **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartans. **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielss. **3.00** Rósa Ingólfs **4.00** Kjartan G. Kjartanss. **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**11.00**

*Spjall*

HELGIN MEÐ EIRÍKI JÓNSSYNI

## NFS

**10.00** Morgundagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Frontline **13.45** Síðdegisdagskrá **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**22.45 Endursýningar**

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **13.45** Artistic Gymnastics: World Championship Australia **15.15** Ski Jumping: World Cup Kuusamo **17.00** Luge: World Cup Altenberg **18.00** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **19.15** Alpine Skiing: World Cup Lake Louise Canada **20.45** Kick Boxing: Night of Champions Marseille **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Fight Sport: Fight Club **0.00** Ski Jumping: World Cup Kuusamo

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Violent Planet **13.00** Megacities **14.00** Megastructures **15.00** War of the Worlds – The Real Story **16.00** Seconds From Disaster **17.00** Dangerous Encounters **18.00** Dangerous Encounters **19.00** Dangerous Encounters **20.00** Dangerous Encounters **21.00** Robin Hood – Prince of Thieves **23.30** Outlaw – The Real Ned Kelly **0.30** The Day James Dean Died **1.30** Seconds From Death

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Miami Animal Police **13.00** The African King **14.00** Tamzin Outhwaite Goes Wild with Dolphins **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Big Cat Diary **16.30** Predator's Prey **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Wild Africa **20.00** Tiger Zero **21.00** The Temple of the Tigers Revisited **21.30** Predator's Prey **22.00** Miami Animal Police **23.00** Austin Stevens – Most Dangerous **0.00** The African King **1.00** Tamzin Outhwaite Goes Wild with Dolphins

**DISCOVERY**

**12.05** The Greatest Ever **13.00** Diamond Makers **14.00** Giant of the Skies **15.00** Giant of the Skies **16.00** Giant of the Skies **17.00** Ray Mears' Extreme Survival **17.30** Ray Mears' Extreme Survival **18.00** Super Structures **19.00** Submarine **20.00** American Chopper Special **21.00** Rides **22.00** 5th Gear **22.30** 5th Gear **23.00** Trauma **0.00** Body Spectacular **1.00** FBI Files

**MTV**

**12.00** Foo Fighters Weekend Music Mix **12.30** Making The Video Foo Fighters „The One“ **13.00** Making The Video Foo Fighters „Best OF You“ **13.30** Foo Fighters Weekend Music Mix **14.00** Mtv Live Foo Fighters **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** MY Super Sweet 16 **18.00** European Top 20 **19.00** The Fabulous Life Of... **19.30** Cribs **20.00** Viva LA Bam **20.30** Pimp MY Ride **21.00** Top 10 AT Ten – Latinio **22.00** Jackass **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** SO 90'S **0.00** Just See Mtv

**VH1**

**12.00** Smells Like the 90's **12.30** So 80s **13.00** MTV Unplugged **13.30** Duran Duran Day Music Mix **14.00** Storytellers: Duran Duran **15.00** Duran Duran: the Set **16.00** Duran Duran Day Music Mix **16.30** MTV Unplugged **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Bands Reunited **19.00** Bands Reunited **20.00** Vh1 Hip Hop Honours 2005 **21.00** Fabulous Life of ... **21.30** Fabulous Life of ... **22.00** Viva la Disco **0.30** Flipside **1.00** Chill Out






## HRÓSIÐ

*...fær Þorsteinn Jónsson fyrir heimildamynd sína, Ómur af söng, sem fjallar um heimilislífið á Hrafnistu.*

## NÚNA + ÷ BÚIÐ



**Othello** - Tími til kominn að rifja upp þetta klassíska spil. Stílhreint, seventies, og skemmtilega snúið.



**Mjó mittisbelti** - dómuleg og smart, yfir peysur, jakka og skyrtur.



**Smjör** - Ekta íslenskt smjör er ótrúlega gott. Notið það sparlega og spari.



**Hvít mjaðmabelti-** þetta er vægast sagt plebbalegt. Hættu þessu strax.

**Sudoku** - Skildi þetta nokkurn tímann einhver?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 8 | | 4 | 3 | | | 2 |
| 5 | | | | | | 3 | | |
| 1 | | | | 5 | | | | 7 |
| 6 | 3 | | 8 | | | | | |
| | | 5 | | 9 | | 2 | | |
| | | | | | 5 | | 1 | 8 |
| 7 | | | | 6 | | | | 3 |
| | | 4 | | | | | | 9 |
| 2 | | | 9 | 3 | | 7 | | 6 |



**Pesto** - Þetta er ágætt en er ekki komið nóg?

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** varsla **6** klafi **8** ferð **9** skarð **11** ekki heldur **12** fáni **14** lítið glas **16** fen **17** hamfletta **18** ljóshjúp **20** hróp **21** þraut.

**LÓÐRÉTT**
**1** grasþökur 3 frá **4** áttfætla **5** viður **7** efnasamband 10 flík **13** útdeildi **15** pabbi **16** háð **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** vakt, **6** ok, **8** för, **9** rof, **11** né, **12** flagg, **14** staup, **16** dý, **17** flá, **18** áru, **20** óp, **21** raun.
**LÓÐRÉTT: 1** torf, **3** af, **4** könguló, **5** tré, **7** kolsýra, **10** fat, **13** gaf, **15** pápi, **16** dár, **19** uu.

## VEISTU SVARIÐ

1. George Best
2. Einar Oddur Kristjánsson
3. Einar Hólmgeirsson og Alexander Peterson

allt hús
Alla mánudaga

SIGURJÓN SIGHVATSSON: ÓTTAST EKKI SVÍAGRÝLUNA Í SJÓNVARPI

# Sækir fram með Big TV

Sjónvarpsstöðin Big TV hefur verið valin í lokaval sænska ríkisins vegna úthlutunar á þremur stafrænum sjónvarpsrásum þar í landi. Big TV er í eigu Sigurjóns Sighvatssonar og Björns Steinbekk Kristjánssonar auk annarra íslenskra fjárfesta. Yfir þrjátíu stöðvar sóttu um og voru tíu stöðvar valdar úr hópi umsækjenda. Meðal þeirra sem Big TV keppir við eru BBC Prime, Kanal 5 AB og Turner Broadcasting System Europe sem rekur fréttastöðina CNN.

„Fyrst og fremst lít ég á þetta sem viðurkenningu á fyrirtækinu og hugmyndinni," sagði Sigurjón Sighvatsson þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Við vorum öll mjög hissa á þessu þar sem ekki var farið í neitt kynningarstarf heldur eingöngu send inn umsókn," útskýrir hann og telur að ef þetta yrði að raunveruleika myndi það bæta fjárhagslega stöðu stöðvarinnar til muna. „Nokkrir af keppinautum okkar sóttu líka um en komust ekki að þannig að þetta er mjög jákvætt," bætir hann við.

Ein milljón Svía sér Big TV í dag en ef stöðinni yrði úthlutuð rás myndi áhorfendum fjölga um eina og hálfa milljón. „Við höfum mjög góða útbreiðslu hjá kapaltengdum heimilum auk þess sem stöðin hefur mikla dreifingu á netinu." Þá nefnir Sigurjón einnig að stöðin sé mun útbreiddari í Finnlandi á kapaltengdum heimilum en ákveðið hafi verið að einbeita sér að Svíþjóð því þar sé stærsti markaðurinn. „Norðurlöndin henta mjög vel því þar er þörf fyrir svona stöð," segir Sigurjón.

Big TV er eina sjónvarpstöðin í heiminum sem sendir út á rauntíma á bæði netinu og í sjónvarpi allan sólarhringinn. „Grunnhugmyndin að henni er PoppTV en dagskráin samanstendur af efni fyrir ungt fólk á þeirra eigin tungumáli," segir Sigurjón sem finnst þetta vera eitt mest spennandi verkefni sem hann hafi komið nálægt á sínum ferli. Þrátt fyrir allt er Sigurjón þó með báðar fæturnar á jörðinni enda veit hann sem er að það þýðir ekkert að reisa sér skýjaborgir. „Við höldum ró okkar. Ef þetta kemur ekki núna þá gerist þetta bara næst," segir hann.

freyrgigja@frettabladid.is



**SIGURJÓN SIGHVATSSON** Sigurjón tekur öll með stóískri ró enda sé þetta lokaval fyrst og fremst viðurkenning á fyrirtækinu og hugmyndinni. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ford fyrirsætukeppnin var haldin á fimmtudaginn í Loftkastalanum. Þeir sem sátu þar fannst mörgum hverjum eins og það væri pínulítill áhugamannabragur yfir öllu og tæknilegir örðugleikar plöguðu stundum keppnina. Vantaði til að mynda nafn þeirrar stúlku sem hreppti annað sætið í umslagið þegar kom að stóru stundinni. Það mátti heyra saumnál detta þegar verðlaunin fyrir efstu sætin voru tilkynnt. Tvær efstu stúlkurnar fengu farsíma og tíu þúsund króna úttekt í Sautján en sú sem sigraði fékk auk símans húðvörur en úttektin hjá Sautján hækkaði um helming. Höfðu gárungarnir það á orði að kannski fannst Svövu Johansen það nóg að sitja í dómnefndinni að ekki færi hún að gefa föt til viðbótar við þá vinnu.



Fjölmiðlakönnun Gallup veldur yfirleitt miklum taugatitringi meðal fjölmiðlafólks enda sést þar svart á hvítu hverjar vinsældirnar eru. Má kannski líkja þessu við skoðanakannanir á fylgi stjórnmálamanna og flokka. Sjónvarpsstöðvarnar horfa sérstaklega á íslenskt sjónvarpsefni sem er mjög dýrt í framleiðslu og miklu hefur verið kostað til að kynna. Það hefur því eflaust komið mörgum markaðsfræðingum á óvart að hinir öldnu höfðingjar í Spaugstofunni skyldu mælast efstir á blaði. Ópolinmæði Sirkus gagnvart Kvöldþættinum er vel skiljanleg þegar rýnt er í nýjustu tölur því þátturinn mælist með rúmt prósent í uppsöfnuðu áhorfi og mælist mest meðal fólks á aldrinum 50 til 60 ára. Þar sem stjórnandi þáttarins, Guðmundur Steingrímsson, er kominn af góðu Framsóknarfólki ætti hann að vita manna best að skoðanakannanir segja nú samt ekki allt.

freyrgigja@frettabladid.is

Færð þú jólagjöf frá ÓB-jólasveini?
Jólasveinar mæta á ÓB við
Fjarðarkaup
reglulega til jóla og gefa gjafir frá Nóa Síríusi, Senu eða JPV.
Fylgstu með á Rás 2!
Allt um leikinn á ob.is
RÁS 2
ÓB ódýrt bensín

# Hundaeigendur þramma niður Laugaveginn

Baráttudagur hundaeigenda er í dag og munu hundaeigendur af því tilefni koma saman í dag og ganga niður Laugaveginn. „Þetta hefur verið gert í nokkur ár og fjöldinn sem safnast saman á þessum degi er alltaf að aukast. Við fáum þarna undanþágu því hundar eru jú bannaðir á Laugaveginum en í dag munum við ganga saman frá Hlemmi og niður að Ráðhúsi," segir Rósa Björk Halldórsdóttir hundaræktandi. „Þetta er svona svokallað „Dog pride" og umfram allt gleðistund. En um leið erum við að minna almenning sem og stjórnvöld á hversu almenn hundaeign er orðin en hundahald er því miður enn bannað í Reykjavík. Allir hundaeigendur eru með hundana sína á undanþágu. Samt sem áður eykst hundaeign um 20% á hverju ári."

Rósa segir viðhorfsbreytingu á hundaeign nauðsynlega þar sem margir líti niður á hunda. „Að sjálfsögðu verðum við að vera ábyrg gagnvart öðrum borgurum með því að týna upp hundaskít og passa upp á að samborgarar okkar verði ekki fyrir ónæði af hundunum. En á móti kemur að hundaeign hefur aukist mjög mikið og við hundaeigendur verðum að fá að vera einhvers staðar með hundana okkar. Á mjög mörgum stöðum er bannað að vera með hunda og það gerir hundaeigendum afar erfitt fyrir. Viðhorfið virðist vera allt annað í öðrum evrópskum borgum þar sem hundar virðast alls staðar fá að vera," segir Rósa og játar að hundaeigendur þurfi að berjast gegn miklum fordómum.

„Það eru mörg dæmi um alls kyns leiðindi á milli hundaeigenda og þeirra sem ekki eiga hunda og það er eitthvað sem þarf ekki að gerast. En í dag fögnum við hundahaldi og komum saman á Laugaveginum og sýnum fram á að hundar eru til prýðis."



RÓSA BJÖRK HALLDÓRSDÓTTIR HUNDARÆKTANDI



lineadecor
Við opnum nýjan sýningarsal með eldhúsinnréttingar frá Lineadecor. Komdu, sjáðu og upplifðu allt það nýjasta í eldhúshönnun.
25% kynningarafsláttur
OPNUNAR-HÁTÍÐ
OPIÐ ALLA HELGINA
Ískalt Coke light og ljúffengar veitingar
VINNUR ÞÚ FERÐ FYRIR 2 TIL EVRÓPU?
ICELANDAIR
Fleiri spennandi aukavinningar
Taktu þátt!
SÉRVERSLUN MEÐ ELDHÚSINNRÉTTINGAR OG TÆKI
28 lítra með 1300W grilli
AFSLÁTTUR 55%
Opnunartilboð 12.900
Electrolux
Stór 28 lítra digital örbylgjuofn með 1300W grilli. Verðlaunahönnun. Kemur í hvítu eða stálgráu. HxB: 30,3x51,7 cm
Verð áður kr 29.900
Snertitakkar + High Light
AFSLÁTTUR 50%
Opnunartilboð 32.900
ZANUSSI
Keramik helluborð með snertitökkum og High Light hraðhellum. Verð áður kr 64.900
ZANUSSI
Innbyggður hvítur bakaraofn með blæstri og grilli.
Verð áður kr 49.800
AFSLÁTTUR 60%
Opnunartilboð 19.900
Með heitum blæstri
AFSLÁTTUR 42%
Opnunartilboð 34.900
Electrolux
Hljóðlát uppþvottavél með hraðvali, 4 þvottakerfum og 3 hitastig. A/A einkunn.
Verð áður kr 59.900
AFSLÁTTUR 45%
Opnunartilboð 32.900
Stál og keramik
AFSLÁTTUR 38%
Opnunartilboð 49.900
ZANUSSI
5 kg hraðþvottavél með 1000 sn. stillanlegum vinduhraða.
Verð áður kr 59.900
ZANUSSI
Eldavél í stáli með keramik helluborði. Heitur blástur, undir- og yfirhiti ásamt grilli. Verð áður kr 79.900
179 cm
AFSLÁTTUR 43%
Opnunartilboð 39.900
ZANUSSI
Stór 179 cm hár kæli- og frystiskápur. Vönduð innrétting með glerhillum. HxBxD: 179x59,5x60 cm
Verð áður kr 69.900
OPNUNAR TILBOÐ
BARA NOKKUR DÆMI!
Öll smátæki 20% AFSLÁTTUR
AFSLÁTTUR 46%
Verð nú 7.990
AEG
1800W ofurkraftmikil ryksuga með ilmgjafa
Verð áður kr 14.900
Vinnur þú...
flug fyrir tvo til Evrópu
Allir sem versla fyrir 10.000 kr eða meira geta tekið þátt og eiga möguleika á að eignast eitt af eftirfarandi:
Flug fyrir tvo til Evrópu með ICELANDAIR
Electrolux uppþvottavél
Electrolux Super Silent ryksugu
Dregið verður 20. desember
Rafha ehf
Coca-Cola light
Reynir Bakari
Góð brauð • Betri heilsa
Opið
Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






**BAKÞANKAR**
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Sími og vín*

Reiður þingmaður fór upp í pontu í vikunni með athyglisvert erindi. Hann spurði ráðherra hvernig stæði á því að hann hefði þurft að bíða í korter í símanum í þjónustuveri, einmitt, Símans (kannski það sé pælingin með nafninu?) til þess eins að komast að því að hann væri númer 30 í röðinni. Ég heyrði ekki svar ráðherrans en líklega hefur það verið eitthvað um það að jú auðvitað væri þetta rétt en að hitt væri annað mál og á það bæri að líta að eitt og annað gæti stuðlað að neikvæðri röð atburða í ljósi þeirra forsendna sem lagt hefði verið af stað með í upphafi. Eða eitthvað.

**UMRÆÐAN** leiddi sem sagt ekki til neins frekar en vanalega, enda var spursmálið sem lá að baki ansi stórt. Nefnilega þetta: Hvað er fengið með því að einkavæða fyrirtæki eins og Símann? Verður þjónustan betri? Þeir sem tilbiðja einkavæðingargoðið og kveikja á kertum á kvöldin til þess að fara með einkavæðingarbænir frammi fyrir litlu einkavæðingaraltari - því þetta eru trúarbrögð þegar verst lætur - hafa alltaf haldið því fram að ríkið sé ófært um að sinna þjónustu svo vel sé og að svokallaðir einkaaðilar, fullir af meðfæddri þjónustulund, séu einir færir um svoleiðis.

**ÉG** er ekki á móti einkavæðingu. Ég held að ríkið eigi til dæmis ekki að reka áfengisverslanir. En það er auðvitað í takt við þjóðarsálina, sem ég get út af fyrir sig verið sammála á góðum degi, að áfengissala virðist vera talin til nauðsynlegrar grunnþjónustu sem ríkið skuli sjá um að veita á meðan símasamskipti og önnur fjarskipti eru það ekki. Þjóðin á sem sagt að drekka meira og tala minna.

**OG** það er reyndar athyglisvert, að þessu sögðu, að þjónusta vínbúðanna hefur farið mjög batnandi á undanförnum árum og er barasta til fyrirmyndar. Alltaf er mættur starfsmaður í búðunum til þess að mæla með einhverju eðalvíninu, fullur af fróðleik og vitneskju. Hvurnig í ósköpunum getur staðið á því? Nú verða einkavæðingarprestarnir að skoða bækurnar sínar. Getur ríkið virkilega staðið í verslunarrekstri svo vel sé? Já, kannski út af því að það er áfengi. Bara þá. Ekki annars. Eða hvað?

**ÞAÐ** hefur alltaf vantað rökin í þessa umræðu. Hvers vegna ættu einkaaðilar á markaði sem er alls ekki nógu stór til þess að standa undir samkeppni að vera uppteknir af því að veita fólki góða þjónustu? Á meðan ríkið á fyrirtækið er alla vega hægt að refsa þeim sem bera ábyrgðina með reglulegu millibili í þingkosningum, en hvernig á almenningur að sýna andúð sína þegar fyrirtækið er komið í eigu Bakkavararbræðra og samkeppnisfyrirtækið er í eigu Baugs og á báðum stöðum er maður alltaf númer 30 í röðinni? Fyrir nokkurn veginn sama verð.

**JÚ,** maður getur kannski ákveðið að sniðganga kælda matvöru frá Bakkavör. Mergjuð hugmynd. Bara verst að hún er aðallega seld í Bretlandi.

